

VITUNDARVÍGSLA MANNNS OG SÓLAR

eftir

Alice A. Bailey

Áhugamenn um þróunarheimspeki
Reykjavík 1994

Bók þessi heitir á frummálinu:
Initiation, Human and Solar

Tileinkað
Meistara K.H.
Með virðingu og þakklæti

Þýðing þessi er samstarfsverk Áhugamanna um þróunarheimspeki

ISBN númer prentuðu útgáfunnar er 9979-9156-0-9

LÁVARÐUR BÚDDHA HEFUR SAGT

Að við megum ekki trúa því sem sagt er aðeins vegna þess að svo er sagt; né arfsögnum vegna þess að við höfum þær úr fortíðinni; né orðrómi sem slíkum; né skrifum spekinga af því spekingar skrifuðu svo; né hugdettum sem við höldum að engill hafi blásið okkur í brjóst (það er að segja því sem við teljum andlegan innblástur); né hugmyndum sem við fáum frá tilviljanakenndum ályktunum sem við kunnum að hafa dregið; né vegna þess sem virðist nauðsynlegt af hliðstæðum; né því sem byggist aðeins á áhrifavaldi kennara okkar eða meistara. En við eigum að trúa þegar ritverkið, kenningin eða ummælin eru studd af okkar eigin skynsemi og vitund. „Þess vegna,“ segir hann að lokum, „kenndi ég ykkur að trúa ekki vegna þess eins að þið hafið heyrt, heldur þegar og ef þið trúið samkvæmt ykkar innri vitund, að bregðast þá kröftuglega við í samræmi við það.“

(Secret Doctrine, III. Bindi, bls. 401)

FORMÁLI

Vígsla er viðfangsefni sem hugsuðir allra heimspekistefna eru mjög heillaðir af, og jafnvel þeir sem eru vantrúaðir og gagnrýnir vilja gjarnan trúa því að þessi fjarlæggi áfangi sé mögulegur. Þeim sem hafa efasemdir um að slíkt takmark sé raunverulegt er boðin þessi bók, í von um að hún komi að notum sem framsetning á athyglisverðum hugmyndakenningum. Þeim sem í allri viðleitni sinni vænta slíkrar fullkomnunar er bók þessi boðin, í von um að hún hafi örvandi og hjálpleg áhrif.

Vestrænir hugsuðir nú á tímum hafa mjög skiptar skoðanir á þessu mikilvæga efni. Sumir þeirra álíta að það hafi ekki nægilega mikla þýðingu til að vekja áhuga; því ef hinn venjulegi maður heldur sig við braut skyldunnar og með háleitni snýr sér að þeim verkefnum sem fyrir höndum eru, muni hann skila sér á áfangastað. Þetta er vafalaust rétt, en hæfni til aukinnar þjónustu og þróun hæfileika til hjálpar mannkyninu eru laun þess manns sem er reiðubúinn að leggja meira á sig og greiða það gjald sem vígslan krefst. Þess vegna getur þessi bók ef til vill hvatt einhverja til dáða sem annars hefði rekið hægt að takmarki sínu. Þá verða þeir veitendur en ekki þiggjendur hjálpar.

Svo eru aðrir sem álíta þær kenningar rangar, sem hingað til hafa komið fram í ýmsum bókum varðandi vígslu. Það hefur verið látið í veðri vaka að vígsla sé tiltölulega auðvelt takmark og krefjist ekki þeirra „betrumbóta“ á persónuleikanum sem gera mætti ráð fyrir. Eftirfarandi kaflar sýna ef til vill fram á að þessi gagnrýni á rétt á sér. Vígslan er sannarlega erfitt takmark og krefst harðrar ögunar á öllu lægra eðlinu og lífs sem er helgað hógværd og sjálfsaga. Samt verður að hafa í huga að kjarninn í fyrri kenningum er réttur, þótt áhersla hafi fremur verið lögð á önnur atriði.

Þá eru nokkrir sem hafa áhuga, en finnst að möguleikarnir, sem fyrir hendi eru, séu of fjarlægir og að þeir þurfi ekki að einbeita sér að þeim á þessu stigi. Í þessari bók er leitast við að sýna fram á að hinn venjulegi maður getur hér og nú byrjað að byggja upp þá persónueiginleika og mynda þann þekkingargrunn sem er nauðsynlegur jafnvel áður en hægt er að leggja út á braut lærisveinsins. Nú þegar er hægt að hefja viðeigandi undirbúning og karlar og konur, alls staðar, geta – ef þau vilja – undirbúið sig fyrir stig lærisveinsins og fetað braut reynslunemans.

Hundruð manna í austri og vestri sækja fram að þessu takmarki; og í einingu hins eina markmiðs, í sameiginlegri þrá og viðleitni, munu þau mætast frammi fyrir Hliðinu eina. Þau munu þekkjast sem bræður, aðskilin af tungumálum og að því er virðist ólíkri trú, en trúa á hinn sama eina grundvallarsannleika og þjóna hinum sama Guði.

Alice A. Bailey

New York, 1922

ÚTDRÁTTUR ÚR YFIRLÝSINGU TÍBETANS


Gefin út í ágúst 1934

Látum nægja að segja að ég sé tíbetskur lærisveinn af ákveðinni gráðu, en það segir lítið, því allir eru lærisveinar, frá hinum auðmjúkasta leitanda upp til og upp fyrir Krist sjálfan. Ég hef efnislíkama eins og aðrir menn, er búsettur á landamærum Tíbets og stundum (frá veraldlegu sjónarmiði) er ég í forsæti fyrir stórum hópi tíbetskra lama, þegar aðrar skyldur mínar leyfa. Þessi staðreynd hefur valdið því að sagt hefur verið að ég sé ábóti í þessu ákveðna lamaklaustri. Þeir sem tengjast mér í starfi Helgistjórnarinnar (og allir sannir lærisveinar tengjast í þessu starfi) þekkja mig undir öðru nafni og starfsheiti. A.A.B. veit hver ég er og þekkir mig undir tveimur af nöfnum mínum.

Ég er bróðir þinn sem hefur ferðast ögn lengra á Veginum en meðalneminn og hef þess vegna kallað yfir mig meiri skyldur. Ég er einn þeirra sem hafa barist áfram inn í meira ljós heldur en sá leitandi sem les þessa grein og ég verð þess vegna að gegna hlutverki miðlara ljóssins, hvað sem það kostar. Ég er ekki gamall maður miðað við aldur kennaranna, en ég er samt ekki ungur og óreyndur. Starf mitt er að kenna og dreifa þekkingu hinnar ævarandi visku, hvar sem ég finn viðbrögð, og þetta hef ég gert í mörg ár. Ég reyni einnig að aðstoða meistara M. Og meistara K.H. hvenær sem tækifæri gefst, því ég hef lengi verið í sambandi við þá og starf þeirra. Í því sem að ofan greinir hef ég sagt þér mikið, en á sama tíma hef ég ekki sagt þér neitt sem gæti fengið þig til að bjóða mér þá blindu hlýðni og þá heimskulegu dýrkun sem tilfinningaríkur leitandi býður kenniföðurnum og meistaranum sem hann getur enn ekki komist í samband við. Nemandinn mun heldur ekki ná þessu sambandi fyrr en hann hefur umbreytt tilfinningalegri dýrkun í óeigingjarna þjónustu við mannkynið – ekki við meistaran.

Bækurnar sem ég hef skrifað eru sendar út án nokkurrar kröfu um viðurkenningu. Þær eru eða eru ekki réttar, sannar og gagnlegar. Það er þitt að ákvarða sannleiksgildi þeirra með rétttri ástundun og með því að beita innsæinu. Hvorki ég né A.A.B. höfum minnsta áhuga á að þær séu hylltar sem innblásin ritverk eða að nokkur tali um þær (með trúarákafa) sem verk eins af meisturunum. Ef þær setja fram sannleika á þann hátt að hann grundvallast á því sem þegar hefur komið fram í kenningum heimsins, ef upplýsingarnar sem fram koma, lyfta þrá og þjónustuvilja af sviði tilfinninganna og upp á svið hugans (sviðið þar sem hægt er að finna meistarana), þá hafa þær þjónað tilgangi sínum. Ef þær kenningar sem settar eru fram kalla á viðbrögð hjá hinum upplýsta huga starfandans í heiminum og valda því að innsæi hans ljómar, látum þá kenningarnar öðlast viðurkenningu, en annars ekki. Ef fullyrðingarnar fá að lokum staðfestingu, eða eru álitnar sannar samkvæmt lögmáli samsvörunar, þá er það gott. En ef svo er ekki, lát þá nemandinn ekki meðtaka það sem sagt er.

SJÖ HEIMAR SÓLKERFIS OKKAR



INNRI GERÐ MANNSINS

INNRI GERÐ MANNINS

Innri gerð mannsins, eins og fjallað er um hana á eftirfarandi síðum, er í meginatriðum þríþætt sem hér segir:

I. *Mónadinn, Hinn hreini andi, Faðirinn á himnum.*

Þessi meginþáttur endurspeglar þrjá meginþætti Guðdómsins:

1. Vilja eða mátt.....Föðurinn
2. Kærleika-visku.....Soninn
3. Virka vitsmuni.....Heilagan anda

Samruni við andann næst aðeins við lokavígslurnar og þegar maðurinn nær þeim áfanga að verða fullnumi. Mónadinn, andinn, endurspeglast síðan sjálfur í:

II. *Æðra sjálfinu, innri hugsuðinum, einstaklingsvitundinni.*

Þessi meginþáttur er:

1. Andlegur vilji.....Atma
2. Innsæi.....Búddhi, kærleikur-viska, Kristspátturinn
3. Æðri hugurinn.....Æðri Manas

Innri hugsuðurinn, sálin, byrjar að gera vart við sig hjáþroskuðum mönnum og síðan í æ ríkara mæli á braut reynslunemans, þar til stjórn æðra sjálfsins á hinu lægra er fullkomnuð við þriðju vígsluna og æðsti meginþátturinn, andinn, byrjar að gera vart við sig.

Innri hugsuðurinn, sálin, endurspeglast í:

III. *Lægra sjálfinu, persónuleikanum, manningnum í efnisheiminum.*

Þessi meginþáttur er einnig þríþættur:

1. Hugarlíkami.....Lægri manas
2. Tilfinningalíkami.....Astral-líkaminn
3. Efnislíkami.....Þétti efnislíkaminn og ether-líkaminn

Markmið þróunarinnar er því það að maðurinn öðlist skilning á tilvist sálarinnar, æðra sjálfsins, og láti æðra sjálfið stjórna lægra eðlinu.

I. KAFLI

INNGANGUR

Áður en tekið er til við efnið sem á eftir fer um vígslu, þróunarleiðir þær sem opnast hinum fullkomnaða manni, og um Helgistjórnina, er rétt að leggja áherslu á nokkrar fullyrðingar sem virðast nauðsynlegar fyrir skynsamlegt nám og skilning á þeim hugmyndum sem fram verða settar.

Það þarf að vera ljóst að í þessari bók eru settar fram ákveðnar hugmyndir í formi staðreynda og fullyrðinga sem lesandinn getur ekki sannreynt þegar í stað. Því fer fjarri að ritarinn þakki eða eign sér persónulega þá þekkingu sem hér er gefin og vill hún eindregið afneita öllu slíku tilkalli; en hún getur ekki annað gert en sett þessar fullyrðingar fram sem staðreyndir. Hins vegar vill hún hvetja þá sem finna eitthvað markvert á þessum síðum, til að láta ekki það sem virðist vera kreddubundin kennisetning, fæla sig frá. Persónulegar takmarkanir ritans ættu heldur ekki að hamla fordómalausri íhugun þess boðskapar sem svo vill til að nafn hennar tengist. Í andlegum málum skipta nöfn, einstaklingar og ytri heimildir litlu máli. Það eitt er örugg leiðsögn sem lýtur innri viðurkenningu og innri leiðbeiningum. Það skiptir þess vegna ekki máli hvort lesandinn tekur boðskapnum á þessum síðum sem andlegri hugvekju í hugsjónalegri umgerð, hugmyndaframsetningu í formi staðreynda, eða kenningu sem einn nemi hefur mótað og sett fram til umhugsunar öðrum nemum. Sérhverjum er boðskapurinn boðinn, hvaða innri viðbrögð sem hann kann að vekja eða innblástur og ljós sem hann kann að færa.

Nú á tímum þegar gömul form eru brotin niður og ný byggð í staðinn, er þörf fyrir aðlögunarhæfni. Við verðum að forðast hættuna á stöðnun, með sveigjanleika og vexti. „Gamla skipanin breytist,“ en það eru fyrst og fremst skynjun og viðhorf sem breytast en ekki efni og undirstaða. Grundvallaratriðin hafa alltaf verið sönn. Hverri kynslóð er gefið það hlutverk að varðveita undirstöður hins gamla og hefðbundna forms, en einnig að auka viturlega við og auðga það. Hvert tímasteið verður að bæta við því sem áunnist hefur með frekari rannsóknum og vísindalegri viðleitni, og nema það burt sem er úr sér gengið og einskis virði. Hver öld verður að festa í sessi verk og sigra síns tíma, og skilja frá þá samsöfnun fortíðarinnar sem myndi skyggja á og sljóvga heildarmyndina. Umfram allt er hverri kynslóð veitt sú gleði að sýna styrk gömlu undirstöðunnar, og tækifæri til að reisa á þessari undirstöðu byggingu sem fullnægir þörfum hins innra þróandi lífs.

Frumhugmyndir þær, sem hér er gerð grein fyrir, eru studdar ákveðnum staðreyndum sem fram eru settar í frumspekilegum fræðiritum. Þessar grundvallar staðreyndir eru þrjár og eru sem hér segir: (a) Við sköpun sólarinnar og hinna sjö helgu plánetna, sem meðal annarra tilheyrja sólkerfi okkar, notaði Sólarlogosinn efni sem var þegar gætt sérstökum eiginleikum. Frú Besant segir í bók sinni, „*Avatars*“ (sem sum okkar telja mikilvægast allra hennar ritverka af því að þar er að finna skýrustu vísbendinguna), að „sólkerfi okkar er byggt upp af efni sem þegar var til, af efni sem þá þegar var gætt ákveðnum eiginleikum“ Þetta efni, ályktum við þess vegna, hafði vissa dulda eiginleika sem urðu að koma í ljós á sérstakan hátt, vegna lögmáls um orsök og afleiðingu, eins og allt annað í alheiminum.

(b) Öll raunbirting er sjöþætt í eðli sínu og Innsta miðjúljósið sem við köllum Guðdóm, Hinn Eini guðlegi geisli, raunbirtist fyrst þríþættur og síðan sjöþættur. Guðinn Eini birtir sig sem Guð faðir, Guð sonur og Guð heilagur andi og þessir þrír birtast aftur gegnum hina sjö Anda frammi fyrir há-sætinu, eða hina sjö Plánetulogosa. Nemar í dulfræðum, sem eru ekki kristnir að uppruna, geta kallað þessar verur Geislann Eina, sem birtist gegnum þrjá aðalgeisla og hina fjóra minni geisla, sem saman mynda heilaga sjöund. Samfjöllunargeislinn, sem blandar þeim öllum saman, er hinn mikli kærleiksvisku geisli, því sannlega er það svo að „Guð er kærleikur.“ Þessi geisli er hinn dimmblái geisli og er

sameiningargeislinn. Hann er sá geisli sem mun sameina hina geislana í sér við lok stórtímabilsins, þegar samræmd fullkomnun næst. Hann er birting annars meginþáttar Sólarlogossins, kærleiks-viskuþáttarins. Þessi meginþáttur, sem er þáttur formbyggjandans, gerir þetta sólkerfi okkar það efnisþéttasta af þrem meginólkerfunum. Kærleiks- eða viskuþátturinn kemur fram við byggingu formsins, því „Guð er kærleikur“ og í þessum Guði kærleikans „lífum við og hrærumst og þar er tilvera okkar“ og þannig mun það vera til loka hinnar ævafornu raunbirtingar.

(c) Hinir sjö heimar guðlegrar raunbirtingar, eða hin sjö svið sólkerfis okkar, eru aðeins millisvið; sviðsstigin sjö á lægsta kosmíska sviðinu, kosmíska efnisheiminum. Geislarnir sjö, sem við heyrum svo mikið um og eru svo áhugaverðir og dularfullir, eru á sama hátt aðeins sjö geislagreinar eins kosmísks geisla. Hin tólf skapandi lífríki eru sjálf ekki annað en undirgreinar einnar kosmískrar helgistjórnar. Þau mynda aðeins einn hlóm í hinni kosmísku sínfóníu. Þegar þessi sjöfaldi kosmíski hlómur, sem við erum svo smár hluti af, endurómar í samtengdri fullkomnun, þá og aðeins þá öðlumst við skilning á orðunum í Jobsbók: „morgunstjörnurnar sungu gleðisöng allar saman.“ Ósamhlómur heyrir samt áfram og ósamræmi stafar frá mörgum sólkerfum, en í framrás eilífðanna mun samhlómur að lokum nást, og sá dagur mun upp renna, (ef við leyfum okkur að tala um eilífðir með hugtökum sem tengjast tímanum) þegar Hljómur hins fullkomnaða alheims mun óma til ystu endimarkna fjarlægasta stjörnukerfisins. Þá mun verða þekktur leyndardómur „sameiningarsöngs himnanna.“

Lesandinn er einnig beðinn að muna og vega og meta vissar hugmyndir áður en hann hefur nám um vígsluna. Vegna þess hve efnið er gífurlega flókið, er algerlega ómögulegt fyrir okkur að meðtaka nema yfirlitshugmynd um áætlunina; þess vegna eru kennisetningar rétttrúnaðar svo fánýtar. Það sem við getum, er að skynja brot af einhverri dásamlegri heild, sem er algerlega utan seilingar vitundar okkar — heild sem hinn æðsti engill eða hin fullkomnaða vera er aðeins að byrja að gera sér grein fyrir. Þegar við gerum okkur ljósa þá staðreynd að hinn venjulegi maður er ennþá aðeins full-meðvitaður á efnisþétta sviðinu, nær því að vera meðvitaður á tilfinninga sviðinu og rétt farinn að þroska vitund sína á hugar sviðinu, er augljóst að skilningur hans á kosmískri þróun, getur ekki verið annað en ófullkominn. Þegar okkur verður svo ljós sú staðreynd, að það að vera *meðvitaður* á einhverju sviði og að *hafa stjórn* á því sviði er tvennt ólíkt, verður okkur ljóst hversu hverfandi sá möguleiki er að við nálgumst annað en almenna framvindu hinnar kosmísku áætlunar.

Við verðum einnig að átta okkur á að hættur eru samfara kreddum og þröngsýnum staðreyndum kennslubókanna, og að öryggið felst í sveigjanleika og breytilegu sjónarhorni. Staðreynd, til dæmis, sem skoðuð er út frá sjónarmiði mannkynsins (orðið „staðreynd“ notað í hinni vísindalegu merkingu um það sem hefur verið sannað svo að um engan vafa getur verið að ræða) þarf ekki að vera staðreynd í augum meistara. Fyrir honum getur hún verið aðeins hluti af umfangsmeiri staðreynd, aðeins brot af heildinni. Þar sem sýn meistarans er af hinni fjórðu og fimmtu vídd hlýtur skilningur hans á stöðu tímans í eilífðinni að vera réttari en okkar. Hann sér hlutina að ofan og niður, eins og sá sem er óháður tímanum.

Óskýranlegt lögmál umbreytinga er í huga Logossins eða Guðdóms sólkerfis okkar, og stjórnar öllum gjörðum Hans. Við sjáum aldrei nema síbreytileg form og leiftursýnir af því lífi sem sífellt þróast innan þessara forma, og enn sem komið er höfum við nánast enga háspekilega innsýn um það grundvallarlögmál sem er að verki í síbreytilegu mynstri sólkerfa, geisla, helgistjórna, plánetna, sviða, plánetukerfa, umferða, kynstofna og kynþátta. Þau eru samofin, samtvinnuð og samblönduð, og við getum engan veginn skilið það þegar þetta dásamlega mynstur, sem þau mynda, opnast fyrir framan okkur. Við vitum að einhvers staðar í þessu mikla heimskerfi höfum við, ríki mannsins, okkar stað. Það eina, sem við getum þess vegna gert, er að grípa allar þær upplýsingar sem virðast snerta okkar eigin velferð og þróun, og með því að rannsaka mannveruna í persónuheiminum þrem, að reyna þannig að skilja hinn stóra æðri heim að einhverju leyti. Við vitum ekki hvernig Hinn Eini getur orðið þrír, hinir þrír orðið sjö og svo áfram til óútskýranlegrar sérgreiningar. Fyrir mannshugann er þessi samþætting sólkerfisins óumræðanlega flókin og lausnin virðist ekki vera í nánd. Séð frá sjónarmiði meistara vitum við að öllu miðar áfram í skipulegri röð. Séð frá sjónarsviði guðlegrar sýnar mun heildin hreyfast í samræmdri og fullkominni einingu, svo úr verður form sem er rúmfræðilega nákvæmt. Browning hafði náð hluta af þessum sannleika þegar hann skrifaði:

„Allt er breyting, en stöðugleiki líka...“ og hélt áfram:

„Sannleikur að innan og utan, sannleikur líka; og á milli hvors um sig, fals sem er breyting, eins og sannleikurinn er stöðugleiki.“

„Sannleikurinn tekur á sig myndir í röð, einum áfanga ofar síðustu birtingu...“

Höfum hugfast að út fyrir viss mörk er ekki óhætt eða viturlegt að miðla staðreyndum um sólkerfið. Margt verður að vera dulið og falið. Hættur samfara of mikilli þekkingu eru miklu meiri en ógn þekkingarleysis. Með þekkingu kemur ábyrgð og vald — tvennt sem mannkynið er ekki ennþá tilbúið að axla. Það sem við getum þess vegna gert er að rannsaka og setja í samhengi með þeirri vísu og varfærni sem okkur kann að vera gefin, með því að nota þá þekkingu sem kann að koma þeim að gagni sem við leitumst við að hjálpa, og gera okkur grein fyrir að með því að nota þekkinguna viturlega getum við betur tekið við hinni duldu vísu. Með viturlegri aðlögun þekkingar að þörfum umhverfisins verður einnig að vaxa hæfileiki til varfærni og hæfni til þess að sjá hlutina í réttu ljósi. Þegar við getum notað verðmæti viturlega, gætt þagmælsku þegar þörf krefur og beitt dómgreindinni rétt, gefum við fræðurum kynstofnsins, þeim sem á horfa, hina bestu tryggingu fyrir því að við séum tilbúin fyrir nýja opinberun.

Við verðum að sætta okkur við þá staðreynd að eina leiðin til að við getum fundið vísbendingu um leyndardóm geislanna, sólkerfanna og stjórnerfa lífríkjanna, liggur í því að rannsaka lögmál samsvörunar eða hliðstæðna. Það er eini þráðurinn sem við getum ratað eftir um völundarhúsið og eini ljósgeislinn sem skín gegnum myrkur umlykjandi fáfræði. H.P. Blavatsky hefur sagt okkur þetta í ritverkinu „*The Secret Doctrine*,“ en nemar hafa enn sem komið er mjög lítið gert til að færa sér þessa vísbendingu í nyt. Við rannsókn á þessu lögmáli verðum við að muna að samsvörunin liggur í kjarnanum, en ekki í ytri verkunum smáatriða eins og við höldum að við sjáum þau frá núverandi sjónarhóli okkar. Tímaþátturinn afvegaleiðir okkur einnig; okkur skjáttast þegar við reynum að ákveða tiltekinn tíma og takmörk; allt sem þróast gerir það með því að renna saman, með stöðugu ferli skörunar og blöndunar. Hinn venjulegi nemi ræður aðeins við almennar alhæfingar og þekkingu á grundvallaratriðum hliðstæðna. Um leið og hann reynir að þjappa saman í töfluform og setja *nákvæmlega* í skrár, fer hann inn á svið þar sem honum hlýtur að skjáttast, og staulast í þöku sem mun að lokum yfirbuga hann.

Engu að síður mun vísindaleg rannsókn á þessu lögmáli hliðstæðna smám saman færa aukna þekkingu, og með hinni hægu samsöfnun staðreynda mun smám saman byggjast upp sívaxandi þekkingarforði sem mun fela í sér mikið af sannleikanum. Neminn mun þá vakna til vitundar um að eftir allt námið og erfiðið hefur hann í það minnsta víðari almenna mynd um hugform Logossins, sem hann getur sett smáatriðin inn í, um leið og hann öðlast þau í mörgum jarðvistum. Þá erum við komin að síðasta atriðinu sem hafa ber í huga áður en við byrjum á sjálfu efninu, sem er:

Að þróun mannværunnar er ekki annað en ferli frá einu vitundarstigi til annars. Þroskinn er röð af þenslum, vaxandi eiginleiki vitundar sem myndar ríkjandi einkenni hins ídveljandi innri hugsuðar. Það er þroski frá vitund sem innstillt er í persónuleikanum, lægra sjálfinu eða efnislíkamanum, til þeirrar sem innstillt er í hinu æðra sjálfi, hinum innri hugsuði, innri manningu eða sálinni og þaðan í mónadinn eða andann, þar til vitundin verður loks guðdómleg. Þegar maðurinn tekur framförum þenst eiginleiki meðvitundarinnar fyrst af öllu út fyrir hina umlykjandi vegg, sem takmarka vitundina innan lægri ríkja náttúrunnar (steinaríki, jurtaríki og dýraríki), til hinna þriggja heima þar sem hinn vaxandi persónuleiki þroskast, til plánetunnar þar sem hann vinnur sitt hlutverk, til sólkerfisins þar sem sú plánetu hverfist, þar til loks að vitundin nær út fyrir sjálft sólkerfið og verður alheimsleg.

II. KAFLI

VÍGSLA SKILGREIND

Vígsluhugtakið kemur sífellt oftast fyrir sjónir almennings og áður en margar aldir líða munu gömlu launhelgarnar verða endurreistar. Innra heildi verður þá innan kirkjunnar — kirkju þess tímabils, en kjarninn er þegar tekinn að myndast — þar sem fyrsta vígslan verður opinberuð, í þeim skilningi að það að taka fyrstu vígsluna mun áður en langt um líður verða helgasta athöfn kirkjunnar, framkvæmd á opinberan hátt eins og ein af launhelgaathöfnum þess tímabils, þar sem þeir sem málið varðar eru viðstaddir. Hún mun einnig eiga sér samsvörun í helgiathöfnum frímúrara. Við þessa athöfn mun þeim sem eru tilbúnir fyrir hina fyrstu vígslu verða opinberlega leyfður aðgangur að Stúkunni af einum af félögum hennar með heimild frá sjálfum hinum mikla helgistjórnanda.

Fjögur orð skilgreind.

Þegar við tölum um vígslu, visku, þekkingu eða braut reynslunemans, hvað er þá átt við? Við notum orðin í tíma og ótíma án nauðsynlegrar umhugsunar um merkingu þeirra. Tökum til dæmis orðið sem fyrst var nefnt. Margar eru skilgreiningarnar og margar eru þær útskýringar sem hægt er að finna um umfang þess, undirbúningsskrefin, þá vinnu sem inna þarf af hendi á milli vígslu og um árangur hennar og áhrif. Eitt atriði öðrum fremur er augljóst hinum fáfróðasta nema, en það er að umfang viðfangsefnisins er slíkt að til að geta fjallað nægilega vel um það þyrfti viðkomandi að geta skrifað út frá sjónarhóli vígsluhafa; þegar sú er ekki raunin getur allt það sem sagt er verið skynsamlegt, rökrétt, áhugavert eða vísbendandi, en ekki endanlegt.

Orðið *vígsla* (Initiation) er dregið af tveimur latneskum orðum, *in*, inn í; og *ire*, að fara; þess vegna: *sköpun upphafs* eða innganga inn í eitthvað. Hún er, í sínum víðasta skilningi á því viðfangsefni sem við erum að athuga, innganga í hið andlega líf eða inn á nýtt stig í því lífi. Hún er fyrsta skrefið á hinum helga Vegi ásamt þeim sem á eftir fylgja. Sá sem hefur tekið fyrstu vígsluna er því bókstaflega maður sem hefur tekið fyrsta skrefið inn í hið andlega ríki, hann hefur horfið úr því ríki, sem er vissulega mannlegt, og inn í hið yfirmannlega. Á sama hátt og hann hvarf úr dýrarikinu inn í ríki manna við einstaklingsmyndunina, hefur hann tekið til við líf andans og hefur í fyrsta skipti rétt til að vera kallaður „andlegur maður“ í fræðilegri merkingu orðsins. Hann er að leggja inn á fimmta og síðasta stigið í þróun okkar sem nú er fimmgreind. Og eftir að hafa fálmað sig áfram gegnum Sal fáfræðinnar á mörgum tímasteiðum og eftir að hafa gengið í skóla í Sal lærdómsins, er hann nú að fara inn í háskólann eða Sal viskunnar. Þegar hann hefur lokið þeim skóla, mun hann útskrifast sem meistari kærleikans.

Það kynni að vera gagnlegt fyrir okkur að athuga fyrst mismuninn eða sambandið á milli *þekkingar*, *skilnings* og *visku*. Þótt þessu sé iðulega ruglað saman í venjulegri orðræðu, eru hugtökin ólík þegar þau eru notuð fræðilega.

Þekking er afrakstur Salar lærdómsins. Það mætti kalla hana heildarniðurstöðu uppgötvana mannsins og reynslu, það sem hægt er að kanna með skilningarvitunum fimm og setja í samhengi, greina og skilgreina með mannlegum vitsmunum. Hún er það sem við erum örugg um eða það sem við getum sannreynt með tilraunum. Hún er ágrip af listum og vísindum. Hún snertir allt það sem varðar byggingu og þróun á formi hlutanna. Þess vegna snertir hún hið efnislega, efnið í sólkerfunum, í plánetunni, í líkómum mannsins og hinum þrem heimum mannlegrar þróunar.

Viska er uppskera Salar viskunnar. Hún varðar þróun lífsins innan formsins, þróun andans í gegnum síbreytileg starfstæki og útvíkanir vitundarinnar sem taka við hver af annarri frá lífi til lífs. Viskan snertir lífið í þróun. Og þar sem hún snertir kjarna hlutanna, en ekki hlutina sjálfa, er hún inn-sæislegur skilningur á sannleikanum, óháð rökhyggju-eiginleikum. Hún er eðlislæg skynjun sem getur greint á milli hins sanna og ósanna, á milli hins raunverulega og hins óraunverulega. Hún er

meira en það, því hún er vaxandi geta innri hugsuðarins til að fara í auknum mæli inn í huga Logossins, að gera sér grein fyrir raunverulegu innra eðli hinnar miklu skrautsýningar alheimsins, að sjá tilganginn og að samstillast betur og betur hinum hærri stigum. Fyrir tilgang okkar núna (sem er að fræðast nokkuð um Hina helgu braut og ýmis stig á þeirri leið) er hægt að lýsa viskunni sem vitund um „guðsríki hið innra“ og skilningi á „guðsríki hið ytra“ í sólkerfinu. Ef til vill mætti segja að viskan sé stigvaxandi blöndun leiða launspekings og dulfræðings — að hof viskunnar sé reist á grunni þekkingarinnar.

Viskan er vísindi andans alveg eins og þekkingin er vísindi efnisins. Þekkingin er sundurgreinandi og hlutlæg, en viskan er samtengjandi og huglæg. Þekkingin skilur að; viskan sameinar. Þekkingin greinir sundur, en viskan blandar saman. Hvað er þá átt við með skilningi?

Skilning má skilgreina sem eiginleika innri hugsuðarins í tímanum til að tileinka sér þekkinguna sem grundvöll viskunnar, það sem gerir honum kleift að aðlaga formgerða hluti að lífi andans og að taka leiftur innblásturs sem berast til hans úr Sal viskunnar og tengja þau við staðreyndir úr Sal lærdómsins. Ef til vill mætti orða alla hugmyndina svona:

Viskan varðar Hið Eina Sjálf, þekkingin snýr að ekki-sjálfinu, en skilningurinn er sjónarmið innri mannsins, hugsuðarins eða tengsl hans þar á milli.

Í Sal fáfræðinnar ræður formið og efnishlið hlutanna er ríkjandi. Maðurinn er þar vitundarstilltur í persónuleikanum eða lægra sjálfinu. Í Sal lærdómsins keppir æðra sjálfið að því að ráða yfir forminu þar til jafnvægi hefur náðst, þar sem hvorugt stjórnar mannum algerlega. Síðar stjórnar æðra sjálfið í auknum mæli, þangað til í Sal viskunnar að það stjórnar í persónuheiminum, hinum þremur lægri heimum og eðlislægur guddómleiki nær sífelt meira yfirhöndinni.

Meginþættir vígslu.

Vígsla, eða ferlið þegar víkkun vitundarinnar á sér stað, er hluti af eðlilegu ferli þróunar, skoðað í víðtæku heildarsamhengi, en ekki frá sjónarhorni einstaklingsins. Þegar litið er á vígslu frá sjónarmiði einstaklings, er hugtakið þrengt niður að þeim tímamótum þegar einingin, sem er að þróast, skilur örugglega (af eigin rammleik með hjálp leiðbeininga og tilsagnar frá fræðurum kynstofnsins sem fylgjast með) að hún hefur frá efnisheiminum séð náð því að öðlast vissa huglæga þekkingu. Eðli þessarar reynslu er það sama og þegar nemandi í skóla gerir sér skyndilega grein fyrir því að hann hefur tileinkað sér námsefnið og að hann getur notað grundvallarforsendur og aðferðir á skynsamlegan hátt. Þessi stöðuskil vitræns skilnings fylgja hinum vaxandi mónad á hinni löngu þroska-braut hans. Það sem hefur verið nokkuð mistúlkað á þessu stigi skilningsins er sú staðreynd, að á ýmsum tímaskiðum er áhersla lögð á mismunandi stig þenslu en ávallt kappkostar Helgistjórnin að færa kynstofninn að því marki, þar sem vitundareiningar hans hafa einhverja hugmynd um næsta skref sem taka skal.

Hver vígsla gefur til kynna færslu nemans upp í hærri bekk í Sal viskunnar, markar greinilegri útgeislun hins innri elds og flutning frá einni vitundarstillingu til annarrar, felur í sér vitund um aukna einingu með öllu sem lifir og hina eiginlegu sameiningu sjálfsins við öll sjálf. Vígsla leiðir af sér sjóndeildarhring sem víkkar sífellt, uns hann nær yfir heima sköpunarinnar; hún er vaxandi geta til að sjá og heyra á öllum sviðunum. Vígslan gefur aukna innsýn um áform Guðs um heiminn og eykur hæfni til að taka þátt í þessum áformum og þoka þeim áfram. Hún leiðir af sér aukna viðleitni til að ná prófi, með leitandi hugsun og afli ímyndunar innan hins óhlutbundna huga. Hún skipar heiðursess í skóla meistarans og er innan seilingar þeirra sálna sem hafa til hennar karmískan rétt og viðleitni til þess að ná markinu.

Vígsla leiðir upp á tindinn, þaðan sem sýn fæst, sýn af hinu eilífa núu, en í því býr fortíðin, nútíðin og framtíðin sem ein heild; sýn af stigvaxandi þroska kynstofna með hinn gullna þráð upprunans sem liggur um hinar mörgu ólíku tegundir; sýn af hinu gullna sviði, þar sem öll þróun sólkerfis okkar er í fullkominni samstillingu, þróun tíva, manna, dýra, jurta, steina og formgervis, og í gegnum það er greinilega hægt að sjá lífið slá með reglulegri hrynjandi; sýn af hugformi Logossins á upprunasviðinu, sýn sem vex frá vígslu til vígslu þar til hún nær yfir allt sólkerfið.

Vígsla leiðir til straumsins sem, þegar út í er komið, ber manninn áfram að fótum Lávarðar heimsins, að fótum Föðurins á himnum, að fótum Hins þrígreinda Logoss.

Vígsla leiðir að þeirri innri hvelfingu þar sem samstæður andstæðnanna eru þekktar og þar sem hulunni er svipt af leyndardómi góðs og ills. Hún leiðir til krossins og til þeirrar algjöru fórnar sem verður að eiga sér stað áður en fullkominni frelsun er náð og vígsluhafinn stendur frjáls af öllum hlekkjum jarðar, og er engu bundinn í persónuheimunum þrem. Hún leiðir gegnum Sal viskunnar og leggur í hendur manns lykil að allri þekkingu, sólkerfislegri og kosmískri, í stigvaxandi röð. Hún leiðir í ljós hinn hulda leyndardóm sem býr í hjarta sólkerfisins. Hún leiðir frá einu stigi vitundar til annars. Þegar inn á hvert stig er komið vikkar sjóndeildarhringurinn, sjónarsviðið stækkar og skilningurinn verður víðtækari og víðtækari, þar til vikkunin nær þeim áfanga að sjálfið umlykur öll sjálf, þar á meðal allt sem „hreyfist og hreyfist ekki,“ eins og segir í fornu helgiriti.

Vígslu fylgir athöfn. Áhersla hefur verið lögð á þessa hlið í hugum manna, ef til vill svo að hin sanna merking hefur fallið dálítið í skuggann. Fyrst og fremst felur hún í sér hæfileikann til að sjá, heyra og skilja, og að einfalda, flétta saman og setja þekkingu í samhengi. Vígsla þarf ekki að fela í sér þroskun dulrænna hæfileika, en hún leiðir af sér þann innri skilning sem sér gildið innan formsins og þekkir tilgang allra kringumstæðna. Hún leiðir af sér hæfileika til að skynja þann lærdóm sem draga má af sérhverju atviki og með þeim skilningi stuðlar hún að stöðugum vexti og þenslu. Þetta ferli stöðugar þenslu — sem er afleiðing af ákveðinni viðleitni, réttri hugsun og lífsmáta leitandans sjálfs, en ekki einhvers kennara sem framkvæmir dulfræðilega helgiathöfn — leiðir til þess sem kalla mætti innri baráttu.

Við þessa innri baráttu, sem gerir hjálp meistara nauðsynlega, fer fram viss vígsluathöfn, sem (með því að verka á ákveðna orkustöð) hefur áhrif á einhvern einn líkama. Hún stillir atómin á ákveðna tíðni og gerir mögulegt að ná nýrri hrynjandi.

Þessi vígsluathöfn markar áfangastig. Hún veldur ekki áfanganum, eins og margir halda. Hún er einfaldlega til marks um að fræðarar kynstofnsins sem fylgjast með hafa viðurkennt að neminn hafi náð ákveðnu stigi í þróuninni og hún leiðir af sér tvennt:

1. Þenslu vitundarinnar sem hleypir persónuleikanum að þeirri visku sem sálarmaðurinn hefur náð og í æðri vígslum inn í vitund mónadsins, andans.

2. Uppljómun, sem varir í skamman tíma, þar sem vígsluhafinn sér þann hluta brautarinnar sem framundan er og þar sem hann er meðvitaður um þátt sinn í hinni miklu áætlun þróunarinnar.

Eftir vígsluna er verkið, sem fyrir höndum er, að miklu leyti fólgið í því að gera þessa vikkun vitundarinnar haldbæra og varanlega til raunhæfrar notkunar fyrir persónuleikann og að takast á við þann hluta brautarinnar sem enn er ófarinn.

Staður og áhrif vígslu.

Vígsluathöfnin á sér stað á hinum þrem hærri millisviðum, efri sviðsstigunum í hugarheiminum og í hinum þrem enn æðri heimum, allt eftir vígslunni. Fimmhyrnda stjarnan blikar yfir höfði vígsluhafans við vígslurnar á hugar sviðinu. Þetta á við um fyrstu vígslurnar sem gengist er undir í sálarlíkamanum, orsakalíkamanum. Sagt hefur verið að fyrstu tvær vígslurnar séu teknar á tilfinninga sviðinu, en þetta er ekki rétt og þessi staðhæfing hefur leitt til misskilnings. Fyrir þeim finnst greinilega í tilfinningalíkamanum, og einnig í efnislíkamanum og lægri hugarlíkamanum, og hafa vígslurnar áhrif á stjórnun líkamanna. Mest gætir áhrifa þeirra í þessum líkómum og því getur verið að vígsluhafinn túlki það svo að þær hafi átt sér stað á þeim sviðum sem í hlut eiga, þar sem áhrifin eru ljósust og örvunin af fyrstu tveim vígslunum er sterkust á tilfinningalíkamanum. En það verður ávallt að muna að gengist er undir aðalvígslurnar í sálarlíkamanum eða — ef ekki í þeim líkama — þá á búddíska sviðinu eða atmíska sviðinu. Við síðustu tvær vígslurnar, sem frelsa manninn frá persónuheimunum þrem og gera honum kleift að starfa í orkulíkama Logossins og beita þeirri orku sem þar er, verður vígsluhafinn fimmhyrnda stjarnan; hún kemur yfir hann, rennur saman við hann og hann birtist í miðju hennar. Þessi yfirkoma stafar af gerðum vígjandans sem notar veldissprotann og kemur manninum í snertingu við þá orkustöð í líkama Plánetulogossins sem hann er hluti af. Þetta gerist meðvitað. Vígslurnar tvær sem kallaðar eru hin sjötta og sjöunda eiga sér stað á búddíska og atmíska

sviðinu; fimmhyrnda stjarnan „blossar framm að innan,“ eins og sagt er á máli dulfræðinnar, og verður að sjöhyrnda stjörnunni; hún kemur yfir manninn og hann fer inn í eldinn.

Vígslurnar fjórar, sem eru undanfari fullnumavígslunnar, marka hver fyrir sig að ákveðið hlutfall af atómefni, efni fyrsta ether-sviðsins, hafi náðst inn í líkamana — til dæmis við fyrstu vígsluna einn fjórði atómefnis, við aðra vígsluna helmingur atómefnis, við þá þriðju, þrjár fjórðu atómefnis og svo framvegis til fullkomnunar. Þar sem innsæisþátturinn, búddhi, er sameiningarþátturinn (eða sameinandi alls) losar fullnuminn sig við lægri líkamana eftir fimmtu vígsluna og stendur eftir í búddískum hjúpi sínum. Þaðan í frá stjórnar hann sjálfur sköpun formbirtingar sinnar.

Hver vígsla veitir meiri stjórn á geislunum, ef svo má að orði komast, þótt þetta túlki ekki hugmyndina nægilega vel. Orð eru svo oft blekkjandi. Við fimmtu vígsluna, þegar fullnuminn er meistari í heimunum þrem, stjórnar hann meira eða minna (eftir þróunarleið sinni) hinum fimm geislum sem eru sérstaklega ráðandi á þeim tíma þegar hann gengst undir vígsluna. Við sjöttu vígsluna, ef hann tekur hina hærri gráðu, öðlast hann vald á enn öðrum geisla og við sjöundu vígsluna hefur hann vald á öllum geislunum. Sjötta vígslan markar Kristsáfangann og færir sameiningargeisla sólkerfisins undir stjórn hans. Við verðum að muna að vígsla færir vígsluhafanum *vald á geislunum*, en ekki *vald yfir geislunum*, því þarna er mjög ákveðinn munur á. Sérhver vígsluhafi er með einn af hinum þrem megingeislum sem sinn innræða andlega geisla, og sá geisli, geisli andans eða mónadsins, er geislinn sem hann öðlast til lengri tíma vald á. Kærleiksgeislinn, eða sameiningargeisli sólkerfisins, er sá geisli sem maðurinn nær að lokum valdi á.

Þeir sem hverfa frá jörðinni eftir fimmtu vígsluna, eða þeir sem verða ekki meistarar í efnislegri jarðvist, gangast undir næstu vígslur sínar annars staðar í sólkerfinu. Allar eru þær innan vitundar Logossins. Hafa verður í huga þá mikilvægu staðreind að vígslur teknar á plánetunni eða annars staðar innan sólkerfisins eru aðeins undirbúningsvígslur fyrir inngöngu í Hina meiri stúku í Sírius sólkerfinu. Við sjáum táknerfið nokkuð vel í frímúrarareglunni og með því að tengja aðferð frímúrarara við það sem okkur er sagt um þrepin á Hinni helgu braut fáum við heillega mynd. Við skulum athuga þetta nánar:

Fyrstu fjórar vígslurnar innan sólkerfisins svara til hinna fjögurra „upphafsvígslna,“ á undan fyrstu kosmísku vígslunni. Fimmta vígslan svarar til fyrstu kosmísku vígslunnar, þeirrar sem „skráðir nemar“ í frímúrarareglunni hafa náð, og gerir meistara að „skráðum nema“ Stúkunnar á Sírius. Sjötta vígslan er hliðstæð annarri gráðu í frímúrarareglunni, en sjöunda vígslan gerir fullnumann að meistarafrímúrarara Bræðralagsins á Sírius.

Meistari er þess vegna sá sem gengist hefur undir sjöundu plánetuvígsluna, fimmtu sólarvígsluna og fyrstu Sírius- eða kosmísku vígsluna.

Vitundarsameining, afleiðing vígslu.

Við verðum að átta okkur á því að hver vígsla veldur nánari sameiningu persónuleikans og æðra sjálfsins, og á enn hærri stigum við mónadinn. Öll þróun mannsandans er stigvaxandi vitundarsameining. Í vitundarsameiningunni milli innri mannsins og persónuleikans leynist leyndardómur kristinnar kennisetningar um friðþæginguna. Ein sameining á sér stað á augnabliki einstaklingsmyndunarinnar, þegar maðurinn verður meðvituð vitsmunavera, gagnstætt því sem er hjá dýrunum. Þegar þróunin heldur áfram, koma vitundarsameiningar fyrir hver á eftir annarri.

Vitundarsameining á öllum stigum — tilfinningalegu, innsæislegu, andlegu og guðdómlegu — felst í meðvitaðri, samfelldri viðleitni. Í öllum tilfellum hefst hún með bruna, fyrir milligöngu innri eldsins, og með fórn sem veldur eyðingu á öllu því sem aðskilur. Sameiningaraðferðin felst í eyðingu á hinu lægra og á öllu sem myndar hindrun. Tökum til dæmis þann vef sem aðskilur ether-líkamann og geðlíkamann. Þegar þessi vefur hefur verið brenndur og fjarlægður með innri eldinum, verða tengslin milli líkama persónuleikans stöðug og algjör, og hin þrjú lægri starfstæki vinna sem eitt. Að nokkru leyti eru sambærilegar aðstæður fyrir hendi á hinum hærri sviðum, þótt samsvörunin sé ekki í smáatriðum. Innsæið svarar til tilfinninganna, og hin fjögur hærri millisvið hugarheimsins samsvara ether-sviðinu. Það sem gerist við sundrun og ummyndun sálarlíkamans, orsakalíkamans, við fjórðu vígsluna (nefnt á táknrænan hátt „krossfestingin“) er ferli sambærilegt við þann áfanga í

persónuþroska sem leiðir til bruna vefsins í ether-líkama manns, og síðan til sameiningar á líkómum persónuleikans. Sundrunin, sem er hluti af Arhat-vígslunni, leiðir til sameiningar æðra sjálfins og mónadsins sem birtir sig í og með andlegu þrenndinni. Það er hin fullkomna sameining.

Allt ferlið þjónar þess vegna þeim tilgangi að sameina manninn meðvitað:

Í fyrsta lagi: sjálfum sér og þeim sem eru í jarðvist með honum.

Í öðru lagi: hinu æðra sjálfi og þannig með öllum sjálfum.

Í þriðja lagi: anda sínum eða „Föður á himnum“ og þannig með öllum mónöðum.

Í fjórða lagi: Logosinum, hinum þrem í einum og hinum Eina í þrem.

Maðurinn verður meðvitað mannleg vera fyrir tilstilli Loga-drottanna, vegna varanlegrar fórnar þeirra.

Maðurinn nær sameiningu persónu og sálar við þriðju vígsluna, og er þá samfelld meðvitaður sem æðra sjálfið, fyrir tilstilli Krists og meistaranna, vegna hinnar miklu fórnar þeirra að holdgast til hjálpar heiminum.

Maðurinn sameinast mónadinum við fimmtu vígsluna fyrir tilstilli Lávarðar heimsins, Hins mikla alsjáanda, þess sem er Fórnin mikla.

Maðurinn verður eining með Logosinum fyrir tilstilli *Þess Eina sem engin orð ná yfir*.

III. KAFLI

STARF HELGISTJÓRNARINNAR

Þó að allt, sem viðkemur Hinni andlegu helgistjórn plánetunnar, sé verulega áhugavert fyrir hvern leitandi mann, verður samt raunverulegt gildi hennar aldrei skilið fyrir en mennirnir gera sér grein fyrir þremur atriðum: Í fyrsta lagi að allt Helgivaldið stendur fyrir samvinnu og sameiningu andlegra vera og samruna afla eða orku sem stjórnað er meðvitað til eflingar plánetuþróuninni. Þetta verður augljósara þegar við höldum áfram. Í öðru lagi að öfl þau í plánetukerfi okkar, sem birtast í gegnum hina miklu persónuleika Helgistjórnarinnar, tengja hana og allt sem í henni er við Hina æðri helgistjórn, sem við köllum sólkerfislega. Helgistjórn okkar er smækkuð eftirmynd hinnar meiri heildar þeirra sjálfs-meðvituðu vera sem hafa áhrif, stjórna og birtast í sólinni og hinum sjö heilögu plánetum og þeim öðrum plánetum, jafnt stórum sem smáum sem mynda sólkerfi okkar. Í þriðja lagi, þá hefur þessi Helgistjórn ljóssins fjögur meginverksvið:

Að þróa sjálfs-vitund í öllum verum.

Helgistjórnin leitast við að láta í té réttar aðstæður fyrir þróun sjálfs-vitundar hjá öllum verum. Þessu nær hún fram fyrst og fremst í manninum, með sínu fyrsta verki; að blanda þremur æðri meginþáttum andans við hina fjóra lægri, með þeim fordæmum sem hún setur um þjónustu, fórn og afneitun, og með stöðugum straumi ljóss (í dulfræðilegum skilningi) sem geislar frá henni. Hægt er að líta á Helgistjórnina sem heild þeirra afla á plánetu okkar sem tilheyra ríki andans, hinu fimmta ríki náttúrunnar. Þetta ríki opnast mönnum með því að þeir þroska til fulls og stjórna huganum, fimmta eðlisþættinum, og með því að umbreyta huganum með visku; sem er í orðsins fyllstu merkingu vitsmunir þeir sem beitt er við allar aðstæður með hinum meðvitaða glöggskyggna kærleika.

Að þróa vitund í þrem lægri ríkjum náttúrunnar.

Eins og alkunnugt er má skilgreina fimm ríki náttúrunnar í þróunarferlinu eins og hér segir: Steinaríkið, jurtaríkið, dýraríkið, ríki mannsins og ríki andans. Öll þessi ríki hafa í sér einhvers konar vitund og það er verk Helgistjórnarinnar að efla þessar tegundir vitundar til fullkomunar með aðlögun karma, með því að beita orku og með því að láta í té rétt skilyrði. Nokkur hugmynd um þetta verk ætti að fást, ef við gefum stutt yfirlit yfir mismunandi hliðar vitundarinnar sem á að þróa í mismunandi ríkjum náttúrunnar.

Í *steinaríkinu*, fyrsta ríkinu, beinist starf Helgistjórnarinnar að þróun aðgreinandi og veljandi atferlis. Eitt einkenni alls efnis er einhvers konar virkni, og um leið og þessi virkni beinist að því að byggja upp form, jafnvel hjá þeim allra frumstæðustu, mun aðgreinandi eiginleikinn koma í ljós. Þetta hafa vísindamenn alls staðar viðurkennt og með því nálgast þeir niðurstöður hinnar guðdómlegu visku.

Í *jurtaríkinu*, öðru ríkinu, er svörun við skynjun bætt við þennan aðgreinandi eiginleika og fyrsti vísirinn að öðrum meginþætti Guðdómsins kemur í ljós, alveg eins og svipað endurskin eða frumvísir að þriðja meginþættinum, þætti virkninnar, sést í steinaríkinu.

Í *dýraríkinu*, þriðja ríkinu, er þessi vísir að virkni og næmi aukinn, og merki (ef orða má það á svo ófullkominn hátt) finnast um fyrsta meginþáttinn eða ófullþroska vilja og tilgang; við getum kallað það arfgenga eðlishvöt er kemur fram sem tilgangur í náttúrunni.

H. P. Blavatsky komst svo viturlega að orði að maðurinn væri stórheimur fyrir hin þrjú lægri ríki, því í honum tengjast þessar þrjár leiðir þróunar og bera ávöxt. Hann er sannlega á virkan og dásamlegan hátt raunbirting vitsmuna. Hann er kærleikur og viska á frumstigi, jafnvel þótt þetta sé ennþá

aðeins takmark viðleitni hans, og hann hefur þennan ófullmótaða, kraftmikla, skapandi vilja sem mun ná meiri þroska þegar hann hefur komist inn í fimmta ríkið.

Í fimmta ríkinu, ríki andans, er heildisvitund sú vitund sem á að þroskast, og kemur þetta fram í því að kærleiks-visku eiginleikinn blómstrar. Maðurinn endurtekur aðeins ofar í spirálnum verk lægri ríkjanna þriggja; því í mannríkinu, fjórða ríkinu, birtir hann þriðja meginþáttinn, þátt virkra vitsmuna. Í fimmta ríkinu nær annar þátturinn, kærleiks-viskuþátturinn fullkomnun. Innganga í fimmta ríkið hefst við fyrstu vígsluna og nær yfir allan þann tíma sem það tekur manninn að gangast undir fyrstu fimm vígslurnar og í því ríki mun hann starfa sem meistari, sem hluti Helgistjórnarinnar. Við sjöttu og sjöundu vígsluna er það fyrsti þátturinn eða viljaþátturinn sem geislar út, og í stað þess að vera meistari samúðarinnar og lávarður kærleikans verður fullnuminn eitthvað meira. Vitund hans verður enn hærri en heildisvitundin og hann verður sjálfs-meðvitaður með Guðinum. Hinn mikli vilji eða tilgangur Logossins verður hans.

Það að hlynna að hinum margvíslegu eiginleikum Guðdómsins, að annast fræ sjálfs-vitundar í öllum lífverum, er starf þeirra vera sem hafa náð markinu; sem hafa náð inn í fimmta ríkið og sem hafa tekið þar sína miklu ákvörðun, þessa ótrúlegu sjálfsfórni sem kemur þeim til að vera áfram innan plánetukerfisins og vinna að áætlunum Plánetulogossins í efnisheiminum.

Að þjóna vilja Plánetulogossins.

Helgistjórnin miðlar til manna og engla, eða tíva, vilja Plánetulogossins og í gegnum Hann vilja Sólarlogossins. Hvert plánetukerfi, þar á meðal okkar, er orkustöð í líkama Sólarlogossins og tjáir eitthvert form orku eða krafts. Hver orkustöð hefur sína sérstöku gerð orku, sem kemur fram á þrjá vegu og skapar þannig hvarvetna hina þrjá meginþætti í raunbirtingu. Ein af þeim miklu uppgötvunum sem þeir gera sem koma inn í ríki andans, fimmta ríkið, fellst í skilningi á þeirri sérstöku tegund orku sem okkar Plánetulogossins birtir. Vitur nemi mun íhuga þessa fullyrðingu, því hún er lykillinn að mörgu af því sem sjá má í heiminum í dag. Leynardómur samfjöllunar hefur týnst og það verður ekki fyrr en menn öðlast aftur þá þekkingu sem þeir réðu yfir á fyrri tímasteiðum (eftir að hafa verið miskunnsamlega dregin til baka á tímum Atlantis) um þá gerð orku sem plánetukerfi okkar ætti að sýna, að vandamál heimsins munu leysast og sveiflutíðni heimsins mun verða stöðug. Þetta getur ekki orðið strax, því þessi þekking er vandmeðfarin og hættuleg og ennþá er kynstofninn ekki með heildisvitund og þess vegna ekki treystandi til að vinna, hugsa, gera áætlanir og framkvæma fyrir heildina. Maðurinn er ennþá of eigingjarn, en það er engin ástæða til kjarkleysis vegna þessarar staðreyndar; hópvitundin er nú þegar nokkuð meira en hugsýn, og bróðerni og viðurkenning á kvöðum þess er alls staðar að byrja að smjúga inn í vitund manna. Þetta er verk Helgistjórnar ljóssins — að sýna mönnum sanna merkingu bræðralags og að rækta með þeim svörun við þeirri hugsjón sem leynist í hverjum og einum.

Að vera mannkyninu fyrirmynd.

Það fjórða sem menn þurfa að vita og gera sér grein fyrir sem grundvallarstaðreynd, er að Helgistjórnin er samsett af þeim sem hafa sigrast á efnisforminu og hafa náð takmarki sínu með þeim sömu skrefum sem einstaklingar taka í dag. Þessir andlegu persónuleikar, þessir fullnumar og meistarar, hafa glímt og barist fyrir sigri og yfirráðum í efnisheiminum, barist við fenjagufur, þokur, hættur, vandræði, sorgir og sársauka hins daglega lífs. Þeir hafa gengið hvert skref á vegi þjáninganna, hafa reynt allt, hafa yfirstigið alla erfiðleika og hafa sigrað. Þessir eldri bræður mannkynsins hafa allir sem einn gengist undir krossfestingu persónulega sjálfsins og vita að afdráttarlaus eftirgjöf alls er hlutskipti sérhvers leitanda á þessum tíma. Það er ekki til það stig angistar, kveljandi fórnar eða sú píslarganga sem þeir hafa ekki reynt á sínum tíma og þar í liggur réttur þeirra til að þjóna og styrkurinn í kalli þeirra. Og þar sem þeir þekkja kjarna sársaukans, dýpt syndarinnar og þjáningarinnar, hæfa aðferðir þeirra þörfum einstaklingsins mjög vel; en á sama tíma er skilningur þeirra á frelsun

sem næst með sársauka, ögun og þjáningu, og skilningur þeirra á því frelsi sem fæst með því að fórna forminu í hreinsunareldunum, nægilegur til að gefa þeim styrka hönd; getu til að halda áfram eftir að formið virðist hafa þjádust nægilega og kærleika sem sigrar öll áföll, því hann er grundvallaður á þolinmæði og reynslu. Þessir eldri bræður mannkynsins einkennast af *kærleika* sem varir og sem vinnur ævinlega í þágu heildarinnar; af *þekkingu* sem hefur áunnist með þúsundum æviskeiða, þar sem þeir hafa unnið sig upp frá byrjun lífs og þróunar og komist mjög nálægt tindinum; af *reynslu* sem byggist á tímanum sjálfum og fjölbreytileika viðbragða og samverkana persónuleikans; af *hugrekki* sem er afleiðing þessarar reynslu og sem getur nú, þar sem það hefur sjálft myndast af aldalangri viðleitni, mistökum og með endurvakinni viðleitni, að lokum leitt til sigurs og verið sett fram til þjónustu við kynstofninn; af *tilgangi* sem er upplýstur og viturlegur, samvirkur og aðlagast hópnum og áætlun Helgistjórnarinnar og fellur þannig að áætlun Plánetulogossins; loks eru þeir virtir fyrir þekkingu sína á *mætti hljóðsins*. Þessi síðasta staðreynd er grundvöllur spakmælisins sem segir að alla sanna dulfræðinga megi þekkja á því að þeir einkennast af víðtækri þekkingu, sterkum vilja, hugrekki og hæfni til þagmælsku. „Að vita, að vilja, að þora og að vera þögull.“ Þar sem þeir þekkja áætlunina svo vel og hafa skýra upplýsta sýn, geta þeir með krafti hljóðsins beygt vilja sinn óhagganlega og staðfastlega að hinu mikla verki sköpunarinnar. Þetta leiðir til þagnar þar sem hinn venjulegi maður myndi tala og að þeir tala þegar meðalmaðurinn er þögull.

Þegar menn hafa áttað sig á þessum fjórum staðreyndum sem hér voru upp taldar, og þær verið staðfestar sem viðurkenndur sannleikur í vitund kynstofnsins, þá getum við vænst endurkomu þess tímabils friðar, hvíldar og réttisýni sem spáð er í öllum ritningum heimsins. Sól réttisýnnar mun þá rísa með lækningu á vængjum sínum og friður, sem færir skilning, mun ríkja í hjörtum manna.

Þegar fjallað er um þetta efni, starf Helgistjórnarinnar, í bók fyrir almenning verður að láta margt ósagt. Hinn venjulegi maður hefur áhuga og forvitni hans er vakin þegar minnst er á þessa persónuleika. Mennirnir eru ekki ennþá tilbúnir fyrir meira en almennustu upplýsingar. En fyrir þá sem fara að þrá og leitast við að þekkja sannleikann eins og hann er, í staðinn fyrir að vera forvitnir, mun meira fylgja, þegar þeir hafa sjálfir lagt fram nauðsynlega vinnu og ástundun í námi. Óskað er eftir rannsókn af hálfu nemandans og það viðhorf, sem vonast er til að þessi bók vekji, væri hægt að setja fram á eftirfarandi hátt: Þessar fullyrðingar eru athyglisverðar og ef til vill eru þær sannar. Trúarbrögð allra þjóða, þar á meðal kristni, gefa vísbendingar sem virðast styðja þessar hugmyndir. Við skulum þess vegna samþykkja þessar hugmyndir sem tilgátu varðandi fullnustu þróunarferils mannsins og viðleitni hans við að ná fullkomnun. Við skulum þess vegna leita sannleikans í okkar eigin vitund. Öll trúarbrögð halda fram því loforði, að þeir sem leita af einlægni muni finna það sem þeir eru að leita að; við skulum því leita. Ef við finnum í leit okkar að allar þessar fullyrðingar eru ekki annað en talsýnisdraumar og höfum því alls ekki hag af, þar sem við vorum leidd inn í myrkrið, munum við samt ekki hafa sóað tíma okkar, því við munum hafa fengið fullvissu um hvar við eigum ekki að leita. Ef, hins vegar, við fáum smám saman staðfestingu í leit okkar og ljósið skín æ skærar, skulum við halda áfram, þar til sá dagur kemur að ljósið, sem skín í myrkrinu, mun lýsa upp hjartað og heilann og leitandinn mun þá vakna til skilnings á því að öll stefna þróunarinnar hefur stöðugt verið á þann veg að færa honum þessa víkkun vitundarinnar og þessa hugljómun. Og það að ná vígslu og komast inn í ríki andans er hvorki talsýn né heilaspuni, heldur innræð staðreynd viðurkennd í vitundinni. Um þetta verður hver maður að fullvissa sig sjálfur. Þeir sem vita geta lagt fram staðreynd á mismunandi vegu, en álit annarra og framsetning kenninga hjálpar ekki að öðru leyti en að gefa leitandanum staðfestandi vísbendingu. Hver sál verður sjálf að fá sína fullvissu, komast að henni innra með sér og hafa það ávallt í huga að ríki Guðs er í innra lífi; og að aðeins þær staðreyndir sem hver vitund kemst að raun um hið innra að er sannleikur, er raunverulega einhvers virði. Þar með er því hægt að segja það sem margir vita og hafa innra með sér fengið fullvissu um að er óhrekjanlegur sannleikur; athugull lesandi mun fá tækifæri og þá ábyrgð að meta sannleiksgildi þeirra kenninga sem hér eru fram settar.

IV. KAFLI

STOFNUN HELGISTJÓRNARINNAR

Birting hennar á plánetunni.

Í þessari bók er ekki reynt að fjalla um þá áfanga sem leiddu til birtingar Helgivaldsins á plánetunni, né heldur þær aðstæður sem ríktu áður en þessar miklu verur komu fram. Hægt er að athuga þetta í öðrum dulfræðibókum á Vesturlöndum og í helgiritum Austurlanda. Það nægir okkar tilgangi að segja að á miðjum Lemúríutímanum, fyrir um það bil átján milljón árum, átti sér stað mikill atburður sem meðal annars leiddi af sér eftirfarandi atburðarás: Plánetulogos hnattakerfis jarðarinnar, einn Andanna sjö fyrir hásetinu, tók sér ether-efnislíkama og steig niður á þessa efnisþéttu plánetu í formi Sanat Kúmara, Hins aldna frá upphafi daga, og Hann, Lávarður heimsins, hefur verið með okkur æ síðan á þessari plánetu. En vegna hins mikla hreinleika eðlis Hans og þeirrar staðreyndar að Hann er (frá sjónarhóli mannsins) syndlaus og þess vegna ófær um að bregðast við neinu í hinum efnisþétta heimi, gat hann ekki líkamast í efnislíkama eins og okkar og verður þess vegna að starfa í ether-líkama sínum. Hann er mestur allra Avataranna eða „þeirra sem koma munu,“ því Hann er bein spegilmynd Hinnar Miklu Veru sem lifir og andar og starfar í allri þróun á þessari plánetu og heldur öllu innan áru sinnar eða hins magnaða áhrifasviðs; og í Honum lifum við og hrærumst og eigum tilvist okkar og enginn okkar getur farið út fyrir Hans áru. Hann Lávarður heimsins, er Fórnin mikla sem yfirgaf dýrð hinna háu sviða og tók sér ether-efnislíkama í mannsmynd, í þágu mannsóna sem eru að þroskast. Hann, Sanat Kúmara, er Hinn mikli alsjáandi okkar mannkyns, þótt Plánetulogosinn sjálfur, sé á hinu æðra vitundarsviði Alsjáandinn, Hinn Þögli Alsjáandi alls okkar plánetukerfis innan sólkerfisins. Vel mætti orða þetta svo: Að Lávarður heimsins, Höfuðvígjandinn Eini, hafi sömu stöðu gagnvart Plánetulogosinum og efnisleg persónubirting meistara hefur gagnvart mónad meistarans á mónad sviðinu. Í báðum tilvikum hefur millstig vitundarinnar, sálin eða æðra sjálfið, verið leyst af hólmi og það sem við sjáum og þekkjum er hin *beina* sjálfs-skapaða raunbirting Hins Hreina Anda. Og þar með er fórnin. Hér verður að hafa það í huga að í tilfelli Sanat Kúmara er feikilegur stigsmunur á, því staða Hans í þróuninni er jafn langt framar stöðu fullnumans og staða fullnumans er framar dýramanninum. Fjallað verður nánar um þetta í næsta hluta efnisins.

Með Hinum Eina frá upphafi daga kom hópur annarra háþróaðra vera sem eru fulltrúar Hans eigin karmíska hóps ásamt verum sem eru birting af þríþættu eðli Plánetulogossins. Ef svo mætti að orði komast, hafa þær að geyma þá krafta sem eiga upptök sín í höfuð- hjarta- og hálsstöðvunum, og þær komu fram með Sanat Kúmara til að mynda kjarna fyrir plánetukrafta til hjálpar Áætluninni miklu til sjálfs-vitundar alls lífs. Stöður þeirra hafa smám saman verið fylltar af sonum mannanna, þegar þeir hafa orðið til þess hæfir, þótt þarna sé, þar til nýlega, um mjög fáa að ræða af mannkyni jarðar. Þeir sem eru nú innri hópurinn með Lávarði heimsins, hafa fyrst og fremst verið til kallaðir úr röðum þeirra sem voru vígsluhafar á tunglkeðjunni (þeirri hnattakeðju sem var á undan okkar hnattakeðju í þróuninni) eða hafa komið inn með sérstökum straumum sólarorku frá öðrum plánetukerfum sem ákvarðast af stjörnuspekilegum lögmálum. Samt fer þeim sem hafa sigrað, af okkar eigin mannkyni ört fjölgandi, og gegna þeir nú öllum minni embættum undir stjórn hins innsta andlega hóps þeirra sex sem, ásamt Lávarði heimsins, mynda kjarnann í starfi Helgistjórnarinnar.

Fyrstu áhrifin.

Afleiðing komu þeirra fyrir milljónum ára var stórfengleg, og áhrifanna gætir ennþá. Þessi áhrif er hægt að telja upp á eftirfarandi hátt: Plánetulogosinum var gert mögulegt á sínu eigin sviði að taka

upp beinskeyttari aðferðir við að ná fram þeim árangri sem Hann vildi, til að koma fram áætlun sinni. Eins og vitað er, þá er plánetukerfið með sínum efnisþétta hnetti og hinum innri efnisfínni hnöttum, það fyrir Plánetulogossinn, sem efnislíkaminn og fíngerðari innri líkamar mannsins eru fyrir manninn. Þess vegna mætti segja til útskýringar, að jarðvist Sanat Kúmara sé hliðstæð því örugga taki á meðvitaðri stjórnun sem sál mannegrar veru nær á starfstækjum sínum, þegar nauðsynlegum áfanga í þróuninni er náð. Sagt hefur verið að í höfði sérhvers manns séu sjö ether-orkustöðvar sem eru tengdar hinum sjö ether-stöðvunum líkamans, og að í gegnum þær dreifist og streymi orka æðra sjálfsins og komi þannig fram áætluninni. Sanat Kúmara, ásamt hinum Kúmörunum sex, hefur svipaða stöðu. Þessir sjö yfirráðandi Kúmarar eru eins og hinar sjö höfuðstöðvar gagnvart líkamanum sem heild. Þeir eru stjórnendur og miðla orku, afli, tilgangi og vilja Plánetulogossins frá Hans sviði. Þessi plánetuhöfuðstöð starfar beint gegnum hjartastöðina og hálsstöðina og stjórnar þannig öllum öðrum stöðvum. Þetta er sagt til skýringar og sem tilraun til að sýna sambandið milli Helgistjórnarinnar og uppruna hennar innan plánetukerfisins og einnig hina nánú hliðstæðu milli tilveru Plánetulogossins og mannsins, smáheimsins.

Þriðja ríki náttúrunnar, dýraríkið, hafði náð tiltölulega háu þroskastigi, og dýramaðurinn var þá ríkjandi á jörðinni; hann var vera með sterkan efnislíkama, samstilltan geðlíkama eða líkama skynjunar og tilfinninga, og vísi á byrjunarstigi að huga sem gæti, þegar fram liðu stundir, myndað kjarna að hugarlíkama. Ef dýramaðurinn hefði verið látinn afskiptalaus í óralangan tíma, hefði hann að lokum þróast út úr dýraríkinu inn í ríki mannsins og orðið meðvituð, virk og skynsöm vera, en hversu hæg þróunin hefði orðið er hægt að sjá með því að rannsaka búskmenn í Suður-Afríku, veddhamenn á Ceylon og hina loðnu aínóa.

Sú ákvörðun Plánetulogossins að taka sér ether-efnislíkama leiddi til óvenjulegrar örvunar á þróunarferlið og með jarðvist sinni og þeim aðferðum við orkudreifingu, sem Hann notaði, kom Hann því til leiðar á stuttum tíma sem annars hefði gengið óhugsanlega hægt. Það sem var vísir að huga dýramannsins varð fyrir örvun. Hinn fjörgreindi lægri maður:

- a. efnislíkaminn í sinni tvöföldu mynd, ether-líkaminn og hinn formþétti efnislíkami,
- b. lífsorkulíkaminn eða prana,
- c. astral- eða tilfinningalíkaminn,
- d. frumvísir að huga,

var samhafður og örvaður og varð móttækilegur fyrir komu sjálfs-meðvitaðra vera, þessara andlegu þrennda (endurspeglun andlegs vilja, innsæis eða visku, og æðri hugar) sem höfðu í óratíma beðið eftir einmitt slíkri tengingu. Fjórða ríkið eða ríki mannsins varð þannig til og meðvitaða eða vitsmunalega einingin, maðurinn, hóf feril sinn.

Önnur afleiðing tilkomu Helgistjórnarinnar var hliðstæð þróun í öllum ríkjum náttúrunnar, en þó ekki eins þekkt. Í steinaríkinu, til dæmis, urðu viss steinefni eða frumefni fyrir aukinni örvun og urðu geislavirk, og dularfullar efnabreytingar áttu sér stað í jurtaríkinu. Þetta greiddi fyrir tengiferlinu á milli jurta- og dýraríkisins, alveg eins og geislavirkni steinefna er aðferð til að brúa bilið á milli steina- og jurtaríkisins. Í tímans rás munu vísindamenn komast að raun um að sérhvert ríki náttúrunnar er tengt og sameinað, þegar hlutar af þessum ríkjum verða geislavirkir. En það er ekki nauðsynlegt fyrir okkur að fara nánar út í þá sálma. Vísibending er nóg fyrir þá sem hafa augu til að sjá með og innsæi til að skilja merkingu orða sem eru bundin af því að hafa hreina efnislega skírskotun.

Á Lemúríutímanum, eftir að hinar miklu andlegu verur komu fram á jörðinni, var komið skipulagi á það verk sem þær hugðust vinna. Embættum var úthlutað og þróunarferlinu í öllum deildum náttúrunnar var komið undir meðvitaða, viturlega handleiðslu Hins fyrsta bræðralags. Þessi Helgistjórn bræðra ljóssins er enn til og starfinu miðar stöðugt áfram. Þeir hafa allir efnislega tilveru, annað hvort í formþéttum efnislíkömum, eins og margir af meisturunum nota, eða í ether-líkömum eins og hinir æðri hjálpendur og Lávarður heimsins nota. Það er mannum mikils virði að muna að þeir hafa efnislega tilveru og að hafa það í huga að þeir eru meðal okkar á þessari plánetu; stjórna innri stefnu hennar, stýra málum hennar og leiða alla þróun plánetunnar áfram í átt til endanlegrar fullkomunar.

Aðalheimkynni Helgivaldsins er í Shamballa, sem er í miðri Góbí-eyðimörkinni, í fornum bókum nefnd „Eyjan hvíta.“ Hún er til í ether-efni og þegar mannkyn jarðarinnar hefur öðlast ether-skyggni,

mun staðsetning hennar verða kunn og tilvera hennar viðurkennd. Þróun þessarar skyggni gengur nú hratt yfir, eins og sjá má af dagblöðunum og bókmenntum samtíðarinnar, en staðsetning Shamballa mun verða ein sú síðasta hinna heilögu ether-svæða sem látin verður uppi, þar sem tilvist hennar er í efni annars ethersins, næst efsta víddarsviði efnisheimsins. Nokkrir af þeim meisturum sem eru í efnislíkömum dveljast í Himalaya-fjöllum, og á einangruðum stað fjarri iðu mannlífsins sem nefndur er Shigatse; en meirihlutinn er dreifður um allan heim, á mismunandi stöðum hjá mörgum þjóðum, óþekktir og ókunnir, en samt mynda þeir hver á sínum stað miðstöð fyrir orku Lávarðar heimsins og dreifa í umhverfi sínu kærleika og visku Guðdómsins.

Hlið vígslunnar opnast.

Ekki verður rakin saga Helgistjórnarinnar allar þær aldir sem hún hefur starfað, umfram það að minnast á einstaka áberandi atburði fortíðarinnar og benda á vissa möguleika. Öldum saman eftir stofnun hennar gekk starfið hægt og olli vonbrigðum. Þúsundir ára liðu og kynþættir manna birtust og hurfu af jörðinni án þess að það væri nokkru sinni mögulegt að fela verk vígsluhafa af fyrstu gráðu í hendur sonum manna sem þá voru að þróast. En í miðju tímabili fjórða kynstofninsins, á Atlantis, varð atburður sem kallaði á breytingu eða nýjung í starfsaðferðum Helgistjórnarinnar. Vissir meðlimir hennar voru kallaðir til æðri starfa annars staðar í sólkerfinu, og það leiddi til þess að nauðsynlegt var að kalla til starfa hóp mjög háþróaðra einstaklinga úr fjölskyldu mannsins. Til að gera öðrum kleift að taka stöðu þeirra voru hinir lægra settu innan Helgistjórnarinnar færðir upp um eitt þrep, svo að minniháttar stöður losnuðu. Þess vegna voru þrjár ákvarðanir teknar í fundarsal Lávarðar heimsins.

1. Að loka dyrunum sem dýramaðurinn kom um inn í ríki mannsins, og leyfa ekki um tíma fleiri mónöðum á hinu æðra andlega sviði að taka við og eigna sér efnislíkama. Þetta takmarkaði fjöldann í fjórða ríkinu, ríki mannsins, við þann fjölda sem þá var.

2. Að opna aðrar dyr og leyfa þeim í fjölskyldu mannsins sem vildu gangast undir nauðsynlegan aga að takast á hendur það stórfenglega átak sem þurfti til að komast inn í fimmta ríkið, ríki andans. Með þessu móti var hægt að fylla raðir Helgistjórnarinnar með þeim af mannkyni jarðar sem voru til þess hæfir. Þessar dyr eru nefndar Hlið vígslunnar og eru enn opnar með sömu skilyrðum og Lávarður heimsins mælti fyrir um á dögum Atlantis. Þessi skilyrði verða talin upp í síðasta kafla þessarar bókar. Dyrnar á milli ríkis mannsins og dýraríkisins verða opnaðar aftur í næstu miklu hringrás eða „umferð“ eins og það er kallað í sumum bókum, en þar sem sá atburður er í milljóna ára fjarlægð, látum við það okkur litlu varða.

3. Jafnframt var ákveðið að skilgreina vendilega markalínuna á milli hinna tveggja afla efnis og anda; lögð var áhersla á eðlislæga tvígreiningu allrar raunbirtingar með það markmið fyrir augum að kenna manningnum hvernig hann ætti að losa sig undan takmörkunum fjórða ríkisins, ríkis mannsins, og þannig komast áfram inn í það fimmta, ríki andans. Vandí góðs og ills, birtu og myrkurs, þess rétta og ranga, var settur fram fyrst og fremst til þroskunar fyrir mannkynið, til að gera manningnum kleift að varpa af sér þeim hlekkjum sem hefta andann og þannig öðlast andlegt frelsi. Þessi vandí er ekki til í ríkjunum fyrir neðan manninn, né fyrir þeim sem eru hafnir yfir hið mannlega. Maðurinn verður að læra af reynslunni og sársaukanum um tvíeðli tilverunnar. Eftir að hafa lært þetta velur hann það sem varðar hinn fullmeðvitaða andlega þátt Guðdómsins, og lærir að halda vitund sinni innan þess þáttar. Þegar hann hefur þannig öðlast frelsi, kemst hann að því að allt er eitt, að andinn og efnið er eining og ekkert er til nema það sem finnst í vitund Plánetulogossins og — í víðara umfangi — í vitund Sólarlogossins.

Helgistjórnin notfærði sér þannig sundurgreinandi eiginleika hugans, sem er einkennandi fyrir mannkynið, til að gera manningnum kleift að ná markmiði sínu, með því að veга og meta andstæðurnar og að finna aftur leiðina að uppruna sínum.

Þessi ákvörðun leiddi til hinnar miklu baráttu sem einkenndi Atlantis-menninguna og náði hámarki í eyðingunni sem kölluð er flóðið og minnst er á í öllum helgiritum heimsins. Afli ljóss og afli myrkurs var skipað hvoru gegn öðru til hjálpar mannkyninu. Baráttan heldur áfram enn þann dag í dag og heimsstyrjöldin, sem við höfum gengið gegnum, var merki um hana. Á alla vegu í þessari

heimsstyrjöld voru tveir hópar: þeir sem börðust fyrir hugsjón eins og þeir sáu hana, fyrir það æðsta sem þeir þekktu, og þeir sem börðust fyrir efnislegum og eigingjörnum ábata. Í baráttu þessara áhrifamiklu hugsjónamanna og efnishyggjumanna var mörgum sópað að sem börðust í blindni og af vanþekkingu og voru þannig gagnteknir kynþáttakarma og ógæfu.

Þessar þrjár ákvarðanir Helgivaldsins hafa nú og munu hafa djúp áhrif á mannkynið, en sá árangur sem stefnt er að er að nást, og mikil hraðaaukning á allri þróun og geysilega mikilvæg áhrif á hugar-eiginleika mannsins sjást nú þegar.

Hér má benda á að mjög margar verur, sem kallaðar eru englar af kristnum mönnum og tívar af Austurlandabúum, vinna sem meðlimir Helgistjórnar ljóssins. Margir þeirra hafa farið gegnum stig mannsins fyrir langa löngu og starfa nú í fylkingu hinnar miklu þróunar sem kölluð er tívaþróunin, samhliða hinni mannlegu. Þessi þróun samanstendur meðal annars af þeim sem mynda hina hlutlægu plánetu og þeim öflum sem framleiða, gegnum þessa byggjendur, öll kunnugleg og ókunnugleg form. Þeir tívar sem vinna með Helgistjórninni, fást þess vegna við formið sjálft, en aðrir innan Helgistjórnarinnar eru uppteknir af þróun vitundarinnar innan formsins.

HINAR ÞRJÁR DEILDIR HELGISTJÓRNARINNAR

Við höfum þegar fjallað um stofnun Helgistjórnar ljóssins á jörðinni, og við sáum hvernig sú birting átti sér stað og minntumst jafnframt á vissa erfiðleika sem upp hafa komið og hafa enn áhrif á atburði líðandi stundar. Þegar fjallað verður um starf og markmið meðlima Helgistjórnarinnar, verður ekki hægt að greina frá því hver þessi markmið hafa verið, né ígrunda nákvæmlega hverjir hafa verið virkir einstaklingar síðustu þúsundir alda frá því Helgistjórnin varð til.

Margar miklar verur af plánetu- og sólaruppruna, og einu sinni eða tvisvar af kosmískum uppruna, hafa stundum veitt aðstoð sína og dvalið um tíma á plánetu okkar. Með þeirri orku, sem streymdi gegnum þær og með djúpsærri visku sinni og reynslu, örvuðu þær þróun jarðar og færðu þar með tilgang Plánetulogossins nær fullkomnun. Síðan héldu þær burt, og þeir meðlimir Helgivaldsins sem voru reiðubúnir að gangast undir sérstaka þjálfun og víkkun vitundarinnar tóku við stöðum þeirra. Í staðinn voru skörð þessara fullnuma og meistara fyllt af vígsluhöfum. Þannig hefur stöðugt verið tækifæri fyrir lærisveina og mjög þroskaða karla og konur til að komast inn í raðir Helgistjórnarinnar og þannig hefur verið stöðug hringrás af nýju lífi og blóði, og þeir sem tilheyra sérstöku tímасkeiði eða öld hafa komið fram.

Nokkur hinna miklu nafna á seinni tímасkeiðum eru vel þekkt í sögunni eins og Shri Sankaracharya, Vyasa, Múhameð, Jesús frá Nazaret og Krishna, og allt til hinna minni vígsluhafa, t.d. Páll frá Tarsus, Lúther og viss áberandi og áhrifamikil ljós Evrópusögunnar. Þessir karlar og konur hafa ávallt verið frumherjar við að ná tilgangi kynþáttarins, myndað hópskilyrði og örvað þróun mannkynsins. Stundum hafa þeir birst sem blessunarríkur áhrifamáttur sem hefur borið með sér frið, öryggi og hugarró. Oftar hafa þeir birst sem fulltrúar eyðileggingar og brotið upp gömul form trúarbragða og stjórnkerfa til þess að lífið innan þess forms, sem er á hraðri leið til stöðnunar, geti orðið frjálst og þar með byggt sér nýrra og betra starfstæki.

Margt af því sem hér er sagt er vel þekkt og hefur þegar verið kynnt í ýmsum dulfræðibókum. En með viturlegri og vandaðri framsetningu á samsafni staðreynda og samsvörun þeirra við það sem kann að vera nýtt fyrir sumum nemum, kemur að lokum heilsteyptur skilningur á Áætluninni miklu. Þá fylgir með viturlegur heildarskilningur á starfi hins mikla hóps frelsaðra sálna sem standa þöglar í algerri sjálfsafneitan bak við hina síbreytilegu heimsmynd. Með valdi viljans, með styrkri hugleiðslu, framsýnum áætlunum og vísindalegri þekkingu sinni á orku, beina hinar frelsuð sálir þessum orkustraumum og stjórna formbyggjendunum sem geta af sér allt sem sést og sést ekki, hreyfanlegt og óhreyfanlegt á sviði sköpunarinnar innan heimanna þriggja. Þetta, ásamt víðfeðmri reynslu þeirra, er það sem gerir þessar sálir hæfar til að dreifa orku Plánetulogossins.

Eins og þegar hefur verið bent á, stendur í stafni KONUNGURINN og stjórnar hverri einingu, Hann, Lávarður heimsins, Sanat Kúmara, Æska ævarandi sumars, og Frumuppruni viljans (kemur fram sem kærleikur Plánetulogossins), og stjórnar allri þróun. Með Honum starfa sem ráðgjafar, þrjár persónur sem nefnast Pratyeka búddhar eða búddhar athafnaorkunnar. Þessir fjórir fela í sér virkan, vitsmunalegan og kærleiksríkan vilja. Þeir eru full blómgun vitsmunanna, þar sem þeir hafa í fyrri sólkerfum náð því sem maðurinn er nú að reyna að fullkomna. Á fyrri tímabilum þessa sólkerfis byrjuðu þeir að sýna vitsmunalegan kærleika, og frá sjónarhóli hinnar venjulegu mannveru eru þeir fullkominn kærleikur og fullkomnir vitsmunir, en frá sjónarhóli þeirrar Veru, sem umlykur í heild allt plánetukerfið okkar með raunbirtingarlíkama sínum, er þessi kærleikur ennþá aðeins að þróast og viljinn aðeins á frumstigi. Á næsta sólkerfistímabili mun viljinn ná fullum þroska eins og kærleikurinn mun ná fullum þroska í þessu sólkerfi.

Umhverfis Lávarð heimsins standa einnig aðrir þrír Kúmarar, duldir og innræðir. Saman mynda þeir ásamt hinum þrem Pratyeka búddum og Lávarði heimsins hina sjö Kúmara plánetukerfisins. Starf þeirra er eðlilega nokkuð óljóst fyrir okkur. Hinir þrír útræðu Pratyeka búddhar eða Kúmarar eru samanlögð virkni eða plánetuorkan í birtingu, og hinir þrír innræðu Kúmarar hafa að geyma

orkutegundir sem hafa enn ekki komið fullkomlega í ljós á plánetu okkar. Hver þessara sex Kúmara er birting og dreifingarmiðill fyrir orku og kraft eins af hinum sex Plánetulogosum, Plánetu-Öndunum sem eru frammi fyrir hásetinu. Sanat Kúmara einn er sjálfstæður og sjálfum sér nógur í þessu plánetukerfi, þar sem Hann er ether-efnisbirting eins Plánetulogossins, en hvers þeirra er ekki leyfilegt að segja, þar sem sú staðreynd er eitt af leyndarmálum vígslunnar. Gegnum hvern þeirra fer lífsorka eins af geislunum sex, og þegar fjallað er um þá, mætti taka saman starf þeirra og stöðu á eftirfarandi hátt:

1. Hver þeirra felur í sér eina af orkutegundunum sex, en Lávarður heimsins sameinar þær og birtir hina fullkomnu sjöundu tegund, plánetutegund okkar.
2. Hver þeirra einkennist af einum af litunum sex, en Lávarður heimsins birtir hinn fullkomna plánetulit okkar, hinir sex eru undirlitir.
3. Starf þeirra miðar þess vegna ekki aðeins að dreifingu á krafti, heldur einnig að því að hleypa inn í plánetukerfi okkar sálum frá öðrum plánetukerfum sem leita eftir reynslu á jörðinni.
4. Sérhver þeirra er í beinu sambandi við eina eða aðra af plánetunum helgu.
5. Í samræmi við stjörnuspekilegar aðstæður og í samræmi við snúning lífshjóls plánetunnar er einhver þessara Kúmara virkur. Hinir þrír búddhar athafnaorkunnar skipta um hlutverk í tímans rás og eru ýmist útræðir eða innræðir eftir því hvernig málum er háttáð. Aðeins Konungurinn helst stöðugur og árvakur í virkri ether-efnisbirtingu.

Fyrir utan þessa leiðandi persónuleika, sem sitja í forsæti í ráðsalnum í Shamballa, eru fjórar verur fulltrúar á jörðinni fyrir hina fjóra Maharaja eða hina fjóra karmadrottna í sólkerfinu sem sinna sérstaklega þróuninni í ríki mannsins nú á okkar tímabili. Þessir fjórir eru tengdir:

1. Útdeilingu á karma eða mannlegum hlutskiptum, eins og þau hafa áhrif á einstaklinga og gegnum einstaklingana á hópana.
2. Umsjá og skráningu akasha-skránna. Þeir sinna skráningarsölunum eða „umsjón bókarinnar,“ eins og það er kallað í hinni kristnu Biblíu; þeir eru þekktir í hinum kristna heimi sem skráningar-englarnir.
3. Þátttöku í sólarþingum. Þeir einir hafa rétt til þess, meðan á heimstímabilinu stendur, að fara út fyrir mörk plánetukerfisins og taka þátt í þingum Sólarlogossins. Þannig eru þeir bókstaflega milligöngumenn plánetunnar, fulltrúar Plánetulogoss okkar og alls þess sem Hann varðar í hinni miklu sólkerfaáætlun sem Hann er aðeins hluti af.

Í samstarfi við þessa karmadrottna eru hinir stóru hópar vígsluhafa og engla sem fást við rétta aðlögun á:

- a. heimskarma,
- b. karma kynstofnsins,
- c. þjóðarkarma,
- d. hóparkarma,
- e. karma einstaklingsins,

og bera ábyrgð gagnvart Plánetulogosinum á réttri stjórnun þeirra afla og byggjenda sem hafa umsjón með að ákveðnar sálir á mismunandi geislum komi fram í efnisbirtingu á réttum tímum og skeiðum.

Við höfum lítið af þessum hópum að segja, því aðeins vígsluhafar á þriðju vígslu og þeir sem eru enn hærra settir hafa samband við þá.

Öðrum meðlimum Helgivaldsins er skipt niður í þrjá meginhópa og fjóra undirhópa. Yfir hverjum þessara hópa er í forsæti, eins og sést á meðfylgjandi töflu, einn þeirra sem við köllum hina þrjá miklu lávarða.

Starf mannkynshöfðingjans, Manúsins.

Mannkynshöfðinginn er í forsæti fyrir þeim hóp sem fyrstur er talinn. Hann er nefndur Vaivasvata Manú og er mannkynshöfðingi fimmta kynstofnsins. Hann er hinn fullkomni maður eða hugsuður og er fyrirmynd að hinum aríska kynstofni, þar sem hann hefur haft umsjón með markmiðum hans frá upphafi, fyrir næstum því hundrað þúsund árum. Aðrir mannkynshöfðingjar hafa komið og farið og einhver annar tekur við stöðu hans í framtíðinni. Hann mun þá hverfa til annarra starfa á hærri sviðum. Sá mannkynshöfðingi sem er fyrirmynd fjórða kynstofnsins starfar í náinni samvinnu við Vaivasvata Manú og er með miðstöð áhrifa sinna í Kína. Hann er annar mannkynshöfðinginn sem fjórði kynstofninn hefur haft, þar sem hann tók við af fyrri mannkynshöfðingja á tímum lokaeyðingar Atlantis. Hann er enn á meðal manna til að hlyna að þróun kynstofnsins og til að hafa umsjón með endanlegu brotthvarfi hans. Embættistímar allra mannkynshöfðingja skarast, en það er enginn fulltrúi þriðja kynstofnsins á jörðinni á þessum tíma. Vaivasvata Manú á sér dvalarstað í Himalaya-fjöllum og hefur safnað í kring um sig við Shigatse nokkrum þeirra sem eru beint tengdir málefnum aría á Indlandi, í Evrópu og Ameríku, og þeim sem munu seinna sinna hinum væntanlega sjötta kynstofni. Áætlanirnar eru undirbúnar aldrei fram í tímann, orkustöðvar eru myndaðar þúsundum ára áður en þeirra er þörf, og í hinni viturlegu fyrirhyggju þessara guðlegu manna er ekkert látið vera háð ófyrirséðum atburðum, heldur gerist allt með skipulegum hætti og í röð og reglu, þó innan karmískra takmarkana.

Starf mannkynshöfðingjans er að miklu leyti tengt stjórnun, alþjóðastjórnámálum, og myndun, mótun og brotthvarfi kynþáttaeinkenna og forma. Honum er falinn í hendur vilji og tilgangur Plánetulogossins. Hann veit hvaða markmið er framundan í þessari rás þróunarinnar, sem hann verður að hafa umsjón með, og starf hans miðar að því að gera þennan vilja að fullkominni staðreynd. Hann á nánara samstarf með byggingatívuunum heldur en bróðir hans, Kristur, því honum er fengið það verkefni að ákveða gerð kynstofnsins, að aðskilja þá hópa sem kynþættir munu þróast frá, að hafa áhrif á þau öfl sem hreyfa jarðskorpuna, að reisa og lækka meginlönd, að leiðbeina hugum stjórnámálanna hvarvetna, svo að kynþáttastjórnun miði áfram eins og óskað er, og að mynda aðstæður sem leiða af sér það sem nauðsynlegt er til að fóstura sérhverja manngerð. Dæmi um slíkt starf má nú sjá í Norður-Ameríku og Ástralíu.

Sú orka sem flæðir gegnum hann, á upptök sín í höfuðstöð Plánetulogossins og kemur til hans gegnum heila Sanat Kúmara sem miðstillir alla plánetuorkuna innra með sér. Manúinn starfar með virkri hugleiðslu sem fram fer innan höfuðstöðvarinnar, og nær árangri með fullkomnum skilningi sínum á því sem framkvæma á, með hæfileikanum til að sjónmynda það sem gera þarf til að ná árangri, og með hæfileika til að senda skapandi og eyðandi orku til þeirra sem eru aðstoðarmenn hans. Og öllu þessu er komið í kring með krafti hins skýra hljóms.

Starf heimsfræðarans, Krists.

Annar hópurinn hefur heimsfræðarann í forsæti. Hann er sú mikla vera sem kristnir menn nefna Krist; í Austurlöndum er hann einnig þekktur undir nafninu Bodhisattva og Drottinn Maitreya, og hann er sá sem hinn trúaði múhamedstrúarmaður leitar að, undir nafninu Iman Madhi. Hann er sá sem hefur haft umsjón með framvindu lífsins síðan um 600 f.Kr., og hann er sá sem áður hefur komið fram á meðal manna og sá sem aftur er vænst. Hann er hinn mikli lávarður kærleika og samúðar, alveg eins og forveri hans, Búddha, var lávarður viskunnar. Gegnum hann flæðir orka annars meginþáttarins sem kemur beint til hans frá hjartastöð Plánetulogossins gegnum hjarta Sanat Kúmara. Hann starfar með hugleiðslu í hjartastöðinni. Hann er heimsfræðarinn, meistari meistaranna

og leiðbeinandi englanna, og honum er falin handleiðsla andlegra markmiða mannkynsins og þróun þess skilnings hjá hverjum manni að sérhver maður sé barn Guðs og sonur hins æðsta.

Mannkynshöfðinginn fæst við að láta í té þær tegundir og form sem vitundin getur notað til að þróast og öðlast reynslu, þannig að tilvist í dýpsta skilningi verður möguleg. Á sama hátt stjórnar heimsfræðarinn þessari ídveljandi vitund, hvað varðar lífsvitund eða anda hennar, og leitast við að gera hana virka innan formsins, svo að þegar fram líða stundir verði hægt að losa sig við þetta form og hinn frelsaði andi geti snúið aftur til upphafs síns. Alveg frá því hann yfirgaf jörðina, eins og sagt er frá í Biblíunni af nokkurri nákvæmni (þótt um miklar villur sé að ræða í smáatriðum) hefur hann dvalið hjá sonum manna; hann hefur raunverulega aldrei farið, heldur aðeins í sýn, og þeir sem þekkja leiðina, geta fundið hann í efnislíkama þar sem hann dvelst í Himalaya-fjöllum og starfar náið með hinum tveim miklu bræðrum sínum, mannkynshöfðingjanum og lávarði siðmenningarinnar. Daglega geislar hann frá sér blessun sinni yfir heiminn, og á hverjum degi við sólsetur stendur hann undir hinu mikla furutré í garði sínum og lyftir höndum í blessun til allra sem sannlega og í einlægni leitast við að ná hærra. Honum eru allir leitendur kunnir, og þótt þeim sé ef til vill ekki kunnugt um hann, þá örvar ljósið sem frá honum streymir löngun þeirra, hlúir að neista stríðandi lífs og hvetur hinn framsækna áfram þar til sá þýðingarmikli dagur rennur upp að þeir standa augliti til auglitis við þann sem með því að vera „upphafinn“ (í dulfræðilegum skilningi), dregur alla menn til sín sem vígjandi hinna heilögu launhelga.

Starf lávarðar siðmenningarinnar, Mahachohans.

Stjórnandi þriðja hópsins er Mahachohan. Stjórn hans yfir hópnum varir lengur en stjórn bræðra hans tveggja og hann getur setið í embætti yfir tímabil nokkurra kynstofna. Hann er heildarbirting vitsmunapáttarins. Núverandi Mahachohan er ekki sá upphaflegi sem gegndi embætti þegar Helgistjórnin var stofnuð á Lemúríutímanum — þá sat í embætti einn af Kúmörunum, eða Loga-drottunum, sem formbirtist með Sanat Kúmara — heldur tók hann stöðu sína á meðan annar kynþáttur Atlantis-kynstofnsins var við lýði. Hann hafði náð fullnumastiginu í tunglkeðjunni, og það var fyrir hans tilstilli að mikill fjöldi núverandi þroskaðra manna efnisbirtust um mitt tímabil atlantíska kynstofnsins. Karmískt samband við hann var einn af þeim ráðandi þáttum sem gerði þetta mögulegt.

Starf hans miðar að því að hlynna að og styrkja sambandið milli anda og efnis, lífs og forms, sjálfsins og ekki-sjálfsins, sem leiðir af sér það sem við köllum siðmenningu. Hann hefur áhrif á náttúruöflin og er að miklu leyti hið leiðandi upphaf raforkunnar eins og við þekkjum hana. Þar sem hann endurspeglar þriðja meginþáttinn, raunbirtingarþáttinn, streymir orkan frá Plánetulogossinum til hans frá hálsstöðinni, og það er hann sem á margvíslegan hátt gerir starf bræðra sinna mögulegt. Áætlunum þeirra og löngunum er vísað til hans, og gegnum hann fara fyrirmæli til margra af fulltrúum tívanna, hinna leiðandi engla.

Þannig standa þessir þrír miklu lávarðar fyrir vilja, kærleika og vitsmuni. Sjálfið, ekki-sjálfið og sambandið þar á milli er samþætt í einingu raunbirtingar. Kynþáttastjórnun, trúarbrögð og siðmenning mynda eina heild; efnisleg raunbirting, kærleikurinn eða þáttur tilfinninga, og hugsun Plánetulogossins leiða til hins hlutlæga. Hin nánasta samvinna og eining ríkir milli þessara þriggja persóna og sérhver athöfn þeirra, áætlun og atburður er til í sameinaðri fyrirfram vitneskju þeirra. Þeir eru í daglegu sambandi við Lávarð heimsins í Shamballa, og öll handleiðsla mála hvílir í þeirra höndum og í höndum mannkynshöfðingja fjórða kynstofnsins. Heimsfræðarinn gegnir embætti í tengslum við bæði fjórða og fimmta kynstofninn.

Hver þessara deildarstjórnenda stjórnar nokkrum undirembættum og heildi Mahachohans er skipt niður í fimm deildir, sem sinna fjórum sérgreindum þáttum í skipulagi Helgistjórnarinnar.

Undir stjórn mannkynshöfðingjans starfa stjórnendur mismunandi heimsdeilda, eins og til dæmis meistari Júpíter, elsti meistarinn sem nú starfar í efnislíkama fyrir mannkynið, og sem hefur umsjón með málum Indlands, og meistarinn Rakoczi, sem hefur umsjón með málum Evrópu og Ameríku. Hér verður að hafa það í huga, að þótt meistari R., til dæmis, tilheyri sjöunda geislanum og þar með orkudeild Mahachohans, getur hann samt, í starfi Helgistjórnarinnar, verið tímabundið í embætti undir stjórn mannkynshöfðingjans. Þessir ráðamenn halda í stjórnartaumana fyrir meginlönd og

þjóðir og hafa þannig umsjón með þroskaleiðum þeirra, þótt það sé ekki almennt vitað; þeir hafa áhrif á og veita stjórnámálamönnum og stjórnendum innblástur; þeir útteila hugarorku til ráðandi hópa og ná þannig fram þeim áhrifum sem óskað er eftir, hvar sem samvinna og opið innsæi finnst á meðal hugsuðanna.

Heimsfræðarinn stjórnar markmiðum hinna miklu trúarbragða fyrir milligöngu hóps meistara og vígsluhafa sem stýra gerðum þessara mismunandi hugmyndaskóla. Dæmi: meistarinn Jesús, upphafsmaður og stjórnandi kristinnar kirkju hvarvetna, starfar nú undir stjórn Krists að velferð kristinnar, þótt hann sé fullnumi á sjötta geislanum í deild Mahachohans; aðrir meistarar gegna svipuðum stöðum í sambandi við hin miklu austurlensku trúarbrögð og hinar mismunandi hugmyndastefnur Vesturlanda.

Í heildi Mahachohans starfar mikill fjöldi meistara í fimm deildum í tengslum við tívaþróunina og vitsmunahátt mannsins. Deildir þeirra fylgja skiptingu hinna fjögurra sérgreindu eigindageisla:


1. Geisla samræmis eða fegurðar.
2. Geisla raunvísinda eða þekkingar.
3. Geisla trúarhollustu eða óhlutkenndra hugsjóna.
4. Geisla siðareglna, skipulags eða kynngi.

Alveg eins og deildarstjórnendurnir þrír eru fulltrúar hinna þriggja megingeisla:

- I. Vilja eða valds.
- II. Kærleika eða visku.
- III. Virkra vitsmuna eða aðlögunarhæfni.

Sérgreindu geislarnir fjórir, eigindir hugans, samþættir af Mahachohan, ásamt geisla vitsmunanna, þriðja geislanum, mynda í heild sinni fimmta eðlisþáttinn, hugann eða manas.

HELGISTJÓRNIR SÓLAR OG PLÁNETU



„Þessi skýringarmynd fyrir Helgistjórnina sýnir aðeins að hluta til samskipta-
tengsl eins og þau nú eru fyrir mannkynið, og fyrir nokkra starfandi meistara.
Skýringarmynd fyrir englaþróunina væri á annan hátt.“
(Tengilínur tákna orkustrauma)

HELGISTJÓRNIR SÓLAR OG PLÁNETU

HELGISTJÓRN SÓLAR SÓLARLOGOSINN

|
Sólarþrenningin eða Logosarnir þrír

I. Faðirinn..... Vilji
II. Sonurinn..... Kærleikur – víska
III. Heilagur andi..... Virkir vitsmunir

Geislarnir sjö
Þrír megingeislur og fjórir eigindageislur

I. Vilji eða máttur

II. Kærleikur – víska

III. Virkir vitsmunir

|

|

|

4. Samræmi eða fegurð
5. Raunvísindi eða þekking
6. Trúarhollusta eða hugsjónir
7. Siðareglur eða skipulag

HELGISTJÓRN PLÁNETUNNAR

s. Lávarður heimsins, Sanat Kúmara, Hinn aldni frá upphafi daga, Höfuðvígjandinn eini.

|
Þrír kúmarar
(Búddhar athafnaorkunnar)
1 2 3

Endurspeglanir þriggja megingeisla og fjögurra eigindageisla.
Stjórnendur meginstarfsdeildanna þriggja

I. Viljapátturinn

II. Kærleiks – vískaþátturinn

III. Vitsmunapátturinn

Fyrsti meginþátturinn

Annar meginþátturinn

Þriðji meginþátturinn

A. Manúinn

B. Kristur

C. Mahachoan

(Mannkynshöfðinginn.)

(Heimsfræðarinn, Bodhisattva.)

(Lávarður siðmenningarinnar.)

|

|

|

b. Meistari Júpíter

b. Evrópskur meistari

|

|

|

|

c. Meistari Morya

c. Meistari Koot Hoomi

c. Feneyjameistarinn

|

|

d. Meistari Djwhal Khul

4. Meistari Serapis

|

5. Meistari Hilarion

6. Meistari Jesús

7. Meistari Rakoczi

Fjögur stig vígsluhafa
Ýmis stig lærisveina
Maður á braut reynslunemans

Mannkyn á öllum stigum

VI. KAFLI

STÚKA MEISTARANNA

Deildirnar.

Við höfum athugað nokkuð æðstu embættin í röðum Helgivaldsins á plánetu okkar. Nú munum við fjalla um það sem við getum kallað deildirnar tvær sem öðrum meðlimum er skipt í. Þær mynda í reynd tvær stúkur innan heildarinnar:

- a. Stúkuna sem mynduð er af vígsluhöfum sem eru fyrir ofan fimmtu vígsluna, ásamt hópi tíva eða engla.
- b. Bláu stúkuna sem í eru allir vígsluhafar á þriðju, fjórðu og fimmtu vígslu.

Fyrir neðan þessi stig kemur stór hópur vígsluhafa af fyrstu og annarri vígslu og síðan nemar af öllum gráðum. Lærisveinarnir eru taldir tengdir Stúkunni, en eru ekki raunverulegir félagar í henni. Að lokum eru þeir sem eru á braut reynslunemans, aganemarnir, sem vona að með ákafri viðleitni nái þeir að tengjast henni.

Frá öðru sjónarmiði getum við litið svo á að stúkumeðlimir séu til í sjö hópum, þar sem hver hópur táknar eina tegund hinnar sjöskiptu plánetuorku sem streymir frá Plánetulogosinum. Hin þrefalda skipting hefur fyrst verið gefin. Eins og jafnan í þróuninni eru þrír meginþættir (sem raunbirtast í deildunum þrem) og síðan sjö, en þessir sjö koma aftur fram hver fyrir sig sem þreföld skipting og sjögreind heild. Nemar verða að hafa það í huga að allt sem hér er sagt á við starf Helgistjórnarinnar varðandi mannríkið, fjórða ríkið, og á því sérstaklega við um þá meistara sem starfa í sambandi við mannkynið. Ef fjallað væri um tívaþróunina, yrði öll uppsetning og skipting að vera með öðrum hætti.

Einnig eru vissar hliðar á starfi Helgistjórnarinnar sem hafa áhrif, til dæmis á dýraríkið; þetta verksvið kallar til starfa verur, starfslið og fullnuma sem eru gerólíkir þeim sem þjóna ríki mannsins. Þess vegna verða nemar að muna það vel að öll þessi atriði eru afstæð og að starf og starfsmenn Helgistjórnarinnar eru óendanlega miklu meiri og mikilvægari en kann að virðast við yfirborðslegan lestur þessara síðna. Vissulega erum við að fjalla um það sem mætti segja að væri meginverkefni Helgistjórnarinnar, því að í þjónustu við ríki mannsins sjáum við raunbirtingu hinna þriggja meginþátta Guðdómsins, en hinar deildirnar eru háðar innbyrðis og starfinu miðar áfram sem einni samsettri heild.

Starfsmennirnir eða fullnumarnir, sem hafa umsjón með þróun mannsins, eru sextíu og þrír ef hinir þrír miklu lávarðar eru taldir með, svo að níu sinnum sjö náist sem er nauðsynlegt fyrir starfið. Af þessum starfa fjörotíu og níu á útræðan hátt, ef svo má að orði komast, og fjórtán á innræðan, þar sem þeir eru meira viðriðnir óhlutlæga raunbirtingu. Nöfn fárra þeirra eru þekkt almenningi og það væri heldur ekki viturlagt, í mörgum tilfellum, að upplýsa hverjir þeir eru, hvar þeir dveljast og hvert sérsvið þeirra er. Aðeins fáir meistara hafa komið fyrir augu almennings síðustu hundrað árin, en vegna hópkarma og vilja þeirra til að fórna sér með þeim hætti er hægt að veita nokkrar upplýsingar um þá. Nú er talsverður fjöldi fólks sem, án tillits til trúarbragða eða hugmyndastefnu, hefur fullvissu fyrir tilveru þeirra. Sú vitneskja að þeir fullnumar sem það þekkir persónulega, vinni þannig að mikilli og sameinaðri heildaráætlun, getur hvatt þá, sem raunverulega vita þetta, til að bera vitni um þekkingu sína og staðfesta óumdeilanlega að starf þeirra er raunverulegt. Vissir hópar í dulfræði og guðspekilegu starfi hafa haldið því fram, að þeir séu hinir einu sem njóti fræðslu þeirra og eini vettvangur starfs þeirra, og þannig takmarka það sem þeir gera og setja fram forsendur sem saga tímans mun ekki staðfesta. Þeir starfa vissulega gegnum slíka hópa hugsuða og leggja mikið af krafti sínum í starf slíkra samtaka, en samt sem áður eiga þeir lærisveina og fylgjendur hvarvetna og starfa gegnum marga hópa og margar greinar fræðslukerfa. Út um allan heim hafa nemar þessara meistara holdgast á þessum tíma í þeim eina tilgangi að taka þátt í athöfnum, störfum og útbreiðslu sannleikans hjá

hinum ýmsu kirkjudeildum, vísindagreinum og heimspekistefnum og kalla þannig fram innan sjálfra samtakanna, aukningu, víkkun og umbrot, þar sem það er nauðsynlegt, en sem annars gæti verið ógerlegt. Það væri ef til vill skynsamlegt fyrir dulfræðinema alls staðar að gera sér grein fyrir þessum staðreyndum og að rækta með sér getuna til að þekkja strauma Helgistjórnarinnar, eins og þeir koma fram gegnum lærisveina á ólíklegustu stöðum og hópum.

Eitt atriði skal tekið fram hér í sambandi við starf meistaranna gegnum lærisveina sína og það er: Öllum hinum mismunandi hugmyndastefnum, sem kraftur Bræðralagsins hlynnir að, er í öllum tilfellum komið á laggirnar af lærisveini eða nokkrum lærisveinum og þessir lærisveinar, en ekki meistarinn, bera ábyrgð á árangrinum og því karma sem af honum leiðir. Framgangsmátinn er nokkurn veginn þannig: Meistarinn upplýsir lærisvein sinn um markmiðið sem er í auglýsni, gefur honum aukna yfirsýn um þróunaráætlunina fyrir hið komandi tímabil og leggur til við hann að þessi eða hin leiðin væri æskileg. Lærisveinninn verður þannig að vinna samkvæmt innræðum skilningi og framtíðarsýn. Það er starf lærisveinsins að komast að því hver sé besta aðferðin til að ná þeim árangri sem óskað er eftir og að leggja fram áætlun sem gerir vissan árangur mögulegan. Síðan hleypir hann áætlun sinni af stokkunum, stofnar félag sitt eða samtök og breiðir út nauðsynlega kynningu og fræðslu. Á honum hvílir sú ábyrgð að velja rétta samverkamenn, að láta starfið ganga til þeirra sem eru best til þess fallnir og að klæða kennisetningar í skiljanlegan og frambærilegan búning. Það eina, sem meistarinn gerir er að fylgjast með framtakinu af áhuga og samstöðu. Svo lengi sem starfið heldur sinni upphaflegu háleitu hugsjón og heldur áfram af hreinni óeigingirni og fórnfýsi; svo lengi heldur meistarinn athygli sinni með hópstarfinu. Það er ekki meistarann að kenna, ef lærisveinninn sýnir skort á skarpskyggni við val sitt á samstarfsmönnum eða er ekki hæfur til að bera sannleikanum vitni. Ef hann gerir vel og starfið gengur eins og óskað er, mun meistarinn halda áfram að leggja blessun sína yfir tilraunina. Ef honum mistekst eða eftirmenn hans snúa frá upphaflegri hugmynd og breiða þannig út villu af einhverju tagi, mun meistarinn í kærleika sínum og samkennd draga athygli sína til baka, halda aftur af orku sinni og hætta þannig að örva það sem ætti frekar að leysast upp og deyjá. Form geta komið og farið og áhugi meistarans og blessun hans geta runnið um hinn eða þennan farveginn; starfið getur haldið áfram á einn eða annan veg, en lífskrafturinn heldur alltaf áfram, brýtur niður formið þar sem það er ófullnægjandi, eða notar það þegar það nægir því sem koma skal.

Nokkrir meistarar og starf þeirra.

Í fyrsta mikla hópnum sem mannkynshöfðinginn veitir forystu, má nefna tvo meistarara, meistarara Júpíter og meistarara Morya. Báðir hafa þeir tekið hærrí vísglur en þá fimmtu, og meistarari Júpíter, sem er jafnframt höfðingi á Indlandi, nýtur virðingar alls bræðralags meistaranna sem sá elsti þeirra á meðal. Hann dvelst í Nilgherry-hæðunum á Suður-Indlandi og er ekki einn þeirra meistarara sem almennt tekur nemendur, en á meðal lærisveina hans eru vísgluhafar af háum gráðum og þó nokkur fjöldi meistarara. Hann heldur stjórnartaumum fyrir Indland í höndum sér, þar á meðal er stór hluti landamærahéraðanna í norðri, og honum hefur verið falið hið erfiða verkefni að leiða Indland að lokum út úr núverandi öngþveiti og óróa og sameina hinar ýmsu þjóðir landsins. Meistarari Morya, sem er einn þekktasti austurlenski fullnuminn og hefur í nemendahópi sínum mikinn fjölda Evrópu-búa og Ameríkumanna, er Rajput-prins og gegndi áratugum saman ábyrgðarstöðu um málefni Indlands.

Hann á náíð samstarf með mannkynshöfðingjanum og mun sjálfur gegna stöðu mannkynshöfðingja sjötta kynstofnsins þegar fram líða stundir. Hann dvelst, eins og bróðir hans meistarinn K. H., við Shigatse í Himalaya-fjöllum og er vel þekktur af íbúum þessa fjarlæga þorps. Hann er hávaxinn og aðsópsmikill, með dökkt hár og skegg, dökk augu og kynni að þykja strangur, ef ekki væri fyrir svipinn í augum hans. Hann og bróðir hans, meistarari K. H., vinna næstum því sem einn maður og hafa gert það í margar aldir og munu gera það í framtíðinni, því meistarari K. H. mun næstur taka við embætti heimsfræðarans, þegar sá sem nú gegnir því embætti, lætur af því til að gegna æðra starfi og sjötti kynstofninn verður til. Húsin sem þeir búa í eru hvort nálægt öðru og þeir vinna mikið í nánú samstarfi. Þar sem meistarari M. er á fyrsta geisla, geisla vilja eða máttar, snýst starf hans að miklu

leyti um að hrinda í framkvæmd áætlunum núverandi mannkynshöfðingja. Hann fyllir stjórnáráðsmenn heimsins andagift, hann hefur fyrir milligöngu Mahachohans, stjórn á öflum sem munu leiða til þeirra skilyrða sem þörf er á fyrir þróun kynstofnsins. Í efnisheiminum eru hinir miklu stjórnendur þjóðanna sem sjá langt og hafa alþjóðlega hugsjón undir áhrifum frá honum, og með honum starfa sumir hinna miklu tíva í hugheimum og þrír stórir hópar engla, í tengslum við hina minni tíva sem gæða hugsanaform lífi, og viðhalda þannig hugsanaformum leiðbeinenda mannkynsins, til góðs fyrir allt mankyn.

Meistari M. er með stóran hóp nemenda í fræðslu hjá sér og starfar í tengslum við mörg samtök af innræðu og dulfræðilegu tagi og gegnum stjórnáráðsmenn og ráðamenn heimsins.

Meistari Koot Humi, sem er einnig mjög vel þekktur á Vesturlöndum og er hvarvetna með marga nemendur, er ættaður frá Kasmír, þótt fjölskyldan hafi upphaflega komið frá Indlandi. Hann er einnig vígsluhafi af hárrí gráðu og er á öðrum geislanum, kærleiks-viskugeislanum. Hann er tilkomumikill í útliti og hávaxinn, en heldur smávaxnari en meistari M. Hann er ljós yfirlitum, með gulbrúnt hár og skegg og dásamlega djúplá augu sem virðast geisla frá sér kærleika og visku aldanna. Hann hefur víðfeðma reynslu og menntun og talar ensku reiprennandi, þar sem hann hlaut á yngri árum menntun sína í einum af bresku háskólunum. Lesefni hans er fjölbreytt og yfirgripsmikið og fjöldi nýrra bóka og bókmenntaverka á ýmsum tungumálum berst í bókasafn hans í Himalaya-fjöllum. Hann lætur sig miklu varða að gæða vissar heimspekistefnur lífi og hefur áhuga á mörgum góðgerðastofnunum. Honum er að miklu leyti falið það starf að örva raunbirtingu kærleikans, sem leynist í hjörtum allra manna, og að vekja í vitund manna skilning á hinni miklu grundvallarstaðreynd bræðralags.

Nú á tímum hafa meistari M., meistari K. H. og meistari Jesús mikinn áhuga á því starfi að sameina, eins og unnt er, austurlenska og vestræna hugsun, svo að hin miklu trúarbrögð Austursins, ásamt seinni þróun kristinnar trúar í öllum sínum greinum, geti orðið hvor öðrum til góðs. Þannig er vonast til að ein alheimskirkja geti að lokum orðið til.

Meistari Jesús, sem miðlar þeirri orku sem streymir um hinar ýmsu kristnu kirkjudeildir, býr nú í sýrlenskum líkama og dvelst í Austurlöndum nær. Hann ferðast mikið og dvelur umtalsverðan tíma í ýmsum löndum Evrópu. Hann starfar sérstaklega með fjöldahreyfingum, frekar en með einstaklingum, þótt hann hafi safnað í kring um sig fjölmennum hóp nemenda. Hann er á sjötta geislanum, geisla trúarhollustu eða óhlutkenndra hugsjóna, og nemendur hans má oft þekkja af því ofstæki og trúarhollustu sem gerði vart við sig á fyrri tímum kristinnar á meðal píslarvottanna. Hann sjálfur er frekar hermannlegur einstaklingur, reglufastur maður með járnaga og sterkan vilja. Hann er hár og grannur, með grannleitt andlit, svart hár, ljósan litarhátt og stingandi blá augu. Starf hans nú á tímum er sérlega ábyrgðarmikið, því honum er falinn sá vandi að beina hugsun Vestursins út úr núverandi óróaástandi inn á lygnan sjó vissu og þekkingar, og undirbúa Evrópu og Ameríku undir komu heimsfræðarans. Hann er vel þekktur úr Biblíusögunum, þar sem hann kom fyrst fram sem Jósúa sonur Núns, kom aftur fram á tímum Ezra sem Jósúa; tók þriðju vígsluna sem Jósúa, eins og sagt er frá í bók Sakaríá, og í guðspjallasögunni er hann þekktur fyrir tvær miklar fórnir: þegar hann var yfirskyggður af lávarði kærleikans, Kristi, og fyrir hina miklu fórn sem er dæmigerð fyrir fjórðu vígsluna. Sem Appolonius frá Tyana tók hann fimmtu vígsluna og varð meistari viskunnar. Allt frá þeim tíma hefur hann haldið sig við og unnið fyrir kristna kirkju, hlúð að frjókornum ósvikins andlegs lífs, sem finnst meðal meðlima allra sértrúarsafnaða og deilda, og dregið úr, eins og hægt er, mistökum og villum kirkjunnar manna og guðfræðinga. Hann er greinilega leiðtogi mikli, höfðinginn, hinn vitri stjórnandi, og í málefnum kirkjunnar á hann náð samstarf við Krist og léttir þannig miklu af honum og kemur fram sem milligöngumaður hans, hvar sem þess er kostur. Enginn þekkir af jafn mikilli visku og hann vandamál Vesturlanda, enginn er í jafn nánu sambandi við fólkið sem birtir allt hið besta í kristnum kennisetningum, og enginn gerir sér jafn vel grein fyrir þörfum nútímans. Sumir stórpelátar biskupakirkjunnar og kaþólsku kirkjunnar eru vitrir fulltrúar hans.

Meistari Djwhal Khul, eða meistari D. K., eins og hann er oft nefndur, er annar fullnumi á geisla kærleika og visku, öðrum geislanum. Hann er meðal fullnumanna sem síðast tóku vígslu, þar sem hann tók fimmtu vígsluna árið 1875 og býr enn í sama efnislíkama og hann notaði þá, þegar hann tók vígsluna, en flestir hinna meistaranna gengust undir fimmtu vígsluna á meðan þeir bjuggu í fyrri starfstækjum. Líkami hans er ekki ungur, og hann er Tíbeti. Hann sýnir meistara K. H. mikla hollustu og býr í litlu húsi ekki langt frá hinu stærra húsi meistarans, og vegna vilja síns til að þjóna og gera

allt er gera þarf hefur hann verið kallaður „sendiboði meistaranna.“ Hann hefur víðtæka þekkingu og veit meira um geisla og plánetuhelgistjórnir sólkerfisins en nokkur annar í röðum meistaranna. Hann starfar með þeim sem lækna og vinnur óþekktur og óséður með þeim sem leita sannleikans í helstu rannsóknarstofum heimsins, með öllum þeim sem örugglega stefna að því að græða og lina þjáningar heimsins, og með hinum miklu góðgerðarhreyfingum, eins og Rauða krossinum. Hann sinnir ýmsum nemendum mismunandi meistarara sem geta nýtt sér leiðbeiningar hans, og síðustu tíu árin hefur hann losað bæði meistarara M. og meistarara K.H. við mikinn hluta kennslustarfa með því að taka við sumum nemendum þeirra og lærisveinum í ákveðinn tíma. Hann starfar einnig mikið með vissum hópum tíva á ether-sviðunum, sem eru læknaði tívar og aðstoða hann þannig í því starfi að lækna líkamlega kvilla mannsins. Það var hann sem las fyrir stóran hluta þeirrar þýðingarmiklu bókar „*The Secret Doctrine*“ og sýndi H.P. Blavatsky margar myndanna og lét henni í té mikið af þeim upplýsingum sem eru í bókinni.

Sá meistari, sem lætur sig sérstaklega varða framtíðarþróun kynþáttamála í Evrópu og hugræna þróun í Ameríku og Ástralíu, er meistari Rakoczi. Hann er Ungverji og á heima í Karpatafjöllum og var áður vel þekktur við ungversku hirðina. Tilvísanir til hans má finna í gömlum sagnfræðibókum, en hann var sérstaklega áberandi persóna þegar hann var greifinn af St. Germain, og þar áður þegar hann var Roger Bacon og seinna Francis Bacon. Það er athyglisvert að um leið og meistari R. tekur málefni Evrópu í sínar hendur, á innri sviðunum, kemur nafn hans sem Francis Bacon fyrir augu almenninga í Bacon-Shakespeare-deilunni. Hann er frekar smávaxinn, grannur maður með oddmjótt svart skegg og slétt svart hár. Hann tekur ekki eins marga nemendur og þeir meistarar sem þegar hafa verið nefndir. Á þessum tíma hefur hann leiðandi umsjón með þriðja-geisla lærisveinum á Vesturlöndum ásamt meistarara Hilarion. Meistari R. er á sjöunda geislanum, geisla helgisíða, skipulags og kynngi. Hann starfar að miklu leyti gegnum innræðar athafnir og helgisíði, þar sem hann er sérstaklega áhugasamur um til þessa óþekkt áhrif helgisíða hinna ýmsu bræðrasambanda, helgisíða frímúrara og helgisíða kirkjunnar hvarvetna. Í Bræðralaginu er hann yfirleitt nefndur „Greifinn“ og í Ameríku og Evrópu sér hann algerlega um framkvæmd áætlana framkvæmdanefndar Stúkunnar. Vissir meistarar mynda innri hóp kringum hina þrjá miklu lávarða og eiga oft fundi með þeim.

Á fimmta geisla, geisla raunvísinda eða þekkingar, er að finna meistarann Hilarion sem áður, í fyrra jarðlífi, var Páll frá Tarsus. Hann býr í kítverskum líkama, en dvelur oft langdvölum í Egyptalandi. Það var hann sem gaf heiminum dulfræðiritiði „*Leiðarljós*“, „*Light on the Path*“, og starf hans er sérlega áhugavert fyrir almenning á þessum erfiðleikatímum, því hann vinnur með þeim sem eru að þroska innsæið, stjórnar og umbreytir hinum miklu hreyfingum sem stuðla að því að svipta hুলunni af hinu óséða. Það er hans orka sem fyrir tilstilli lærisveina hans örvar sálarrannsóknarhópa alls staðar og það var hann sem kom af stað, gegnum ýmsa nemendur sína, hreyfingu spíritista. Hilarion hefur eftirlit með öllum þeim sem hafa skyggnigáfu af hinni hærri gráðu og aðstoðar við að þroska hæfileika þeirra til góðs fyrir hópinn. Í samvinnu við vissa tíva astral-sviðsins starfar hann við að ljúka upp fyrir sannleiksleitendum hinum fíngerða heimi sem liggur handan hins formbundna efnisheims.

Lítið er hægt láta uppi um hina tvo ensku meistarara. Hvorugur þeirra tekur nemendur á sama hátt og meistari K.H. eða meistari M. Annar þeirra, sem á heima á Stóra- Bretlandi, hefur með höndum handleiðslu engilsaxneska kynþáttarins og starfar að áætlunum er lúta að framtíðarþroska hans og þróun. Hann stendur að baki verkalýðshreyfingum um heim allan, umbreytir og stjórnar, og hann hefur stjórnandi hönd á rísandi bylgu lýðræðis. Upp af lýðræðislegum óróa, upp af núverandi öngþveiti og ringulreið mun rísa heimsástand framtíðar sem mun hafa að leiðarljósi samvinnu en ekki samkeppni, dreifingu en ekki miðstýringu.

Hér mætti nefna stuttlega einn meistarara í viðbót, meistarara Serapis, sem oft er kallaður Egyptinn. Hann er meistari á fjórða geislanum, og hinar miklu listahreyfingar heimsins og þróun tónlistar, myndlistar og leiklistar fá örvandi innblástur frá honum. Þessa stundina fer mest af tíma hans og athygli í það starf sem snertir þróun tívanna eða englanna, þar til að því kemur að englarnir geta aðstoðað við og haft áhrif á hina miklu opinberun sem framundan er í heimi tónlistar og myndlistar. Ekki er hægt að gefa meira upp um Serapis, né er hægt að gera uppskátt um dvalarstað hans.

Meistari P. starfar undir handleiðslu meistarara R. í Norður-Ameríku. Það er hann sem hefur haft mikið með hin ýmsu hugvísindi að gera, á innræðan hátt, eins og til dæmis með Kristnu vísindin

(Christian Science) og Nýhugsunina (New Thought), en hvort tveggja er viðleitni Bræðralagsins til að kenna mönnum raunveruleika þess sem ekki sést og mátt hugans til að skapa. Þessi meistari er í írskum líkama og er á fjórða geislanum. Ekki er leyfilegt að gefa upp dvalarstað hans. Hann tók við miklum hluta af starfi Serapis þegar sá síðarnefndi beindi athygli sinni að þróun tívanna.

Núverandi starf.

Hér er ef til vill rétt að minna á vissar staðreyndir varðandi þessa meistara og starf þeirra í nútíð og framtíð. Í fyrsta lagi er það starfið við að þjálfa nemendur og lærisveina til að verða að liði, þegar tveir miklir atburðir eiga sér stað: annar er koma heimsfræðarans um miðja eða í lok þessarar aldar, og hinn er stofnun hins nýja sjötta kynþáttar og enduruppbygging núverandi heimsskipunar. Þar sem þetta er fimmti kynþáttur fimmta kynstofnsins er álag starfsins á hina fimm geisla, geisla hugans, sem stjórnað er af Mahachohan, mjög mikið. Meistararnir bera nú óhóflega þunga byrði og mikið af starfi þeirra við að kenna nemum hefur verið fengið í hendur vígsluhöfum og langt komnum lærisveinum, og ákveðnir meistarar á fyrsta og öðrum geisla hafa tímabundið tekið við nemendum í deild Mahachohans.

Í öðru lagi að búa heiminn á víðtækan hátt undir komu heimsfræðarans, og að gera nauðsynlegar ráðstafanir áður en þeir sjálfir koma fram á meðal manna, eins og margir þeirra munu áreiðanlega gera í lok þessarar aldar. Sérstakur hópur er nú að myndast þeirra á meðal sem er að búa sig ákveðið undir þetta starf. Meistari M., meistari K.H. og meistari Jesús munu verða sérstaklega tengdir hreyfingunni nálægt síðasta fjórðungi þessarar aldar. Aðrir meistarar munu jafnframt vera með, en það eru nöfn og embætti þessara þriggja sem fólk ætti að kynna sér eins og mögulegt er. Tveir aðrir meistarar sem sinna sérstaklega sjöunda geislanum, geisla siðareglna og skipulags, vinna það verk að hafa umsjón með þróun vissrar starfsemi næstu fimmtán árin og starfa undir stjórn meistara R. Hér er hægt að gefa mjög ákveðna fullvissu fyrir því að áður en Kristur kemur mun aðlögun eiga sér stað, svo að í forystu allra mikilla hreyfinga verði annað hvort meistari eða vígsluhafi sem hefur tekið þriðju vígsluna. Í forystu vissra mikilla dulfræðihópa, frímúrara heimsins, og ýmissa stórra kirkju-deilda, og á meðal margra hinna miklu þjóða, verða vígsluhafar og meistarar. Þessu starfi meistaranna miðar nú áfram og öll viðleitni þeirra stefnir að því að ná fullkomnum árangri. Þeir safna alls staðar saman þeim sem á einhvern hátt sýna tilhneigingu til að svara hárrí sveiflutíðni og leitast við að hækka sveiflutíðni þeirra og að gera þá hæfa til að verða að liði þegar Kristur kemur aftur fram meðal manna. Mikill er dagur tækifæranna, því þegar sá tími kemur, og vegna hins undraverða sveiflustyrks sem þá mun koma yfir sonu mannanna, verður mögulegt fyrir þá sem nú vinna nauðsynlegt starf að taka stórt skref fram á við og fara um Hlið vígslunnar.

VII. KAFLI

BRAUT REYNSLUNEMANS

Undirbúningur vígslunnar.

Braut reynslunemans fer á undan braut vígslunnar eða helgunarinnar og markar það tímabil í lífi mannsins, þegar hann skipar sér ákveðið í lið með þróunaröflunum og vinnur að uppbyggingu sinnar eigin manngerðar. Hann leggur sig fram við að ná stjórn á sjálfum sér, rættar þá eiginleika sem skortir og reynir af kostgæfni að ná stjórn á persónuleika sínum. Hann er að byggja upp sálarlíkamann af yfirveguðum ásetningi, fylla upp í þær gloppur sem kunna að finnast og leitast við að gera hann að hæfri hirslu fyrir Krists-eðlisþáttinn. Hliðstæðan í sögu mannsins, milli tímans fyrir fæðingu og andans sem býr og þroskast í honum, er einkanlega áhugaverð. Við gætum litið á hana á þennan hátt:

1. Tími getnaðar samsvarar tíma séreðlismyndunar.
2. Níu mánaða meðganga samsvarar rás æviskeiða.
3. Fyrsta vígslan samsvarar fæðingarstundinni.

Braut reynslunemans samsvarar síðari hluta meðgöngutímans, mótun vitundar Krists í hjarta barnsins. Við fyrstu vígsluna leggur þetta barn upp í pílgrímsför sína á brautinni. Fyrsta vígslan stendur einfaldlega fyrir upphafið. Ákveðið fyrirkomulag réttis líferniss, hugsunar og hegðunar hefur verið byggt upp. Þetta form köllum við manngerð. Það þarf nú að vekja til lífsins og gera aðlögunarhæft innri manningu. Thackeray hefur lýst þessu byggingarferli vel, í orðum sem oft er vitnað til:

„Sáðu hugsun og þú munt uppskera verknað; sáðu verknaði og þú munt uppskera vana; sáðu vana og þú munt uppskera manngerð; sáðu manngerð og þú munt uppskera örlög.“

Forlög okkar allra er að öðlast vitund æðra sjálfsins og því næst vitund hins guðlega anda. Þegar formið er reiðubúið, þegar musteri Salómons hefur verið reist í námu persónulífsins, þá hefur Kristslífið inngöngu sína og dýrð Drottins yfirskyggir musterið. Formið endurómar. Þar í liggur munurinn á kenningu og því að gera kenninguna að hluta af sjálfum sér. Maður getur haft fullkomna mynd, en hún er lífvana. Lífið má móta eftir hinu guðlega svo langt sem það nær; það getur verið ágætis eftirmynd, en skortir hinn ídveljandi kærleika, eðlisþátt Krists. Frjóðið hefur verið til, en það hefur legið í dvala. Nú er hlúð að því og það lítur dagsins ljós í fæðingunni og fyrstu vígslunni er náð.

Á meðan maðurinn er á braut reynslunemans, agabrautinni, er honum fyrst og fremst kennt að þekkja sjálfan sig, að kynnast veikleikum sínum og yfirvinna þá, Honum er fyrst í stað kennt að vinna sem ósýnilegur hjálpanði, og á fyrstu æviskeiðunum á braut aganemans er honum að jafnaði haldið við þess háttar starf. Seinna, þegar honum fer fram, getur hann tekist á við sérhæfðari störf. Honum eru kennd grundvallaratriði hinnar guðdómlegu visku og er settur á lokanámsstigin í Sal lærdómsins. Einhver meistaraþing þekkir til hans og hann er í umsjá (til sérhæfðrar kennslu) eins af lærisveinum þessa meistara eða vígsluhafa, ef hann lofar óvenjulega góðu.

Bekkjadeildum fyrir viðurkennda lærisveina og þá sem eru til reynslu er stjórnað af vígsluhöfum af fyrstu og annarri gráðu, á milli klukkan tíu og fimm á hverri nóttu að staðartíma, í öllum heimshlutum, svo að órofið samhengi í kennslunni sé fullkomið. Þeir safnast saman í sal lærdómsins og aðferðin er svipuð og í stórum háskólum — kennslustundir á vissum tímum, tilraunastarf, próf og jöfn hreyfing upp og áfram, þegar prófum er náð. Fjöldi sálna á braut reynslunnar eru í þeirri deild sem samsvarar menntaskóla; aðrir hafa innritast í sjálfan háskólann. Brautskráning fer fram þegar vígsla er tekin og vígsluhafinn flyst yfir í Sal viskunnar, sem viskunemi.

Prosaðar sálir og þeir sem eru andlega sinnaðir, en eru enn ekki komnir á braut reynslunemans, fá leiðbeiningar frá lærisveinum og einstaka sinnum stjórna vígsluhafar leiðsögn og kennslu í stórum bekkjum. Starf þeirra er á byrjunarstigi, þótt það sé dulfræðilegt út frá veraldlegu sjónarhorni, og þeir

læra undir eftirliti að verða ósýnilegir hjálpendur. Ósýnilegu hjálpendurnir eru yfirleitt fengnir úr röðum þroskaðra sálna. Þeir sem hafa náð tilskyldum þroska og þeir sem eru á braut reynslunemans og farnir að nálgast vígsluna vinna oftast að því sem kalla mætti deildarstarf, og mynda hópa sem aðstoða meðlimi Helgistjórnarinnar.

Kennsluaðferðir.

Þrjár kennsludeildir hafa eftirlit með þremur þáttum þróunar mannsins.

Í fyrsta lagi: Leiðbeiningar eru gefnar hvað viðkemur sjálfstjórn og sjálfsaga, þroskaferil manngerðarinnar og þróun smáheimsins eftir kosmískri fyrirmynd. Manninum er kenndur tilgangur hans sjálfs; hann fer að þekkja sjálfan sig sem flókna og fullkomna heild, smágerða eftirmynd hins stóra heims. Og með því að læra lögmál sinnar eigin tilveru öðlast hann skilning á sjálfinu og vitund um grundvallarlögmál sólkerfisins.

Í öðru lagi: Leiðbeiningar eru gefnar varðandi stórheiminn, og þar með verður aukning á vitrænum skilningi hans á kosmískri þróun. Hann fær upplýsingar um ríki náttúrunnar, kennslu um lögmál þessara ríkja, og leiðbeiningar um virkni þessara lögmála í öllum ríkjum og á öllum sviðum. Hann öðlast hafsþó almennrar þekkingar, og þegar hann nær sínum eigin ystu mörkum hittir hann þá sem leiða hann áfram til alfræðiþekkingar. Þegar hann hefur náð markinu getur verið að hann þekki ekki hvert einstakt atriði sem hægt er að þekkja í heimunum þrem, en hann hefur í hendi sér uppsprettu þekkingarinnar, upplýsingaforðann og aðferðina til að öðlast vitneskju. Meistari getur hvenær sem er komist að hverju sem er um sérhvert mögulegt málefni án minnstu fyrirhafnar.

Í þriðja lagi: Leiðbeiningar eru veittar í því sem kalla mætti *samfjöllum*. Þessar upplýsingar eru aðeins mögulegar þegar innsæisstarfstækið er samverkandi. Það er í rauninni dulfræðilegur skilningur á þyngdarlögmálinu eða aðdráttaraflinu (lögmáli aðlöðunar, grundvallarlögmáli okkar sólkerfis, annars meginsólkerfisins), með öllum sínum fylgireglum. Lærisveinninn lærir tilgang innri ráðandi samloðunar, og þess innri heilleika sem heldur sólkerfinu sem samupprunalegri einingu. Meginhluti þessarar kennslu er yfirleitt veittur eftir þriðju vígsluna, en byrjunin á sér stað snemma í þjálfuninni.

Meistarar og lærisveinar.

Lærisveinar og þroskaðar sálir á braut reynslunemans fá leiðbeiningar nú á tímum í tvennum sérstökum tilgangi:

(a) Til að athuga hæfni þeirra til sérstakra starfa sem bíða í framtíðinni, en það eru aðeins leiðbeinendur kynstofnsins sem þekkja þau störf. Hæfileikar þeirra í samfélagslífi og hópstarfi eru prófaðir, með það fyrir augum að kveðja til hina hæfu inn í framtíðarlönd sjötta kynþáttarins. Þeir eru prófaðir fyrir margs konar störf sem mörg hver eru okkur nú óskiljanleg, en verða venjulegar þróunaraðferðir þegar fram líða stundir. Meistararnir greina einnig þá er búa yfir innsæi á þroskastigi sem er til marks um upphaf samstillingar búddíska starfstækisins, eða — til að vera nákvæmari — hafa komist á það stig að greina má sameindir sjöunda millisviðs búddíska sviðsins í áru sálarinnar. Þegar þessu er þannig háttað, geta meistararnir haldið ótrauðir áfram við leiðbeiningastarfið, vissir um að veittar upplýsingar og ákveðnar staðreyndir munu skiljast.

(b) Á þessum tíma eru upplýsingar látnar í té sérstökum hópi fólks sem holdgast hefur á þessu þýðingarmikla tímabili í sögu heimsins. Það hefur komið, allt á sama tímabili út um allan heim, til að vinna það verk að *tengja saman hin tvö svið, efnis sviðið og astral-sviðið, gegnum etherinn*.

Þessi setning er ætluð til alvarlegrar íhugunar, því hún fjallar um það starf sem hluti nýrrar kynslóðar hefur komið til að inna af hendi. Við þessa samtengingu hinna tveggja sviða er þörf fyrir fólk sem er vitundarstíllt í hugarlíkamanum (eða, ef það er ekki vitundarstíllt þar, er samt sem áður vel þroskað og í jafnvægi) og getur þess vegna unnið af öryggi og greind að starfi sem þessu. Fyrst og fremst er þörf á fólki sem hefur í líkama sínum visst hlutfall efnis úr atómíska millisviðinu, svo að bein tengsl náist milli hins æðra og hins lægra gegnum hið atómíska þversnið sálarlíkamans. Það er ekki auðvelt að útskýra þetta á skýran hátt, en athugun á skýringarmyndum í bókinni „*A Study in*

Consciousness,“ eftir Annie Besant, getur hjálpað við að útskýra sum atriði sem líkleg eru til að valda heilabrotum.

Við verðum að gera okkur grein fyrir tveimur atriðum þegar við íhugum málefni meistaranna og lærisveina þeirra. Í fyrsta lagi að í Helgistjórninni fer ekkert forgörðum vegna þekkingarleysis á lög-máli hagkvæmninnar. Sérhver notkun orku af hálfu meistarara eða fræðara er háð viturlegri forsjálmi og glöggskyggni. Á sama hátt og við látum ekki háskólaprófessora kenna byrjendum, þá vinna meistararnir sjálfir ekki persónulega með mönnum fyrr en þeir hafa náð vissu þroskastigi og eru tilbúnir að njóta góðs af leiðbeiningum þeirra.

Í öðru lagi verðum við að muna að sérhver þekkist af birtu ljóss síns. Þetta er dulfræðileg stað-reynd. Því fingerðara sem efnið í líkama okkar er, því skærar mun ljósið sem býr hið innra með okkur skína. Ljósið er sveifluhreyfing og með því að mæla sveiflurnar er bekkjarskipun nemendanna ákvörðuð. Þannig getur ekkert komið í veg fyrir framþróun mannsins, ef hann aðeins sinnir hreinsun starfstækja sinna. Hið innra ljós mun skína af æ meiri skýrleika, eftir því sem fágúnin heldur áfram, þar til — þegar atómíska efnið er orðið ríkjandi — að dýrð innri mannsins verður mikil. Okkur er þess vegna öllum skipað niður, ef svo má segja, eftir ljósmagni, eftir sveiflutíðni, eftir hreinleika tóns og skýrleika litar. Það fer því eftir þessari niðurröðun hver kennari okkar er. Sameiginleg einkenni sveiflutíðninnar fela í sér leyndarmálið. Okkur er iðulega sagt að þegar þörfin er nógu kröftug, þá muni leiðbeinandi gera vart við sig. Þegar við byggjum upp rétta sveiflutíðni og stillum okkur að réttri tóntegund, þá getur ekkert komið í veg fyrir að við finnum meistarann.

Sálarheildi eru mynduð:

1. Eftir geisla.
2. Eftir geislagrein.
3. Eftir sveiflutíðni.

Til aðgreiningar er þeim einnig raðað niður:

1. Sem sálum, eftir sálargeisla sínum.
2. Sem persónuleikum, eftir geislagreininni sem stjórnar persónuleikanum.

Allir eru flokkaðir og skráðir. Meistararnir hafa sín gagnasöfn, með skráningarkerfi þar sem þessar skrár eru geymdar. Skráningarkerfi þessi eru okkur óskiljanleg vegna stærðar sinnar og nauðsynlegrar en flókinnar uppbyggingar, og þar sem hver geisli hefur sitt sérstaka skráasafn eru þau í umsjá leiðandi chohans hvers geisla. Þessar skrár sem eru marggreindar (og varða sálir í efnisbirtingu, sálir sem ekki hafa efnislíkama og fullkomnaðar sálir) eru allar í umsjá sérstakra gæslumanna sem heyra undir leiðandi chohana. Lípíkadrottnarnir, með sinn stóra hóp hjálpenda, eru þeir sem oftast nota þessar skrár. Margar sálir án efnislíkama, sem bíða holdgunar eða eru nýfarnar úr efnislegri jarðvist, fórna tíma sínum í æðri heimum til að aðstoða við þetta starf. Þessi gagnasöfn eru að mestu leyti á lægri millisviðum hugar sviðsins og á hæstu stigum astral-sviðsins, því þar koma þau að mestum notum og eru aðgengilegust.

Vígsluhafar fá kennslu beint frá meistarunum eða einhverjum af hinum miklu tímum eða englum. Þessi fræðsla er yfirleitt látin í té að nóttu til í litlum bekkjum, eða í einkatímum (ef tilefni er til þess) í einkastofu meistarans. Það sem hér er ofan greinir, á við um vígsluhafa sem hafa jarðvist eða eru á innri sviðunum. Ef þeir eru í sálarheiminum fá þeir leiðbeiningar á þeim tíma sem talinn er ráðlegur, beint frá meistarunum til sálarinnar, á orsakastigunum.

Lærisveinum er kennt í hópum í fræðslusal meistarans eða kennslustofu á nóttunni, ef þeir eru í efnisbirtingu. Fyrir utan þessa reglulegu fundi getur lærisveinn (af einhverri sérstakri ástæðu) verið kallaður til einkastofu meistarans í viðtal til að fá beina kennslu hjá honum. Þetta á sér stað þegar meistarinn vill sjá lærisveininn til að hrósa honum, vara hann við eða til að ákveða hvort vígsla sé æskileg. Meginhluti fræðslu lærisveinsins er í höndum einhvers vígsluhafa eða lengra komins lærisveins, sem lítur eftir sínum yngri bróður, ber ábyrgð á framförum hans gagnvart meistarunum og skilar reglubundið af sér skýrslum um hann. Karma er að miklu leyti það sem ræður í þessu sambandi.

En nú á tímum er nokkuð breyttri stefnu fylgt, vegna hinnar miklu þarfar í heiminum. Sumir lærisveinar fá aukna þjálfun hjá meisturum sem hafa fram að þessu ekki tekið nemendur. Þar sem vinnuálagið er svo mikið á þeim meisturum sem taka að sér lærisveina, hafa þeir falið efnilegustu nemendur sína í hendur öðrum meisturum og kallað þá tímabundið saman í litla hópa. Verið er að gera tilraun til að auka kenningu og láta lærisveina, en ekki aðeins vígsluhafa, takast á við hinar öru og sterku sveiflur meistarans. Hér er áhætta á ferðinni, en ef tilraunin gengur vel, mun hún verða til aukinnar aðstoðar við mannkynið.

VIII. KAFLI

BRAUT LÆRISVEINSINS

Lærisveini lýst.

Lærisveinn er sá sem framar öllu öðru er skyldugur til að gera þrennt:

- a. Að þjóna mannkyninu.
- b. Að aðstoða við áætlun hinna miklu meistara eins og hann sér hana og eins og hann best getur.
- c. Að þroska mátt hins innri manns, að víkka vitund sína þar til hann getur starfað í sálarlíkam-
anum á þremur efri sviðunum í heimunum þrem, og að fylgja leiðsögn æðra sjálfsins, en ekki kröfum
persónuleikans, hinnar þríþættu lægri raunbirtingar.

Lærisveinn er sá sem er að byrja að skilja hópstarf og að flytja miðju athafna sinna frá sér sjálfum
(þá þungamiðju sem allt snýst um) að hópmiðjunni.

Lærisveinn er sá sem gerir sér samtímis grein fyrir tiltölulegu lítilvægi hvernar vitundareiningar og
um leið gífurlegu mikilvægi hennar. Afstæðisskyn hans hefur verið aðlagað og hann sér hlutina eins
og þeir eru; hann sér fólk eins og það er; hann sér sjálfan sig eins og hann er hið innra og leitast síðan
við að ná fram því sem hann er.

Lærisveinn gerir sér grein fyrir lífs- eða orkuhlið náttúrunnar, og fyrir honum hefur formið ekki
ráðandi aðdráttarafl. Hann vinnur með orku og í orku; hann gerir sér grein fyrir sjálfum sér sem orku-
stöð innan stærri orkustöðvar, og hann ber ábyrgð á því að beina þeim krafti, sem kann að streyma
gegnum hann, í þá farvegi sem koma hópnum að sem mestu gagni.

Lærisveinninn veit sjálfur að hann er — að meira eða minna leyti — útvörður vitundar meistarans
og lítur á meistarann á tvennan hátt:

- a. Sem sína eigin sálarvitund.
- b. Sem miðpunkt heildis síns; orkuna sem knýr áfram einingar hópsins og bindur þær saman í
samstæða heild.

Lærisveinn er sá sem yfirfærir vitund sína út úr hinu persónulega inn í hið ópersónulega, og á
meðan það ástand varir er nauðsynlegt að þola mikla erfiðleika og þjáningar. Ýmsar orsakir valda
þessum erfiðleikum:

- a. Lægra sjálf lærisveinsins sem gerir uppreisn gegn því að ummyndast.
- b. Nánasti umgengnishópur mannsins, vinir eða fjölskylda, sem rís gegn vaxandi ópersónuleika
hans. Þeim mislíkar að vera viðurkennd sem eitt með honum út á við í lífinu, og aðgreina sig frá
honum þar sem langanir og áhugamál liggja. Samt gildir lögmálið og það er aðeins í innra lífi sálar-
innar sem hægt er að skynja sanna einingu. Í uppgötvuninni hvað er form felst mikið hugarangur
fyrir lærisveininn, en leiðin liggur að lokum til fullkominnar sameiningar.

Lærisveinn er sá sem gerir sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem hann ber gagnvart öllum þeim eining-
um sem eru undir áhrifum frá honum — ábyrgð á því að starfa með þeim einingum að áætlun þróun-
arinnar, eins og hópurinn best þekkir hana, og þenja þannig út vitund þeirra og kenna þeim muninn á
hinu raunverulega og hinu óraunverulega, á lífi og formi. Þetta gerir hann auðveldlegast með því að
sýna í sínu eigin lífi hvert markmið hans er, takmark og vitundarmiðja.

Starfið sem inna þarf af hendi.

Lærisveinninn hefur þess vegna margt til að stefna að:

Að þróa næma svörun við sveiflum æðra sjálfsins og meistarans.

Að ná raunhæfum hreinleika lífsins, hreinleika sem er ekki aðeins fræðilegur.

Að losa sig við óþarfa áhyggjur. Hafið hugfast hér að áhyggjur grundvallast á hinu persónulega og stafa af skorti á jafnlyndi og of skjótum viðbrögðum við sveiflum hinna lægri heima, persónuheimanna þriggja.

Að sinna skyldum sínum. Þetta atriði felur í sér yfirvegaða framkvæmd allra skyldustarfa og tilhlýðilega athygli á karmískum skyldum. Allir lærisveinar ættu að leggja sérstaka áherslu á gildi hlutlausrar yfirvegunar. Vegna þroska hugans er skortur á skarpskyggni ekki svo oft þrándur í götu lærisveina nú á dögum, en skortur á hlutlausri íhugun er það oft. Þetta tákna að náðst hefur vitundarstig þar sem jafnvægi er sýnilegt og hvorki vellíðan né sársauki ríkir og í staðinn kemur gleði og innri friður. Það er eins gott að ígrunda þetta, því nauðsynlegt er að leggja mikið á sig til að ávinna sér tilfinningalegt jafnvægi.

Hann verður einnig að rannsaka tilfinninga-hugarlíkamann (kama-manas líkamann). Þetta er mjög svo áhugavert, því hann er á margan hátt mikilvægasti líkami manna í sólkerfinu, að því er varðar manninn í heimunum þrem. Í næsta formbirtingartímabili okkar sólkerfis mun hugarlíkami hinna sjálfs-meðvituðu eininga hafa sambærilega stöðu og efnislíkaminn áður hafði í fyrra sólkerfistímabili.

Hann verður jafnframt að starfa vísindalega, ef svo má að orði komast, við að byggja upp efnislíkamann. Hann verður að leitast við að skapa í hverri jarðvist líkama sem þjónar betur sem starfstæki fyrir orku. Þannig er ekkert óraunhæft við að gefa upplýsingar viðvirkandi vígslu, eins og sumir kunna að halda. Sú stund dagsins er ekki til að ekki megi sjá þetta markmið fyrir sér og halda áfram undirbúningsstarfinu. Eitt mesta tæki hagnýtrar þróunar í höndum stórra og smárra er MÆLT MÁL. Sá sem gætir tungu sinnar og talar aðeins í óeingingjörnum tilgangi, til að flytja mátt kærleikans gegnum miðil tungunnar, er á hraðri leið með að ná tókum á þeim upphafsskrefum sem tekin eru til undirbúnings vígslu. Hið mæltá mál er innræðasta raunbirting sem til er; það er aðferð til sköpunar og orkumiðill. Í gætilegri meðferð orða, í meðvituðum innri skilningi, liggur varðveisla orkunnar. Í notkun orða, sem réttilega eru valin og töluð, felst útbreiðsla kærleiksorkunnar í sólkerfinu — þeirrar orku sem varðveitir, styrkir og örvar. Aðeins þeim, sem veit eitthvað um þessar tvær hliðar tungumálsins, er treystandi til að standa frammi fyrir vígjandanum og bera með sér frá þeirri návist vissa hljóma og leyndarmál sem honum hafa verið látin í té undir þagnareiði.

Lærisveinninn verður að læra að vera þögull andspænis hinu illa. Hann verður að læra að vera þögull frammi fyrir þjáningum heimsins og að eyða engum tíma í fánýta kveinstafi og sviðsetningu sorgar, heldur lyfta upp byrðum heimsins; vinna og eyða ekki neinni orku í fjas. Samt sem áður ætti hann að tala þar sem hvatningar er þörf og nota tunguna í uppbyggjandi tilgangi; tjá kærleiksorku heimsins, eins og hún kann að finna sér leið gegnum hann, þar sem hið mæltá mál mun þjóna best við að létta fargi eða lyfta byrði, og muna að eftir því sem mannkynið þroskast mun kærleikspátturinn milli kynjanna og tjáning flytjast á æðra svið. Þá mun skilningur á hinum sanna kærleika, sem sameinar þá sem eru heilir í þjónustu og æðri þrá, koma skírar gegnum hið talaða orð, en ekki gegnum formtjáningu á efnis sviðinu eins og nú. Þá mun kærleikur milli manna í hinni mannlegu fjölskyldu taka á sig form hagnýtingar málsins í tilgangi sköpunar á öllum sviðum, og orkan sem nú fær útrás hjá meirihlutanum gegnum hinar lægri stöðvar sköpunar, mun flytjast upp til hálsstöðvarinnar. Þetta er enn sem komið er aðeins fjarlæg hugsjón, en jafnvel nú geta sumir séð þessa hugsjón og reynt — með sameinaðri þjónustu, kærleiksríku samstarfi og einingu í þrá, hugsun og viðleitni — að gefa henni lögun og form, jafnvel þótt á ófullkominn hátt sé.

Hóptengsl.

Braut lærisveinsins er þyrnum stráð; þyrnirunnar eru við hvert fót mál og hann mætir erfiðleikum hvert sem hann snýr sér. En með því að feta Veginn, með því að yfirstíga erfiðleikana og með því að halda sig af einlægni við það sem kemur hópnum að sem mestu gagni og að veita einstaklingum og þroska þeirra viðeigandi athygli, næst samt að lokum uppskera erfiðisins og markinu verður náð.

ÞJÓNANDI mannkyns kemur fram. Hann er þjónandi, af því að hann hefur sjálfum sér til handa engin eigingjörn markmið til að þjóna og frá neðri hjúpum hans ganga engar sveiflur sem geta villt honum sýn á þeirri braut sem hann hefur kosið sér. Hann þjónar, af því að hann veit hvað býr í mannum og vegna þess að á mörgum æviskeiðum hefur hann unnið með einstaklingum og hópum og smám saman víkkað út svið viðleitni sinnar, þar til hann hefur safnað í kringum sig þeim vitundareiningum sem hann getur gert virkar og notað til að koma áætlunum leiðbeinenda sinna í kring. Slíkt er takmarkið, en þrepin á milli eru hlaðin erfiðleikum fyrir alla þá sem standa á mörkum sjálfs-þekkingar og þess að verða Vegurinn sjálfur.

Hagnýt ráðlegging gæti orðið hér að liði:

Lesið vandlega fyrstu þrjár bækur Bhagavad Gita. Vandí Arjuna er vandí allra lærisveina og lausnin er ævinlega sú sama.

Verið viðbúin og gefið hjartanu gaum. Þegar eldurinn færir frá solarplexus orkustöðinni til hjarta-stöðvarinnar, fylgir mikill sársauki. Það er ekki auðvelt að sýna kærleika eins og hinir máttugu gera, með hreinum kærleika sem krefst einskis til baka; með ópersónulegum kærleika sem fagnar viðbrögðum, en leitar þeirra ekki og elskar stöðugt, hljóðlega og djúpt og skilur ekkert undan; vitandi að þegar hver hefur fundið sína eigin leið heim, mun hann komast að því að það heimili er staður vitundarsameiningarinnar.

Verið viðbúin einmanaleika. Það er lögmálið. Þegar maðurinn rýfur tengslin við allt það sem varðar efnis-, geð- og hugarlíkamann og sameinar vitund sína í vitund hins innri manns, myndar það tímabundinn aðskilnað. Þetta verður hann að þola og fara gegnum, því það leiðir seinna til nánari tengsla við alla sem tengjast lærisveininum gegnum karma undangenginna æviskeiða, gegnum hópstarfið og gegnum starf lærisveinsins (sem unnið er næstum ómeðvitað í fyrstu) við að safna saman þeim sem hann mun síðar starfa gegnum.

Ræktið hamingju, í þeirri vitneskju að þunglyndi, sjúkleg könnun innri hvata og óhófleg viðkvæmni fyrir gagnrýni annarra leiðir til ástands, þar sem lærisveinninn er næstum því einskis nýtur. Hamingjan grundvallast á trausti á guðinum hið innra, réttu mati á tíma og að gleyma sjálfum sér. Takið öllum gleðiefnum sem tækifærum til að breiða út fögnuð og berjst ekki á móti gleði og ánægju í þjónustu, af ímynduðum ótta við að það sé líkleg vísbending um að ekki sé allt í lagi. Þjáningin kemur þegar persónuleikinn, lægra sjálfið gerir uppreisn. Hafið stjórn á lægra sjálfinu, upprætið ágirnd, og þá mun gleðin ríkjja.

Verið þolinmóð. Þrautseigjan er eitt af einkennum sálarinnar. Innri hugsuðurinn, sálarmaðurinn *heldur ótrauður áfram*, þar sem hann veit sig ódauðlegan. Persónuleikinn missir kjarkinn, vitandi það að tíminn er naumur.

Fyrir lærisveininn kemur ekkert sem ekki er samkvæmt áætluninni, og þar sem tilgangur og eina þrá hjartans beinist að því að koma fram vilja meistarans og þjóna mannkyninu, hefur það sem gerist í sér upphaf næsta framtaks og felur í sér umhverfi næsta skrefs fram á við. Í þessu felst mikil útskýring og á það getur lærisveinninn treyst, þegar sýn hans óskýrist, þegar sveiflutíðnin er lægri en hún ætti að vera og dómgreindin þokukennd vegna þeirrar hulu sem rís upp af kringumstæðum í efnisheiminum. Hjá mörgum kemur margt fram í geðlíkamanum sem á rætur sínar að rekja til gamallar sveiflutíðni úr fjarlægri fortíð og grundvallast ekki á ráðandi staðreyndum. Baráttan snýst því um að hafa þannig stjórn á tilfinningalegu ástandi, að úr ríkjandi kvíða og áhyggjum megi vaxa öryggi og friður og í stað ofsafenginna verkana og víxlverkana megi koma fullmótuð ró.

Það er hægt að ná því stigi að ekkert sem fyrir kemur, getur ýft hina innri ró; þar sem friður ofar skilningi er þekktur og fundinn, af því að vitundin er miðstillt í sálinni, sem er í sér sjálfri friður, þar sem hún er samvitund hins búddíska lífs; þar sem innri stjórn og jafnvægi ríkir af því að miðja lífsins er í æðra sjálfinu, sem er — í eðli sínu — stöðugleiki; þar sem rósemin ríkir slétt og óhöggud, af því að hinn guðdómlegi innri sálarhugsuður heldur um stjórnartaumana og leyfir enga röskun frá lægra sjálfinu; þar sem lífskyrrðin sjálf næst, sem grundvallast ekki á kringumstæðum í heimunum þrem, heldur á innri skilningi á tilveru utan við ekki-sjálfið, tilveru sem varir, þegar tíminn og rúmið og allt það sem í því felst er ekki; sem er þekkt þegar búíð er að reyna, ganga í gegnum, umbreyta og fara út fyrir allar blekkingar hinna lægri sviða; sem varir þegar hinn litli heimur mannglegrar viðleitni hefur

ummyndast og ummótast og hefur ekki lengur sitt fyrra aðdráttarafl og sem grundvallast á þeirri vitneskju að ÉG ER ÞAÐ.

Slíkt viðhorf og reynsla er fyrir alla þá sem halda ótrauðir áfram við sína háleitu viðleitni, sem telja allt einskis virði, nema það eitt að ná settu marki og halda stöðugri stefnu gegnum ýmsar kringumstæður og hafa stöðugt sjónir á sýninni framundan, hlusta á rödd guðsins hið innra sem hljómar í þögn hjartans; með fætturna staðfastlega á brautinni sem liggur að Hliði vígslunnar; með hendurnar útréttar til aðstoðar heiminum og allt lífið helgað þjónustukallinu. Þá verður allt það sem fram kemur til hins besta — veikindi, tækifæri, árangur og vonbrigði, ókvæðisorð og vélabrögð óvina, skilningsskortur þeirra sem við elskum — allt er til í þeim tilgangi að koma að notum og til að verða ummyndað. Óslitin hugsýn, æðri þrá og innri snerting er álitin mikilvægari en allt annað. Þetta órofna samhengi er það sem stefna á að þrátt fyrir kringumstæðurnar en ekki vegna þeirra.

Þegar leitandanum miðar áfram, kemur hann ekki aðeins á jafnvægi andstæðna, heldur verður honum ljóst hið leynda sem býr í hjarta bróður hans. Hann verður viðurkennt afl í heiminum og verður þekktur sem maður sem hægt er að treysta á til þjónustu. Menn snúa sér til hans um aðstoð og hjálp eftir þekktri leið hans og hann byrjar að óma tón sinn, svo að til hans heyrir í röðum tíva og manna. Þetta gerir hann — þegar hér er komið — með pennanum í bókmenntum, með hinu talaða orði í fyrirlestrum og kennslu, í tónlist, málverkum og listum. Hann snertir hjörtu manna á einn eða annan hátt og verður hjálpanði og þjónn mannkynsins. Hægt væri að nefna tvö einkenni í viðbót á þessu stigi:

Leitandinn metur innra gildi peninga í þjónustu. Hann leitar einskis fyrir sjálfan sig nema þess sem kann að búa hann undir það verk sem þarf að vinna, og hann lítur á peninga og það sem hægt er að fá fyrir peninga sem nokkuð sem á að nota fyrir aðra og sem aðferð til að ná fram áætlun þróunarinnar og meistarans, eins og hann skynjar þessar áætlanir. Dulfræðilegt mikilvægi peninga er lítills metið, en er samt eitt stærsta prófið um stöðu manns á braut reynslunemans, þar sem það varðar viðhorf hans og meðhöndlun á því sem allir menn sækjast eftir til þess að fullnægja löngunum sínum. Aðeins sá sem óskar einskis sjálfum sér til handa, getur orðið viðtakandi fjárhagslegs ríkidæmis og útbýtt auði heimsins. Í öðrum tilfellum, þar sem auðurinn vex, færir hann mönnum ekkert nema hugarangur og ógæfu, óánægju og misnotkun.

Á þessu stigi verður líf leitandans einnig verkfæri eyðileggingar í dulfræðilegri merkingu þess orðs. Hvar sem hann fer, hefur krafturinn, sem flæðir gegnum hann frá hærri sviðum og hans eigin innri guði, stundum einkennileg áhrif á umhverfið. Hann orkar örvandi bæði á gott og illt. Efnisbyggjendurnir eða litlu lífseindirnar sem mynda líkama bróður hans og hans eigin líkama eru á sama hátt örvaðir, starfsemi þeirra er eflað og orka þeirra aukin til muna. Þessa staðreynd nota þeir sem starfa hið innra til að ná fram vissum markmiðum sem óskað er eftir. Það er einnig þetta sem veldur oft tímabundnu falli þroskaðra sálna. Þær þola ekki kraftinn sem hellist inn í þær, eða yfir þær, og vegna tímabundinnar of-örvunar orkustöðva þeirra og starfstækja yfirbugast þær. Þessi áhrif sjást í hópum jafnt og hjá einstaklingum. En hins vegar, ef mána-drottnarnir, eða líf lægra sjálfsins, hafa áður verið undirokaðir og settir undir stjórn, þá verða áhrif orkunnar og kraftsins, sem þeir verða fyrir, þau að örva svörun vitundarinnar innan efnisheilans og höfuðstöðvanna til að sálarsamband náist. Þá verður þessi annars eyðandi kraftur þáttur í hinu góða og hjálpleg örvun, og þeir sem til þekkja geta notað kraftinn til að leiða manninn til frekari uppljómunar.

Öll þessi skref verður að taka í hinum þrem lægri heimum, hverjum fyrir sig, og í persónulíkömunum þrem, og þetta fer fram í samræmi við geisla mannsins og geislagrein. Á þennan hátt miðar verki lærisveinsins áfram og prófun og þjálfun hans stig af stigi. Með þeim hætti er hann leiddur — með rétttri stjórn orku og viturlegri meðhöndlun orkustrauma — að Hliði vígslunnar og hann útskrifast úr Sal lærdómsins inn í Sal viskunnar, þann sal þar sem hann verður smám saman „meðvitaður“ um orku og krafta sem blunda í sálu hans sjálfs og sálarheildi, og þar leyfist honum að nota krafta sálarheildisins, því honum er nú treystandi til að beita orkunni aðeins til hjálpar mannkyninu, og þar sem hann — eftir fjórðu vígsluna — fær hlutdeild í og er treystandi fyrir orku frá Plánetulogosinum, getur hann komið í framkvæmd þróunaráætlun Hans.

Rétt er að leggja á minnið að lærisveinar á fyrsta geisla skilja námið að miklu leyti sem orku, afl eða virkni, en lærisveinar á öðrum geisla skilja það frekar sem vitund og vitundarþenslu. Af þessu stafar mismunandi framsetning og skilningsskortur meðal hugsuða. Það væri ef til vill gagnlegt að

setja hugmyndina um nám lærisveinanna fram með tilliti til mismunandi geisla — það er að segja námið eins og það birtist í þjónustu á jarðneska sviðinu:

1. geisli	Afl	Orka	Virkni	Dulfræðingur
2. geisli	Vitund	Þensla	Vígsla	Sannur sjáandi
3. geisli	Aðlögun	Þroski	Þróun	Töframaður
4. geisli	Tíðni	Svörun	Tjáning	Listamaður
5. geisli	Hugsun	Þekking	Vísindi	Vísindamaður
6. geisli	Hollusta	Háleitni	Hugsjónir	Tilbiðjandi
7. geisli	Mögnun	Kynngi	Helgisiðir	Siðameistari

Munið að hér erum við að fjalla um lærisveina. Seinna, þegar lærisveinunum miðar áfram, þá nálgast hinar ýmsu leiðir og blandast. Allir hafa einhvern tímann verið töframenn, því allir hafa verið á þriðja geislanum. Vandinn núna varðar launspekinginn og dulfræðinginn og væntanlega samþættingu þeirra. Nákvæm athugun á því sem á undan er komið, mun leiða til skilnings á að erfiðleikarnir í samskiptum hugsuða og á milli lærisveina allra hópa, stafa af því að þeir samkenna sig einhverju formi og að þeir geta ekki skilið mismunandi sjónarmið annarra. Þegar tíminn líður og þeir komast í nánara samband við meistarana tvo sem þeir tengjast (sinn eigin innri guð og persónulegan meistara sinn), mun vangeta þeirra til að starfa saman og sameina hagsmuni sína til góðs fyrir hópinn hverfa; og sameiginleg viðleitni, lík markmið og gagnkvæmt samstarf koma í stað sundurleitni þeirrar sem nú ber svo mikið á. Það væri gagnlegt að velta þessu fyrir sér, því hér er lykillinn að mikilli ráðgátu sem veldur mörgum áhyggjum.

BRAUT VITUNDARVÍGSLUNNAR

Að lengri eða skemmri tíma liðnum stendur lærisveinninn frammi fyrir Hliði vígslunnar. Við verðum að hafa það hugfast að þegar maður kemur að þessu hliði og nálgast meistarann er hann, eins og segir í bókinni „*Leiðarljós*“, „*Light on the Path*“ með fætuna baðaða í blóði hjartans. Við hvert skref upp á við er ævinlega fórn að öllu því sem hjartanu er kært á einu sviði eða öðru og þessi fórn verður ávallt að vera sjálfviljug. Sá sem gengur braut reynslunemans og hina helgu braut viskunemans veit hvað það hefur í för með sér, verðmætaskyn hans hefur tekið breytingum og hann dæmir þess vegna ekki eins og veraldlega sinnaður maður dæmir. Hann er maður sem reynir að ná „ríkinu með valdi“ og er búinn undir þær þjáningar sem af tilrauninni hljótask. Hann er sá maður sem metur allt sem tap nema það eitt að ná settu marki, og meðvitaður um baráttu æðra sjálfsins við að ná yfirráðum yfir hinu lægra er hann reiðubúinn að færa fórnir allt til dauða.

Fyrstu tvær vígslunnar.

Við fyrstu vígsluna verður sálin að hafa náð góðri stjórn yfir efnislíkamanum. Yfirvinna verður „syndir holdsins“, eins og það er kallað í kristni; matgræðgi, drykkja og lauslæti má ekki lengur ríkjja. Hin efnislega formgervisvera fær ekki lengur kröfum sínum framgengt; yfirráðin verða að vera fullkomin og freistingin horfin. Almennt hlýðniviðhorf gagnvart æðra sjálfinu verður að hafa náðst og viljinn til hlýðni verður að vera mjög sterkur. Farvegurinn milli hins æðra og lægra víkkar og hlýðni formsins verður í raun ósjálfráð.

Margar ástæður kunna að vera fyrir því að ekki hafa allir vígsluhafar náð þessu stigi, en sá tónn sem þeir gefa frá sér ætti að óma af réttisýni; viðurkenning þeirra á eigin göllum verður einlæg og opinber og baráttu þeirra við að laga sig að ýrtruðu kröfum verður þekkt, jafnvel þótt fullkomun náist ef til vill ekki. Vígsluhafar geta fallið, og það gera þeir, og þannig kalla þeir yfir sig lögmálið í ögunarskyni. Með falli sínu geta þeir skaðað hópinn og þannig kallað yfir sig aðlögunarkarma og verða þá síðar að bæta skaðann með framlengdri þjónustu, þar sem meðlimir hópsins, þótt ómeðvitað sé, beita lögmálinu; þroski vígsluhafanna verður þess vegna fyrir alvarlegri hindrun, og mikill tími tapast þar sem þeir verða að vinna úr karma með þeim úr hópnum sem urðu fyrir skaða. Sú staðreynd að maður er vígsluhafi, og þess vegna milliliður fyrir verulega aukna orku, veldur því að hrösun hans af hinni beinu braut hefur meiri áhrif en ef um mann, styttra kominn á þroskabrautinni, væri að ræða; réttlát refsing hans verður þeim mun meiri. Það er óhjákvæmilegt að hann verður að greiða sitt gjald áður en honum leyfist að halda áfram á brautinni. Hvað um hópinn sem hann skaðar, hvert ætti viðhorf hans að vera? Viðurkenning á alvöru mistaka, viturleg viðurkenning á staðreyndum málsins, að forðast óbróðurlega gagnrýni, og að sveipa kærleika um hinn brotlega bróður — allt þetta, í tengslum við slíkar gjörðir, mun í reynd gera almenningi, sem fylgist með, ljóst að slík gildruglöp og brot á lögmálinu eru ekki látin viðgangast. Þar að auki verður að koma fram það viðhorf hjá viðkomandi hóp sem fær meðlimi hans (á sama tíma og þeir grípa til einarðra aðgerða) til að hjálpa hinum afvegaleidda bróður að sjá villu sína, að vinna úr refsikarma og síðan að endurreisa hann í augliti hópsins, þegar tilhlýðilegar umbætur hafa verið gerðar.

Það þroskast ekki allir eftir nákvæmlega sömu eða samhliða leiðum og þess vegna er ekki hægt að setja neinar fastar eða ákveðnar reglur um það hvernig hver vígsla fer nákvæmlega fram, hvaða orkustöðvar eru lífmagnaðar eða hvaða sýn er veitt. Svo mikið veltur á geisla lærisveinsins, eða þróun hans í einhverja ákveðna átt (fólk þroskast yfirleitt ekki jafnt), á einstaklingskarma hans, og einnig brýnum þörfum á hverjum tíma. Það er samt hægt að minna á eftirfarandi: Við fyrstu vígsluna, sem tengist fæðingu Kristspáttarins, er það yfirleitt *hjärtastöðin* sem lífmagnast, með það að markmiði að

ná betri stjórn á geðlíkamanum og veita mannkyninu meiri þjónustu. Eftir þessa vígslu eru vígsluhafanum aðallega kenndar staðreyndir tilfinninga sviðsins; hann verður að koma tilfinningalíkamanum í jafnvægi og læra að starfa á geðræna sviðinu jafn fyrirhafnarlaust og auðveldlega og á jarðneska sviðinu; honum er komið í samband við astral-tívanna; hann lærir að stjórna formgervisverum tilfinninga sviðsins; hann verður að starfa fyrirhafnarlaust á hinum lægri millisviðum og verðleikar og gæði starfs hans á jarðneska sviðinu verða meira virði. Við fyrstu vígsluna fer hann úr Sal lærdómsins yfir í Sal vискunnar. Á þessum tíma er áherslan sífellt lögð á tilfinningalegan þroska hans, þótt huglægir hæfileikar vaxi stöðugt.

Mörg æviskeið geta liðið á milli fyrstu og annarrar vígslunnar. Langur tími margra jarðvista getur liðið áður en fullri stjórn yfir geðlíkamanum er náð og vígsluhafi er tilbúinn fyrir næsta skref. Hliðstæðan er sýnd á áhugaverðan hátt í Nýja testamentinu í ævi vígsluhafans Jesú. Mörg ár liðu á milli fæðingar og skírnar, en þau þrjú skref sem eftir voru, voru tekin á þrem árum. Þegar gengist hefur verið undir aðra vígsluna getur þróunin orðið mjög hröð, svo hröð að þriðja og jafnvel fjórða vígslan kann að fylgja í sama lífi, eða því næsta á eftir.

Önnur vígslan myndar *straumhvörf* í stjórn geðlíkamans. Á sama hátt og stjórn yfir hinum efnisþetta líkama næst við fyrstu vígsluna, kemur stjórn yfir hinu tilfinningalega við aðra vígsluna. Fórn og alger agi löngunar hefur verið takmark viðleitninnar. Innri hugsuðurinn hefur náð yfirhöndinni yfir sjálfri lönguninni og það eitt er þráð sem er mannkyninu fyrir bestu og í samræmi við vilja sálarinnar og meistarans. Formgervisveru geðræna sviðsins er stjórnað, geðlíkaminn verður hreinn og tær og hið lægra eðli ummyndast hratt. Þegar hér er komið, grípur innri hugsuðurinn hina tvo lægri líkama að nýju og beygir þá undir vilja sinn. Þráin og löngunin til að þjóna, elska og þroskast verður svo sterk að hröð og kraftmikil þróun á sér yfirleitt stað. Þetta er orsök þeirrar staðreyndar að þessi vígsla og sú þriðja eru nokkuð oft teknar á einu og sama æviskeiðinu. Á þessu tímabili í sögu heimsins hefur slík örvun verið veitt þróuninni að leitandi sálar, sem finna sára og hrópandi þörf mannkynsins, fórna öllu til að svara þessari miklu þörf.

Við megum ekki gera þau mistök að halda að allt þetta fylgi í sömu óumbreytanlegri röð skrefa og þrepa. Margt er gert samtímis, því að vinnan við að stjórna er hæg og erfið, en á tímabilinu milli fyrstu þriggja vígslanna verður að ná ákveðnu stigi þroska í hinum þrem lægri líkömum, og þeim áfanga haldið, áður en óhætt er að leyfa aukið orkustreymi og frekari útvíkkun á rás orkunnar. Mörg okkar eru nú að fást við persónulíkamana þrjá, þar sem við göngum braut reynslunemans.

Ef venjulegri stefnu er fylgt þegar önnur vígslan er tekin (sem er engan veginn öruggt) lífmagnast *hálsstöðin*. Það gerir mögulegt að hagnýta árangur lægri hugans í þjónustu meistarans, og til hjálpar mönnum. Hálsstöðin miðlar getunni til að mæla fram og gefa frá sér það sem er hjálplegt, ef til vill í hinu talaða orði, en *örugglega* með einhvers konar þjónustu. Veitt er sýn yfir þarfir heimsins og stærri hluti Áætlunarinnar er sýndur. Það verk sem vinna þarf, áður en þriðja vígslan er tekin, er því að umbreyta fullkomlega persónulegum sjónarmiðum vegna þarfar og framfara heildarinnar. Þriðja vígslan hefur í för með sér fullkomið vald hins innri hugsuðar á rökhusuninni.

Þær tvær vígslur sem á eftir koma.

Eftir aðra vígsluna færist kennslan upp um eitt heilt svið. Vígsluhafinn lærir að stjórna hugarlíkamanum; hann eflir með sér getuna til að hafa áhrif á hugsanaefni og lærir lögmál skapandi hugmyndamyndunar. Hann starfar óhindrað á fjórum lægri sviðsstigum hugar sviðsins og fyrir þriðju vígsluna verður hann — meðvitað eða ómeðvitað — að vera fullkominn meistari yfir hinum fjórum lægri millisviðum hinna þriggja heima, persónuheimunum þrem. Þekking hans á smáheiminum verður ýtarleg og hann hefur, að miklu leyti, náð fræðilegum og raunverulegum tókum á lögmálum eigin eðlis. Þar af leiðir geta hans til að vera meistari til reynslu á hinum fjórum lægri sviðsstigum, efnis sviðsins, tilfinninga sviðsins og huglæga sviðsins. Þessi síðast talda staðreynd er áhugaverð. Vald yfir hinum þrem æðri millisviðum er enn ekki fullkomið og hér er komin ein af skýringunum á brestum og mistökum vígsluhafa. Vald þeirra á efninu á hinum þrem æðri sviðsstigum er enn ekki fullkomið; enn á eftir að ná valdi yfir þeim.

Við þriðju vígsluna, sem stundum er nefnd ummyndunin, flæðir ljós að ofan um allan persónuleikann. Það er ekki fyrr en eftir þessa vígslu að mónadinn leiðbeinir sálinni af festu og umhyggju og veitir guðdómlegu lífi sínu í æ ríkara mæli gegnum tilbúinn og hreinsaðan farveginn; sambærilega eins og sálin einstaklingsmyndaði persónuleikann með beinni snertingu í þriðju hnattakeðjunni, tunglkeðjunni; aðferð sem er ólík einstaklingsmynduninni eins og hún gerist í þessari hnattakeðju, fjórðu hnattakeðjunni. Ef lögmáli samsvarana væri beitt hér, gæti það reynst mjög upplýsandi og kynni að sýna fram á athyglisverða hliðstæðu á milli aðferða við einstaklingsmyndun í hinum ýmsu hnattakeðjum og vitundarþenslum sem eiga sér stað við mismunandi vígslur.

Enn er veitt sýn til þess sem framundan liggur; vígsluhafinn er ávallt í aðstöðu til að bera kennsl á aðra meðlimi Hinnar miklu hvítu stúku og dulrænir hæfileikar hans eru örvaðir með lífmögnun *höf-uðstöðvanna*. Það er hvorki nauðsynlegt né ráðlegt að þjálfra hina samtengjandi hæfileika, eða dulheyrn og skyggni, fyrr en eftir þessa vígslu. Markmið allrar þróunar er að vekja upp andlegt innsæi; þegar það hefur verið gert, þegar efnislíkaminn er flekklaus, tilfinningalíkaminn stöðugur og í jafnvægi og hugarlíkaminn undir stjórn, þá getur vígsluhafinn örugglega beitt og notað á viturlegan hátt þessa dulrænu hæfileika til hjálpar mannkyninu. Hann getur ekki aðeins notað þessa hæfileika, heldur getur hann nú skapað og lífmagnað hugsanaform sem eru skýr og vel skilgreind, full vilja til þjónustu og ekki undir stjórn lægri hugans eða tilfinningahvata. Þessi hugsanaform munu ekki verða sundurlaus, ótengd og samhengislaus (eins og raunin er með þau sem fjöldinn skapar), heldur munu hugmyndirnar ná góðri samþættingu. Vinnan er erfið og stöðug áður en þetta er hægt, en þegar langanaeðlinu hefur verið komið í jafnvægi og það hreinsað, þá verður auðveldara að ná valdi yfir hugarlíkamanum. Þess vegna er braut tilbiðjandans á vissan hátt auðveldari en braut hins vitræna manns, því hann hefur lært með aðferð tilfinninga-ummyndunar og þroskast í áföngum sem af henni leiðir.

Persónuleikinn hefur nú náð því stigi þar sem sveiflutíðni hans er mjög há, efnið í öllum líkömunum þrem tiltölulega hreint, og skilningur hans á því starfi sem inna þarf af hendi í smáheiminum og því starfi í stórheiminum, sem taka þarf þátt í, er mjög þroskaður. Það er því augljóst hvers vegna það er ekki fyrr en við þriðju vígsluna sem Hinn mikli helgistjórnandi, sjálfur Lávarður heimsins, stjórnar athöfninni. Þá fyrst í vígslu hefur Hann samband við vígsluhafann. Fyrr væri það ekki hægt. Við fyrstu tvær vígslurnar er það heimsfræðarinn Kristur sem stjórnar athöfn vígslunnar. Hann sem er elstur meðal margra bræðra, var einn hinna fyrstu af okkar mannkyni til að taka vígslu. Browning birtir þessa hugsun á hinn fegursta hátt í ljóði sínu „*Saul*:“

..... Það mun verða
andlit eins og andlit mitt sem mætir þér; maður
eins og fyrir mér,
munt þú elska og verða elskaður af, að eilífu;
hönd eins og þessi hönd
mun hrinda upp hliði nýs lífs fyrir þér!
Sjá Kristur þar er!

En þegar vígsluhafinn hefur náð enn lengra og tekið tvær vígslur verður á breyting. Sjálfur Lávarður heimsins, Hinn aldni frá upphafi daga, Hinn ólýsanlegi stjórnandi, stjórnar þriðju vígslunni. Hvers vegna er þetta orðið mögulegt? Vegna þess að nú getur hinn fullkomlega helgaði efnislíkami örugglega þolað sveiflutíðni hinna persónulíkamanna tveggja, þegar þeir snúa aftur til efnislíkamans úr návist KONUNGSINS; — því nú getur hinn hreinsaði tilfinningalíkami og hinn agaði hugarlíkami af öryggi staðið frammi fyrir KONUNGINUM.

Þegar vígsluhafar taka sína *stöðu*, hreinsaðir og með styrkri stjórn innra sjálfsins, og samstillast í fyrsta sinn *meðvitað* geisla mónadsins, þá er hægt að veita vígsluhöfum hæfileikann til að sjá og heyra á öllum sviðum og þeir geta þá beitt þeim hæfileika af öryggi til að lesa og skilja akasha-skrárnar; því með fyllri þekkingu kemur aukið vald. Hjartað er nú nægilega hreint og kærleiksríkt og vitsmunirnir nægilega stöðugir til að þola álag *þekkingarinnar*.

Áður en hægt er að gangast undir fjórðu vígsluna er hert á þjálfuninni, og söfnun þekkingar verður að vera ótrúlega hröð. Vígsluhafinn hefur tíðan aðgang að safni dulfræðilegra rita, og eftir þessa vígslu getur hann ekki aðeins haft samband við meistarann, sem hann er tengdur og sem hann hefur

unnið meðvitað með um langa hríð, heldur getur hann einnig haft samband við og aðstoðað að einhverju marki chohana, heimsfræðarann og mannkynshöfðingjann.

Hann verður jafnframt að öðlast vitrænan skilning á lögmálum lægri heimanna þriggja, persónuheimanna, og verður á sama hátt að beita þeim skilningi til framdráttar þróunaráætluninni. Hann rannsakar kosmísku áætlanirnar og verður að ná valdi á tilheyrandi tæknilegum og aflfræðilegum uppdráttum; hann verður vel að sér í dulfræðilegum sérgreinum og þróar með sér sýn yfir víddarskilin, til fjórðu víddarinnar, ef hann er ekki þegar búinn að því. Hann lærir að stjórna gerðum byggingartívanna og á sama tíma vinnur hann stöðugt að því að þroska andlegt eðli sitt. Hann byrjar að samstillta hratt búddíska líkamann, og í samstillingu hans þróar hann vald samfjöllunar, í fyrstu að litlu leyti, en smám saman af meiri nákvæmni.

Þegar fjórða vígslan er tekin hefur vígsluhafinn náð fullkomnum tökum á hinum fimm lægri millisviðum heimanna þriggja, og þar með fimmta millisviðinu, og er þess vegna fullnuma — svo notað sé tæknilegt orðalag — á hinum fimm lægri sviðsstigum efnisheimsins, astral-heimsins og hugarheimsins og er kominn vel á veg með að ná tökum á sjötta millisviðinu. Hann getur nú starfað í sálarlíkamanum á hinum tveim lægri millisviðum búddíska sviðsins.

Líf þess manns, sem tekur fjórðu vígsluna, eða krossfestinguna, er yfirleitt líf mikilla fórna og þjáninga. Það er líf þess manns sem tekur á sig hina miklu fórn og jafnvel í ytri birtingu þess sést að það er erfitt, þungbært og sársaukafullt. Hann hefur lagt allt, jafnvel fullkomnaðan persónuleika sinn, á altari fórnarinnar og stendur eftir sviptur öllu. Allt er gefið eftir og öllu er fórnað ef þörf krefur til að fullkomna þjónustuna; auðlegð, mannorði, álit annarra, veraldlegri stöðu, vinum, fjölskylduböndum og jafnvel lífinu sjálfu.

Lokavígslurnar.

Eftir fjórðu vígsluna er ekki mikið eftir sem gera þarf. Yfirráð yfir sjötta millisviði persónuheimanna, næst efsta millisviðinu, koma þá fljótt, og efni í efri sviðsstigum búddíska sviðsins er stillt saman. Vígsluhafanum eru leyfð nánari tengsl í Stúkunni og samband hans við englana er fullkomnara. Hann er óðum að þurrausa þekkingarforðann í Viskusalnum og er að ná valdi á flóknustu áætlunum og uppdráttum. Hann verður fullnuma í mikilvægi lita og hljóðs, getur beitt lögmálinu í persónuheiminum þrem og getur verið í nánara sambandi við sinn mónad en meirihluti mannkyns við sálir sínar. Hann stjórnar einnig viðamiklu starfi, kennir mörgum nemendum, aðstoðar í mörgum plánetukerfum og safnar saman undir sinni stjórn þeim sem eiga að aðstoða hann á komandi tímum. Þetta á aðeins við um þá sem verða kyrrir til að hjálpa mannkyninu á þessari plánetu; við munum seinna fjalla um þær þróunarleiðir sem liggja fyrir fullnuma, ef hann flyst burt frá jarðarþjónustunni.

Eftir fimmtu vígsluna er maðurinn fullkomnaður, svo langt sem þessi plánetukerfisþróun gerir nú kröfur til, þótt hann geti, ef hann vill, gengist undir tvær vígslur í viðbót.

Til að öðlast sjöttu vígsluna verður fullmuminn að fara í mjög strangt nám í plánetuafllæði. Meistari beitir lögmálinu í heimunum þrem, en chohan sjöttu vígslunnar beitir lögmálinu í hnatta-keðjunni á öllum stigum; chohan sjöundu vígslunnar beitir lögmálinu í öllu sólkerfinu.

Það verður augljóst að ef nemandinn athugar þessi efni af gaumgæfni, mun hann finna margt sem varðar hann persónulega, jafnvel þótt sjálf athöfnin sé langt undan. Með rannsókn á vígsluathöfninni og tilganginum gerir hann sér ef til vill grein fyrir hinni miklu grundvallarstaðreynd, að vígslan felur í sér:

- a. Orkuvitund.
- b. Orkubeytingu.
- c. Orkunýtingu.

Vígsluhafar á öllum stigum, allt frá hinum lítilláta vígsluhafa af fyrstu gráðu, sem er í fyrsta sinn að komast í snertingu við ákveðna gerð sérhæfðrar orku, til hins frelsaða búddha af sjöundu gráðu, fást við einhverja tegund orku. Hægt er að setja þróunarstig leitandans fram á eftirfarandi hátt:

1. Hann þarf með sundurgreiningu að vera meðvitaður um orku persónuleikans, kraft lægra sjálfsins.

2. Hann verður að þvinga ofan á þessa orkuhrynjandi aðra sem hefur hærri tíðni, þar til þessi lægri hrynjandi er leyst af hólmi af þeirri hærri og gamla aðferðin við að tjá orku deyr algerlega út.

3. Honum er síðan leyft, eftir því sem skilningur hans vex, að hafa samband við og beita vissum tegundum af heildisorku undir leiðsögn, þar til sá tími kemur að hann er í aðstöðu til að beita plánetuorku á vísindalegan hátt. Sá tími sem lokastig hans tekur, er algerlega kominn undir þeim framförum sem hann nær í þjónustu sinni við mannkynið og þeim þroska sem máttur sálarinnar tekur og er eðlilegt framhald andlegrar þróunar.

Beiting heimsfræðarans á vígslusprotanum við fyrstu tvær vígslurnar gerir vígsluhafanum kleift að stjórna og hagnýta orku lægra sjálfsins, hinn sanna helgaða kraft persónuleikans í þjónustu. Við þriðju vígsluna verður beiting Höfuðvígjandans Eina á sprotanum til þess að orka æðra sjálfsins, sálarinnar, verður tiltæk á miklu viðameiri hátt, og virkjar í efnisheiminum alla þá orku sem safnast hefur saman í sálarlíkamanum í þúsundum jarðvista. Við fjórðu vígsluna verður orka sálarheildis hans honum handbær til góðs fyrir plánetuþróunina, og við fimmtu vígsluna fær hann umráð yfir krafti eða orku plánetunnar (samkvæmt innræðum skilningi, en ekki aðeins krafti eða orku efnishattarins). Á meðan á þessum fimm vígslum stendur, eru þessar tvær miklu verur, fyrst heimsfræðarinn og síðan Höfuðvígjandinn Eini, Lávarður heimsins, Sanat Kúmara, stjórnendur eða helgistjórnendur. Eftir þessar helgiathafnir, ef vígsluhafinn skyldi kjósa að gangast undir tvær síðustu vígslurnar sem mögulegt er að taka í þessu sólkerfi, kemur til skjalanna enn hærri gerð orku Hins Eina Sjálfs, en um þá vitund má ekki segja meira. Við sjöundu vígsluna verður LOGOS alls okkar plánetukerfis, Hinn Þögli Alsjáandi á sínu æðra sviði, helgistjórnandinn; sá sem sjálfur Lávarður heimsins, Sanat Kúmara persónubirtir. Við sjöttu vígsluna, og á millisviði, beitir birting þessarar Veru sprotanum og stjórnar eiðnum og veitingu leyndardómsins, Vera sem á okkar tímum verður að hafa nafnleynd. Í þessari þreföldu birtingu Helgivaldsins — Sanat Kúmara á útjaðri heimanna þriggja, Hinn nafnlausí á endamörkum hinna hærri sviða mannglegrar þróunar, og Plánetu-Andinn sjálfur á lokastiginu — höfum við hina miklu þriggreindu birtingu Sjálfs Plánetulogossins. Við hina miklu lokavígslu streymir máttur Sólarlogossins gegnum Plánetulogosinn, og það er Hann sem opinberar fyrir vígsluhafanum að Alguðinn er vitund í sinni fyllstu tjáningu; þótt á stigi mannglegrar tilveru verði að álíta Almættið sem meðvitundarleysi.

Hver hinna miklu vígslna er samfjöllun hinna smærri og aðeins með því að leitast við að víkka út vitund sína í daglegu lífi getur maðurinn búist við að komast á þessi síðari stig sem eru aðeins hástig hinna mörgu sem á undan komu. Nemendur verða að losna við þá hugmynd að ef þeir séu „mjög góðir og fórnfúsir“ muni þeir allt í einu einhvern daginn standa frammi fyrir hinum mikla lávarði. Þeir setja afleiðinguna fram fyrir orsökina. Góðsemi og fórnfýsi vex upp af skilningi og þjónustu, og helgun persónuleikans er afleiðing þeirra vitundarvíkkana sem maður nær fram hið innra með sér með ákafri viðleitni og kappkostun. Það er því hér og nú sem maðurinn getur búið sig undir vitundarvígslu, og þetta gerir hann, ekki með því að dvelja við helgiathafnir, sem svo margir gera í spenntri eftirvæntingu, heldur með því að vinna kerfisbundið og varanlega að stöðugum þroska hugarlíkamans, með því átakamikla og erfiða ferli að stjórna tilfinningalíkamanum, svo að hann geti brugðist við þrenns konar sveiflum:

- a. Frá sálinni.
- b. Frá meistararum.
- c. Frá bræðrum sínum hvarvetna.

Hann verður *næmur* fyrir rödd æðra sjálfsins og vinnur þannig úr karma undir viturlegri leiðsögn sinnar eigin sálar. Í gegnum sálinna verður hann meðvitaður um þær sveiflur sem koma frá meistara hans; hann lærir að *finna* þær sífellt betur og betur og bregðast æ betur við þeim; loks verður hann smám saman næmari fyrir gleði, sársauka og sorgum þeirra sem hann umgengst daglega; hann finnur þetta sem sína gleði, sársauka og sorgir, en samt verður það ekki til að draga úr hæfni hans.

ALHEIMSGILDI VITUNDARVÍGSLU

Á það hefur margsinnis verið lögð áhersla í dulfræðikenningum að vígsluferlið, eins og það er yfirleitt skilið, sé óvenjulegt, en ekki venjulegt. Allar framfarir innan vitundarinnar, með hinni venjulegu þroskaleið, eru eðlileg stighækkandi hægfara vakning sem myndi eiga sér stað á mun lengri tíma en sú þróun er nú fer fram á okkar plánetu. Þessi ákveðna aðferð við að þroska vitund mannsins var tekin upp af Helgistjórninni á meðan Atlantis-kynstofninn var við lýði, í lok tímabils fjórða kynþáttarins og mun halda áfram þangað til um mitt næsta umferðartímabil. Þegar þar að kemur, verður búið að láta þá örvun í té sem þarf, og þar sem þrír fimmtu hlutar mannkynsins munu þá hafa „sett fætur sína á vígslubrautina —Veginn,“ dulfræðilega séð, og stór hluti þeirra verður þá á leiðinni með að verða Vegurinn sjálfur, mun eðlilegri háttur tekinn upp aftur.

Vitundarvígslur á ýmsum plánetum.

Aðferðin við að örva sálir manna með stigvaxandi leiðbeiningum og hinni gífurlegu raforku vígslusprotans er viðhöfð á þremur plánetum í okkar sólkerfi á þessum tíma. Örvunin í okkar sólkerfi er innleidd í hverri fjórðu umferð, og sú staðreynd er athyglisverð að áhersla er lögð á fjórðu vígsluna, vígslu krossfestingarinnar, fyrir fjórða skapandi lífríkið, mannríkið, í hverri fjórðu hnattakeðju og á hverjum fjórða hnetti á meðan á fjórðu umferð kynstofna stendur. Fjórða skapandi lífríkið, mannkynið, er hin mikla tjáning meðvitaðs vilja og fórnar Sólarlogossins og er hið mikla tákn vitrænnar sameiningar anda og efnis. Þar af leiðir að fjórða vígslan hefur sérstöðu með framsetningu sinni á þessum alheimssannleik og með því að vera ímynd fyrir tilgang þessarar grundvallarfórnar.

Nemandinn þarf að hafa í huga að hin plánetukerfin hafa mjög ólíka raunbirtingu, vegna mismunandi einkenna og einstaklingskarma hins formbirta Plánetulogoss eða geislans, þótt þau séu í grundvallaratriðum þau sömu og plánetukerfi okkar sem er fjórða kerfið. Þessi munur hefur áhrif á:

a. Vígsluferlið, hvað siðareglur og fórnarlund varðar.

b. Beitingu vígslusprotans, því sú orkutegund sem hann felur í sér, þegar hann er settur í samband við sérgreinda plánetuorku, hefur mismunandi áhrif hvað viðkemur eðli og styrkleika.

c. Tímasetning vígslunnar. Sálir sem hafa persónubirtingu á einhverri plánetunni munu, eða munu ekki — eftir geislagerð sinni — auðveldlega verða fyrir örvun, allt eftir stjarnspekilegum aðstæðum, og þetta styttr eða lengir þroskaskeiðið á undan eða milli vígslna.

d. Rafmagnsfyrirbæri sem myndast á hinum æðri sviðum, þegar mennirnir „ljóma“ æ meira á innræðan hátt. Hafa verður í huga að gjörvallt sólkerfið, með öllu sem því tilheyrir, tjáir sig með *ljósi* og að þess vegna er hægt að líta á ferli vígslunnar sem ferli þar sem mismunandi ljósstöðvar (eða mannlegir neistar) eru örvaðar, útgeislun þeirra og hitastig aukið og áhrifasvæði hvers ljóss stækkað.

Plánetukerfin þrjú, þar sem hin mikla tilraun með aðferð vígslunnar fer nú fram, eru Jörðin, Venus og eitt að auki. Fyrst var tilraunin gerð á Venus og árangur viðleitninnar og orkumyndunin sem þar átti sér stað olli því að hliðstæð tilraun var gerð á okkar plánetu. Engin pláneta eykur orkuförða sinn og þar af leiðandi áhrifasvæði sitt án þess að kalla yfir sig skyldur og hafa áhrif á önnur plánetukerfi; víxlverkun orku og krafta á milli þessara tveggja plánetna, Jarðarinnar og Venusar, er stöðug. Svipuð rás hefur nú nýlega verið innleidd í öðru plánetukerfi, og þegar Jörðin okkar nær, í næstu umferð, þróunarstigi sem er sambærilegt við það þróunarstig sem Venusarkerfið hafði náð, þegar við fundum fyrir áhrifum þess, þá munum við hjálpa til við að örva enn annan hóp sálna á annarri plánetu; við munum aðstoða við að koma á svipuðum framgangsmáta á meðal mannsöna í öðru plánetukerfi.

Í hinum þrem miklu plánetukerfum, Neptúnusar, Úranusar og Satúrnusar, mun aðferð vitundarvígslunnar ekki verða beitt. Þau munu taka við þeim sem eru dulfræðilega „hólpnir“ frá hinum plánetukerfunum. Það er að segja að allir þeir sem ná nauðsynlegri þenslu vitundarinnar, í hvaða plánetukerfi sem er (eins og meiri hluti okkar mannkyns mun gera fyrir miðja næstu stóru hringrás eða umferð), munu taldir „hólpnir,“ en aðrir verða taldir hafa brugðist og þeim haldið eftir til að þroskast frekar á seinni skeiðum eða verða fluttir til þeirra plánetukerfa sem í tímans rás hafa ekki náð jafn langt í þroska og kerfisþróun Jarðarinnar. Þessi þrjú meginplánetukerfi draga til sín og samtengja orku frá öðrum plánetukerfum.

Vitundarvígsla og tívarnir.

Þeirri spurningu má varpa fram, hvort tívarnir gangist undir vitundarvígslu og hér er hægt að fjalla um þetta atriði í stuttu máli.

Vitundarvígsla snertir meðvitaðan þroska sjálfsins og varðar viskupátt Hins Eina Sjálfs. Hún gerir ráð fyrir þróun vitsmunapáttarins og felur í sér skilning mannsins á tilgangi og vilja, og skynsamlegri þátttöku hans í þróun heildarinnar með alúð og þjónustu. Tívarnir, eru ekki ennþá sjálfs-meðvitaðir, að undanskildum hinum æðri tívum, englum sem hafa á fyrri tímaskeiðum farið gegnum ríki mannsins og aðstoða nú við þróun hans. Tívarnir vaxa og þroskast gegnum *næmi*, en ekki með mætti meðvitaðrar hugsunar. Maðurinn, hins vegar, vex með þenslu meðvitaðs skilnings, að eigin frumkvæði. Það er leið æðri þrjár og meðvitaðrar viðleitni og er erfiðasta þróunarleiðin í sólkerfinu, því hún fylgir ekki greiðustu leiðinni, heldur leitast við að koma af stað og þvinga fram æðri hrynjandi. Tívarnir fara greiðustu leiðina, leið minnstrar mótstöðu og leitast við að tileinka sér með fyllsta næmi og skynjun sveiflutíðni *hlutanna eins og þeir eru*. Þess vegna er aðferð þeirra sú að meta sífellt meira tilfinningu augnabliksins, en ekki eins og hjá manningum, að vanmeta í síauknum mæli hlutina eins og þeir eru, efnisþáttinn; sem leiðir af sér þá viðleitni að teygja sig út úr takmörkunum hins hlutlæga og umlykja í vitund sinni hinn innri raunveruleika, þátt andans — gagnstætt hlutum efnisins. Tívarnir leitast við að skynja, en maðurinn leitast við að vita og skilja. Fyrir þeim fyrrnefndu er þessi þensla vitundarinnar, sem við nefnum vígslu, því ekki til nema í tilfellum þeirra háþróuðu vera sem bæði skynja og vita, þar sem þær hafa farið gegnum stig mannsins og samkvæmt þróunarlögmálinu auka sífellt við þekkingu sína.

Kosmísk áhrif og sólarvígslur.

Það eina, sem hægt er að gera hér í umfjöllun um þetta háleita viðfangsefni, er að nefna í stuttu máli nokkur hinna kosmísku áhrifa sem verka mjög ákveðið á jörðina okkar, hafa áhrif á vitund manna hvarvetna og leiða fram viss einkenni, meðan á athöfn vígslunnar stendur.

Fyrst og fremst er það orkan eða krafturinn sem *sólin Síríus* gefur frá sér. Ef svo mætti að orði komast, berst hugsanakrafturinn eða hugarorkan í heild sinni til sólkerfisins frá fjarlægri kosmískri orkustöð gegnum Síríus. Síríus verkar sem miðstöð orkumiðlunar eða orkumiðstöð, og þaðan berast þau áhrif sem mynda sjálfs-vitund með manningum. Meðan á vitundarvígslunni stendur er þessi orka mögnuð eitt augnablik með vígslusprotanum (sem verkar sem orkumiðill og öflugur magnari) og beint að orkustöðvum vígsluþegans af gífurlegum krafti; ef ekki kæmi til að helgistjórnandinn og tveir vígsluvottar vígsluþegans leiða orkuna að mestu leyti gegnum líkama sína, væri hún meira en hann þylði. Þessi aukna hugarorka leiðir af sér þenslu og skilning á sannleikanum, eins og hann er, og hefur varanleg áhrif. Áhrifin eru mest í hálsstöðinni, hinu mikla sköpunartæki hljóðsins.

Annars konar orka kemur til mannsins frá Sjóstirninu *Pleiades* og fer gegnum Venusarkerfið til okkar, á sama hátt og Síríusorkan fer gegnum Satúrnusarkerfið. Hún hefur skýr áhrif á sálarlíkamann og örvar hjartastöðina.

Þriðju orkugerðinni er beint að vígsluhafanum og hefur áhrif á höfuðstöðina. Hún á upptök sín í þeirri af sjö stjörnum *Stóra bjarnarins* sem hefur lífaflgjafa í sams konar tengslum við Plánetulogos okkar og æðra sjálfið hefur við persónuna. Þessi orka er þess vegna sjögreind og er mismunandi eftir geisla eða sálargerð; sálarlitrófi mannsins.

Hér er ekki mögulegt að segja til um notkunarröð þessara ólíku orkutegunda, né gefa upp við hvaða vígslur maðurinn kemst í snertingu við hinar mismunandi orkutegundir. Þessar staðreyndir snerta leyndarmál launhelganna og það þjónar engum tilgangi að ljóstra þeim upp. Vígjandinn beitir orkutegundum frá vissum plánetukerfum og kosmískum orkustöðvum og miðlar þeim gegnum sprotann til hinna ýmsu orkustöðva hugans, tilfinninga og ethers í hinum þrem líkómum vígsluhafans. Við fjórðu vígsluna er sérstakri tegund orku frá orkustöð, sem ekki er hægt að nefna, beint að sálar- eða orsakalíkama mannsins og er því ein af orsökum endanlegrar ummyndunar sálarlíkamans.

Þegar við hugleiðum þessa hlið á árangri mannsonanna, verðum við að gera okkur grein fyrir því að þegar mannkynið lýkur hverri sameiningunni á eftir annarri, fullkomnast hinir „Himnesku menn“ á innsæissviðum og sviðum andans, en þeir sjálfir mynda síðan orkustöðvarnar í hinum miklu „Himnesku mönnum“ sólkerfisins. Þessir sjö Himnesku menn, en í líkómum þeirra á sérhver mónad manns og engils sinn stað, mynda ether-orkustöðvarnar sjö í líkama Sólarlogossins. En Hann myndar hjartarstöðina (því Guð er kærleikur) í stærri Kosmískri Veru. Fullkomnun alls fyrir þetta sólkerfi verður þegar Sólarlogosinn tekur fimmtu vígsluna. Þegar allir synir mannanna hafa náð fimmtu vígslunni, nær Hann því takmarki sínu. Þetta er mikill leyndardómur og okkur óskiljanlegur.

ÞÁTTTAKENDUR LAUNHELGANNA

Þátttakendur í launhelgunum eru yfirleitt þekktir og almennt starfslíð og starfshættir eru ekki leyndarmál. Hér er aðeins leitast við að ljá þeim upplýsingum, sem þegar hafa verið veittar, meiri raunveruleikablæ með fyllri skýringum og ákveðnari tilvísunum til þeirra hlutverka sem þátttakendurnir gegna, meðan á athöfninni stendur. Á þessu stigi væri viturlegt af nemandanum að hafa í huga viss atriði, þegar hann veltir fyrir sér þeim leyndardómum sem hér er minnst á:

Að gæta verður þess að túlka allt, sem hér kemur fram, út frá andlegu sjónarmiði, en ekki efnislegu eða forminu. Við erum aðeins að fást við hina huglægu eða vitundarlegu hlið raunbirtingarinnar, það sem liggur að baki hins hlutlæga forms. Skilningur á þessu mun firra nemann miklum misskilningi seinna meir.

Að við erum að fjalla um staðreyndir sem eru áþreifanlegar og raunverulegar *á hugar sviðinu* — því sviði þar sem allar meginvígslur eiga sér stað sem eru nú skylduvígslur en fara ekki fram á efnispétta sviðinu og eru ekki hlutlæg fyrirbæri. Tengingin á milli heimanna tveggja finnst í óslitinni vitund sem vígsluhafinn mun hafa þroskað með sér og gerir honum kleift að flytja yfir til efnisheilans atvik sem hafa átt sér stað á hinum huglægu sviðum lífsins.

Staðfesting þessara atburða og sönnun á nákvæmni þessarar miðluðu þekkingar mun koma fram á eftirfarandi hátt:

Í gegnum ether-orkustöðvarnar. Þessar orkustöðvar munu verða fyrir mikilli örvun og munu, vegna aukinnar áskapaðrar orku, gera vígsluhafanum kleift að ná betri árangri á þjónustubrautinni en hann hefur nokkru sinni fyrr látið sig dreyma um að væri mögulegt. Draumar hans og hugsjónir verða ekki aðeins möguleiki, heldur munu raunbirtast sem staðreyndir.

Efnisorkustöðvar líkamans, eins og heilaköngullinn og heiladingullinn, munu byrja að þroskast hratt og hann verður sér meðvitaður um vaknandi „siddhis“ mátt sálarinnar, í hinni æðri merkingu orðanna. Hann verður var við ferli meðvitaðrar innri stjórnunar og beitingu ofangreindra afla að frumkvæði æðra sjálfsins. Hann mun gera sér grein fyrir réttri stjórnun orkunnar og leiðum til sálar sambands.

Taugakerfið, sem tilfinningalíkaminn eða geðræna eðlið vinnur gegnum, verður mjög næmt, en samt sem áður sterkt. Heilinn verður í auknum mæli nákvæmt miðlunartæki hinna innri aflvaka. Þessi staðreynd hefur raunverulegt gildi og mun valda — þegar mikilvægi hennar verður augljósara — byltingu í viðhorfum kennara, lækna og annarra hvað viðkemur þróun taugakerfisins og til lækninga á taugatruflunum.

Dulfræðilegt minni. Vígsluhafinn verður loks í auknum mæli meðvitaður um sitt innra minni, eða „dulfræðilegt minni,“ um starf Helgistjórnarinnar og þó einkum hans framlag í hinni almennu áætlun. Þegar vígsluhafinn sem man innra með sér vígsluatriði í vökuvitund sinni finnur í *sér sjálfum* öll þessi merki aukins vaxtar og meðvitaðs skilnings, þá hefur hann fengið innri vissu sína sannaða.

Hafa verður í huga að þessi innri sönnun er einskis virði öðrum en vígsluhafanum. Hann verður að sanna sig fyrir heiminum með þjónustulífi sínu og því starfi sem innt er af hendi, og fá þannig viðurkenningu hjá öllum félögum sínum, sem mun koma fram í helguðu kapplyndi og ákafri viðleitni þeirra til að ganga sömu brautina, sífellt knúðir áfram af sömu hvötum — í tilgangi þjónustu og bræðralags, ekki sjálfsupphafningar né eigingjarns ávinnings. Hafa ber einnig í huga að eigi það sem að ofan sagði við um starfið, þá á það enn frekar við um vígsluhafann sjálfan. *Vitundarvígsla er algjörlega persónulegt fyrirbæri með alheimslegt gildi.* Hún er undir innri árangri komin. Vígsluhafinn veit sjálfur hvenær atburðurinn fer fram og þarf ekki að láta segja sér frá því. Þensla vitundarinnar sem kölluð er vígsla verður að ná til efnisheilans, annars er hún einskis virði. Eins og þessar minni vitundarþenslur, sem við verðum yfirleitt fyrir daglega og við köllum að „læra“ eitt eða annað, skír-

skota til skilnings efnisheilans á gefinni staðreynd eða kringumstæðum, þá gildir það sama um hinar meiri þenslur sem eru afrakstur hinna mörgu minni.

Á sama tíma er mögulegt að menn starfi á jarðneska sviðinu og séu virkir í heimsþjónustu án þess að muna neitt eftir að hafa gengist undir vígslu, en hafa engu að síður tekið fyrstu eða aðra vígsluna í fyrra lífi. Þetta er einfaldlega afleiðing þess að það vantar „brú“ frá einu lífi til annars, eða það getur einnig verið afleiðing afdráttarlausrar ákvörðunar hins innri manns. Maðurinn getur verið betur til þess fallinn að losa sig úr ákveðnu karma og að framkvæma viss verk fyrir Bræðralagið, á meðan á einhverju einu jarðarlífi stendur, ef hann er laus við dulfræðileg viðfangsefni og launspekilega sjálfskoðun. Það eru margir slíkir á meðal mannsöna nú á dögum sem hafa áður tekið fyrstu vígsluna og nokkrir sem hafa tekið aðra vígsluna, en gera sér samt enga grein fyrir því, þótt orkustöðvar þeirra og taugakerfi beri þess vott fyrir þeim sem hafa hina innri sýn. Ef vígsla er tekin í fyrsta skipti í einhverju lífi, nær endurminning um hana til efnisheilans.

Forvitni, eða jafnvel venjulegt gæskuríkt líf, hefur aldrei fært mann að Hliði vígslunnar. Hnýsni, sem framkallar sterka sveiflutíðni í lægra eðli mannsins, hefur aðeins þau áhrif að bægja honum frá því markmiði sem hann hefur áhuga á, í staðinn fyrir að beina honum að því. Þótt venjulegt gæskuríkt líf, sem er ekki eflt með algjörrri fórn fyrir aðra og með þagmælsku, hógværð og óhlutdrægni af mjög óvenjulegri gerð, geti komið að haldi við að móta góð starfstæki sem munu koma að gagni í annarri jarðvist, hjálpar það ekki til við að yfirstíga þær innri og ytri hindranir og sigrast á þeim andstæðu öflum og kröftum sem standa á milli „góðs“ manns og vígsluathafnarinnar.

Það er erfitt að ganga braut lærisveinsins, og braut vígslunnar er enn erfiðari; vígsluhafinn er ekki annað en stríðshrjáður hermaður, sigurvegari margra harðra bardaga; hann talar ekki um afrek sín, því hann er of önnum kafinn við hið mikla starf sem hann hefur á hendi; hann minnst ekki á sjálfan sig eða allt það sem hann hefur framkvæmt, nema til að láta í ljós vanþóknun á smæð þess sem gert hefur verið. Engu að síður er hann áhrifamikill maður í augum umheimsins, sá sem beitir andlegu valdi, persónubirting hugsjóna, sá sem starfar fyrir mannkynið og nær alltaf árangri sem komandi kynslóðir munu meta. Hann er, þrátt fyrir allan þennan mikla árangur, sjaldan skilinn af sinni eigin samtíð. Hann er iðulega skotsþónn manna og oft er allt það sem hann gerir mistúlkað; hann fórnar öllu — tíma, peningum, áhrifum, mannorði og öllu því sem heimurinn metur einhvers — á altari fórnfúsrar þjónustu og býðst oft til að fórna lífi sínu sem lokagjöf; til þess eins að sjá þá sem hann hefur þjónað meta gjöf hans einskis, fyrirlíta fórnarlund hans og kalla hann grófyrtum nöfnum. En vígsluhafinn lætur sér á sama standa, því hann hefur þau forréttindi að sjá nokkuð inn í framtíðina, og þess vegna gerir hann sér grein fyrir því að kraftur sá sem hann hefur komið af stað, mun þegar fram líða stundir, ljúka áætlaninni; hann veit einnig að nafn hans og viðleitni eru skráð í skjalasafni Bræðralagsins og að „*Hinn mikli alsjáandi*“ að málefnum manna, Lávarður heimsins, hefur tekið eftir honum.

Plánetuverur.

Ef við athugum nú þá einstaklinga sem taka þátt í vígsluathöfninni, munum við fyrst fjalla um þá sem nefndir eru plánetuverur. Hér er átt við þær miklu verur sem yfirskyggja mannkynið eða dvelja hjá mannkyninu, meðan á pláneturaunbirtingu stendur. Þær eru ekki mjög margar, því meirihluti hinna máttugu flyst stöðugt og í vaxandi mæli til annarra og æðri starfa, eftir því sem einstaklingar í jarðarþróuninni, bæði englar og menn, geta tekið við stöðum þeirra og sinnt störfum þeirra.

Á meðal þeirra sem tengjast beint stúku meistaranna í ýmsum deildum hennar á plánetunni mætti telja upp eftirfarandi:

„*Hinn Þögli Alsjáandi*,“ sú Mikla Vera sem er hið ídveljandi líf plánetunnar og sem hefur sömu stöðu gagnvart Lávarði heimsins, Sanat Kúmara, eins og andlega sjálfið hefur gagnvart lægra sjálfinu, persónubirtingsunni. Nokkra hugmynd um hið háa þróunarstig þessarar Miklu Veru gagnvart Sanat Kúmara er hægt að fá með því að bera saman mismun í þroska manns og fullþroska fullnuma. Frá sjónarhóli plánetukerfis okkar og innan okkar plánetukerfis er ekkert líf þessu Lífi fremra, og Hann er sá sem hinn kristni maður tilbiður í hjarta sínu sem Guð sinn. Hann starfar gegnum birtingu sína á efnissviðinu, Sanat Kúmara, sem er brennidepill fyrir líf Hans og orku. Hann heldur heiminum

innan áru sinnar. Aðeins fullnumi, sem hefur tekið fimmtu vígsluna og er á leið með að taka þá sjöttu og sjöundu, getur haft beint samband við þessa Miklu Veru. Einu sinni á ári, á Wesak-hátíðinni, færir Búddha, með vitund Lávarðar heimsins, samansöfnuðu mannkyni tvíþættan orkustraum, sem stafar frá *Hinum Þögla Alsjáanda*, að viðbættri samstilltri orku Lávarðar heimsins. Þessari tvöföldu orku útdeilir hann í blessun yfir fólkið sem safnast hefur saman til athafnarinnar í Himalaya-fjöllum og frá þeim streymir hún út til allra þjóða, tungna og kynþátta. Það er ef til vill ekki á allra vitorði að við ákveðið hættuástand í heimsstýrjöldinni miklu áleit Helgistjórn plánetunnar það mjög svo áriðandi að biðja um hjálp *Hins Þögla Alsjáanda*, — og með því að nota hina miklu máttarsetningu sem gerir það mögulegt að ná til Búddha — náði hún athygli hins síðarnefnda og leitaði til Plánetulogossins með hans milligöngu. Í sameiningu ákváðu Plánetulogossinn, Lávarður heimsins, einn búddha athafnaorkunnar, Búddha, lávarður siðmenningarinnar (Mahachohan) og mannkynshöfðinginn (Manúinn) (þessir eru nefndir í röð eftir hlutfallslegu þróunarstigi þeirra) að fylgjast lengur með framvindu mála áður en gripið væri inn í atburðarásina, þar sem karma plánetunnar hefði dregist á langinn ef átökin hefðu tekið enda of fljótt. Tiltrú þeirra á getu mannsins til að ráða við aðstæðurnar var réttmæt og íhlutun reyndist þarflaus. Þessi ráðstefna átti sér stað í Shamballa. Þetta er nefnt til að sýna hve nákvæmlega hinar ýmsu plánetuverur fylgjast með öllu sem varðar málefni manna. Það er bókstaflega rétt, í dulfræðilegum skilningi, að „ekki fellur einn spörfugl til jarðar“ án þess að eftir falli hans sé tekið.

Sú spurning getur vaknað hvers vegna heimsfræðarinn tók ekki þátt í ráðstefnunni. Ástæðan var sú að stýrjöldin var háð í starfsdeild mannkynshöfðingjans og meðlimir Helgistjórnarinnar láta sig sérstaklega varða það sem að þeim snýr. Lávarður siðmenningarinnar, sem er birting vitsmuna- eða hugarþáttarins, tekur þátt í öllum ráðstefnum. Næstu miklu átök munu varða starfsdeild trúarbragðanna og heimsfræðarinn verður í nánnum tengslum við þau. Bróðir hans, mannkynshöfðinginn, verður þá að verulegu leyti undanskilinn og mun halda áfram að sinna sínum málum. En þrátt fyrir allt er nán samvinna í öllum deildum og engin orka tapast; og vegna sameinaðrar vitundar þeirra sem eru ekki háðir hinum þrem lægri heimum, er það sem fram fer í einni starfsdeild þekkt í hinum.

Þar sem sjálfur Plánetulogossinn á aðeins hlut að máli í tveim síðustu vígslunum, sem eru ekki skylduvígslur eins og fimm fyrri vígslurnar, þjónar það ekki tilgangi að fjölyrða um starf Hans. Þessar vígslur eru teknar á búddísku og atmísku sviðunum, en hinar fimm fyrstu eru teknar á hugar sviðinu.

Lávarður heimsins, Höfuðvígjandinn Eini, sá sem í Biblíunni er kallaður „Hinn aldni frá upphafi daga,“ og í helgiritum Hindúa Hinn fyrsti Kúmara; Hann, það er að segja Sanat Kúmara, er sá sem heldur um stjórnartauma í öllum starfsdeildunum þrem frá hásæti sínu í Shamballa, í Góbí-eyðimörkinni, og er í forsæti fyrir stúku meistaranna. Í sumum helgiritum er Hann kallaður „Fórinn mikla“ og Hann hefur kosið að vaka yfir þróun manna og tíva, þar til allir eru dulfræðilega „hólpnir.“ Það er Hann sem ákvarðar með tilliti til „framfara“ í mismunandi starfsdeildum hverjir eigi að fylla lausar stöður; það er Hann sem fjórum sinnum á ári gengur til fundar við alla chohana og meistara og heimilar það sem gera á til að efla markmið þróunarinnar.

Einstaka sinnum hittir Hann einnig vígsluhafa af lægri stigum, en aðeins á tímum mikilla erfiðleika, þegar einhver einstaklingur fær tækifæri til að koma á friði eftir átök og tendra loga sem eyðir formum sem eru á hraðri leið með að staðna og frelsar þar með hið innilokaða líf.

Á ákveðnum tímum ársins hittast meðlimir Bræðralagsins og á Wesak-hátíðinni safnast þeir saman undir stjórn Hans í þrennum tilgangi:

1. Til að komast í snertingu við plánetuorku fyrir milligöngu Búddha.
2. Til að halda helstu ársfjórðungslegu ráðstefnuna.
3. Til að taka inn til vígsluathafnarinnar þá sem eru reiðubúnir á öllum stigum.

Þrjár aðrar vígsluathafnir fara fram á hverju ári:

1. Vegna hinna minni vígslna sem heimsfræðarinn stjórnar, en þær eru allar í starfsdeild lávarðar siðmenningarinnar og á einhverjum af hinum fjórum minni geislum, eigindageislunum.

2. Vegna meginvígslna á einhverjum af aðalgeislunum þrem, megingeislunum, sem heimsfræðarinn stjórnar og eru þess vegna í raun fyrstu tvær vígslurnar.

3. Vegna hinna þriggja æðri vígslna, þar sem Sanat Kúmara beitir sprotanum.

Við allar vígslur er Lávarður heimsins viðstaddur, en við þær tvær fyrstu er Hann í svipaðri stöðu og *Hinn Þögli Alsjáandi*, þegar Sanat Kúmara stjórnar eiðnum við þriðju, fjórðu og fimmtu vígsluna. Máttur Hans streymir fram og leiftur stjórnunnar frammi fyrir vígsluhafanum er merki um velþóknun Hans, en vígsluhafinn sér Hann ekki augliti til auglitis fyrr en við þriðju vígsluna.

Starf hinna *þriggja Kúmara* eða hinna þriggja búddha athafnaorkunnar við vitundarvígsluna er at-
hyglisvert. Þeir eru fulltrúar fyrir og mynda hinar þrjár hliðar á einum meginþætti sem er ráðandi fyrir plánetukerfið og eru nemendur Lávarðar heimsins, Sanat Kúmara. Þótt hlutverk þeirra séu mörg og margvísleg og snerti fyrst og fremst orku og krafta náttúrunnar og stjórnun hinna mótandi afla, hafa þeir einnig nauðsynleg tengsl við væntanlegan vígsluhafa, að því leyti sem hver þeirra felur í sér sérgreinda orku eða kraft einhvers af hinum þrem æðri millisviðum hugar sviðsins. Þess vegna miðlar einn þessara Kúmara, við þriðju vígsluna, orku til sálarlíkama vígsluhafans, og sú orka eyðir efni þriðja millisviðsins og veldur þannig að hluta til ummyndun sálarlíkamans. Við fjórðu vígsluna miðlar annar búddha athafnaorkunnar orku annars millisviðsins á sambærilegan hátt, og við fimmtu vígsluna er fyrstu millisviðsorku, orku frá efsta sviðsstigi hugarheimsins veitt á svipaðan hátt inn í þau atóm sem eftir eru í orsaka- eða sálarlíkamanum, svo að lokafrelsunin á sér stað. Það starf, sem sá Kúmara sem nefndur er annar Kúmarinn innir af hendi með orku annars millisviðs hugarheimsins, er í þessu sólkerfi, öðru meginsólkerfinu, hið mikilvægasta í sambandi við sálarlíkamann og fullkomnar ummyndun hans, en lokabeitingin orkunnar frá efsta millisviðinu veldur því að atómin sjálf (sem mynduðu þennan líkama) tvístrast og verða frjáls úr forminu.

Á meðan vígsluathöfn fer fram, þegar vígsluhafinn stendur frammi fyrir Lávarði heimsins, mynda Kúmararnir, þessar þrjár miklu verur, þríhyrning, og innan orkulína hans stendur vígsluhafinn. Við fyrstu tvær vígslurnar, þar sem heimsfræðarinn er helgistjórnandi, gegna svipuðu hlutverki lávarður siðmenningarinnar, mannkynshöfðinginn og chohan, sem er tímabundið fulltrúi annarrar starfsdeildarinnar, kærleiks-viskugeislans. Við tvær æðstu vígslurnar mynda þeir þrír Kúmarar, sem eru kallaðir hinir „innræðu Kúmarar,“ þríhyrning sem vígsluhafinn stendur innan, þegar hann stendur andspænis Plánetulogosinum.

Þessar staðreyndir eru láttnar í té til að kenna tvennt: í fyrsta lagi er aðferðin ávallt eins, og í öðru lagi að sú alkunna viska „sem hið efra svo hið neðra“ er dulfræðileg staðreynd í náttúrunni.

Við lokavígslurnar tvær eru meðal þátttakenda margir meðlimir Helgistjórnarinnar sem, ef svo mætti segja, eru utan plánetunnar og starfa utan hins efnispétta og hins etheríska hnattar plánetunnar, en nákvæmari upptalning er óþörf. Sanat Kúmara er enn helgistjórnandinn, en samt er það á mjög innræðan hátt sjálfur Plánetulogosinn sem stjórnar athöfninni. Á þeirri stundu eru þeir sameinaðir í Einn sem raunbirtir mismunandi meginþætti.

Það nægir að segja, til að enda þessa stuttu lýsingu, að vígsla er mál sem hefur tvíþætt áhrif, því hún felur ætíð í sér að einhver fullnumi eða vígsluhafi færast áfram til hærra stigs eða til annarra starfa og að einhver mannvera, sem er að ná árangri, kemur inn samkvæmt lögmálinu. Vígslan er því mikil stund, þar sem saman fer hópverkni, hóphollusta og sameinuð viðleitni og mikið getur verið komið undir þeirri visku að heimila manni aðgang að háu embætti og að fundarsölum Helgivaldsins.

Stjórnendur starfsdeildanna.

Mannkynshöfðinginn, Manúinn.
Heimsfræðarinn, Bodhisattva, Kristur.
Lávarður siðmenningarinnar, Mahachohan.

Eins og áður hefur verið sagt, samsvara þessar þrjár miklu verur allri hinni þríþættu raunbirtingu. Hægt væri að lýsa þessu í eftirfarandi formi, en hafa ber í huga að allt fjallar þetta um huglægt efni og þess vegna um þróun vitundarinnar og fyrst og fremst um sjálfs-vitund mannsins.

Vitundin

<i>Mannskyns- höfðinginn</i>	<i>Heimsfræðarinn</i>	<i>Lávarður sið- menningarinnar</i>
Efnisþáttur	Andlegur þáttur	Vitsmunabáttur.
Form	Líf	Hugur.
Ekki-sjálfið	Sjálfið	Tengslin þar á milli.
Líkami	Andi	Sál

Eða með orðum sem eingöngu snerta meðvitaðan skilning á sjálfinu:

Stjórnsmál	Trúarbrögð	Vísindi
Stjórnun	Kenningar	Siðmenning
Kynstofnar	Trú	Menntun

Allir menn tilheyra einhverri þessara þriggja starfsdeilda og allar eru þær jafn mikilvægar, því andinn og efnið eru eitt. Allar eru svo háðar innbyrðis, þar sem þær tjá eitt og sama lífið, að tilraun til að lýsa hlutverki starfsdeildanna þriggja í töfluformi er líkleg til að valda misskilningi.

Hinir þrír miklu lávarðar starfa náið saman, því starfið er eitt, alveg eins og maðurinn er einstaklingsbundin eining, þótt hann sé þríþættur. Maðurinn er form, sem andlegt líf eða lífvera raunbirtist í, og notar vitsmunina samkvæmt lögmáli þróunar.

Þess vegna eru hinir miklu lávarðar nátengdir vígslum mannsins. Þeir eru of önnum kafnir við stærri mál og við hópstarfsemi til að hafa nokkurt samband við manninn fyrr en hann er kominn á braut reynslunemans. Þegar hann hefur af eigin rammleik komist á braut lærisveinsins, tilkynnir sá sérstaki meistari, sem hefur hann undir sinni umsjá, til stjórnanda einnar af megindeildunum þrem (þetta fer eftir því á hvaða geisla maðurinn er) að hann sé að nálgast Hlið vígslunnar og ætti að vera tilbúinn fyrir skrefið mikla á hinu eða þessu æviskeiðinu. Í hverju lífi, og seinna á hverju ári, er skýrsla gefin, þangað til á síðasta árinu á braut reynslunemans að nánari og tíðari skýrslur eru afhentar. Á þessu síðasta ári er nafn umsækjandans einnig lagt fram í vígslustúkunni, og eftir að meistari hans hefur gefið skýrslu um hann og stutt yfirlit hefur verið gefið um feril hans, fer fram skoðana-könnun um hann og vígsluvottar hans eru tilnefndir.

Á meðan á vígsluathöfninni stendur, eru eftirfarandi þættir mikilvægir:

1. Vígjandinn.
2. Orkuþríhyrningurinn sem þrír fullnumar eða þrír Kúmarar mynda.
3. Vígsluvottarnir.

Við fyrstu tvær vígslurnar standa tveir meistarar, hvor sínum megin við vígsluþegann, innan þríhyrningsins; við þriðju, fjórðu og fimmtu vígsluna gegna lávarður siðmenningarinnar og heimsfræðarinn hlutverki vígsluvotta; við sjöttu og sjöundu vígsluna standa tvær miklar verur, sem ekki er hægt að nefna, innan hins innræða þríhyrnings. Starf vígsluvottanna er að leiða gegnum líkama sína þá raforku sem streymir frá vígslusprotanum. Þessi orka geislar hringinn í kringum þríhyrninginn og við hana bætist orka verndaranna þriggja; því næst fer hún gegnum orkustöðvar vígsluvottanna og er miðlað til vígsluhafans með einbeittum vilja.

Nóg hefur verið sagt annars staðar í þessari bók um stúku meistaranna og tengsl þeirra við umsækjendur um vígslu, og sömuleiðis hefur verið minnst á starf vígsluhafans. Það starf er ekki óþekkt mannanna börnum hvarvetna, en er enn um sinn háleitt markmið og fjarlægur möguleiki. Þegar maðurinn leggur sig fram við að ná þessu háleita markmiði, og að gera það að augljósri staðreynd hið innra með sér, mun hann finna að það verður ekki aðeins möguleiki, heldur eitthvað sem unnt er að ná, svo fremi hann leggi nægilega mikið á sig. Fyrsta vígslan er innan seilingar margra, en nauðsynleg einhygli og staðföst trú á raunveruleikann sem er framundan, tengd vilja til að fórna öllu og að

snúa ekki við, hindrar flesta. Þótt þessi bók þjóni ekki öðrum tilgangi en að örva einhvern einn til endurnýjaðrar trúfastrar viðleitni, hefur hún ekki verið skrifuð til einskis.

XII. KAFLI

OPINBERANIRNAR TVÆR

Við getum nú athugað stig vígsluathafnarinnar, sem eru fimm að tölu, eins og hér segir:

1. „Návistin“ verður ljós.
2. „Sýnin“ séð.
3. Beiting sprotans sem hefur áhrif á:
 - a. Líkamana.
 - b. Orkustöðvarnar.
 - c. Sálarlíkamann.
4. Eiðurinn unninn.
5. „Leynardómurinn“ og orðið gefið.

Þessi atriði eru sett fram í réttri röð og þess ber að minnast að þessi röð er ekki til komin fyrir tilviljun, heldur færir hún vígsluhafann frá einni opinberun til annarrar að lokastiginu, þar sem honum er falinn í hendur einn af leyndardómunum og eitt af máttarorðunum fimm sem ljúka upp fyrir honum hinum ýmsu sviðum, heimunum með allri sinni þróun. Markmiðið hér er að gefa upp hin fimm meginstig sem vígsluathöfnin skiptist eðlilega í. Neminn verður að hafa í huga að sérhvert þessara fimm stiga er í sjálfu sér fullkomin athöfn og skiptanleg í smærri einingar.

Nú skulum við taka fyrir hvert atriði, fjalla stuttlega um hvert fyrir sig, en hafa í huga að orð gera ekki annað en takmarka og þrengja hina sönnu merkingu.

Opinberun „Návistarinnar.“

Allan seinni hluta jarðvistartímabilanna, þar sem maðurinn tekst á við andstæðurnar og með sundurgreinandi hugsun fer að gera sér grein fyrir raunveruleika og óraunveruleika, vex í huga hans skilningur á því að hann er sjálfur ódauðleg vera, eilífur af guði gerður og hluti óendanleikans. Sífelld verða tengslin milli mannsins í efnisheiminum og þessa innri stjórnanda greinilegri, þar til kemur að hinni miklu opinberun. Þá kemur sú stund í tilveru hans þegar maðurinn meðvitað lítur augliti til auglitis sitt raunverulega innra sjálf og veit að hann er þetta sjálf í raunveruleikanum, en ekki aðeins fræðilega séð; hann verður meðvitaður um guðinn hið innra, ekki gegnum heyrnarskynjun eða með því að veita athygli hinni innri rödd sem leiðbeinir og stjórnar og er kölluð „rödd samviskunnar.“ Að þessu sinni stafar skilningurinn af *sjón og beinni innsýn*. Hann bregst nú ekki eingöngu við því sem hann heyrir, heldur einnig við því sem hann sér.

Það er vitað að fyrstu skilningarvitin sem þroskast hjá barni eru heyrn, snerting og sjón; ungbarnið skynjar hljóð og snýr höfðinu; það finnur og snertir; að lokum sér það á meðvitaðan hátt og á þennan þrefalda hátt er persónuleikinn stilltur saman. Þetta eru hin þrjú nauðsynlegu skilningarvit. Bragð- og lyktarskyn koma seinna, en hægt er að lifa lífinu án þeirra og ef þau eru ekki fyrir hendi er maðurinn ekki alvarlega hindraður í samskiptum sínum á efnisþetta sviðinu. Á braut innri eða huglægrar þróunar er röðin sú sama.

Heyrn — svörun við rödd samviskunnar, þegar hún leiðbeinir og stjórnar. Þetta nær yfir tímabil eðlilegrar þróunar.

Snerting — svörun við stjórnun eða sveiflum og skilningur á því sem liggur utan hins aðskilda einstaklings á hinu efnisþetta sviði. Þetta nær yfir tímabil stigvaxandi andlegs þroska, braut reynslunema og braut lærisveina alveg upp að Hliði vígslunnar. Maðurinn snertir öðru hverju það sem er honum æðra; hann verður meðvitaður um „snertingu“ meistarans, um sálaráhrif, hópáhrif og gegnum

innræðan skilning á snertingunni venst hann hinu innra og fíngerða. Hann leitar eftir því sem viðkemur æðra sjálfinu og með því að snerta hið óséða venur hann sig við það.

Að lokum *sjónin* — þessi innri sýn sem á sér stað í vígslunni, en er þrátt fyrir allt aðeins innri skilningur á eiginleika, sem ávallt er meðfæddur en samt óþekktur. Alveg eins og ungbarnið hefur augu sem eru fullkomlega góð og skýr frá fæðingu, kemur samt sá dagur að hægt er að sjá meðvitaðan skilning á því sem það sér, og það sama á við um hinn mannlega einstakling sem er að þroskast andlega. Miðill innri sjónar hefur ætíð verið til og það sem hægt er að sjá er alltaf til, en skilningur flestra er enn ekki fyrir hendi.

Þessi „skilningur“ vígsluhafans er fyrsta stóra skrefið í vígsluathöfninni og þangað til það hefur verið stigið, verða öll hin stigin að bíða. Það sem er skilið er mismunandi eftir vígslum og um það er hægt að gefa eftirfarandi yfirlit í stuttu máli:

Sálin, endurspeglun mónadsins, er í sjálfu sér þríþætt, eins og allt annað í náttúrunni og endurspeglar þrjár hliðar Guðdómsins, alveg eins og mónadinn endurspeglar á hærra sviði þrjá þætti Guðdómsins — vilja, kærleika-visku og virka vitsmuni. Þar af leiðir:

Við fyrstu vígsluna verður vígsluhafinn meðvitaður um þriðja eða lægsta meginþátt sálarinnar, þátt virkra vitsmuna. Hann er færður augliti til auglitis við þá raunbirtingu hins mikla sólarengils (Pitri) sem er hann sjálfur, hið raunverulega sjálf. Hann veit nú án nokkurs vafa að þessi raunbirting vitsmuna er sú eilífa vera sem hefur öldum saman sýnt mátt sinn í efnisheiminum með endurteknum jarðvistum sínum.

Við aðra vígsluna er þessi mikla „Návist“ séð sem tvíþætt, og annar þáttur birtir sig frammi fyrir honum. Hann verður meðvitaður um að þetta geislandi líf, sem er eitt með honum, er ekki aðeins virkir vitsmunir, heldur er jafnframt kærleikur-viska að uppruna. Hann sameinar vitund sína þessu lífi og verður eitt með því, svo að í efnisheiminum birtist þetta líf sem vitsmunalegur kærleikur sem tjáir sig gegnum hið persónulega sjálf.

Við þriðju vígsluna skynjar vígsluhafinn sálinu sem fullkomnaða þrennd. Sjálfíð er ekki aðeins þekkt sem vitsmunalegur virkur kærleikur, heldur birtist það einnig sem grundvallarvilji eða tilgangur sem maðurinn samstundis samsamar sjálfum sér og veit þess vegna að persónuheimarnir þrír hafa ekkert að bjóða honum í framtíðinni, heldur þjóna aðeins sem svið fyrir virka þjónustu, gerðir úr kærleika til að ná fram tilgangi sem hefur verið falinn í aldanna rás í hjarta sjálfsins. Þar sem þessi tilgangur hefur nú verið birtur er hægt að vinna viturlega að settu marki og ná þannig markmiðinu.

Þessar djúpsæju opinberanir birtast vígsluhafanum á þrefaldan hátt:

Sem geislandi himnesk vera. Hið innra auga sér þetta með sömu nákvæmni sjónar og dómgreindar og þegar maður stendur augliti til auglitis við annan mann. Hinn mikli sólarengill, sálarengillinn, sem gefur hinum raunverulega innri manni, sálarhugsuðinum, formbirtingu á sviðum æðri hugarheimsins og gerir birtingu hans á þeim sviðum mögulega, er í bókstaflegri merkingu guðlegur forfaðir hans, „áhorfandinn“ sem hefur með löngum jarðvistarhringrásum úthellt sjálfum sér í fórn til þess að maðurinn mætti VERA.

Sem svið geislandi elds, er vígsluhafinn stendur frammi fyrir og tengist með þeim segulmagnaða eldþræði sem liggur gegnum alla líkama hans og endar í miðjum efnisheila hans. Þessi „silfurþráður“ (eins og hann er frekar ónákvæmlega nefndur í Biblíunni, þar sem lýst er hvernig hann losnar frá efnislíkamanum og hverfur síðan) leiðir frá hjartastöð sólarengilsins og tengir þannig hjarta og heila — þetta mikla tvíeðli raunbirtir kærleika og vitsmuni í þessu sólkerfi. Þetta eldlega svið er ennfremur tengt mörgum öðrum sem tilheyra sama heildi og geisla og þess vegna er það bókstafleg staðreynd að á hinum æðri sviðum erum við öll eitt. Eitt Líf slær og streymir um allt gegnum eldsþræðina. Þetta er hluti þeirrar opinberunar sem sá verður fyrir sem stendur í „Návistinni“ með augun opin í hinum innsta skilningi.

Sem blæbrigðaríkur lótus með níu krónublöð. Þessi krónublöð mynda þrjá hringi kringum þrjú þéttsveipuð krónublöð í miðju og skýla því sem í austrænum bókum er kallað „Gimsteinninn í lótnum.“ Þessi lótus er gæddur fágætri fegurð, ólgandi af lífi, og geislar frá sér öllum litum regnbogans, og við fyrstu þrjár vígslurnar eru hringarnir þrír opinberaðir hver af öðrum, þar til við fjórðu vígsluna að vígsluhafinn stendur frammi fyrir enn meiri opinberun, þegar leyndarmál þess sem liggur inni í miðjuhnappinum, lýkst upp fyrir honum. Í þessu sambandi er þriðja vígslan nokkuð ólík hinum tveim

að því leyti að fyrir mátt enn upphafnari helgistjórnanda en heimsfræðarans kemst vígsluhafinn fyrst í samband við rafmagnseld hins hreina anda sem býr í innsta kjarna lótussins.

Í öllum þessum orðum: „sólarengill,“ „eldsvið“ og „lótus,“ er falinn ákveðinn hluti meginleyndardóms mannlegs lífs, en það mun einungis vera ljóst þeim sem hafa augu til að sjá með. Launspekileg þýðing þessara myndraenu orðasambanda mun aðeins reynast villandi eða valda vantrú hjá þeim manni sem reynir ótilhlýðilega að láta þau taka á sig efnisform. Hugsunin um ódauðlega tilveru, um guðlega veru, um mikla miðstöð eldlegrar orku og um fullan blóma þróunarinnar er falin í þessum orðum og þannig verður að íhuga þau.

Við fjórðu vígsluna er vígsluhafinn í návist þess þáttar hans sjálfs sem kallaður er „Faðir hans á himnum.“ Hann er látinn standa augliti til auglitis við sinn eigin mónad, þennan hreina kjarna andans á næsthæsta sviðinu, sem er gagnvart sál hans eða æðra sjálfi það sem sálin er gagnvart persónuleikanum eða lægra sjálfinu.

Þessi mónad hefur tjáð sig á hugar sviðinu gegnum sálina á þrefaldan hátt, en nú eftir fjórðu vígsluna vantar alla meginþætti hugans, eins og við skiljum hann. Sólarengillinn, hinn mikli sálarengill, sem fram að þessu hefur verið tengiliður vígsluhafans, hefur dregið sig frá innri manningum, og formið, sem hann starfaði í (sálar- eða orsakalíkaminn) er horfið og ekkert er eftir nema kærleikur-viska og hinn virki vilji sem er helsta einkenni andans. Lægra sjálfið hefur þjónað tilgangi sálarinnar og verið ummyndað; sálin hefur með sama hætti þjónað tilgangi andans og hennar er ekki lengur þörf, og vígsluhafinn, innri hugsuðurinn, stendur eftir laus við hvort tveggja, fullkomlega frjáls og getur komist í snertingu við mónadinn, eins og hann lærði áður að komast í snertingu við æðra sjálfið. Það sem eftir er, hvað varðar formbirtingu hans í heimunum þrem, stjórnast vígsluhafinn aðeins af vilja og tilgangi að eigin frumkvæði, og skapar sjálfur sinn efnispétta líkama og stjórnar þannig (innan karmískra takmarka) sínum eigin tíma og tímaskeiðum. Karma, sem hér er minnst á, er plánetukarma en ekki persónulegt karma.

Við þessa fjórðu vígslu kemst hann í snertingu við kærleikspátt andans og við fimmtu vígsluna nær hann tengingu við viljapáttinn og fullkomnar þannig samband sitt við mónadinn, nær réttum viðbrögðum við öllum nauðsynlegum sveiflum og er þá meistari á hinum fimm sviðum mannglegrar þróunar.

Ennfremur er það við þriðju, fjórðu og fimmtu vígsluna sem hann verður einnig meðvitaður um þá „Návist“ sem umlykur jafnvel þessa andlegu veru, hans eigin mónad. Hann sér mónad sinn sem sameinaðan Plánetulogosinum. Gegnum sinn eigin mónad sér hann nákvæmlega sömu þætti (sem sá mónad býr yfir) á stærri mælikvarða, og þannig birtist Plánetulogosinn, sem gæðir lífi alla mónada á mónad-geisla hans. Þessum sannleika er nær útilokað að lýsa með orðum og hann varðar sambandið milli upptaka rafmagnseldsins, sem er mónadinn, og fimmhyrnu stjörnnunnar sem opinberar vígsluhafanum návist Plánetulogossins, „Návistina.“ Þetta er svo gott sem óskiljanlegt venjulegum mönnum sem þessi bók er ætluð.

Við sjöttu vígsluna verður vígsluhafinn, sem starfar þá meðvitað út frá kærleikspætti mónadsins (fyrir tilstilli „Föður“ síns), fyrir enn víðtækari opinberun og verður meðvitaður um þá stjörnu sem umlykur plánetustjörnu hans, alveg eins og sú stjarna hefur áður virst umlykja hans eigin agnarsmáa „neista.“ Hann kemst þannig í meðvitað samband við Sólarlogosinn og skilur innra með sér einingu alls lífs og raunbirtingar.

Þessi skilningur er útvíkkaður við sjöundu vígsluna, svo að tveir þættir Lífsins Eina verða raunverulegir fyrir hinum frelsaða búddha.

Þannig, stig af stigi, er vígsluhafinn færður skref fyrir skref, augliti til auglitis við sannleik og innri tilveru. Íhugulum nemanda mun verða ljóst hvers vegna þessi opinberun „Návistarinnar“ verður að eiga sér stað á undan öllum öðrum vitrunum. Hún framkallar í huga vígsluhafans eftirfarandi grundvallarskilning:

Trúfesta hans öldum saman er réttlætt, og von og trú renna saman í sjálfmyndaða staðreynd. Trúin hverfur fyrir því sem séð er og hann sér og þekkir óséða hluti. Hann getur ekki lengur efast, en er í staðinn orðinn, fyrir eigið átak, *sá sem veit*.

Eining hans með bræðrum sínum er sönnuð og hann gerir sér grein fyrir órjúfanlegum tengslum við meðbræður sína alls staðar. Bræðralag er ekki lengur kenning, heldur sönnuð staðreynd sem ekki er hægt að efast um, eins og ekki er hægt að draga í efa aðskilnað manna á efnispétta sviðinu.

Hann hefur fengið sönnun og fullvissu fyrir ódauðleika sálarinnar og raunveruleika hinna ósýnilegu heima. Fyrir vígsluna var þessi trú grundvölluð á skammvinnri og hverfulli sýn og sterkri innri sannfæringu (árangur rökrænnar ályktunar og innsæis sem hefur þróast smám saman), en nú byggist hún á sjón og skilningi á ódauðlegu innra eðli, sem ekki er hægt að afsanna.

Hann gerir sér grein fyrir tilgangi og upptökum orkunnar og getur byrjað að beita mætti sínum af vísindalegri nákvæmni og stjórnun. Hann veit nú hvaðan hann fær orkuna og hefur séð bregða fyrir þeim orkuforðum sem tiltækir eru. Áður vissi hann að þessi orka var til og notaði hana blindandi og stundum óviturlega; nú setur hann hana undir stjórn hins „opna huga“ og getur unnið á vitrænan hátt með öflum náttúrunnar.

Þannig leiðir opinberun „Návistarinnar“ á margan hátt af sér greinilegan árangur hjá vígsluhafanum og þess vegna álitur Helgistjórnin að hún sé nauðsynlegur undanfari allra seinni opinberana.

Opinberun sýnarinnar.

Eftir að vígsluhafi hefur verið færður augliti til auglitis við Hinn Eina, sem hann hefur verið í sambandi við í óteljandi aldir, og þegar vakinn hefur verið með honum óhagganlegur skilningur á einingu lífsins eins og það raunbirtist í grundvallaratriðum í öllum óæðri lífsformum, er opinberun sýnarinnar næsta stórmerka vitrunin. Fyrsta opinberunin hefur varðað það sem er óskilgreinanlegt, ótakmarkað og (fyrir hinum takmarkaða huga) óendanlegt í óhlutstæði sínu og algildi. Önnur opinberunin varðar tíma og rúm og í henni felst skilningur vígsluhafans — fyrir tilstilli nývakinnar innri sjónar — á því hlutverki sem hann hefur gegnt og verður að gegna í Áætluninni og síðar skilningur á Hinni miklu áætlunin að því er snertir:

- a. Sál hans.
- b. Sálarheildi hans.
- c. Geislaheildi hans.
- d. Plánetulogos hans.

Í þessari fjórföldu greiningu hafið þið lýsingu á stigvaxandi skilningi hans sem hann öðlast við þær fjórar vígslur sem teknar eru á undan lokafrelsuninni.

Við fyrstu vígsluna verður hann greinilega meðvitaður um það hlutverk sem tiltölulega lítið fer fyrir og hann verður að gegna í persónulegu lífi sínu á því tímabili sem hefst á eftir stund opinberunarinnar, og til þeirrar stundar að hann tekur aðra vígsluna. Þetta getur tekið annað æviskeið eða fleiri til viðbótar. Hann veit hvaða stefnu þau ættu að taka, hann gerir sér nokkra grein fyrir hlut sínum í þjónustu fyrir mannkynið; hann sér Áætlunina sem heild hvað hann sjálfan varðar, örsmátt brot í heildarmynstrinu; hann verður meðvitaður um hvernig hann — með sinni sérstöku hugargerð, sam safni eiginleika, hugrænna og annarra, og mismunandi hæfileikum — getur þjónað og hverju hann verður að koma til leiðar áður en hann getur aftur staðið í Návistinni og tekið við frekari opinberun.

Við aðra vígsluna er honum sýnt það hlutverk sem sálarheildi hans gegnir í heildaráætluninni. Hann verður betur meðvitaður um mismunandi einstaklinga hópsins sem hann er tengdur og á náið samstarf við á innri sviðunum; hann gerir sér grein fyrir hverjir þeir eru sem persónur, ef þeir eru í jarðvist, og hann sér að nokkru leyti hver eru karmísk tengsl milli hópa, einstaklinga og hans sjálfs; hann öðlast innsæi inn í hinn sérstaka hóptilgang og tengslin við aðra hópa. Hann getur nú starfað af auknu sjálfsöryggi, og samskipti hans við fólk á jarðneska sviðinu verða ákveðnari; hann getur bæði hjálpað því og sér sjálfum við að jafna karma og þess vegna nálgast lokafrelsun hraðar. Hóptengslin eru styrkt og hægt er að koma áætlunum og markmiðum viturlegar áfram. Þegar þessi styrking hóptengsla á sér stað, myndar hún í efnisheiminum það samstillta starf og þá viturlegu einingu um takmark sem ber þann árangur að æðri markmið verða að veruleika og að orku er beitt til að nálgast á viturlegan hátt markmið þróunarinnar. Þegar þetta hefur náð ákveðnu stigi hafa einstaklingarnir, sem mynda hópana, lært að starfa saman og hafa þannig örvað hver annan; þeir geta nú haldið áfram að auka þekkingu sína, en það veitir frekari getu til að hjálpa.

Við þriðju vígsluna opinberast fyrir vígsluhafanum tilgangur þeirrar greinar geislans sem hann tilheyrir, þeirrar sem sál hans er á. Allar sálareiningar eru á einhverri geislagrein mónadgeislans. Vígsluhafanum er veitt þessi þekking til að gera honum síðar kleift að finna sjálfur (eftir greiðustu

leiðinni) eiginleika geisla síns mónads. Þessi geislagrein ber í orkustraumi sínum mörg sálnaheildi og vígsluhafinn verður þess vegna ekki aðeins meðvitaður um sálarhóp sinn og vitsmunalegan tilgang hans, heldur einnig um marga aðra hópa sem eru svipað saman settir. Sameinuð orka þeirra vinnur að skýrt skilgreindu marki.

Eftir að hafa lært nokkuð um hóptengsl og eftir að hafa þróað getuna til að starfa með einingum í hópstarfi, kemst vígsluhafinn nú að leyndarmáli skipulags hópaðlögunar til góðs fyrir hið stærra heildi. Þetta mun koma fram í efnis- heiminum sem geta til að starfa viturlega, skynsamlega og í samlyndi við margvíslegar manngerðir, og sem hæfni til að stunda samstarf í stórum áætlunum og beita víðtækum áhrifum.

Hluta af áætlunum Plánetulogossins er lokið upp fyrir honum og sýnin felur í sér opinberun áætlunarinnar og markmiðsins að því er varðar plánetuna, þótt sýnin í sambandi við þessar áætlunir hvað viðvíkur tengsl og sambönd plánetunnar sé ennþá ógreinileg. Þetta færir vígsluhafann, gegnum stigvaxandi skilning, að hliðum fjórðu vígslunnar. Með því að vígsluhafinn losnar úr öllum fjötrum í heiminum þrem og brýtur af sér alla hlekki og takmarkandi karma, er sýnin stórlega útvíkkuð að þessu sinni, og segja má að í fyrsta skipti verði hann meðvitaður um umfang plánetumarkmiðs og karma innan plánetukerfisins. Þar sem hans eigið persónulega og lítilvæga karma hefur nú verið jafnað, getur hann beint athygli sinni að því að vinna úr plánetukarma og hinum víðtæku áætlunum þess Mikla Lífs sem inniheldur öll minni líf. Hann öðlast ekki aðeins fullan skilning á markmiðum og áætlunum allrar þróunar á öllum sviðum í sínu eigin plánetukerfi, kerfi jarðarinnar, heldur sveiflast einnig inn í skilningssvið hans það plánetukerfi sem er mótpartur jarðarinnar eða pólár-andstæða. Hann gerir sér grein fyrir þeim gagnkvæmu tengslum sem eru milli þessara tveggja plánetukerfa og hinn mikli tvöfaldi tilgangur er opinberaður fyrir honum. Honum er sýnt hvernig þessi tvöfaldi tilgangur verður að verða að einni sameinaðri áætlun, og upp frá þessu beinir hann allri sinni orku að plánetusamstarfi eins og því er þokað áfram með starfi, með og gegnum hinar tvær miklu þróunarleiðir manna og engla á okkar plánetu. Þetta varðar aðlögun og stigvaxandi orku sem beitt er til örvarunar hinum ýmsu náttúruríkjum, svo að með sameiningu allra krafta náttúrunnar megi flýta fyrir víxláhrifum orku milli plánetukerfanna tveggja. Á þennan hátt er hægt að fullkomna áætlunir Sólarlogossins, eins og þær eru framkvæmdar gegnum tvo Plánetulogosa. Stjórnun sólarorku í litlum mæli er nú þess vegna forréttindi hans og honum er ekki aðeins hleypt inn í fundarsali sinnar eigin helgi-stjórnar, heldur er honum einnig heimil aðgangur þegar fulltrúar frá öðrum plánetukerfum sitja á fundum með Lávarði heimsins og hinum tveim miklu stjórnendum deildanna.

Við fimmtu vígsluna færir sýnin honum enn víðari sjóndeildarhring og hann sér þriðja plánetukerfið sem myndar, ásamt hinum plánetukerfunum tveim, einn af þeim orkuþríhyrningum sem eru nauðsynlegir fyrir þróun sólkerfisins. Alveg eins og öll raunbirting kemur fram gegnum tví- og þriðgreiningu aftur til endanlegrar sameiningar, virka þessi plánetukerfi, sem eru ekki annað en orkustöðvar í líkama Sólarlogoss, fyrst sem aðgreindar einingar sem lifa sínu eigin óskipta lífi, síðan tvígreindar, vegna gagnvirkar orku sem tengir einhver tvö plánetukerfi sem styðja, örva og bæta hvort annað upp, og loks sem sólarþríhyrningur, þar sem þau dreifa orku frá einum stað til annars og frá orkustöð til orkustöðvar, þar til orkan rennur saman og sameinast og öll þrjú plánetukerfin vinna saman sem ein heild.

Þegar fullnumi fimmtu vígslunnar getur starfað samkvæmt áætlunum hinna þriggja Plánetulogosa, sem hafa náði samstarf, og unnið með þeim af sífellt aukinni getu, þá verður hann, eftir því sem tíminn líður, tilbúinn fyrir sjöttu vígsluna, sem veitir honum aðgang að enn æðri ráðstefnum. Hann verður þátttakandi í sólar-, en ekki aðeins plánetumarkmiðum.

Við sjöttu vígsluna öðlast hann undraverðustu sýnina í þessari röð. Hann sér sólkerfið sem einingu og fyrir forviða skilningi hans lýkst sem snöggvast upp grundvallartilgangur Sólarlogossins; í fyrsta sinn sér hann áætlunirnar sem heild í allri greiningu þeirra.

Við sjöundu vígsluna nær sýn hans út fyrir takmörkunarhring sólkerfisins og hann sér það sem hann hefur fyrir löngu gert sér fræðilega grein fyrir sem grundvallarstaðreynd: að Sólarlogos okkar er þátttakandi í áætlunum og áformum enn stærri Veru og að sólkerfið er aðeins ein margra orkustöðva sem Kosmísk Heimsvera, miklum mun meiri en okkar Sólarlogos, tjáir sig gegnum. Á bak við allar þessar sýnir liggur einn mikill tilgangur — opinberun eðlislægrar einingar og afhjúpun innri sambanda sem munu, þegar þau eru þekkt, hafa æ ríkari tilhneigingu til að beina vígsluhafanum inn á

brautir sjálfs-fórnanði þjónustu og fá hann til að starfa að samfjöllun, samræmi og grundvallareiningu.

Á meðan á vígsluathöfninni stendur opnast augu vígsluhafans til að sjá og skilja. Þetta gerist í þremur stigum, en engu að síður eru þau hluti af sama ferlinu:

1. *Fortíðin* streymir fram fyrir honum og hann sér sjálfan sig í mörgum hlutverkum sem hann skilur að eru aðeins til þess að færa orku hans og hæfileika að því marki, þar sem hann getur orðið að liði fyrir og með heildi sínu. Í samræmi við tilteknar vígslur sér hann og samsamar sig:

a. Sjálfum sér í mörgum fyrri lífum.

b. Hópi sínum í fyrri lífsbirtingum hópa.

c. Sálargeisla sínum, þar sem hann streymir niður gegnum mörg tímasteið.

d. Plánetulogosi sínum, þar sem hann starfaði í fortíðinni í mörgum ríkjum og þróunarskeiðum í öllu plánetukerfinu.

Og þannig áfram, þar til hann hefur samsamað sig fortíð þess Eina Lífs sem streymir gegnum öll plánetukerfin og þróunarskeið sólkerfisins. Þetta kallar fram hjá honum þann ásetning að vinna úr karma og skilninginn (af því að sjá orsakir frá fyrri tímum) á því hvernig hægt verður að ná settu marki.

2. *Samtíðin*. Því er lokið upp fyrir honum hvaða sérstaka starf þarf að inna af hendi í hinni minni hringrás sem hann tengist þá stundina. Þetta táknar að hann sér ekki aðeins það sem varðar hann í einhverju einu lífi, heldur veit hann hver verður næsti hluti áætlunarinnar — sem tengist ef til vill mörgum af hans örsmáu hringrásum sem kallast æviskeið — og sem Plánetulogosinn leitast við að sjá í framkvæmd. Þá má tvímælalaust segja að hann þekki starf sitt og geti einbeitt sér að verkefni sínu með fullri vitneskju um hvers vegna, hvernig og hvenær.

3. *Framtíðin*. Síðan, til hvatningar, er honum veitt sýn af dýrð ólýsanlegrar lokafullkomnunar, ásamt nokkrum einstökum atriðum sem eru til marks um helstu skrefin að þessu marki. Hann sér eitt örstutt andartak dýrðina eins og hún verður og þá braut geislandi fegurðar sem skín sífellt skærar til hins fullkomna dags. Á fyrri stigum sér hann dýrð hins fullkomnaða sálarheildis síns; síðan ljómann sem streymir út frá þeim geisla sem ber í skauti sér fullkomnaða mannsyni eins sérstaks litar og gerðar; enn síðar sér hann bregða fyrir fullkomleika þeirrar Miklu Veru sem er hans eigin Plánetulogos, þar til að því kemur að fullkomleika allrar fegurðar og þess ljóma sem felur í sér alla aðra ljósgeisla er lokið upp fyrir honum — sólin geislandi í styrkleika sínum, Sólarlogosinn á stigi fullkomnaðra áforma.

VÍGSLUSPROTARNIR

Vígslusprotarnir eru af fjórum gerðum:

1. *Kosmískur*, sem Kosmískur Logos beitir í vígslum Sólarlogoss og hinna þriggja megin Plánetulogosa.

2. *Sólkerfislegur*, sem Sólarlogos beitir í vígslum Plánetulogoss. Við fjöllum ekki um kosmíska vígslu; hún felur í sér útvíkkun skilnings sem nær út fyrir þekkingarsvið jafnvel æðsta vígsluhafa sólkerfis okkar. Við látum sólkerfisvígslur aðeins að mjög litlu leyti varða okkur, því umfang þeirra er svo gríðarlega yfirgripsmikið að venjulegur mannshugur getur ekki ennþá gert sér þær í hugarlund. Maðurinn gerir sér aðeins grein fyrir þessum vígslum að því marki sem þær hafa áhrif á plánetukerfið þar sem hann á feril sinn. Sérstaklega er þetta svo ef plánetukerfið, sem hann gegnir sínu smáheims-hlutverki í, er sú orkustöð í líkama Sólarlogossins sem verður fyrir örvun. Þegar því er þannig háttað, gengst hans eigin Plánetulogos undir vígslu og þar af leiðandi verður hann (sem frumulíkami) fyrir aukinni örvun ásamt öðrum mannsönum.

3. *Plánetusproti*, sem Plánetulogosinn notar við vígsluathafnir og við þriðju, fjórðu og fimmtu meginvígslurnar, ásamt hinum tveim æðri. Við plánetuvígslu er veldissprotinn, sem Sólarlogosinn beitir, hlaðinn hreinni raforku frá Síríus, en Sólarlogos okkar tók við honum í öðru efnisbirtingartímabili sólkerfisins, öðru sólkerfinu, úr höndum Hinnar Miklu Veru sem er í forsæti fyrir karma-drottnana. Sú Mikla Vera geymir lögmálið meðan formbirtingin varir, og það er þessi Mikla Vera sem er fulltrúi í sólkerfinu fyrir Hið æðra bræðralag í Síríus-sólkerfinu, en stúkur Bræðralagsins á Síríus starfa sem Helgistjórnir á hinum ýmsu plánetum. Ennfremur er það þessi Mikla Vera sem með aðstoð Sólarlogossins miðlar orku til hinna ýmsu vígjenda á plánetunum, lætur þeim í té með leynd það orð sem gerir þeim kleift að draga niður hina hreinu raforku sem embættissprotar þeirra verða að vera hlaðnir og trúir þeim fyrir hinu sérstæða leyndarmáli þeirra sérstaka plánetukerfis.

4. *Helgistjórnarsproti*, sem andleg helgistjórn notar við minni vígslur og heimsfræðarinn við fyrstu tvær vígslur hugans.

Þegar maðurinn öðlaðist einstaklingsvitund á Lemuríútímabilinu, var það vegna beitingar vígslusprotans á Logos hnattakeðju jarðarinnar sem gerði vissar orkustöðvar í líkama Hans virkar ásamt tilsvarendi hópum. Þessi beiting sprotans vakti lífið til vitsmunalegs starfs á hugar sviðinu. Dýramaðurinn var meðvitaður á jarðneska og geðræna sviðinu. En með þeirri örvun sem rafspottinn knúði fram varð dýramaður þessi að frummanni og vaknaði til vitundar á hugar sviðinu. Þannig voru líkamarnir þrír samstilltir og hinum innri hugsuði gert kleift að starfa í þeim.

Allir vígslusprotar kalla fram viss áhrif:

- a. Örvun hinna blundandi elda, þar til þeir loga.
- b. Samþætting eldanna vegna innræðrar virkni sem færir þá inn í ummálshring hvers annars.
- c. Aukning á sveifluvirkni einhverrar orkustöðvar, hvort sem það er í manni, Himnamanni eða Sólarlogosi.
- d. Þenslu allra líkamanna, en fyrst sálarlíkamans, orsakalíkamans.
- e. Uppstreymi kúndalini eldsins (eldsins við mænurótina) og stjórnun framrásar hans upp á við. Þessum eldi og eldi hugans er beint eftir ákveðnum leiðum — eða þríhyrningum — með því að eldurinn fylgir á eftir sprotanum og hreyfingum hans með sérstökum hætti. Það er viss dulfræðileg ástæða, innan lögmáls raffræðinnar, fyrir þeirri þekktu staðreynd að sérhver vígsluþegi, sem kemur fyrir vígjandann, kemur í fylgd tveggja meistara sem standa hvor sínum megin við vígsluþegann. Þeir þrír mynda saman þríhyrning sem gerir starfið mögulegt.

Kraftur sprotans er tvíþættur og máttur hans ógnarlegur. Einn og út af fyrir sig gæti vígsluhafinn ekki tekið við rafspennunni frá sprotanum án alvarlegra meiðsla, en með þríhyrningsmiðlun fæst

öryggi. Hér verðum við að muna að tveir meistarar bera ábyrgð á öllum tilvonandi vígsluhöfum og eru fulltrúar fyrir hina tvo póla hins rafmagnaða alheims. Hluti af starfi þeirra er að standa með tilvonandi vígsluhöfum þegar þeir koma fyrir hinn mikla lávarð.

Á tilteknum árstíðum, þegar vígjandinn í valdastöðu sinni heldur sprotanum í höndum sér, verkar sprotinn sem miðlunartæki fyrir raforku frá mjög háum stigum, svo háum reyndar að „Demanturinn logandi“ miðlar fyrir milligöngu Logossins orku við ákveðnar lokavígslur, þá sjöttu og sjöundu, orku sem á að öllu leyti upptök sín utan sólkerfisins. Þessi aðalsproti er sá sem notaður er á þessari plánetu, en innan sólkerfisins eru nokkrir slíkir veldissprotar, á þrem stigum — ef svo mætti að orði komast.

Sérstakur vígslusproti er notaður við fyrstu tvær vígslurnar og það er hinn mikli lávarður, heimsfræðarinn, Kristur sem beitir honum. Hann er magnaður með „Demantinum logandi“ og mögnunin er endurtekin fyrir hvern nýjan heimsfræðara. Dásamleg athöfn fer fram þegar nýr heimsfræðari tekur við embætti, þar sem hann tekur við veldissprotu sínum — sama sprotanum og notaður hefur verið frá stofnun helgistjórnar á plánetu okkar — og réttir hann fram að Lávarði heimsins sem snertir hann með sínum eigin máttuga sprota og endurhleður hann með rafspennu. Þessi athöfn fer fram í Shamballa.

Vígslusprotinn, sem kallaður er „Demanturinn logandi,“ er notaður af Sanat Kúmara, Höfuðvígjandanum eina. Þessi sproti er falinn „í Austrinu“ og felur í sér eldinn sem er ljós viskutrúarbragðanna. Lávarður heimsins kom með þennan sprota frá Venusarhnetti hnattakeðju jarðarinnar, og einu sinni á hverju heimstímabili er hann endurhlaðinn á svipaðan hátt og hinn minni sproti, nema þá er það Sólarlogosinn sjálfur, Logos sólkerfisins, sem endurhleður hann. Lávarður heimsins og chohanar geislanna þekkja einir nákvæma staðsetningu þessa sprota, og þar sem sproti þessi er verndar- og máttarvaldur þessarar þróunar, er hann undir umsjón chohans annars geislans, með aðstoð ráðandi engils mónad sviðsins, undir stjórn Lávarðar heimsins. Búddhar athafnaorkunnar eru ábyrgir fyrir gæslu hans og undir þeirra stjórn, chohan geislans. Hann er aðeins tekinn fram á tilteknum tímum þegar um sérstök verkefni er að ræða. Hann er ekki aðeins notaður við vígslur manna, heldur einnig við vissar plánetuathafnir sem almennt ekkert er vitað um þessa stundina. Svið hans og hlutverk er við vissar athafnir sem tengjast innri umferðinni og þríhyrningnum sem Jörðin, Mars og Merkúr mynda.

Tilgangur veldissprotanna.

Í veldissprotu ríkjandi konunga nú á dögum er fólgin táknræn merking þessara vígslusprotu. Þeir eru, eins og vera ber, viðurkenndir sem tákn embættis og máttar, en það er ekki almennt vitað að þeir eiga sér raffræðilega frummynd og að hið sanna gildi þeirra liggur í aflfræðilegri örvun allra undirmanna í embætti sem verða fyrir snertingu þeirra og hrífast þannig til aukinna starfa og þjónustu við mannkynið.

Hinn mikli veldissproti sjálfs Sólarlogossins er falinn í sólinni.

Endurteknar skulu í stuttu máli duldar staðsetningar hinna ýmsu sprota:

1. Sproti heimsfræðarans er falinn í „Hjarta viskunnar,“ það er að segja í Shamballa.
2. Sproti Höfuðvígjandans Eina er falinn í „Austrinu,“ á ákveðnum stað á plánetunni.
3. Sproti Sólarlogossins er falinn í „Hjarta sólarinnar,“ því dularfulla fingurði sviði sem liggur að baki okkar efnislegu sólar, en efnislega sólin er aðeins umlykjandi hlíf og hjúpur utan um það.
4. Sprotu kosmíska Logossins, sem tengist Sólarlogosi okkar, er haldið leyndum í þeim miðju-punkti himinhvolfsins sem sólkerfi okkar snýst um og nefndur er „Hin miðlæga andlega sól.“

Fyrir hvern nýjan heimsfræðara er sprotinn hlaðinn að nýju í Shamballa. Við hvert endurtekið heimstímabil er sproti Sanat Kúmara hlaðinn og þess vegna sjö sinnum í sögu plánetukerfisins. Veldissproti Sólarlogossins er rafmagnaður við hvern nýjan sköpunartíma sólkerfisins eða fyrir hvert sólkerfi sem Logosinn raunbirtist í, sambærilega eins og maðurinn raunbirtist í efnislíkama sínum. Fyrstu tvær athafnirnar fara fram í Shamballa, hinum helga stað pláneturaunbirtingar, þeim miðlæga

stað á okkar plánetu sem samsvarar hjartanu í manningum. Margir þeirra staða á yfirborði jarðar sem eru frægir fyrir lækningamátt sinn eru þannig þekktir vegna þess að þeir eru magnaðir og mögnunar-eiginleikar þeirra koma fram sem lækandi áhrif. Þegar maðurinn viðurkennir þessa eiginleika er það aðeins undanfari nákvæmari skilnings sem mun seinna verða ráðandi, þegar ether-sjón hans er eðli-lega þroskuð.

Þessir orkustaðir eru magnaðir á þrjá vegu:

1. Af Sanat Kúmara sem vinnur með milligöngu mannkynshöfðingjans. Þetta á sér stað, þegar æskilegt er að mynda miðlægan magnaðan stað sem með aðdráttarafli sínu mun draga saman í sam-stæða heild einhvern kynstofn, þjóð eða stór samtök. Allar þjóðir hafa sinn „magnaða stað“ sem myndaður er í ethernum með því að beita „Demantinum logandi;“ þar er þjóðarhjartað og grundvöll-ur þjóðareinkenna. Yfirleitt er helsta borg þjóðar byggð kringum þennan stað, en svo er þó ekki alltaf.

2. Af Sanat Kúmara sem starfar með milligöngu heimsfræðarans. Í þessu tilfalli er raforkunni í sprotanum beitt til að draga nær hvort öðru þau áhrif sem koma fram í hinum miklu trúarbrögðum heimsins. Hinn minni veldissproti er notaður hér ásamt hinum meiri. Með þeim er eiginleiki aðlöðun-ar eða grunntónn sérhverra trúarbragða og allra samtaka með trúarlegan grundvöll kallaður fram.

3. Af Sanat Kúmara sem starfar með milligöngu lávarðar siðmenningarinnar. Með beitingu veldis-sprotans eru hinar mögnuðu orkumiðjur hinna miklu samtaka, sem hafa áhrif á siðmenntun og menn-ingu þjóða, gerðar samhliða virkar.

Allt skipulag á efnis sviðinu — stjórnunarlegt, trúarlegt eða menningarlegt — er afleiðing innri krafta og orsaka, og ef svo má að orði komast, þá á stilling þessara áhrifa og orku sér stað á ether-sviðunum, áður en mótun þeirra kemur afdráttarlaust fram í efnislegri birtingu. Samtök frímúrara má nefna sem dæmi um þetta. Þau hafa tvær magnaðar stöðvar, önnur þeirra er í Mið-Evrópu. Í öllum þeim dæmum sem hér eru nefnd var það Lávarður heimsins sem stjórnaði athöfninni, eins og alltaf þegar miklum og mikilvægum hreyfingum er komið á fót. Í öllum minni hreyfingum til hjálpar mannkyninu, sem meistarnir koma af stað með því að starfa gegnum lærisveina sína, er aðstoð heimsfræðarans kölluð til og hinn minni veldissproti notaður.

Þegar lærisveinar koma af stað hreyfingu í tiltölulega smáum mæli, getur maðurinn sem þeir starfa með aðstoðað þá á svipaðan hátt, og þótt hann beiti engum veldissprota hefur hann aðferðir til að örva og samhæfa einlæga viðleitni fylgjenda. Þannig eru vígslusprotarnir og máttarorðin notuð á öllum sviðum mannlegs lífs. Öll stjórn heimsins starfar samkvæmt lögmálum og reglu og öll áætlun-in er innbyrðis tengd.

Við skulum snúa okkur aftur að vitundarvígslum mannsins og veldissprotunum. Við vígsluathöfn-ina, eftir hinar tvær miklu opinberanir, kemur augnablik algerrar þagnar og þá öðlast vígsluþeginn innri skilning á þýðingu „friðar.“ Hann stendur, ef svo má segja, í tómarúmi eða lofttæmi, þar sem ekkert virðist geta náð til hans; hann stendur milli himins og jarðar eina örskotsstund, ekki meðvit-aður um neitt nema tilganginn, eins og hann er, og gerir sér grein fyrir innri guðdómi sínum og því hlutverki sem hann verður að gegna þegar hann snýr aftur til jarðarþjónustu úr fundarsal himinsins. Í vitund hans eru ekki neinar áhyggjur, ótti eða efi. Hann hefur komist í samband við hina guðdómlegu „Návist“ og séð sýnina. Hann veit hvað hann verður að gera og hvernig hann á að gera það, og ólýs-anlegur friður og gleði fyllir hjarta hans. Þetta er millibil kyrrðar á undan endurnýjaðri virkni sem hefst um leið og sprotanum er beitt. Á meðan hann hefur verið þannig einangraður hið innra með sjálfum sér, með alla orku sína innstillta í hjarta sínu, hefur stúka meistara, sem er viðstödd, fram-kvæmt vissar athafnir og tónað viss orð, til undirbúnings komu vígjandans í hásætið og beitingu sprotans. Helgistjórnandinn hefur fram að þessu verið viðstaddur, en starfið hefur verið innt af hendi af Stúkunni og vígsluvottunum. Hann stígur nú upp til máttarstaðarins, og lögmætir gæslumenn sprotans færa honum hann.

Hér er ekki mögulegt að birta smáatriði næsta stigs umfram þá lýsingu sem felst í orðunum „eldur kemur af himnum ofan.“ Þegar viss orð eru sögð og setningar fram bornar, sem eru eitt af leyndar-málum vitundarvígslunnar og eru mismunandi eftir vígslum, kemur raforkan sem nota á yfir sprotann

og fer gegnum hjarta og hönd vígjandans til hinna *þriggja* sem standa í þríhyrningssambandi við háseti embættisins. Þeir taka svo við henni og láta hana berast með viljanum gegnum hjörtu sín og koma henni þannig áfram til vígsluvottanna. Þeir búa sig undir, aftur með viljastyrk, að miðla henni til þeirrar orkustöðvar í líkama vígsluþegans sem á að verða fyrir örvun samkvæmt vígslunni. Síðan fylgir athyglisverður millipáttur þar sem sameinaður vilji Helgistjórnarinnar blandast saman til að miðla þeirri orku sem sprotinn hefur leyst úr læðingi. Helgistjórnandinn mælir fram orðið og orkunni er bókstaflega svipt inn í líkama og orkustöðvar vígsluþegans, gegnum stöðvarnar á hugar sviðinu, um tilfinningastöðvarnar og í orkustöðvarnar á ether-sviðunum sem að lokum taka við henni. Þetta er stórfengleg stund fyrir vígsluhafann og færir honum skilning á þeim bókstaflega og algjöra sannleika að „Guð er ummyndandi eldur.“ Hann veit án alls vafa að eldorka og raforka eru heildarkjarni alls sem er. Hann er bókstaflega baðaður í eldum hreinsunarinnar; hann sér eld á allar hliðar streyma út gegnum sprotann, mynda hringrás um þríhyrninginn og streyma gegnum líkama fullnumanna tveggja sem eru til aðstoðar. Örskamma stund er öll stúka meistaranna og vígsluhafarnir sem standa á sínum stöðum við athöfnina, utan þríhyrningsins, huldur vegg úr hreinum eldi. Vígsluþeginn sér engan nema helgistjórnandann og veit ekki af neinu nema glóandi eldhafi hreinna, bláhvíttra loga sem brenna en eyða ekki, sem eflir virkni sérhverrar frumeindar í líkama hans án þess að þær sundrist og sem hreinsar allt eðli hans. Hann sannar sig í eldinum og eldurinn sannreynir hann og starf hans og hann fer í gegnum logann.

Áhrif sprotans.

A. *Á líkama vígsluhafans.* Áhrifin eru fjórföld og varanleg, en eru mismunandi eftir þeirri vígslu sem gengist er undir. Áhrif sprotans eru vandlega og vísindalega stillt, og við hverja nýja vígslu er spennan aukin og virkni og hiti eldsins sem af leiðir eflist. Við beitingu sprotans finnur vígsluhafinn:

1. Að virkni hverrar einstakrar frumeindar í hinum ýmsu líkögum eykst og veldur meiri taugaorku, sveigjanleika og viðnámi sem þjónar honum vel í því erfiða þjónustulífi sem framundan er.

2. Að óæskilegt efni í líkögum hans er losað og atómveggnum eytt að vissu marki, svo að frumeindirnar verða geislavirkar — ef svo mætti að orði komast — og því auðveldara að losna við gróft efni.

3. Eldar líkamans eru örvaðir og heildarorka hins þrefalda lægri manns er stillt saman svo að minni orka fer til spillis og meira samhengi og samræmi næst í starfinu.

4. Ýtt er undir samtengingu hinna ýmsu líkama í tengslum við orsaka- eða sálarlíkamann og þannig verður samfelld vitund og næmi fyrir boðum sálarinnar möguleg.

Vígsluhafinn mun finna, þegar hann snýr aftur frá athöfninni og tekur til við starf sitt í heiminum, að örvunin, sem hann hefur orðið fyrir, mun leiða af sér tímabil mikilla átaka og virkni í líkögum hans. Þessi átök, sem vara uns sigur næst, munu valda því að hann losar úr líkögum sínum óæskileg efni og byggir upp úr nýjum og betri efnem; hann mun finna að þjónustumáttur hans hefur aukist gífurlega, og taugaorka hans mögnuð, svo að hann getur gripið til orkuforða til þjónustu sem hann áður hafði ekki grun um að til væri. Hann mun einnig finna að svörun efnisheilans við rödd æðra sjálfsins og næmi hans fyrir æðri og fíngerðari áhrifum eru eflað til mikilla muna. Að lokum tekst honum, gegnum það starf sem hann innir af hendi, að losa sig við allt grófgert undiratómískt efni úr lægri millisviðunum og mun eftir það byggja upp líkama úr efni hæsta millisviðs á hverju sviði, efsta sviðsstigi hvers heims. Hann verður var við að hann getur stjórnað allri orku sinni meðvitað og á uppbyggjandi hátt, að hann þekkir raunverulega þýðingu samfelldrar vitundar og getur starfað samtímis í persónuheiminum þrem með fullum innri skilningi.

B. Á orsaka- eða sálarlíkamann.

Það er aðeins mögulegt að minnst mjög lauslega á þau áhrif sem beiting sprotans hefur á sálarlíkama vígsluhafans. Efnid er gríðarlega umfangsmikið og fjallað verður nánar um það í bókinni „*A Treatise on Cosmic Fire*.“ Það eru aðeins tvær leiðir til að gefa nemandanum hugmynd um grundvallarsannleikann sem við getum nú athugað.

Í fyrsta lagi ætti nemandinn að hafa í huga þá mikilvægu staðreynd að í efnisheiminum er hann virkur persónuleiki með þekkt persónueinkenni sem hann gerir sér grein fyrir, og að þrátt fyrir það er hann huglægt líf sem notar persónuleikann sem tjáningarmiðil og — fyrir atbeina efnis- geð- og hugarlíkamans sem mynda hinn þrefalda lægri mann — kemst hann í samband við hinn formþetta efnisheim og þroskast þannig. Sömu almennu þróunarhugmyndina verður nú að útvíkka til æðra sjálfins, sálarinnar á sínu eigin sviði. Þessi sál er mikill sólarengill og er tjáningarmiðill fyrir mónadinn eða hinn hreina anda, alveg eins og persónuleikinn er gagnvart sálinni á lægra stigi. Frá sjónarhóli mannsins í heimunum þrem er þessi sál eða sólardrottinn eilífur; hann varir tímabil allra jarðvista, alveg eins og persónuleikinn varir, á meðan á hinu stutta tímaskeiði í persónuheimunum þrem stendur. Samt sem áður er þessi tilvistartími aðeins varanlegur að vissu marki, og sá dagur rennur upp að það líf, sem birtir sig í gegnum sálinna, innri hugsuðinn, sólardrottinn eða manasadevann, leitast við að losa sig jafnvel við þessar takmarkanir og snúa aftur til þess uppruna sem það upphaflega kom frá.

Lífið sem raunbirtist sem sólarengill, - sálarengillinn, og hélt sálarforminu saman um langan aldur með áskapaðri orku, dregur sig svo smám saman í hlé og formið eyðist hægt og hægt; hin minni líf, sem hafa myndað sálarformið, hverfa aftur til hinnar sameinuðu uppsprettu tívaefnisins, með aukinni meðvitund og virkni sem þau hafa öðlast við þá reynslu að mynda form sálarmannsins, innri hugsuðarins og vera notuð af enn æðri þætti tilverunnar. Hvað varðar persónuleikann, þá leysist hið þrefalda lægra sjálf upp á svipaðan hátt þegar sálarlífið dregur sig í hlé; hin litlu líf sem mynda líkama þess sem kallað hefur verið tungl-sjálf (til aðgreiningar frá sólar-sjálfinu, sem það er aðeins endurvarp af) sogast inn í hinn sameinaða forða tívaefnis sem hefur lægri sveiflutíðni en það sem myndaði sálarlíkamann. Á sama hátt hefur verið flýtt fyrir þróun þeirra með því að þau hafa myndað form til notkunar fyrir æðra sjálfið.

Með beitingu vígslusprotans er stuðlað að aðskilnaði andlega sjálfins, — mónadsins, frá æðra sjálfinu, sálinni, — og hið innilokaða líf losnar smám saman þegar sálarlíkaminn ummyndast hægt og hægt, innri hugsuðurinn leitar uppruna síns, og form hans leysist upp.

Þetta hefur leitt til þess orðalags, sem stundum er notað í dulfræðibókum, að „sálarlíkaminn splundrist“ við hverja vitundarvígslu, og til þeirrar hugmyndar að innri miðjueldurinn brjótist smám saman gegnum og eyði þeim múrum sem loka hann inni, og einnig að musteri Salómons hrynji við það að Shekinah dregur sig í hlé. Öll þessi orðasambönd eru táknræn og tilraunir til að tjá mannshuganum grundvallarsannleik frá mismunandi hliðum.

Þegar fjórðu vígslunni er náð er ummyndunarverkið fullkomnað, sólarengillinn snýr aftur til síns heima þegar hann hefur lokið sínu verkefni og sólarlífin leita aftur til miðju útgeislunar sinnar. Lífið innan formsins stígur þá sigri hrósandi upp í faðm „Föður síns á himnum,“ alveg eins og lífið innan efnislíkamans leitar upphafs síns, sálarinnar, eftir dauðastundina. Þetta gerist samsvarandi í fjórum stigum:

1. Með fráhrarfi úr efnislíkamanum.
2. Með fráhrarfi úr ether-líkamanum.
3. Með því seinna að yfirgefa tilfinningalíkaman.
4. Að lokum með því að yfirgefa hugarlíkaman.

Önnur leið til að leggja áherslu á sama sannleikann er að líta á sálarlíkamann sem orkustöð, orkuhjól eða lótus og að sjá hann fyrir sér sem lótus með níu krónublöðum með miðjueiningu úr þrem krónublöðum innan þeirra sem aftur hylja miðjulífið eða „Gimsteininn í lótusnum.“ Eftir því sem þróunin heldur áfram, opnast þessir þrír hringir þriggja krónublaða smám saman og hafa samtímis áhrif á eitthvert hinna þriggja miðlægu. Þessir þrír hringir eru kallaðir krónublöð fórnar, kærleiks og þekkingar. Við vígslu er sprotanum beint að krónublöðunum á vísindalegan hátt og stjórnað samkvæmt geisla og tilhneingingu. Þetta veldur því að miðjubrumið opnast, að gimsteinninn kemur í ljós

og að þessi gimsteinn fjarlægist úr skrininu, sem hefur varið hann svo lengi, og færist til „krúnunnar,“ eins og það er kallað í dulfræðinni þegar átt er við afturhvarf ether-gimsteinsins til andans þaðan sem hann kom.

Við verðum að gera okkur skýra grein fyrir því að það, sem að framan segir, er aðeins tilraun til að lýsa, með takmarkandi orðum, þeirri aðferð og þeim helgiathöfnum þar sem andleg frelsun næst að lokum á þessu tímaskeiði; fyrst með aðferð þróunarferlis eða hægfara þroska og síðan með beitingu vígslusprotans á lokastigunum.

C. Á orkustöðvarnar.

Þegar gengist er undir vitundarvígslu eru allar orkustöðvarnar virkar og hinar fjórar lægri (sem samsvara persónuleikanum) eru farnar að flytja eldinn til hinna þriggja hærrí. Hinn tvískipti snúningur í lægri orkustöðvunum sést greinilega og hinar þrjár hærrí eru að byrja að verða sambærilega virkar. Með beitingu vígslusprotans við vígsluathöfnina næst ákveðinn árangur í sambandi við orkustöðvarnar sem hægt væri að telja upp á eftirfarandi hátt:

Eldinum við mænurótina er beint ákveðið að þeirri orkustöð sem fær sérstaka athygli. Þetta fer eftir geisla eða sérhæfðu starfi vígsluhafans.

Virgni orkustöðvarinnar verður meiri, snúningshraðinn eykst og vissir miðjuhverflar hjólsins verða geislavirkari. Þessir hverflar hjólsins, eða þessi krónublöð lótussins, eru til dæmis í nánnum tengslum við mismunandi spírala í hinum varanlegu frumkjörnum ethersins, og við örvun þeirra kemur til sögunnar einn eða fleiri af samsvarandi vindingum frumkjarnanna í persónuheimunum þrem. Eftir þriðju vígsluna á samsvarandi örvun sér stað í frumkjörnum þrenndarinnar sem leiðir til samstillingar búddíska starfstækisins og tilfærslu lægri vitundarstillingarinnar til hinnar hærrí.

Með beitingu vígslusprotans er niðurstreymi orkunnar frá sálinni til persónuleikans þrefaldað, en stefna þess er undir því komin hvort orkustöðvarnar, sem athyglin beinist að, eru etherískar eða geðrænar eins og við fyrstu og aðra vígsluna, eða hvort vígsluhafinn stendur frammi fyrir Lávarði heimsins. Í síðara tilfellinu verða huglægu orkustöðvarnar, eða samsvarandi orkuhvirflar á hærrí stigum, fyrir örvun. Þegar heimsfræðarinn vígir við fyrstu og aðra vitundarvígsluna beinist hinn þrefaldi orkustraumur að því að lífmagna hjartastöðina og hálsstöðina í því hlutverki þeirra að samþætta hinar lægri. Þegar Höfuðvígjandinn Eini beitir veldissprota sínum, kemur niðurstreymi frá mónadinum, og þótt sveiflutíðni háls- og hjartastöðvarinnar aukist við það er meginstefna orkunnar til hinna sjö höfuðstöðva og loks (við frelsunina) til hinnar geislandi yfirhöfuðstöðvar fyrir ofan, sem samþættir hinar sjö minni höfuðstöðvar.

Við vitundarvígslu fá ether-orkustöðvarnar getu til aukins máttar og sveiflutíðni. Þetta veldur í hinu útræða lífi:

1. Næmi og fínleika starfstækjanna sem getur valdið vígsluhafanum miklum þjáningum í fyrstu, en mun kalla fram hæfileika til svörunar sem er mun þyngri á metunum en hinn óhjákvæmilegi sársauki.

2. Þróun andlegra hæfileika sem einnig geta leitt til tímabundinna erfiðleika, en sem leiða mun að lokum til skilnings á Hinu Eina Sjálfi í öllum sjálfum, sem er takmark viðleitinnar.

3. Að ether-vefurinn brennur upp vegna stigvaxandi mögnunar og uppstreymis kúndalini eldsins og réttis rúmfræðilegs framgangs hans, sem leiðir af sér samfellt minni, og vitund sem gerir vígsluhafanum kleift að nýta sér *tímann* á meðvitaðan hátt í víddarsviðum heimsins.

4. Stigvaxandi valdi og skilningi á lögmáli sveiflutíðninnar sem meginþætti í uppbyggingu og sköpun, verkandi með aðdráttarlögmálinu í víðtækum skilningi, og þar með lærir vígsluhafinn að byggja á meðvitaðan hátt og hafa áhrif á hugsanaefni til að fullkomna áætlanir Logossins, að vinna með hugarefni og að beita lögmálinu á hugar sviðum og þannig hafa áhrif í efnisheiminum. Hreyfing á kosmískum sviðum á sér kosmísk upptök og í smáheiminum kemur hið sama fram. Hér er dulfræðileg vísbending sem leiðir margt í ljós, ef um hana er hugsað. Við vígslu, á því augnabliki þegar sprotanum er beitt, gerir vígsluhafinn sér *meðvitaða* grein fyrir lögmáli aðdráttararfsins og þýðingu þess við myndun og mótun forma og í samþættingu eldanna þriggja. Máttur hans til framfara veltur á hæfni hans til að viðhalda þessum skilningi og að hann beiti lögmálinu sjálfur.

5. Að helgistjórnandinn miðlar vígsluhafanum hærri hugarorku og þar með, vegna geysilegrar örvunar, getur hann þekkt og viðurkennt á meðvitaðan hátt áætlunina fyrir sálarheildi sitt. Þessi orka kemur frá hinum varanlega frumkjarna hugans um vitundarbrúna og beinist að þeirri orkustöð sem helgistjórnandinn — samkvæmt lögmálinu — sér að þarfnast örvunar.

6. Að vígjandinn gerir orkustrauminn jafnan og stöðugan, þegar hann fer gegnum sálarlíkamann, svo að þegar þroskunarstarfinu er lokið, getur sjöundi þátturinn í hjarta lótussins opinberast. Eftir hverja vígslu er lótusinn opnari og ljós frá miðjunni byrjar að streyma fram — ljós eða eldur sem að lokum brennur gegnum hin þrjú umlykjandi krónublöð og gerir mögulegt að sjá alla hina innri dýrð og að rafmagnseldur andans raunbirtist. Þegar þessu er komið í kring á öðru millisviði hugar sviðsins, næst efsta millisviðinu, (þar sem sálar-lótusinn er nú staðsettur), á samsvarandi örvun sér stað í þéttara efni sem myndar krónublöðin eða hverfla orkustöðvanna á tilfinninga- og ether-sviðunum.

XIV. KAFLI

EIÐURINN UNNINN

Starf Stúkunnar, meðan á vígslunni stendur.

Nú komum við að hátíðlegasta hluta vígsluathafnarinnar. Frá ákveðnu sjónarmiði skiptist þessi athöfn í þrjú hluta:

Í fyrsta lagi, þegar vígsluhafinn gerir sér grein fyrir göfugu æðra sjálfi sínu, Návistinni, og sér sýnina og áætlunina.

Í öðru lagi, þegar vígjandinn beitir eldsprotanum og veldur vissum áhrifum í líkama umsækjandans.

Í þriðja lagi, þegar helgistjórnandinn lætur vígsluhafanum í té ákveðin orð og setningar sem hann síðan ber í vitund sinni til að koma til leiðar þeim hluta áætlunarinnar er varðar þroskaleið hans.

Á meðan allt þetta fer fram hefur stúka meistaranna, sem safnast hefur saman utan orkuþríhyrningsins, verið upptekin í þrískiptu starfi, en markmið Stúkunnar er að kalla fram viss áhrif í vitund vígsluhafans og aðstoða þannig helgistjórnandann við hið erfiða verk sitt. Hafa ber í huga að hvenær sem orku er beitt eða miðlað frá einni orkustöð til annarrar, verður afleiðingin, samkvæmt hagkvæmnislögmálinu, skerðing í þeirri stöð — þaðan sem orkan flæðir. Þetta er grundvöllurinn fyrir ákveðnum tímasetningum og tímaskeiðum sem tengjast vígsluathöfninni. Sólin er uppspretta allrar orku og máttar, og þegar hagstæð sólaraskilyrði eru nýtt gerir það starf vígjandans auðveldara. Tímasetning, ár og árstíð ákvarðast með innræðri sólar- og kosmískri stjörnuspeki sem er, að sjálfsögðu, byggð á réttum tölum, nákvæmri stærðfræðilegri hugsun og raunverulegri þekkingu á grundvallarstaðreyndum um pláneturnar og sólkerfið. Stjörnukort vígsluþegans er einnig ávallt gert til að athuga tímasetningu einstakra vígslna, en það er ekki fyrr en stjörnukort einstaklingsins samræmist vígslukortinu sem leiðbeinir vígjandanum, að hægt er að láta vígsluna fara fram. Þetta er ástæðan fyrir því að stundum verður að fresta vitundarvígslu þangað til í seinna lífi, jafnvel þótt vígsluhafinn hafi innt nauðsynlegt starf af hendi.

Þreföldu starfi Stúkunnar, á meðan á vígslu stendur, má lýsa á eftirfarandi hátt:

Í fyrsta lagi: Þegar tónaðar eru vissar máttarsetningar leysist úr læðingi orka frá ákveðinni etherorkustöð plánetunnar. Hér ber að hafa í huga að sérhvert plánetukerfi er orkustöð í líkama Sólarlogossins og felur í sér sérstaka gerð orku eða afls. Í samræmi við þá orkutegund sem óskað er eftir við hverja vígslu, flyst orkan frá viðkomandi plánetuorkustöð, í gegnum sólina til vígsluhafans. Þetta gerist á eftirfarandi hátt:

a. Orkan fer af stað frá plánetustöðinni fyrir mátt Plánetulogossins með aðstoð vísindalegrar þekkingar meðlima Stúkunnar og með notkun ákveðinna máttarorða.

b. Hún fer þaðan til sólarinnar, þar sem hún blandast hreinni sólarorku.

c. Henni er miðlað frá sólinni til þeirrar sérstöku hnattakeðju í kerfisáætlun jarðarinnar sem tölulega samsvarar upphaflega plánetukerfinu.

d. Þaðan er hún flutt til samsvarandi hnattar og þaðan til efnisþéttu plánetunnar. Með því að nota sérstök máttarorð safnar vígjandinn síðan orkunni í sinn eigin líkama og notar hann bæði sem mótöku- og sendistöð. Að lokum nær hún til vígsluhafans, gegnum þríhyrningsinn og vígsluvottana. Nemandanum ætti því að vera ljóst að þegar vígjandinn er Lávarður heimsins, hin ether-efnislega birting Plánetulogoss okkar plánetukerfis, kemur orkan beinni leið til vígsluhafans heldur en við tvær fyrstu vígslurnar, þar sem heimsfræðarinn er helgistjórnandinn. Það er ekki fyrr en við þriðju vígsluna sem vígsluhafinn er undir það búinn að taka við plánetuorku *milliliðalaust*.

Í öðru lagi: Einbeiting Stúkunnar hjálpar vígsluhafanum að gera sér grein fyrir hinum ýmsu ferlum sem hann gengur í gegnum. Þetta næst með því að hafa bein áhrif á hugarlíkama hans og þannig örva allar frumeindirnar með sameinuðum hugarmætti meistaranna. Þannig er vígsluhafanum beinlínis hjálpað að skilja. Þessari einbeitingu svipar á engan hátt til dáleiðslusefjunnar eða þeirra kröftugu áhrifa sem sterkir hugar hafa á veikari huga. Hún tekur á sig form einbeittrar hugleiðslu hjá þeim meisturum og vígsluhöfum sem saman eru komnir, um veruleika þann sem um er að ræða og um Yfir-sjálfið. Fyrir tilverkað þeirrar orku, sem þannig er leyst úr læðingi, er vígsluhafanum gert auðveldara fyrir að færa vitund sína frá ekki-sjálfinu til hinna guðlegu þátta sem hann snýr athygli sinni að. Með hugarmætti sínum tekst meisturinum að útiloka strauma frá persónuheimunum þremur og að gera vígsluhafanum bókstaflega kleift að „snúa baki við“ allri fortíð og öðlast þá fjarsýn að sjá fyrir endann í upphafi byrjunar og atburði tímans eins og ef tíminn væri ekki til.

Í þriðja lagi: Með ákveðinni hrynjandi helgiathafna aðstoðar Stúkan verulega við vígsluna. Rétt eins og við Wesak-hátíðina eru tónaðar máttarsetningar til að kalla fram orkustreymi. Gangur helgiathafnarinnar og uppstilling þeirra sem saman eru komnir, við að mynda flatarmálsmyndir fer fram eftir svipaðri atburðarás á Wesak-hátíðinni og í vígsluathöfninni. Flatarmálsmyndirnar eru mismunandi, því hinar ýmsu vígslur eru ólíkar. Í þessu felst ein af öryggisráðstöfunum athafnarinnar. Vígsluhafinn þekkir það mynstur sem notað er fyrir hans eigin vígslu, en ekki önnur.

Meistarar og vígsluhafar, sem saman eru komnir í Stúkunni, eru uppteknir við allar þessar þrjár hliðar á starfi sínu fram að því að sprotanum hefur verið beitt. Eftir það er vígsluhafinn orðinn meðlimur Stúkunnar og öll athöfnin breytist áður en eiðurinn er svarinn og orðið og leyndarmálið látið uppi.

Vígsluvottarnir víkja frá hvorri hlið vígsluhafans og taka sína stöðu meðal hinna, en þrír búddhar athafnaorkunnar (eða fulltrúar þeirra við fyrstu tvær vígslurnar) taka sér stöðu aftan við embættissæti helgistjórnandans. Meðlimir Stúkunnar mynda hópa með öðrum hætti, og vígsluhafar af sömu gráðu og sá nývígði staðsetja sig umhverfis hann og aðstoða við lokaþátt athafnarinnar; aðrir vígsluhafar og fullnumar taka sér stöðu samkvæmt sínum styrkleika.

Fyrstu þrjú stig vígsluathafnarinnar eru eins í öllum vígslum. Á síðustu tveim stigunum fara þeir sem eru ekki á sama stigi og hinn nývígði (eins og fyrstu gráðu vígsluhafar við vígslu þriðju gráðu meðlims) aftast í Sal vígslunnar í Shamballa, og „þagnarmúr“ er reistur með orku máttarorða á milli hópanna tveggja; tómarúm, ef svo má segja, er myndað og engu er hægt að miðla frá innri hópnum til hins ytri. Sá síðarnefndi einbeitir sér í djúpri hugleiðslu og að því að tóna vissar máttarsetningar og í innri hópnum kringum helgistjórnandann fer fram tvíþætt athöfn:

- a. Hinn nýi vígsluhafi er að vinna eiðinn.
- b. Honum eru látin í té ákveðin orð og leyndardómar.

Tvenns konar eiðar.

Öllum eiðum sem tengjast Hinni andlegu helgistjórn má skipta í tvo flokka:

1. *Vígslueiðinn*, þar sem vígsluhafi strengir þess heit að gefa aldrei upp neina dulda leyndardóma, að viðlagðri umsvifalausri refsingu, né lýsa með orðum utan vígslusalarins því sem honum hefur verið trúað fyrir.

2. *Embættiseiðinn*, sem svarinn er þegar einhver meðlima Stúkunnar tekur við sérstakri stöðu í starfi Helgistjórnarinnar. Eiðurinn fjallar um hlutverk hans og um samband hans við:

- a. Lávarð heimsins,
- b. næsta yfirmann sinn,
- c. samstarfsmenn sína í Stúkunni,
- d. þann heim manna sem hann á að þjóna.

Óþarft er hér að segja meira um þennan eið, þar sem hann varðar eingöngu embættismenn Helgi-
stjórnarinnar.

Vígslueiðurinn.

Vígslueiðurinn, sem við fjöllum nú um, skiptist í þrjá þætti. Helgistjórnandinn hefur eiðinn fyrir vígsluhafanum sem endurtekur hann setningu fyrir setningu eftir vígjandanum. Til áherslu er fram-
setning eiðsins rofin á ýmsum stöðum þegar vígsluhafar af sömu gráðu tóna orð á fornmálinu sensa
sem jafngilda „Megi svo verða.“

Hinum þrem hlutum eiðsins má lýsa í stórum dráttum sem:

1. Hátíðlegri setningu sem felur í sér þann tilgang sem knýr vígsluhafann áfram, yfirlýsingu um
óbreytanlegan viljastyrk hans og hátíðlegri yfirlýsingu um skilning hans, tengt heiti um að láta ekki
uppi neinn hluta hins sannreynda tilgangs, nema að því leyti sem daglegt líf hans í heimi manna og
þjónusta hans við mannkynið mun bera með sér. Þetta felur í sér heit um leynd varðandi hinn opin-
bera hluta áætlunar Logossins sem sést í „opinberun sýnarinnar.“

2. Skuldbindingu sem er mjög alvarleg í eðli sínu varðandi tengsl hans við sín önnur innri sjálf,
Stúkuna sem hann er félagi í og sjálf manna alls staðar. Þetta snertir viðhorf hans til bræðra sinna af
öllum gráðum og felur jafnframt í sér alvarlega skuldbindingu um að gera aldrei uppskált um hið
sanna eðli sjálfsins eins og það hefur verið birt honum í vígslunni. Þetta felur í sér leyndarheit að því
er varðar samband Sólarlogossins og Plánetulogossins, sem hann nú skilur, og samband Plánetu-
logoss okkar við plánetukerfið sjálft.

3. Framsetningu hátíðlegrar skuldbindingar um að láta aldrei uppi við neinn þá þekkingu sem
hann hefur öðlast varðandi upptök orku og krafta sem hann hefur komist í snertingu við. Þetta er þre-
faldur eiður um að halda algerri þögn um hið rétta eðli orkunnar, um lögmál meðhöndlunar hennar,
og heit þess efnis að nota þá orku sem hann fær til ráðstöfunar við vígsluna eingöngu til að þjóna
mannkyninu og þoka áfram áætlunum Plánetulogossins.

Þessi mikli eiður er settur fram með mismunandi orðalagi eftir því hvaða vígsla er tekin og, eins
og áður sagði, er svarinn í þremur áföngum, með hléi á milli hvers áfanga, þar sem hinn vígði hópur
kringum hinn nýinntekna bróður innir ákveðin verk af hendi sem tengjast athöfninni.

Hér má taka það fram að hver hluti eiðsins varðar í rauninni einn af hinum þrem meginþáttum
guðdómlegrar raunbirtingar, og þegar vígsluhafinn strengir heitið, aðstoðar einn af yfirmönnum
deildanna þriggja vígjandann við stjórn athafnarinnar. Með þessum hætti verður orka af þrjúþættu eðli
tiltæk í samræmi við mismunandi hluta eiðsins sem unninn er. Við fyrstu tvær vígslurnar streymir
þessi orka niður frá þremur aðalgeislunum, gegnum helgistjórnandann og viðkomandi deildarstjór-
anda, til vígsluhafans, um hóp vígsluhafa af sömu gráðu, svo að hver vígsla er leið til örvunar og
þenslu fyrir alla. Við síðustu fimm vígslurnar streymir orkan um hina þrjú búddha athafnaorkunnar
en ekki um lávarða deildanna.

Það kann að vera áhugaverð ábending að meðan á þessum hluta athafnarinnar stendur er hópurinn
baðaður litum sem samsvara orkugerðinni á því plánetukerfi sem hún á upptök sín í, og það er starf
vígjandans að koma vígsluhafanum í snertingu við þessa orku. Hún streymir niður yfir hópinn frá því
augnabliki að einangrun hópsins hefur verið komið á. Þetta gerist þegar vígjandinn notar ákveðin orð
og lyftir veldissprota sínum. Þrjú búddhar athafnaorkunnar, sem eru birting hinna miklu orkustöðva á
plánetu okkar, snerta síðan endann á sprotanum með embættisstöfum sínum, þeir mæla sameiginlega
fram ákveðið launspékilegt orð og niðurstreymið hefst og heldur áfram til loka athafnarinnar.

Þeirrar spurningar má spyrja hvort nokkrir vígsluhafar bregðist eiði sínum. Mjög sjaldan, því við
verðum að muna að engin vígsla er tekin fyrr en vissu stigi er náð. Nokkur tilfelli hafa átt sér stað, en
þar sem Lávarður heimsins er meðvitaður um allt sem gerist, í framtíðinni jafnt sem nútíðinni og for-
tíðinni, fær vígsluhafi aldrei tækifæri til að ljóstra upp hinu leynda. Viljinn getur verið fyrir hendi, en
tækifæri gefst ekki. Vígsluhafinn sem ætlar þannig að brjóta af sér mun um stund verða dumbur, eða
deyja, áður en hann bregst á þennan hátt.

VEITING ORÐSINS

Sólarorðin.

Grundvöllur allra raunbirtra fyrirbæra er hinn fram borni hljómur eða Orðið mælt fram með mætti, það er að segja, með fullum ásetningi viljans að baki. Í þessu liggur, eins og vitað er, gildi hugleiðslu, því hugleiðsla kallar að lokum fram þann kröftuga innri ásetning og minningu, eða þá innri hugmyndamótun sem verður ávallt að eiga sér stað áður en skapandi hljómur er myndaður. Þegar sagt er að Logosinn hafi myndað heimana með hugleiðslu, er átt við að innan Hans eigin vitundarmiðju var tímabil, þar sem Hann íhugaði vilja sinn og hugleiddi þann tilgang og þær áætlanir sem Hann hafði í huga; þar sem Hann sá fyrir sér allan feril sólkerfisins sem fullkomnaða heild, sá fyrir endann í upphafi byrjunar og var meðvitaður um hvert smáatriði hins fullkomnaða sviðs. Þegar Hann hafði lokið íhugun sinni og fullkomnað heildina sem mynd fyrir sinni innri sýn, tók Hann til notkunar ákveðið máttarorð sem honum hafði verið falið í hendur af *Þeim Eina sem engin orð ná yfir*, Logosi kosmíska kerfisins sem sólkerfi okkar er aðeins hluti af. Við fjöllum ekki um kosmískar vígslur eða vígslur sólkerfisins nema að því leyti sem mannlegar vígslur endurspeglar stórfenglega fyrirmynd sína, en það er áhugavert fyrir nemandann að gera sér grein fyrir því, að alveg eins og vígsluhafanum er falið í hendur máttarorð við hverja vígslu, þá var Sólarlogosinum í upphafi sköpunar falið í hendur Hið mikla máttarorð sem myndaði sólkerfi okkar, orð það sem nefnt er „Orðið helga“ eða AUM. Þess ber að minnast hér að þetta hljóð, AUM, er viðleitni mannsins til að endurskapa í óendanlega smáum mæli það Kosmíska þrefalda hljóð sem gerði sköpunina mögulega. Máttarorðin á öllum stigum eru þríþætt.

Í fyrsta lagi. Einhver fyllilega *sjálfs-meðvituð* vera tónar þau. Þetta á sér ævinlega stað eftir yfirvegun eða íhugun þar sem tilgangurinn er í heild sinni sjónmyndaður.

Í öðru lagi. Þau hafa áhrif á tívaríkið og leiða af sér sköpun forma. Þessi áhrif eru tvöföld í eðli sínu:

a. Englarnir á þróunarbrautinni, hinir miklu byggjendur sólkerfisins, og þeir englar sem með þeim starfa og hafa lokið stigi mannsins, bregðast við ómi Orðsins og aðstoða með meðvituðum skilningi þann sem hefur andað því fram. Þannig er starfið unnið.

b. Tívarnir á braut efnisþróunarinnar, hinir minni byggjendur sem hafa ekki lokið stigi mannsins, bregðast einnig við hljóðinu, en ómeðvitað eða af nauðsyn, og fyrir mátt upphafsveiflnanna byggja þeir nauðsynleg form úr sínu eigin efni.

Í þriðja lagi. Þau verka sem jafnvægisþáttur og svo lengi sem kraftur hljóðsins varir, loða formin saman. Þegar til dæmis Logosinn lýkur við að óma hið helga AUM og sveiflurnar deyja út, þá mun eyðing formanna fylgja á eftir. Það sama á við um Plánetulogosinn og þannig áfram niður allan þróunarstigann.

Máttarorðin eða breytilegar myndir orðsins helga, AUM, eru til í öllum mögulegum heiltónum, hálfatónum og kvarttónum, og á þessum blæbrigðum hljómsins byggist sköpunarstarfið og viðhald hins skapaða. Fjölbreytileiki tóna er í hverjum miklum hljómi og hefur áhrif á mismunandi hópa. Þess ber einnig að minnast að almennt talað falla hljómar innan sólkerfisins í tvo flokka:

1. *Upphafshljómarnir*, sem kalla fram raunbirtingu eða hvers konar fyrirbæri á öllum sviðum.

2. *Meðfylgjandi hljómar*, sem eru myndaðir innan formanna sjálfra, á meðan á þróuninni stendur, og eru samsafn tóna allra forma í sérhverju ríki náttúrunnar. Öll form hafa sömuleiðis tón er myndast af hinum örlytlu hljóðum sem atóm formsins mynda. Þessir hljómar koma frá hinum hópnum og hafa áhrif á óæðri hópa eða ríki, ef nota má orðið „óæðri“ í sambandi við einhvern hluta guðlegrar raun-

birtingar. Til dæmis myndaðist ríki mannsins (fjórða skapandi lífríkið) af þreföldu AUM sem hinar þrjár persónur heilagrar þrenningar ómuðu samhljóma í sérstakri tóntegund — Guð faðir, Guð sonur og Guð heilagur andi, eða Shiva, Vishnu og Brahma. Þetta hljóð hljómar enn; samspil og samblöndun hinna mörgu örsmau tóna hveftrar mannveru myndar gríðarmikinn samhljóm sem heyrir á æðri stöðum og aftur hefur greinileg áhrif á dýraríkið. Þetta er eitt af þeim atriðum sem mynda dýraformin, sem íverustað fyrir bæði menn og dýr, því þess ber ætíð að minnast að maðurinn er tengiliður milli dýra og hins guðlega.

Hvorki er mögulegt né æskilegt að telja upp máttarorðin, en hægt er að gefa vissar almennar vísendingar sem munu hjálpa nemandanum að gera sér að einhverju leyti grein fyrir umfangi efnisins og flóknu eðli þess.

1. Hið Mikla Orð eins og Logos sólkerfisins lætur það hljóma og Honum er gefið af yfirboðara sínum.

2. Þrjú Orð sem Sólarlogosinn færir hverjum hinna þriggja Logosa:

a. Hinn helga hljóm A til Shiva, þess sem birtir andann eða viljapáttinn. Það er orðið sem Guð faðirinn starfar gegnum.

b. Hljóðið U til Vishnu, Guðs sonarins. Hann er byggjandi formsins og lætur í té líkamann sem andinn verður að búa í, og gerir þannig guðlega efnisbirtingu mögulega. A er hljómur lífsins, U er hljómur formsins.

c. Hljóðið M til Brahma sem í starfi sínu sem orkuveitandi tengir með virkum vitsmunum andann og formið, eða sjálfið og ekki-sjálfið.

Hér má benda á að miklar upplýsingar um hinar þrjár deildir Helgistjórnar plánetunnar munu opinberast þeim nemanda sem íhugar viturlega þessa virkni.

3. Sjö mikil orð sem aftur grundvallast á hinum þrem helgu hljómunum A U M. Þessi orð kölluðu fram sköpunina eða raunbirtingu hinna sjö heima sólkerfis okkar, sviðin sjö. Þau eru ekki falin í hendur mannlegum verum, heldur hinum sjö miklu englum eða Raja-drottnum sem gæða sviðin lífi. Þar af leiðir að samstarf þeirra er nauðsynlegt við hinar ýmsu vígslur, áður en vígsluhafanum eru falin í hendur þessi lykilorð.

4. Fjörutíu og níu orð sem tengjast hinum fjörutíu og níu þéttleikastigum heimanna sen nefnd eru millisvið, víddarsvið eða sviðstig; og hinum 49 eldum. Þessi orð eru falin í hendur hinum fjörutíu og níu byggjendum hinna helgu elda.

Ofangreindir tveir flokkar orða tilheyra þætti Brahma og eru því gefin af Stjórnanda þriðja meginþáttarins.

5. Það eru aftur fimm mikil orð með táknum sem falla undir deild Vishnu, Guðs sonarins, og sem Hann andar fram. Fyrir þeirra tilverknað urðu hin fimm ríki náttúrunnar á þróunarboganum til:

- a. Steinaríkið.
- b. Jurtaríkið.
- c. Dýraríkið.
- d. Ríki mannsins.
- e. Ríki andans.

Þessi fimm ríki eru afbrigði af, eða eru byggð á hljóðinu U, eins og þau sem fyrr voru talin upp eru byggð á hljóðinu M.

Í sambandi við fyrstu þrjú ríkin kann að vera athyglisvert að nefna að þau eru byggð á tveimur hljóðum, U-hljóðinu sem hljómar á grunntóni M-hljóðsins. Í fjórða ríkinu er M-tónninn að deyja út og tónarnir tveir sem hljóma eru U og A. Í fimmta ríkinu hefur M-hljóðið lækkað niður í fjarlægán undirtón, U-hljóðið rennur saman við það, svo að þau verða óaðgreinanleg og A-hljóðið, eða Shiva tónninn, hljómar af krafti og er allt að því eini tónninn sem heyrir. Þegar þessi tónn ómar — tónn Shiva, eyðandans — er ekki-sjálfinu hafnað og allt sem ekki er af andanum eyðist. Það er tilkoma A-hljóðsins sem hefur áhrif á aðskilnað eða frelsun vígsluhafans frá heimunum þrem.

6. Hverjum Plánetulogosi eru einnig látin í té viss orð sem eru grundvöllur pláneturaunbirtingar Hans. Eins og þekkt er, er tónn Brahma-þáttarins, eða þriðja meginþáttar Plánetulogoss okkar, FA, og hér liggur mikil skýring á stöðu Hans í þróuninni, því það er strax augljóst að A-hljóðið nær jafnvel til hins efnispétta.

7. Innan Helgistjórnarinnar eru mörg orð byggð á Hinu mikla orði Plánetulogoss okkar og þau eru látin lávörðum deildanna í té, sem koma þeim áfram í breyttri röð til vígsluhafa af mismunandi gráðu. Það væri viturlagt fyrir nemandann að gera vandlega í huga sínum greinarmun á *orðum* og *hljóðum*, því orðið felur í sér hugsunina, áformaða hugmynd eða tilgang, en hljóðið gerir raunbirtingu mögulega í einhvers konar efni á einhverju af hinum sjö sviðum.

Við getum ekki rakið hér þenslu upphafsorðanna, frá því að kosmískar verur mæla þau fram, niður í hina örsmáu sundurgreiningu sem kemur fram í máli mannsins, raddtjáningu dýranna og söng fuglanna. Allt er þetta raunbirting vitundar að einhverju leyti og allt kallar þetta fram áhrif. Það sem vígsluhafinn er að læra, er að mynda hljóma *meðvitað* og ná þannig fram gjörhugsuðum og tilætluðum árangri; að bera fram orð og vera fullkomlega meðvitaður um afleiðingarnar á öllum sviðum; og að skapa form og stjórna orku með helgum hljóðum og vinna þannig að markmiðum þróunarinnar.

Þessi útúrdúr hefur verið nauðsynlegur áður en komið er að úthlutun orðanna til vígsluhafa, til að leggja áherslu á grundvallarmikilvægi efnisins og gera þannig grein fyrir vandlegri gæslu þessa þáttar heilags starfs.

Notkun orðanna.

Við höfum þegar fjallað stuttlega um mikilvægi máttarorðanna. Við getum nú dregið saman í stuttu máli vissar ályktanir og síðan minnst lauslega á vígsluathöfnina og orðin eins og þau eru látin vígsluhafanum í té. Þær ályktanir sem hér eru settar fram eru níu að tölu, og ef leitandinn veltir þeim vel fyrir sér mun honum verða margt ljóst varðandi atburðarás sköpunar og mátt talaðs orðs.

1. Öll máttarorðin eiga rætur að rekja til Orðsins Mikla sem Sólarlogosinum var látið í té í dögun raunbirtingarinnar.

2. Öll máttarorðin eru afbrigði af og útpensla á grunnhljóðunum þrem og lengjast þegar sviðin koma til sögunnar, þar til setningar og mál mannsins, hinar persónubundnu einingar, koma fram í margbreytileika sínum.

3. Á þróunarbrautinni styttist þess vegna stöðugt hið mæltá mál, færri orð eru notuð og loks kemur að því að fullnuminn notar orðasambönd einungis eftir þörfum til að ná fram vissum áformum í tvenns konar tilfellum:

- a. Við ákveðin sköpunarferli.
- b. Við sérstaka orkustjórnun.

Þetta á sér að sjálfsgöðu stað á millisviðunum í persónuheimunum þrem.

4. Það er því aðallega þrennt sem leitandinn verður að gera, þegar hann er að undirbúa sig fyrir vígslu:

a. Að hafa stjórn á öllum gerðum síns þrefalda lægra eðlis. Þetta felur í sér að beina vitsmunalegri orku að sérhverju atómi í líkömunum þrem — efnispétta líkamanum, tilfinningalíkamanum og hugarlíkamanum. Þetta er í raun þáttur raunbirtingarinnar, birting Brahma, eða þess þáttar sem nefndur er þriðji meginþáttur hins innri guðs.

b. Að stjórna máli sínu hverja mínútu á hverjum degi. Það er auðvelt að segja þetta, en afar erfitt að framkvæma. Sá sem nær þessu er á hraðferð til frelsunar. Þetta á ekki við þá fámælg, öfluglyndi, þögn og raddleysi sem oft einkennir lítið þroskaða eiginleika sem eru í rauninni tjáskiptaörðugleikar. Átt er við yfirvegaða beitingu orða til að ná ákveðnum markmiðum og að halda aftur af málorkunni þegar hennar er ekki þörf — sem er alls ekki það sama. Það felur í sér skilning á tímaskeiðum; tíma-setningum og árstíðum; það gerir ráð fyrir þekkingu á mætti hljóðsins og á áhrifum hins talaða orðs;

það felur í sér skilning á byggingarkröftum náttúrunnar og rétttri meðhöndlun þeirra og byggist á getu til að beita hugarefni og koma því á hreyfingu til að ná árangri í efnisheiminum, í samræmi við skýrt skilgreint markmið guðsins hið innra. Það er birting annars meginþáttar sjálfins, Vishnu, eða formbyggjandi þáttarins, sem er helsta einkenni sálarinnar á sínu eigin sviði. Gott væri að íhuga þetta.

c. Að hugleiða og komast þannig að áætlun sálarinnar. Með því að hugleiða á þennan hátt verður fyrsti meginþátturinn, þáttur viljans, stöðugt meira áberandi og meðvitaður vilji innri guðsins kemur fram í efnis-heiminum.

Þessi þrefalda viðleitni leitandans verður að vera samleiða og það verður ljóst að viðleitnin til þess að hafa nákvæma stjórn á máli sínu er afleiðing af þeirri viðleitni að hafa stjórn á öllum sínum gerðum og raunbirtist sem orka í efnisheiminum. Það er ekki fyrr en leitandinn hefur tekið raunverulegum framförum í þessari þríþættu viðleitni að honum er látið í té hið fyrsta af orðunum miklu.

5. Sérhvert hinna miklu orða felur í sér sundurgreiningu sína, útpenslu og umbreytingar, og með því að mæla það fram setur vígsluhafinn hið minna á hreyfingu með sveiflum hins meira. Þar af leiðir hin ógnarlega ábyrgð og umfang þess árangurs sem næst. Hverju orði er komið til vígsluhafans munnlega og sjónrænt. Það er sagt við hann fyrst í formi sjö atkvæða sem hann verður að leggja á minnið sem sérstök orð. Síðan er honum sýnt hvernig hann á að blanda þessum sjö atkvæðum til að mynda þríþætt hljóð og fá þannig fram sameinaðri og víðtækari áhrif. Loks er þessum þremur blandað í eitt orð sem honum er látið í té. Orðunum sjö, sem mynda orðið mikla við hverja vígslu, er miðlað til vígsluhafans af vígsluhöfum af sömu gráðu og hann sjálfur. Þessi hópur skiptist í sjö hópa eftir geislagrein eða geislamyndun og hver hópur tónar síðan eitt orð hratt síendurtekið. Samtímis líða litir og tákn hinna ýmsu hljóma frammi fyrir honum, svo að hann heyrir og sér það sem honum er í hendur falið. Embættishópurinn kringum hásætið (þrír lávarðar starfsdeildanna við fyrstu tvær vígslurnar og Pratyeka búddharnir við síðari vígslurnar) tónar síðan fyrir hann þríþætta orðið sem tengir hin sjö, og enn sér hann það fyrir innri sjónum sínum. Loks lætur vígjandinn það óma, og vígsluhafinn verður í raun meðvitaður hið innra með sér um Hinn eina mikla hljóm og veit í einni sérstakri orkustöð hver sveiflutíðni hans er. Eins og alkunna er tengist hver orkustöð einhverju sviði, hnattakerfi, geisla og öðrum sjöþættum skiptingum, og þannig verður mikilvægi innri svörunar hennar augljóst.

6. Meistararnir og vígsluhafar, í starfi sínu við að vinna að þróun heimanna þriggja, einbeita sér aðallega að hinum sjö atkvæðum orðsins sem tilheyrir gráðu þeirra eða vígslustigi. Orðin þrjú, sem tengja atkvæðin sjö saman, eru sjaldan notuð nema með beinu leyfi eins af stjórnendum starfsdeildanna (í samræmi við atkvæðið, sem í hlut á, er hvert orð tengt beint við hið þrefalda AUM og þess vegna við Brahma-þáttinn, Vishnu- eða Shiva-þáttinn, sem lávarðarnir þrír eru fulltrúar fyrir á plánetunni).

Þegar einhver vígsluhafi vill nota allt orðið sem einingu í þróunartilgangi verður hann að fá leyfi vígslustúkunnar í heild, því slíkt orð hefur áhrif á efnið á heilu sviði í plánetukerfi og þar af leiðandi efnið á millisviðum þeirra heima sem í hlut eiga. Til dæmis þegar vígsluhafi af þriðju gráðu lætur orð sinnar gráðu óma, hefur það áhrif á efnið á lægri sviðsstigum hugarheimsins og síðan á efnið á tilfinninga sviðinu og efnisþétta sviðinu. Vígsluhafi af annarri gráðu hefur á svipaðan hátt áhrif á tilfinninga sviðið og síðan á formþétta sviðið. Víðtækur árangur næst á þennan hátt og þetta hefur áhrif á störf margra.

7. Hvert orð, sérgreint eða samþætt, hefur áhrif á tívaríkin og þar af leiðandi formbyggjandi þætti raunbirtingarinnar. Ekkert hljóð er nokkru sinni myndað án þess að það framkalli samsvarandi viðbrögð í tívaefni og kalli fram fjölda smárra lífa til að taka á sig sérstök form. Þessi form vara og gegna hlutverki sínu svo lengi sem hljóðinu sem olli þeim er haldið við og hinni sérstöku viljaorku þess sem kom hljóðinu af stað er beint að hinu lifandi formi. Þetta á jafnt við um Sólarlogosinn sem mælir fram orðið AUM og skapar þannig sólkerfið; um Plánetulogos sem lætur plánetuorð sitt hljóma og skapar plánetukerfi; um fullnuma sem nær árangri við að hjálpa mannkyninu í efnisheiminum og um venjulega mannlega veru, sem — í mjög sundurgreindu og fjölbreyttu máli — tjáir innri áform eða hugarástand og byggir þannig form eða starfstæki í tívaefni. Meirihluti mannglegra vera skapar með þeim hætti, ennþá ómeðvitað, og hugformið sem byggt er hefur annað hvort góð eða

slæm áhrif, eftir þeim hvötum eða tilgangi sem að baki liggur hjá manningum, og mun framfylgja vilja hans svo lengi sem tilverutími þess varir.

8. Hvert orð sem látið er hljóma einkennist af:

- a. Sérstökum lit.
- b. Sérstökum tóni.
- c. Sérstöku formi.
- d. Orku- eða virknistigi.
- e. Eðli hins innra lífs, sjálfs-meðvitað, meðvitað eða ómeðvitað, Guð, maður eða tívi.

Neminn mun enn sjá að þetta á jafnt við um sólkerfi, plánetukerfi, mannlega veru, hugsanaform lífmagnað af formgervisverum sem og frumeind eðlis- eða efnafræðingsins. Sá sem þekkir þessar staðreyndir og skilur þær á meðvitaðan hátt er sannur dulvísindamaður. Sólarlogosinn lét Orð óma, form sólkerfis okkar varð til og litur þess er blár og tónn þess sérstakur kosmískur hljómfagur tónn. Virknistig þess er samkvæmt sérstöku stærðfræðilegu kerfi sem er utan skilnings mannhugans á þessu þroskastigi; og innra eðli Hins Mikla Lífs, Hins þrefalda Logoss, er virkur vitsmunalegur kærleikur.

9. Hið Mikla Orð sólkerfis okkar samhljómar, ef svo mætti segja, með öðrum Orðum og er aðeins eitt Orð af hinu sjöfalda Orði þekkt af Hinni Miklu Veru sem hefur sömu tengsl við Sólarlogosinn og hinn siðarnefndi hefur við Plánetulogosinn. Hin helgu Orð sólkerfanna sjö (en okkar sólkerfi er eitt þeirra) mynda þennan sjöþætta hljóms sem ómar nú á hinum kosmísku sviðum.

Í þessum níu fullyrðingum eru tekin saman mjög lauslega helstu sannindi varðandi sköpunarferlin í sólkerfinu. Í þeim liggur falinn leyndardómur sannrar kynngi og með skilningi á þeim mun sá maður sem hefur andlegt innsæi, hreinleika lífs og hvata, óeigingjarnan ásetning og ákveðna sjálfstjórn og dirfsku, öðlast mátt til að ná fram áformum sálarinnar, sem tekur meðvitaðan þátt í þróunarstarfinu og þekkir að hluta til áætlanir Plánetulogoss okkar plánetukerfis. Þær eru settar fram í þessu stutta formi bæði til að vernda hinn hulda sannleika, en samt opinbera hann fyrir þeim sem eru tilbúnir.

Þessi sjö Orð sólkerfisins, sem mynda Orð Sólarlogossins og við þekkjum aðeins í sínu þrefalda formi sem AUM, eru gefin upp við vígslurnar sjö.

Við fyrstu vígsluna er orðið fyrir efnis sviðið gefið.

Við aðra vígsluna er orðið fyrir tilfinninga sviðið gefið.

Við þriðju vígsluna er orðið fyrir lægra hugar sviðið gefið.

Við þá vígslu þar sem Lávarður heimsins, eins og áður sagði, er helgistjórnandinn, er ekki aðeins orðið fyrir lægra hugar sviðið gefið, heldur er orð sem sameinar orðin þrjú fyrir heimana þrjá, einnig látið í té. Vígsluhafanum er gefið það sem efni til að hugleiða, þar til hann tekur fjórðu vígsluna, en honum er meinað að nota það fyrir en við lokafrelsunina, þar sem það gefur algjöra stjórn á þrem lægri sviðunum.

Við fjórðu vígsluna er orðið fyrir æðra hugar sviðið látið í té.

Við fimmtu vígsluna er orðið fyrir búddíska sviðið gefið.

Við sjöttu vígsluna orðið fyrir atmíska sviðið.

Við sjöundu vígsluna er orðið fyrir mónad- sviðið gefið.

Við sjöttu vígsluna gefur helgistjórnandinn það orð sem samþættir fjórða, fimmta og sjötta orðið, og þannig fær vígsluhafinn fulla stjórn, með mætti hljóðsins, yfir efninu á hinum fimm sviðum mannlegrar þróunar. Við sjöundu vígsluna er hið þrefalda AUM, í sínu sanna eðli, opinberað fyrir hinum upplýsta búddha og hann getur þá beitt orku í hinum sex heimum eða sviðum.

Hægt er að gangast undir tvær vígslur til viðbótar, en lítið er sagt um þær í plánetukerfi okkar, af þeirri ástæðu að plánetukerfi okkar er ekki enn „heilagt“ kerfi og fáir, ef nokkrir, af mannkyni okkar ná áttundu og níundu vígslunni. Til að gera það verða þeir fyrst að fara til annars plánetukerfis til

langtíma þjónustu og uppfræðslu. Það eina sem hægt er að gefa í skyn, er að við áttundu vígsluna er tvíeðli hins þrígreinda AUM látið koma fram, og að við þá níundu opinberast Hinn Eini Hljómur Alguðsins og gildi Hljómsins heyrir og sést. Þetta færir inn í vitund vígsluhafans hluta af orku og mætti „*Þess Eina sem engin orð ná yfir,*“ eða þess sem er Logos okkar Sólarlogoss. Vitundareiningin er þá fullkomin, svo sem Logosinn er fullkominn, og snýr sér að starfi sem er samleiða starfi Sólarlogossins. Þannig er hin mikla þróun og það tækifæri sem býðst sonum manna, já, og hverju atómi hvarvetna.

XVI. KAFLI

VEITING LEYNDARDÓMANNA

Við athugum nú þá leyndardóma sem látnir eru vígsluhöfum í té við vígsluathöfnina. Það er að sjálfsgöðu augljóst að aðeins er hægt að tæpa á *staðreynd* leyndardómsins og gefa vísbendingar um það efni sem hann snertir og væri þetta látið kyrrt liggja, ef ekki væri að þekking á aðalatriðum þessa efnis getur hrifið umsækjanda um vígslu til vandlegrar rannsóknar og til að viðað sé fræðilegri þekkingu af kostgæfni og að byggja upp hugarlíkama sinn. Á þann hátt (þegar sú stund rennur upp að hann stendur frammi fyrir vígjandanum) mun hann engan tíma missa við að nýta sér leyndardóminn sem honum er látinn í té.

Hinn sjöfaldi leyndardómur.

Eftir að eiðurinn, sem skuldbindur vígsluhafann til órjúfanlegrar þagmælsku, hefur verið unninn fer vígsluhafinn einn síns liðs nær helgistjórnandanum. Hann tekur síðan handtaki um neðri enda vígslusprotans, en helgistjórnandinn heldur um sprotann miðjan. Þeir þrír, sem standa kringum embættishásætið, leggja síðan hendur sínar á glóandi demantinn efst á sprotanum, og þegar þessir fimm einstaklingar tengjast þannig með orkuhringstreymi, sem geislar frá sprotanum, trúir vígjandinn vígsluhafanum fyrir leyndardómnum. Ástæðan fyrir þessu er eftirfarandi: hver hinna fimm vígslna sem við fjöllum um núna (því hinar tvær æðri falla utan við þessa athugun okkar, þar sem þær eru ekki skylduvígslur) hefur áhrif á eina af fimm orkustöðvum í manningum,

1. höfuðstöðina,
2. hjartastöðina,
3. hálsstöðina,
4. solarplexus stöðina,
5. mænurótarstöðina,

og opinberar fyrir vígsluhafanum þekkingu á ýmsum kröftum eða orku sem gæðir sólkerfið lífi og nær til hans gegnum sérstaka ether-sviðsstöð. Þegar sprotanum var beitt, urðu ether-orkustöðvar vígsluhafans fyrir áhrifum á sérstakan hátt. Þegar leyndardómurinn er opinberaður er hann látinn vita um ástæðuna og honum er sýnt að þessi ástæða er sú sama og sú sem hlýtur að kalla fram einhverja sérstaka pláneturaunbirtingu og sem veldur ákveðnu stærra þróunartímabili.

Benda mætti á að:

1. Hver leyndardómur varðar eitthvert hinna sjö miklu sviða sólkerfisins.
2. Hver leyndardómur snertir og er framsetning eins hinna sjö lögmála náttúrunnar. Þeir snerta þess vegna einhverja af grundvallarþróunarleiðum hvers plánetukerfis. Hvert plánetukerfi felur í sér eitt af lögmálunum sem sitt frumlögmál, og allar þróunarleiðir þess leitast við að sýna fullkomnun þess lögmáls með sínum sex afbrigðum, en þessi sex afbrigði eru mismunandi að einhverju einu leyti í hverju tilfalli, eftir því hvaða grunnlögmál það er sem raunbirtist.
3. Hver leyndardómur felur í sér lykil að *eðli* einhvers sérstaks Plánetulogoss og gefur þar af leiðandi vísbendingu um einkenni þeirra mónada sem eru á þeim sérstaka plánetugeisla. Það er augljóst hve nauðsynleg þekking á þessu efni er fullnumanum sem leitast við að starfa með mannanna sonum og að stjórna þeim orkustraumum sem hafa áhrif á þá og þeir gefa frá sér.
4. Hver leyndardómur varðar einhvern einn geisla eða lit og gefur upp samsvarandi tölu, tón og sveiflutíðni.

Þessir sjö leyndardómar eru einfaldlega stuttar formúlur, sem ekki hafa gildi sem máttarorð eins og er með Hið helga orð, heldur eru stærðfræðilegar í eðli sínu, markvisst orðaðar til að tjá nákvæma meiningu þess sem talar. Í eyrum hins óvígða myndu þær hljóma eins og algebruformúlur, nema hvað hver þeirra er (séð með dulskyggni) sporöskjulaga með sérstöku litbrigði, eftir því hver leyndardómurinn er, og sérhver þeirra inniheldur fimm sérstæðar helgirúnir eða tákn. Eitt táknið felur í sér formúluna fyrir því lögmáli sem um ræðir, annað gefur plánetulykilinn og tóninn, hið þriðja fjallar um sveiflutíðnina og það fjórða sýnir töluna og starfsdeildina sem viðkomandi geisli fellur undir. Síðasta helgirúnin gefur einn af sjö lyklum Helgistjórnarinnar sem meðlimir plánetuhelgistjórnar okkar geta notað til að tengjast sólarhelgistjórninni. Þetta eru vitanlega mjög óljósar og tvíræðar upplýsingar, en þær munu nægja til að sýna, að eins og þegar fjallað var um orðin, þar sem skilningurinn varð að fela í sér tvenns konar skynjun, þá koma skilningarvitin tvö aftur til sögunnar við skilgreiningu leyndardómanna og leyndardómurinn heyrir og birtist táknrænt innri sjónum.

Það mun nú ljóst hvers vegna svo mikil áhersla er lögð á táknfræði og hvers vegna namar eru hvattir til að velta fyrir sér og hugleiða kosmísk og sólkerfisleg tákn. Það býr þá undir að skilja og muna táknin og formúlurnar sem fela í sér þá kunnáttu sem þeir geta að lokum unnið samkvæmt. Þessar formúlur byggjast á níu táknum sem eru nú þekkt:

1. Krossinum af ýmsum gerðum.
2. Lótusnum.
3. Þríhyrningnum.
4. Teningnum.
5. Hringferlinum og punktinum.
6. Átta dýraformum, geitinni, nautinu, fílum, manningum, drekanum, birninum, ljóninu og hundinum.
7. Línunni.
8. Ákveðnum merkjum dýrahingsins, þar af leiðir þörfina á rannsóknum í stjörnuspeki.
9. Bikarnum, eða hinum heilaga kaleik.

Öll þessi tákn, tengd, samofin eða í hlutum, eru sett saman til að birta einhvern af hinum sjö leyndardómum. Vígsluhafinn verður að þekkja þau í sjón og jafnframt heyra þau og beita viljastyrk til að innprenta þau fyrir fullt og allt í minni sitt. Honum er hjálpað til að gera þetta á þrenna vegu: *Í fyrsta lagi* með langri forþjálfun á athyglisgáfunni; allir leitendur geta hafið þessa þjálfun hér og nú, og þegar þeir læra að festa sér smáatriði nákvæmlega í minni eru þeir að leggja grunninn að þessum skarpa tafarlausu skilningi á því sem helgistjórnandinn sýnir þeim. *Í öðru lagi* með því að hafa ræktað með sér hæfileikann til að sjónmynda aftur það sem þeir hafa séð. Hér verður ljóst hvers vegna allir vitrir hugleiðslukennarar hafa lagt áherslu á þann eiginleika að byggja upp hugarmyndir. Markmiðið hefur verið tvíþætt:

- a. Að kenna nemanum að sjá fyrir sér hugsanaform sín efnislega rétt mynduð, svo að þegar hann byrjar að skapa á meðvitaðan hátt eyði hann engum tíma í ónákvæmar myndbreytingar.
- b. Að gera honum kleift að setja sér aftur nákvæmlega fyrir hugskotssjónir leyndardóminn sem honum hefur verið látinn í té, svo að hann geti samstundis nýtt sér hann, þegar á þarf að halda.

Að lokum: sterkur vilji hinna fjögurra einstaklinga sem halda um sprotann á sama tíma og vígsluhafinn; hugareinbeiting þeirra, þjálfuð og sterk, greiðir mikið fyrir skilningi hans.

Þegar um þróun mannsins er að ræða eru kraftar af vissri tegund myndaðir, mótaðir, þeim kynnst og þeir notaðir, í fyrstu ómeðvitað, en að lokum af fullum skilningi.

a. Í *Sal fáfræðinnar* er það orka eða kraftur Brahma (virkni og vitsmunir formsins) sem mest er fengist við og maðurinn verður að læra tilgang virkninnar á grundvelli:

- a. Áskapaðrar orku.

- b. Meðtekinnar orku.
- c. Hóporku.
- d. Efnisorku, eða þeirrar orku sem fólgin er í hinum efnisþetta heimi.

b. Í *Sal lærdómsins* verður hann meðvitaður um og notar orku annars meginþáttarins í byggingu formsins, í samskiptum við aðra og í fjölskyldutengslum. Hann gerir sér grein fyrir kynlífi og hvað það leiðir af sér, en lítur ennþá á þessa orku sem nokkuð sem þarf að hafa stjórn á, en ekki hagnýta á meðvitaðan og uppbyggjandi hátt.

c. Í *Sal vискunnar* öðlast hann þekkingu á fyrsta meginþætti orkunnar, virkri beitingu viljans í fórn, og síðan er honum falinn í hendur lykillinn að hinum þrefalda leyndardómi orkunnar. Hann varð meðvitaður um þessa þríþættu orku í hinum sölunum tveim. Við þriðju vígsluna, og við þá fjórðu og fimmtu, er hann látinn fá lykllana þrjá að leyndardómunum þrem.

Honum er fenginn lykillinn að leyndardómnum sem hann skynjaði í fyrsta salnum, leyndardómi Brahma, og þá getur hann leyst úr læðingi hinar huldu orkugerðir hins atómíska forms. Hann fær í hendur lykilinn að leyndardómi kynlífsins, eða andstæðnanna, og þá getur hann leyst hina huldu krafta viljaþáttarins. Honum er sýndur rafall sólkerfisins — ef svo mætti að orði komast — og flókin gerð gangverksins.

Sólar-leyndardómarnir þrír.

Hinir þrír leyndardómar sólkerfisins eru:

1. *Leyndardómur rafmagnsins*. Leyndardómur Brahma. Leyndardómur þriðja meginþáttarins. Hann býr í hinni efnislegu sól.
2. *Leyndardómur pólar-andstæðnanna*, hinum alheimslega þætti kynhvatar. Leyndardómur annars meginþáttarins. Hann býr í hjarta sólarinnar, eða hinni óhlutlægu sól.
3. *Leyndardómur sjálfs eldsins*, eða hinnar kraftmiklu miðlægu orku sólkerfisins. Leyndardómur fyrsta meginþáttarins. Hann býr í hinni miðlægu andlegu sól.

Röð opinberunar þeirra.

Leyndardómarnir, í þeirri röð sem þeir eru fengnir vígsluhöfunum í hendur, eru í meginatriðum þrír að tölu, þótt innan þeirra séu smærri leyndardómar sem eru opinberaðir fyrir. Við þriðju vígsluna er hinn fyrsti af þremur grundvallarleyndardómum sólkerfisins opinberaður fyrir vígsluhafanum, um leið og hann hefur unnið eiðinn. Þetta gætum við kallað „leyndardóm rafmagnsins,“ þar sem við höfum ekkert betra hugtak. Hann varðar efnisþetta, hlutlæga raunbirtingu Logossins. Hér væri viturlegt fyrir nemann að minnast þess að lægri sviðin þrjú í heimunum þrem, efnisheiminum, astralheiminum og hugarheiminum, mynda hinn efnisþetta líkama Sólarlogossins, en hin fjögur hærri mynda ether-líkamann. Nemar eru gjarnir á að gleyma því að hinir sjö heimar okkar eru hin sjö millisvið eða þéttleikastig kosmíska efnisheimsins. Þetta snertir mjög ákveðið leyndardóm rafmagnsins. Þetta er ástæðan fyrir því að leyndardómurinn er ekki opinberaður fyrir en við þriðju vígsluna og er undirbúinn með því að miðla tveim minni leyndardómum sem varða efnisheiminn og tilfinningaheiminn. Heimsfræðarinn miðlar þessum tveim leyndardómum við fyrstu tvær vígslurnar.

Það er vísindalega viðurkennt að rafmagnsfyrirbærri hafa tvöfalt eðli, en hið þrefalda eðli rafmagnsins er enn aðeins efni í tilgátu fyrir nútímavísindi. Við fyrstu vígsluna er vígsluhafanum sýnd sú staðreynd að það hefur þrefalt eðli, og leyndardómur þess, hvernig jafna á krafta í efnisheiminum og koma þannig á jafnvægi, er opinberaður fyrir honum við fyrstu vígsluna. Þessi leyndardómur kemur honum enn fremur í snertingu við vissa byggjendur í efnisheiminum — það er að segja á ether-sviðunum — og þá getur hann myndað fyrirbæri á efnisþetta sviðinu, ef honum þykir það viturlegt. Það gerir hann sjaldan, þar sem árangurinn sem næst með því er í raun smávægilegur og hann notar

orku á annan hátt. Þeir sem starfa með öflum á braut þróunarmótstöðunnar, bræður myrkursins, beita iðulega þessari aðferð til að hrífa og bregða hinum óvarkáru. Þannig vinna ekki bræður mannkynsins.

Leyndardómurinn um samheldni atómsins er opinberaður fyrir vígsluhafanum og þá er hann í aðstöðu til að rannsaka smáheiminn samkvæmt lögmáli samsvarana á nýjan og upplýsandi hátt. Vegna þessarar opinberunar um efnispéttasta líkama Logossins getur hann á svipaðan hátt gengið úr skugga um margt er varðar fyrra sólkerfið, og staðreyndir viðvirkjandi fyrstu umferð fyrstu hnattakeðju plánetukerfis okkar. Þessi leyndardómur er einnig kallaður „leyndardómur efnisins.“

Við aðra vígsluna lýkst „leyndardómur sjávarins“ upp fyrir honum og gegnum þessa opinberun verða tvö mjög mikilvæg viðfangsefni ljós fyrir hugskotssjónum hans. Þau eru:

- a. Leyndardómur astral-ljóssins.
- b. Karmalögmálið.

Að þessu loknu er hann í aðstöðu til að gera tvennt, en án þess getur hann ekki yfirunnið það sem hindrar og þannig öðlast frelsi. Hann getur lesið akasha-annálana og fengið fullvissu um fortíðina og þannig gert sjálfum sér kleift að starfa viturlega í nútíðinni og hann getur byrjað að koma jafnvægi á karma sitt, vinna af sér skyldur sínar og skilja hvernig hægt er að yfirvinna karma í heiminum þrem. Honum eru sýnd tengsl þeirrar helgistjórnar andlegra vera sem tengjast karmalögmálinu, eins og það hefur áhrif á manninn, og hann veit það frá fyrstu hendi að karmadrottnarnir eru engin goðsögn eða táknrænar einingar, heldur eru mjög skynsamur verur sem beita lögmálinu mannkyninu til hagsbóta og gera manninum þannig kleift að verða fyllilega sjálfs-meðvitaður og sjálfs-öruggur í dulfræðilegum skilningi og að verða skapari fyrir tilstilli fullkomnaðrar þekkingar.

Við þriðju vígsluna fær hann „leyndardóminn um Fóhat“ og þá skilur hann ráðgátuna um hinn þrefalda líkama hins þrígreinda Logoss, og *ástæðan* fyrir hinum efnispétta-, vökva- og loftkenndu líkómum Hinnar miklu guðlegu Veru lýkst upp fyrir furðulostnum augum hans. Þegar búið er að láta í té leyndardómuna tvo og nota þá þekkingu, sem þeir veittu, er vígsluhafinn nú í aðstöðu til að hafa gagn af þessari meiri opinberun og að skilja að einhverju leyti eftirfarandi staðreyndir:

1. Sköpunarstarfið við byggingu hugforma.
2. Miðlun orku frá innri hugsuðinum til efnispétta líkamans gegnum orkustöðvarnar á hinum ýmsum sviðum.
3. Uppstreymi kúndalini eldsins, framrás hans eftir rúmfræðilegum rásum og lífmögnun hans í öllum orkustöðvunum.

Með þeirri þekkingu sem vígsluhafanum hefur þannig hlotnast og þeim framförum sem hann hefur tekið við rannsóknir á lögmáli hliðstæðna, getur hann skilið stjórnun sömu krafta á miklu stærri mælikvarða í plánetukerfinu og í sólkerfinu. Honum er gerð ljós þróunaraðferðin í þremur fyrri umferðunum og hann skilur, jafnt á hagnýtan hátt sem fræðilegan, þróunarferlið á fyrri stigum. Lykillinn að hinum þrem lægri ríkjum náttúrunnar er í hendi hans og ákveðnar hugmyndir varðandi pólaraandstæður, vitundarsameiningu og eðlislæga sameiningu, eru að byrja að mótast innan vitundarsviðs hans og bíða þess aðeins að fjórða vígslan fullkomni opinberunina.

Þessi leyndardómur rafmagnsins, sem hefur í meginatriðum þrískipt eðli, fjallar um Brahma eða þriðja meginþáttinn og er stundum kallaður eftirfarandi nöfnum:

1. Leyndardómur Brahma.
2. Opinberun Móðurinnar.
3. Leyndardómur Fóhat-orkunnar.
4. Leyndardómur Skaparans.
5. Leyndardómur hinna þriggja sem komu úr hinu fyrsta (sólkerfi),

og einnig fjórum launspekilegum setningum sem varpa fram miklu ljósi fyrir innsæið:

6. Skip leyndardómsins sem klýfur ölduna.

7. Lykillinn að hinu guðlega forðabúri.
8. Ljósið sem vísar veginn gegnum hina þreföldu hella myrkursins.
9. Vísbendingin um orkuna sem sameinar eld og vatn.

Í öllum þessum nöfnum felast miklar upplýsingar fyrir nemann sem veltir þeim vandlega fyrir sér og hefur í huga að þau fjalla um Brahma-þáttinn í sinni lægstu raunbirtingu og um hina þrjá heima mannlegrar viðleitni. Þegar neminn hugleiðir á þennan hátt, verður hann að tengja þetta núverandi sólkerfi við það sem áður var, þar sem Brahma-þátturinn, hugarþátturinn, var ríkjandi, eins og Vishnu-þátturinn, vitundar- eða sálarþátturinn — þáttur kærleikans, mun ríkja í þessu sólkerfi.

Vegna þeirrar þekkingar sem honum hefur verið veitt er vígsluhafinn nú í aðstöðu til að skilja sitt eigið þrefalda lægra eðli og þess vegna að koma því í jafnvægi í tengslum við hið æðra, að lesa akasha-skrárnar og skilja stöðu sína innan hópsins, að stjórna kröftunum í heimunum þrem og þar með stuðla að frelsi sjálfum sér til handa og vinna þannig að markmiðum þróunarinnar og vinna skynsamlega að áætlunum Plánetulogossins, eins og þær kunna að birtast honum stig af stigi. Hann getur nú beitt mætti sínum og verður miðstöð fyrir orku á miklu hærra stigi, þar sem hann getur útdélt eða afturkallað orkustrauma. Á þeirri stundu, sem maður verður meðvitað voldugur í hugarheiminum, eykst máttur hans til að góðra verka hundraðfalt.

Við fjórðu vígsluna er öðrum miklum leyndardómi lokið upp fyrir honum. Hann er kallaður „leyndardómur pólara-andstæðanna,“ og honum er gefin vísbending um merkingu kyneðlisins í öllum starfsdeildum náttúrunnar á öllum sviðum. Ekki er mögulegt að segja mikið um þetta efni. Það eina sem hægt er að gera, er að telja upp eitthvað af þeim atriðum sem vísbendingin nær til og bæta við þeim upplýsingum, að í plánetukerfi okkar er þessi leyndardómur hinn mikilvægasti, vegna stöðu okkar eigin Plánetulogoss í þróuninni. Plánetulogoss okkar er á því stigi að Hann er meðvitað að leitast við að ná vitundarsameiningu við pólara-andstæðu sína, annan Plánetulogoss. Atriðin sem þessi leyndardómur varpar ljósi á eru:

- a. Kynlíf á jarðneska sviðinu. Það gefur okkur lykil að ráðgátunni um aðskilnað kynjanna á Lemúrítutímanum.
- b. Jafnvægi krafta í öllum starfsdeildum náttúrunnar.
- c. Vísbending um hvaða plánetukerfi samtengist okkar plánetukerfi sem pólara-andstæða.
- d. Rétt nafn Plánetulogoss okkar og samband Hans við Sólarlogossinn.
- e. „Gifting lambsins“ og úrlausnarefnið varðandi hina himnesku brúði. Vísbending um þetta liggur í sólkerfinu S... sem lesa verður stjörnuspekilega.
- f. Leyndardómurinn um Tvíburamerkið og tengsl okkar sérstaka Plánetulogoss við það stjörnu-merki.

Ljósi verður varpað á eftirfarandi atriði sem snerta smáheiminn og eru því hlutfallslega smærri í sniðum, þegar vígsluhafi fær annan hinna miklu leyndardóma, eða þann fjórða sem felur í sér hina smærri er áður var fjallað um:

- g. Ferli vitundarsameiningar í mismunandi ríkjum náttúrunnar. Honum er sýnd tengingin á milli ríkjanna og hann sér einingu plánetukerfisins.
- h. Aðferð vitundarsameiningar hins innri hugsuðar og persónu er greinilega sýnd og vitundarbrúin, brúin milli æðri og lægri hugans er birt í sinni réttu mynd, og þegar búið er að sýna hana á þennan hátt, er hún orðin ónauðsynleg.
- i. Hin raunverulega eining sem er á milli hins innri manns og persónuleikans sést.
- j. Sambandið milli hinna tveggja þróunarleiða, manna og tíva, er ekki lengur ráðgáta, heldur sést staða þeirra í líkama hins Himneska manns sem staðreynd.

Hægt væri að halda áfram að leggja áherslu á fjölbreytni þess efnis sem leyndardómur pólara-andstæðanna skýrir fyrir vígsluhafanum, þegar hann er opinberaður, en það sem að framan greinir nægir. Þessi leyndardómur varðar fyrst og fremst Vishnu, eða annan meginþáttinn, visku-kærleiks-þáttinn. Hann dregur saman í eina stutta setningu heildarmagn þeirrar þekkingar sem fæst í Sal visku-

unnar, á sama hátt og fyrri leyndardómar drógu saman þá heild sem fékkst í Sal lærdómsins. Vishnu-þátturinn fjallar um vitundina og þróun hennar með og gegnum efnisþáttinn. Hann, sem er þáttur annars geislans, snertir raunverulega sameiningu sjálfsins og ekki-sjálfsins, þar til þau eru sannarlega eitt.

Við fimmtu vígsluna er hinn mikli leyndardómur eldsins, Shiva-þátturinn eða þáttur andans opinberaður fyrir undrandi og furðulostnum meistaranum og hann gerir sér grein fyrir þeirri staðreynd, með þeim hætti sem er manningnum óskiljanlegur, að allt er eldur og eldurinn er allt. Hægt er að segja að þessi leyndardómur opinberi fyrir vígsluhafanum það sem gerir honum ljóst:

- a. Hið dulda nafn Plánetulogossins og gefi þannig upp eitt atkvæði í nafni Sólarlogossins.
- b. Starf og aðferðir eyðingarþáttar Guðdómsins.
- c. Þá atburðarás sem leiðir til myrkvunar og hvíldartímabils.
- d. Stærðfræðiformúluna sem dregur saman allar hringrásir raunbirtingarinnar.
- e. Þrískipt eðli eldsins og áhrif eldsins mikla á hina minni.

Þar sem Shiva-þátturinn eða fyrsti meginþátturinn er sá sem ná mun fullkomnun, og verða fyrst skiljanlegur í næsta sólkerfistímabili, er takmarkaður ávinningur í að halda áfram að velta þessum leyndardómi fyrir sér. Eftirfarandi tafla kann að gera allt efnið skýrara í huga nemans:

<i>Leyndardómur</i>	<i>Vígsla</i>	<i>Logos sem hann varðar</i>	<i>Orku-upspretta</i>	<i>Svið</i>
Fóhats	Þriðja	Brahma Skaparinn	Efnispétta sólin	Sjö Sex Fimm
Pólar-andstæðna	Fjórða	Vishnu Sá sem varð- veitir	Huglæga sólin	Fjögur Þrjú
Elds	Fimmta	Shiva Eyðandinn	Miðlæga andlega sólin	Tvö

Eins og neminn mun taka eftir, er uppspretta viðkomandi orku einn þáttur sólarinnar.

Við sjöttu og sjöundu vígsluna eru tveir leyndardómar til viðbótar opinberaðir, og annar — minni leyndardómur — undirbýr jarðveginn fyrir opinberun hins fjórða. Aðeins fjórir meiri háttar leyndardómar eru opinberaðir fyrir vígsluhöfum á þessari plánetu. Þetta er vísbending um stöðu okkar í kerfisáætlun sólarþróunarinnar. Alls eru aðeins fimm meiri háttar leyndardómar opinberaðir í þessu sólkerfi, vegna þeirrar staðreyndar að þetta er sólkerfi þar sem fyrst og fremst fimmti eðlisþátturinn, þáttur hugans, myndar grundvöll þroskans. Þessi fimmta opinberun er aðeins látin þeim té sem halda áfram til plánetukerfa sameiningarinnar.

ÝMIS ATRIÐI VARDANDI VÍGSLUR

Meiri og minni vígslur.

Þegar fjallað er um spurninguna um fjölbreytni vígslna, getur komið sér vel fyrir nemann að hafa það í huga að sú mikla stund, þegar maðurinn fór úr dýraríkinu og inn í ríki mannsins, sem er í mörgum dulfræðilegum kennslubókum kölluð „stund einstaklingsmyndunarinnar,“ var í sjálfu sér einna mikilfenglegust allra vígslna. Einstaklingsmyndunin er meðvitaður skilningur innra sjálfsins á tengslum þess við allt það sem myndar ekki-sjálfið, og í þessu mikla vígsluferli á sér stað, eins og í öllum seinni ferlum, hægfare þróun á undan vitundarvakningunni. Á upphafsstund sjálfs-vitundar gerist vakningin í einni svipan, og á eftir fer alltaf annað skeið hægfare þróunar. Þetta tímabil hægfare þróunar leiðir aftur til seinni straumhvarfa sem kallast vígsla. Í fyrra tilfellinu er um að ræða vígslu inn í meðvitaða tilveru, en í því seinna vígslu inn í andlega tilvist.

Þessi skilningur, eða skynjaða útpensla vitundarinnar, er samkvæmt náttúrulögmáli og kemur með tímanum yfir sérhverja sál *án undantekningar*. Sérhver maður verður fyrir þessari vitundaraukningu á hverjum degi, í minna mæli, þegar hugrænt tak hans á lífinu og reynsla vex smám saman, en hún verður aðeins vígsla til visku (sem er aðgreind frá þekkingaraukningu) þegar sú þekking sem fæst er:

- a. Leitað sérstaklega og með uppbyggjandi hætti.
- b. Notuð í lífinu á óeigingjarnan máta.
- c. Fúslega nýtt til þjónustu í þágu annarra.
- d. Hagnýtt á viturlegan hátt til eflingar þróuninni.

Aðeins sálir, sem hafa öðlast vissa reynslu og þroska, takast á við öll þessi fjögur atriði af festu og stöðugleika og umbreyta þannig þekkingu í visku og reynslu í eiginleika. Hinn venjulegi meðalmaður umbreytir fáfræði í þekkingu og reynslu í hæfileika. Það er verulega gagnlegt, að við veltum öll fyrir okkur muninum á eðlislægum eiginleikum og ásköpuðum hæfileikum. Annað er sjálft eðli innsæis eða viskunnar og hitt eðli manas eða hugans. Sameining þessa, fyrir tilstilli meðvitaðrar viðleitni mannsins, leiðir til meginvígslu.

Þessi árangur næst á tvönnan hátt: Í fyrsta lagi með viðleitni mannsins sjálfs án hjálpar, sem leiðir til þess að með tímanum finnur hann sína eigin vitundarmiðju, svo að hinn innri stjórnandi, sálarhugsuðurinn, stjórnar og leiðbeinir honum algjörlega og að hann ræður með ötulli og sársaukafullri viðleitni fram úr leyndardómi alheimsins sem er fólgin í efninu sem Fóhat fjörgar. Í öðru lagi með viðleitni mannsins að viðbættri vitsmunalegri og kærleiksríkri samvinnu þeirra sem þekkinguna hafa, meisturum viskunnar. Í þessu tilfelli gengur ferlið fljótar fyrir sig, því maðurinn fær leiðbeiningar — ef hann kærir sig um það — og síðan, þegar hann hefur skapað hjá sjálfum sér hinar réttu aðstæður, er honum fengin til umráða þekking og aðstoð þeirra sem hafa náð árangri. Til að hagnýta sér þessa hjálp verður hann að fást við efnið í sínum eigin líkama, byggja upp rétt efni í skipulagt form og verður þess vegna að læra að gera greinarmun í vali efnis og að skilja lögmál sveiflutíðni og uppbyggingar. Þetta felur í sér að ná að vissu marki tökum á þeim lögmálum sem stjórna Brahma- og Vishnu-þáttunum. Þetta táknar þann eiginleika að ná sveiflutíðni með atómískri nákvæmni og að þróa eiginleika aðlöðunar, sem er grundvöllur formmótunar eða Vishnu-þáttarins.

Hann verður einnig að byggja upp þekkingarforða og móta vitsmunapáttinn og hugarlíkama sinn til að gera sig hæfan til að útskýra og kenna það óhlutlæga en ekki aðeins það hlutlæga og takmarka sig þannig í hugsun. Hann verður sömuleiðis að þroska með sér hæfileikann til að taka virkan þátt í hópstarfi og námi og læra að vinna á samstilltan og skipulegan hátt með öðrum einstaklingum. Þetta er það helsta sem maðurinn verður að inna af hendi á braut vígslunnar, en þegar hann hefur unnið að

Þessu mun hann finna Veginn, og Vegurinn verður honum ljós og þá mun hann komast í raðir þeirra sem þekkinguna hafa.

Annað atriði, sem hafa verður í huga, er að þessi viðleitni til að fá fólk til viturlegrar samvinnu við Helgistjórnina og að þjálfja það til að fylkja sér í raðir Stúkunnar, er eins og áður sagði, sérstök viðleitni (sem hafin var á dögum Atlantis og haldið áfram fram á þennan dag) af hálfu Helgistjórnar plánetunnar og er að miklu leyti á tilraunastigi. Aðferð mannsins við að taka sér meðvitað stöðu í líkama Himnamanns er mismunandi eftir plánetukerfum. Himnamaðurinn sem birtir sig gegnum plánetukerfi okkar, kýs að starfa á þennan sérstaka hátt á þessu sérstaka tímabili í sínum eigin sérstaka tilgangi; það er hluti af ferli til að lífga eina af orkustöðvum Hans og tengja hjartastöð Hans við tengsl hennar í höfuðstöðinni. Þegar aðrar orkustöðvar Hans eru lífgaðar og verða fullvirkar geta aðrar aðferðir við að örva frumurnar í líkama Hans (mónadar tíva og manna) fylgt á eftir. En á þessu tímabili er hinn kosmíski vígslusproti, sem notaður er fyrir Himnamann, og með líkum hætti og þegar hinum minni sprotum sem beint er að manni, notaður á þann veg að hann kallar fram þá sérstöku örvun, sem lýsir sér í virkni manns á braut reynslunemans og braut vígslunnar.

Þess vegna verður maðurinn að skilja endurtekningar eiginleika vígslunnar og hve langt atburðarásin er komin í tíma og rúmi. Þetta tímabil, sem nú er að líða, er sérstakt virknitímabil í lífi Himnamanns og það kemur fram á plánetu okkar sem feiknalangt tímabil þolrauna eða sem vígslupróf; það er samt sem áður einnig tímabil örvunar og tækifæra.

Við verðum einnig að reyna að skilja þá staðreynd að mögulegt er að vígsla eiga sér stað á hinum þrem efri millisviðum í heimunum þrem, en ætíð verður að hafa í huga afstætt gildi og staðsetningu einingarinnar eða frumunnar í líkama Himnamannsins. Hér verður að leggja áherslu á það atriði að *hinar meiri vígslur, eða vígslur hugans, eru þær sem gengist er undir í hugarheiminum og í sálarlík-amanum*. Þær marka það stig í þróuninni þar sem einingin gerir sér grein fyrir því sem staðreynd, en ekki aðeins sem kenningu, að hún er samsömuð hinum Guðumborna Manasaputra, Lávarði heimsins; en einingin hefur aðsetur í líkama Hans. Hægt er að gangast undir vígslur á efnisþetta sviðinu, á því geðræna og hinu lægra huglæga sviði, en þær eru ekki taldar meiri háttar vígslur og eru því ekki meðvitað, samstillt, samræmd örvun sem tekur til alls mannsins.

Maðurinn getur þess vegna gengist undir vígslu á hverju sviði, en aðeins þær vígslur sem marka tilfærslu hans úr *lægri fjórum yfir í hærri þrjár*, eru taldar vígslur í raunverulegri merkingu orðsins og aðeins þær vígslur, þar sem maðurinn yfirfærir vitund sína úr hinni lægri fernd yfir í þrenndina, eru hinar meiri vígslur. Við höfum því þrjú stig vígslna:

Í fyrsta lagi vígslur, þar sem maðurinn yfirfærir vitund sína af hinum fjórum lægri millisviðum efnisheimsins, tilfinningaheimsins og hugarheimsins hverju af öðru, yfir á hin þrjú æðri millisvið. Þegar þetta er gert á hugar sviðinu, er maðurinn fræðilega þekktur sem lærisveinn, vígsluhafi eða fullnumi. Hann notar síðan sérhvert hinna hærri millisviða hugarheimsins sem stað, þaðan sem hann getur unnið sig algerlega út úr hinum þrem heimum mannglegrar raunbirtingar og yfir í þrenndina. Það er því ljóst að það sem hægt væri að telja minni vígslur er hægt að taka á jarðneska og tilfinninga sviðinu, með meðvitaðri stjórnun á hinum þrem hærri sviðsstigum þeirra. Þetta eru sannar vígslur, en gera manninn ekki að meistara viskunnar fræðilega séð. Hann er aðeins fullnumi af lægri gráðu.

Í öðru lagi vígslur, þar sem maðurinn yfirfærir vitund sína frá einu sviði til annars sviðs, í staðinn fyrir frá einu millisviði til annars. Hérna kemur atriði sem neminn verður að gera sér fulla grein fyrir. Sannur meistari viskunnar hefur ekki aðeins gengist undir hinar minni vígslur sem getið er hér að framan, heldur hefur hann einnig tekið þau fimm áfangastig til að ná meðvitaðri stjórn á hinum fimm heimum mannglegrar þróunar. Hann á þá eftir að taka þær tvær lokavígslur sem gera hann að chohan af sjöttu gráðu, og síðan að búddha, áður en þessi stjórnun nær til þeirra tveggja heima sem eftir eru fyrir mannlega þróun í sólkerfinu. Það er þess vegna augljóst að rétt er að tala um vígslurnar sjö, en samt væri alveg jafn rétt að telja upp fimm, tíu eða tólf vígslur. Þetta er flókið efni fyrir dulfræðinema, vegna vissra dularfullra þátta sem þeir geta eðlilega ekki vitað neitt um og verða enn um sinn að vera þeim algerlega óskiljanlegir. Þessir þættir eiga rætur sínar að rekja til einstaklingseðlis sjálfs Himnamannsins og tengjast ráðgátum eins og sérstöku karma Hans, markmiði því, sem Hann kann að hafa í huga fyrir hvert sérstakt þróunartímabil og því, þegar athygli Hins Kosmíska æðra sjálfs Himnamanns beinist að spegilmynd sinni, Himnamanni sem er að þróast í sólkerfi.

Annar þáttur fyrirfinnst einnig á vissum örvunarskeiðum og á tímabilum aukinnar lífmögnunar eins og kosmísk vígsla leiðir til. Þessi utanaðkomandi áhrif hafa eðlilega árangur í för með sér í einingum eða frumum í líkama Himnamannsins og leiða oft til ófyrirséðra og að því er virðist óútskýranlegra atburða.

Í þriðja lagi, vígslur þar sem Himnamaðurinn tekur hinar minni vígslur, eða hinar meiri vígslur sem snerta þá alla eðlisþætti Hans. Til dæmis þegar einstaklingsmyndunin átti sér stað á tímum Lemúrú eða í þriðja kynstofninum og mannlega fjölskyldan á okkar þróunartímabili kom greinilega fram, var það merki um að Himnamaður okkar, Lávarður heimsins, hafði tekið meiri háttar vígslu. Núverandi örvun í viðleitni Helgistjórnarinnar er að leiða til minni vígslu. Á hverju stóru þróunartímabili á meginvígsla Himnamanns sér stað á einhverjum hnetti hnattakeðjunnar. Hérna er flókið efni á ferðinni og mikill efniviður í heilabrot.

Við þessi þrjú atriði hér að framan mætti einnig bæta í stuttu máli komu og hvarfi hvers einstaks geisla. Það litla sem hægt er að segja um þetta mjög svo erfiða viðfangsefni, væri hægt að taka saman í eftirfarandi þrjár fullyrðingar: Í fyrsta lagi að vígslur, sem teknar eru á hinum fjórum sérgreindu eigindageislum, jafnast ekki á við þær vígslur sem gengist er undir á hinum þrem aðalgeislum. Sú staðreynd flækir þetta nokkuð að innan plánetukerfisins, á meðan á hringrásarþróun stendur, getur minni geisli tímabundið talist aðalgeisli. Til dæmis, á þessum sérstaka tíma í plánetukerfi okkar, er sjöundi geislinn, geisli siðalögmáls og skipulags, talinn aðalgeisli þar sem hann er geisli samfjöllunar og sá geisli sem Mahachohan samræmir starf sitt á. Í öðru lagi að fyrstu þrjár vígslurnar eru teknar á geisla sálarinnar og tengja manninn við Hina miklu hvítu stúku. Síðustu tvær vígslurnar eru teknar á geisla mónadsins og hafa ákveðin áhrif á hvaða kosmísku þjónustubraut fullnuminn mun síðar velja. Þessa fullyrðingu verður að tengja við þá sem fyrr var sett fram, þar sem sagt var að fimmta vígslan gerði manninn að félagi í Hinni meiri stúku eða Bræðralaginu á Síríus, þar sem hún væri raunverulega sú fyrsta af Síríus-vígslunum. Fjórða vígslan er samþætting vígslanna á þröskuldi Stúkunnar í Síríus-sólkerfinu. Að lokum: það fer mjög mikið eftir þeim geisla, sem vígslan er tekin á, hvaða kosmísk þjónustuleið er síðan valin.

Dagur tækifærisins.

Þeirrar spurningar mætti spyrja hér, með hvaða hætti þessar upplýsingar koma nemanum að gagni. Til að sýna þetta væri viturlagt að neminn hugleiddi mikilvægi þess að núverandi geisli siðalögmáls, skipulags eða kynngi er að koma í umferð. Hann er geislinn sem snertir uppbyggjandi krafta náttúrunnar og lætur sig varða viturlega notkun lífsþáttarins á forminu og í forminu. Hann er að miklu leyti geisli framkvæmdastarfs, með það markmið að byggja, samstillu og mynda samloðun í fjórum lægri ríkjum náttúrunnar. Hann einkennist að miklu leyti af þeirri orku sem raunbirtist í siðareglum, en merkingu þessa orðs, siðareglur, má ekki þrengja niður í núverandi notkun þess í sambandi við helgisíði bræðrasambanda, frímúrara eða trúarathafnir. Notkun þess er miklu víðfeðmari en þetta og felur í sér þær skipulagsaðferðir sem dæmi eru um í öllum menningarsamfélögum, eins og í heimi viðskipta og fjármála og hinum miklu fyrirtækjum sem sjást hvarvetna. Framar öllu er hann athyglisverður fyrir okkur vegna þeirrar staðreyndar að hann er geisli, sem færir vestrænum kynþáttum tækifæri, og fyrir tilstuðlan þessarar lífsorku framkvæmdaskipulags, stjórnunar með reglu og skipulagi, hrynjandi og siðareglum, mun sá tími koma að hinir vestrænu kynþættir (með sinni virku, hlutlægu hugsun og sinni miklu viðskiptagetu) geta gengist undir vígslu — vígslu sem við verðum að muna að er á geisla sem er tímabundið talinn til aðalgeisla. Margir vígsluhafanna og þeir sem hafa orðið fullnumar á þessu síðasta þróunartímabili, hafa verið Austurlandabúar og þó nokkir verið í hindúalíkómum. Á þessu tímabili og næstu tveim á undan hefur sjötti geislinn, geisli trúarhollustu og tilbeiðslu, verið ráðandi, en er nú í þann veginn að hverfa úr umferð. Til að viðhalda jafnvægi er sá tími nú að koma, þar sem Vesturlandabúar ná árangri og þetta gerist á geisla sem hentar hugargerð þeirra. Það er athyglisvert að taka eftir því að Austurlandamanagerðin nær markmiði sínu með hugleiðslu, með örlitlu framkvæmdaskipulagi og siðareglum, og að Vesturlandabúar munu ná árangri að mestu með því skipulagi sem lægri hugurinn, hin sundurgreinandi hugsun myndar og þeirri gerð hug-

leiðingar sem áköf einbeiting í viðskiptum getur talist dæmi um. Einstefnubeiting hugans hjá evrópskum eða amerískum kaupsýslumanni gæti talist ein gerð hugleiðslu. Með hreinsun þeirra hvata, sem liggja að baki þessari hugarbeitingu, mun dagur tækifæra koma fyrir Vesturlandabúann.

Með því að færa sér í nyt núverandi dag tækifærisins og að aðlaga sig reglum, sem fylgja því að feta Veginn, munu skapast tækifæri fyrir marga á Vesturlöndum til að stíga þessi viðbótarskref. Þetta tækifæri fær sá maður sem er reiðubúinn á þeim stað, þar sem hann er í kunnuglegum aðstæðum hins daglega lífs. Það felst í því að gefa skyldum gaum, að yfirstíga próf og og þrautir og hlýða rödd hins innri guðs, sem er einkenni allra umsækjenda um vígslu. Vígslan felur einmitt það í sér sem þeir gera frá degi til dags sem reyna á meðvitaðan hátt að þjálfra sig: Meistarinn (annað hvort hinn innri guð eða meistari mannsins, ef hann er meðvitaður um hann) bendir á næsta áfanga, sem ná þarf, og næsta verk sem inna þarf af hendi og hann gefur upp ástæðuna fyrir því. Síðan vísar fræðarinn til hliðar og horfir á leitandann ná árangri. Á meðan hann fylgist með, kemur hann auga á erfiðleika, þar sem prófraun mun gera annað tveggja, fá í brennidepil og tvístra hinu illa sem eftir er ósigrað — ef nota mætti það hugtak hér — eða leiða lærisveininum fyrir sjónir bæði veikleika hans og styrk. Í hinum miklu vígslum sést sami framgangsmáti, og geta lærisveinsins til að sigrast á þessum meiri prófum og stigum er komin undir getu hans til að standast hin minni próf hins daglega lífs. „Sá sem er trúr yfir hinu minnsta er einnig trúr yfir miklu“ er dulfræðileg fullyrðing um staðreynd og ætti að einkenna allar daglegar gerðir hins sanna leitanda; hið „mikla“ er yfirunnið, af því að það er einfaldlega talið mögnun hins eðlilega, og vígsluhafi sem ekki hefur vanið sig á að standast hin minni próf á hverjum degi lífs síns, hefur ekki nokkru sinni staðist hið mikla próf vígslunnar. Próf verða þá álitin eðlileg, og þegar að þeim kemur, talin hluti af venjulegu lífsmynstri leitandans. Þegar þessu viðhorfi er náð og því haldið, er ekkert sem kemur á óvart, og uppgjöf er ekki möguleg.

XVIII. KAFLI

LEIÐIRNAR SJÖ

Eins og búast mátti við, hefur mjög lítið komið fram í ritverkum okkar um hinar sjö þróunarleiðir sem opnast fyrir þeim manni sem hefur náð fimmtu vígslunni. Það er augljóslega ógerlegt, og einnig ekki krefjandi, að gefa einhverja hugmynd um mikilvægi þessara brauta eða þá eiginleika sem þarf til að ganga þær. Þegar fram líða stundir og mannkynið nær herra þroskastigi munum við geta skilið meira, en samkvæmt hagkvæmnilögmálinu væri það árangurslaust erfiði fyrir fræðara mannkynsins að fræða okkur um þá eiginleika sem þarf til að ganga leiðirnar sjö áður en við höfum ennþá skilið eða þroskað þá eiginleika sem þarf til að fara braut reynslunemans, svo ekki sé minnst á braut vígslunnar.

Eina almenna staðreynd þekkjum við og það er að áður en maðurinn getur farið þessar leiðir, verður hann að vera meistari viskunnar, hann verður að vera bróðir samúðarinnar, og hann verður að geta beitt lögmálinu með vitsmunum og kærleika. Hlutverk okkar nú er að búa okkur undir að feta braut vígslunnar með þeirri ögun sem áunnin er á braut reynslunemans, með því að stjórna lífinu vandlega, með hlýðni við lögmálið, eins og við skiljum það, og með þjónustu við mannkynið. Þegar við höfum öðlast frelsi munu þessar leiðir opnast fyrir okkur og okkur verður ljóst hvaða leið við eigum að fara. Allt í þessu sólkerfi vinnur samkvæmt hinu mikla lögmáli aðlöðunar, aðdráttarflsins í innræðum skilningi, og þess vegna mun val okkar að öllum líkindum fara eftir sveiflutíðni okkar, lit og tóni. Hinn mikli frjálsi vilji sjálfs kosmíska kerfisins er takmarkaður, alveg eins og hinn frjálsi vilji þess sólkerfis sem við erum hluti af er einnig takmarkaður og svo er hinn frjálsi vilji mannsins. Val og stefna framtíðarþróunar okkar er undir innræðum eiginleikum komin.

Þessar sjö þróunarleiðir mætti telja upp á eftirfarandi hátt og vissar ályktanir væri hægt að draga á grundvelli lögmáls samsvarana, svo fremi við munum það að orðin blinda frekar en að þau skýra og að aðeins er hægt að tæpa á hinum minnstu atriðum.

1. Leið jarðarþjónustu.

Þetta er sú leið sem tengir manninn við starf Helgistjórnarinnar, en hún hefur heitið því að þjóna plánetu okkar og aðstoða þróun hennar. Helgistjórnin er mynduð af þeim sem starfa undir stjórn Lávarðar heimsins í þeim sjö hópum sem meistarar viskunnar skiptast í. Þessari leið fylgja ekki eins margir meistarar og sumum hinna og rétt nógu margir fá að fara hana til að viðhalda þróun plánetunnar á viðunandi hátt. Meira er vitað um þessa braut en hinar og meira mun koma í ljós þegar menn búa sig undir að komast í samband við Bræðralagið. Starfsvettvangur meistaranna og starfsaðferðir verða að lokum alkunn vitneskja, og þegar hóparnir sjö verða þekktir munu skólar fyrir stöður í þessum hópum verða rökrétt afleiðing.

2. Leið mögnunarstarfsins.

Þeir sem starfa við að beita orku eða rafsegulmagni til notkunar fyrir hina máttugu á öllum sviðunum, fara yfir á þessa leið. Þeir beita og nota formmyndunarorku og móta efni af öllum þéttleikastigum og sveiflutíðni. Þeir stjórna miklum hugmyndaöldum og ólgandi straumum almenningsálitsins á tilfinningasviðinu jafnt og á efri sviðum, heimunum þar sem hinir máttugu starfa. Mikill fjöldi fimmta geisla manna, það er að segja þeir sem hafa geisla raunþekkingar sem sinn mónad-geisla, snúa sér að verkefnum af þessu tagi. Áskapaður eiginleiki í gerð andans ræður yfirleitt hvaða leið verður fyrir valinu. Karma fimmta geislans er einn þeirra þátta sem ræður þessu. Þessir mónadar starfa með Fóhat, og verða að gera það, til loka Hinnar miklu manvantara. Þeirra lokastaða er á hinu

kosmíska hugar sviði, en enn sem komið er, er getan til afstæðrar hugsunar svo lítt þroskuð að okkur er ómögulegt að skilja gildi þessara orða.

3. Leið þjálfunar fyrir Plánetulogosa.

Þessa leið feta þeir sem munu taka upp starf hinna sjö Plánetulogosa næsta sólkerfis og hinna fjörutíu og níu aðstoðar-Plánetulogosa, aðstoðarmanna þeirra og vissra annarra vera sem starfa í þessari sérstöku deild. Það verða sjö sólkerfi, þótt við látum okkur aðeins varða hin þrjú meiri, en núverandi sólkerfi okkar er annað af hinum meiri sólkerfum. Chohan hvers geisla tekur ákveðinn fjölda vígsluhafa sjöttu vígslunnar og þjálfar þá sérstaklega fyrir þetta starf; sérstök eðlishneigð í lit og tón auðveldar valið og getan til að starfa með „sálaröflum“ eða mónöðum, sem eru í þróun, markar menn fyrir þessa háu stöðu. Segja mætti að Plánetulogosarnir séu hinir guðdómlegu sálarfræðingar, og þess vegna er sálarfræði grundvallarviðfangsefnið í þjálfun fyrir þessa stöðu, þótt það sé sálarfræði sem enn er okkur óskiljanleg. Sérhver Plánetulogos er með sérstakan skóla á sinni eigin plánetu til að þroska þá sem aðstoða Logosana og þjálfar þá þar fyrir hina ábyrgðarmiklu stöðu og gefur þeim tækifæri til að öðlast víðtæka reynslu. Jafnvel Logosarnir sjálfir þroskast, taka framförum og taka verður við stöðum þeirra.

4. Leiðin til Sírius.

Mjög lítið er hægt að segja um þessa leið og aðeins er hægt að minnst á sérstæð og nán tengsl á milli hennar og Sjöstjörnnunnar Pleiades, en frekari athugun er ógerleg. Meginhluti hins frelsaða mannkyns fer þessa leið og framtíðarhorfurnar fela í sér stórkostlega möguleika. Stjörnur sjö í Pleiades eru takmark manngerðanna sjö og að þessu er ýjað í Jobsbók þar sem sagt er: „Getur þú þrengrt sjöstirnis-böndin?“ Í ráðgátu þessara áhrifa og í leyndardómi sólarinnar Sírius eru huldar staðreyndir okkar kosmísku þróunar og þar af leiðandi sólkerfis okkar.

5. Geislaleiðin.

Erfitt er að geta sér til um hvaða annað nafn hægt sé að nota yfir þessa leið, þar sem svo lítið er vitað um hana. Á þessari leið er maðurinn á sínum eigin geisla og starfar á honum í hinum ýmsu ríkjum á öllum sviðunum, framkvæmir skipanir Lávarðar heimsins og starfar undir stjórn Hans. Menn á þessari leið fara til allra hluta sólkerfisins, en hún tengir þá samt ákveðið við samfjöllumargeislann. Þetta er mjög flókin leið, því hún útheimtir hæfileika í hinni flóknustu stærðfræði og getu til flatar- og rúmfræðiútreikninga sem eru óskiljanlegir þrívíðum heilum okkar. Þessa leið fer sá maður sem metur lögmál sveiflutíðninnar afar mikils. Hann starfar fyrst í fundarsal Lávarðar heimsins í Shamballa og notar lögmál sveiflutíðninnar á sínum eigin geisla. Seinna munu heimkynni hans verða á þeirri plánetu sem samsvarar hans eigin geisla, en ekki á jörðinni, nema hann sé á geisla þess Plánetulogoss sem ríkir á jörðinni. Enn seinna, eftir því sem þróun hans heldur áfram, mun hann fara til sólarinnar. Þegar hann síðar hefur náð valdi á öllu sem tengist sveiflutíðni í þessu sólkerfi, fer hann yfir í kosmíska kerfið og fer af sínum eigin geisla (sem er ekki annað en undirgeisli eins kosmíks geisla) yfir á samsvarandi kosmískan geisla.

Á sama hátt og þróun mannsins í þessu sólkerfi er fimmþætt höfum við hér að framan talið upp fimm helstu þróunarleiðirnar sem meistarar nú á tímum verða að velja um. Þær tvær sem eftir eru, er aðeins hægt að minnst á í enn styttra máli, því á þeim eru mjög fáir synir manna, vegna hinna háu markmiða sem ná þarf til að komast inn á þær og vegna þeirrar staðreyndar að þeir, sem því ná, fara alveg út úr sólkerfinu. Þær liggja ekki til Sírius eins og sumar hinar leiðirnar. Þess skal getið að fjórir hópar eru áfram í sólkerfinu, en fara að lokum, í óræðri og fjarlægri eilífðinni, inn á kosmísku sviðin. Einn hópur fer beint til Sírius og þeir tveir hópar sem eftir eru, fara strax að lokinni vígslu inn á kosmísku sviðin, án tímabundinna starfa á jörðinni, í sólkerfinu eða á Sírius. Þessar tvær leiðir eru:

6. Leiðin sem sjálfur Sólarlogosinn er á.

Öllum dulfræðinemum, sem hafa athugað vandlega heimsþróunina í ljósi lögmáls samsvörunar, mun orðið ljóst að Sólarlogosinn á kosmísku sviðunum þróar með sér innri kosmíska sýn, á sama hátt og maðurinn, á sinn smærri hátt, stefnir að sömu sýninni í sólkerfinu. Þetta mætti kalla þróun hins kosmíska þriðja auga. Í uppbyggingu augans á efnisþetta sviðinu er leyndardómurinn fólgin, og með athugun kann viss lausn á ráðgátunni að koma fram.

Ákveðinn hluti augans er kjarni sjónarinnar og verkfæri sýnarinnar sjálfrar; hinn hluti þess virkar sem varnarhjúpur og báðir hlutarnir eru nauðsynlegir og hvorugur getur verið án hins. Þannig er málum fyrir komið í hinu stærra dæmi sem er svo miklu stórfenglegra, en hliðstæðan er á svo háu stigi að orðin gera sannleikann einungis óskýran og myrkan. Ákveðnir synir manna, kjarni sem náði mjög hárrí vísu í fyrri sólkerfi, myndaði innræðan hóp kringum Sólarlogosinn, þegar Hann tók ákvörðun um frekari framþróun og raunbirtingu. Þar með myndaði Hann þetta sólkerfi, knúinn áfram af kosmískri þrá eftir efnisbirtingu. Þessi innræði hópur er áfram hjá Sólarlogosinum á atómíska eða æðsta víddarsviði sólkerfisins, á hinu óhlutlæga innra sviði, og hópurinn samsvarar, í dulfræðilegum skilningi, ljósopi augans. Raunveruleg heimkynni þessara miklu vera eru á kosmíska búddíska sviðinu.

Með miklu átaki hafa ákveðnir meistarar smám saman orðið hæfir, eða eru að verða hæfir, til að taka stöðu hinna upphaflegu meðlima hópsins, og það gerir þeim síðarnefndu kleift að snúa aftur til kosmískrar orkustöðvar sem sólkerfi okkar og hið stærra kerfi, Síriuskerfið, snýst um. Aðeins nokkrir fullnumar hafa tilskilda eiginleika, því þetta varðar þróun sérstakrar svörunar við kosmískum sveiflum. Þetta táknar sérhæfni innri sjónarinnar og þróun ákveðins stigs kosmískrar sýnar. Fleiri í englaþróuninni fara inn á þessa braut en frá leið mannsins. Mannlegar verur fara inn á hana gegnum englaþróunina sem hægt er að komast inn í með flutningi yfir á fimmtu leiðina, leið geislanna. Á síðarnefndu leiðinni geta þessar tvær brautir þróunar runnið saman og af fimmtu leiðinni er hægt að fara inn á þá sjöttu.

7. Leið hins algera sonareiginleika.

Sonareiginleikinn er samsvörun á hæsta sviðinu við það stig námsins sem við köllum „son meistarans.“ Það er sonareiginleiki gagnvart Veru sem er æðri en Sólarlogos okkar, og Sem orð ná ekki yfir. Það er hin mikla leið stjórnunar karma. Lípíkadrottarnir eru á þessari leið og allir þeir sem eru hæfir til þess konar starfs og eru nálægt Logosinum í nánnum persónulegum skilningi fara inn á leið hins algera sonareiginleika. Þetta er braut hinna sérstöku trúnaðarnema Logossins og Hann hefur falið þeim í hendur að vinna úr karma í sólkerfinu. Þeir vita hverjar óskir Hans eru, vilji Hans og markmið, og þeim felur Hann að framfylgja fyrirmælum sínum. Þessi hópur, sem tengist Logosinum, myndar sérstakan hóp sem tengist enn æðri Logos.

XIX. KAFLI

REGLUR FYRIR UMSÆKJENDUR

Umsækjandi um vígslu verður að rannsaka og hlýða vissum spakmælum og fyrirmælum. Það er mikill munur á hugtökunum „leitandi brautarinnar“ og „umsækjandi um vígslu.“ Sá sem leitar og keppir að því að verða lærisveinn er á engan hátt bundinn sömu sérstöku viðhorfum og aga eins og umsækjandi um vígslu. Hann getur valið að vera eins lengi og hann vill að ganga braut reynslunemans. En sá maður sem leitar eftir vígslu er í annarri stöðu, og þegar hann hefur einu sinni sótt um, verður hann að færa líf sitt undir ákveðna reglu og stranga stjórn sem er ekki krafist af lærisveininum á fyrri stigum.

Reglurnar sem hér eru settar fram, eru fjórtán að tölu og eru teknar úr safni leiðbeininga fyrir þá sem sækjast eftir að taka fyrstu vígsluna.

REGLUR FYRIR UMSÆKJENDUR

1. Regla.

Lát lærisveininn leita djúpt í fylgnum hjartans. Brenni eldurinn þar bjart og vermi bróður hans, en hiti hann ekki sjálfan, er stundin upp runnin til að sækja um að standa frammi fyrir Hliðinu.

Þegar kærleikur til allra vera, án tillits til þess hverjar þær eru, er farinn að verða meðvituð staðreynd í hjarta lærisveinsins, en sjálfselska er samt ekki til, þá er það vísbending um að hann sé að nálgast Hlið vígslunnar og geti unnið nauðsynleg undirbúningsheit. Þau eru nauðsynleg áður en meistari hans leggur fram nafn hans sem umsækjanda um vígslu. Ef honum stendur á sama um þjáningar og sársauka lægra sjálfsins, ef það skiptir hann ekki máli hvort hamingja verður á vegi hans eða ekki, ef eini tilgangur lífs hans er að þjóna og bjarga heiminum og ef neyð bróður hans er honum mikilvægari en hans sjálfs, þá varpar kærleikseldurinn ljósi á hann og heimurinn getur vermt sig við fætur hans. Þessi kærleikur verður að birtast raunverulega og á öllum sviðum, en vera ekki aðeins kenning eða einfaldlega óraunhæf hugsjón og ánægjuleg kennd. Þetta er kærleikur sem hefur vaxið í þrautum og prófraunum daglegs lífs, svo að frumhvötin beinist að sjálfsfórni og fórni lægra eðlisins.

2. Regla

Þegar þreföld umsókn hefur verið lögð fram, lát þá lærisveininn draga þá umsókn til baka og gleyma því að hún hafi verið lögð fram.

Hérna er um eitt af upphafsprófunum að ræða. Afstaða lærisveinsins verður að vera sú, að honum sé sama hvort hann gengst undir vígslu eða ekki. Eigingjarnar hvatir mega ekki komast að. Meistarinn miðlar aðeins þeim umsóknum til skráningarengils Helgistjórnarinnar, sem ná til hans með þeirri orku sem hreinar og óeigingjarnar hvatir leiða af sér; aðeins þeir lærisveinar, sem sækjast eftir vígslu vegna þess aukna máttar til hjálpar og blessunar sem hún veitir, munu fá svar við umsókn sinni. Þeir sem eru kærulausir um vígsluna öðlast ekki dulfræðilega viðurkenningu, og þeir sem eru ákafir í að taka þátt í launhelgunum, vegna sjálfselsku eða forvitni, komast ekki inn, heldur standa fyrir utan og berja að dyrum. Þeir sem eru ákafir í að þjóna, þeir sem hafa sterka vitund um þörf heimsins, þannig að persónuleg ábyrgðartilfinning er vakin og hafa farið eftir lögmálinu, þeir berja að dyrum og verður svarað, leggja inn umsókn og er veitt viðurkenning. Það eru þeir sem hrópa á aukinn mátt til að hjálpa sem ná eyrum þeirra sem þögulir bíða.

3. Regla

Prefalt verður kallið að vera og langan tíma tekur að láta það hljóma. Lát lærisveinninn hrópa kallið yfir eyðimörkina, yfir hafið og gegnum eldana sem skilja hann frá hinum huldu og földu dyrum.

Í þessu táknkerfi fær lærisveinninn fyrirmæli um að láta eyðimörk hins jarðneska lífs blómstra eins og rós, svo að þessi hljóð og ilmur megi upphefjast úr garði hins lægra lífs, og straumur flæða yfir rúmið nógu sterkur til að brúa bilið milli þess og Hliðsins; að kyrra ólgandi haf tilfinningalífsins, svo að í tærri, lygnri víðáttu þess megi þetta Hlið speglast og lægra lífið endurspeglar andlegt líf hins ídveljandi guðdóms; að senda gegnum eldsviðið þær hvatir, orð og hugsanir sem eru driffjöður aðgerða og eiga upptök sín á hugar sviðinu. Þegar lærisveinninn hefur náð þessum þrem þáttum raunbirtingar guðsins hið innra, innri hugsuðarins, undir sína stjórn, samstillt þá og nýtt, þá mun rödd hans heyrast, þótt hann sé þess ómeðvitaður, og krefjast þess að dyrnar opnast. Þegar hið lægra líf í efnispétta heiminum er orðið frjótt, hið tilfinningalega stöðugt og hið huglæga umbreytt, þá getur ekkert komið í veg fyrir að lokan verði dregin frá þessum dyrum og að lærisveinninn gangi inn. Aðeins samstillt sveiflutíðni við það sem er hinum megin dyranna, veldur því að þær opnast, og þegar lífstónn lærisveinsins er að stilla sig saman við tón Helgistjórnarinnar, þá munu dyrnar opnast hverjar á eftir öðrum og ekkert getur haldið þeim lokuðum.

4. Regla

Lát lærisveinninn annast þróun eldsins; næra hin minni líf og láta þannig hjólið halda áfram að snúast.

Hér kemur boð til lærisveinsins um að muna skyldur sínar gagnvart þeim mörgu minni lífseiningum sem saman mynda þrefaldan raunbirtingarlíkama hans. Þannig er þróunin möguleg og þannig gegnir hvert líf, í mismunandi ríkjum náttúrunnar, meðvitað eða ómeðvitað, því hlutverki sínu að fjörga það sem er því það sem plánetan er sólinni. Þannig mun þróunaráætlun Logossins verða fram haldið á nákvæmari hátt. Ríki Guðs er hið innra og skylda þessa innri hulda stjórnanda er tvöföld; í fyrsta lagi gagnvart þeim lífseiningum sem mynda líkamana, efnislíkamann, tilfinningalíkamann og hugarlíkamann og síðan gagnvart stórheiminum, heiminum sem smáheimurinn er aðeins örsmá spegilmynd af.

5. Regla

Lát umsækjandann sjá um að sólarengillinn deyfi ljós tunglenglanna og verði eini ljósgjafinn á himni smáheimsins.

Til að framfylgja þessum fyrirmælum þurfa allir umsækjendur að gera tvennt. Hið fyrsta er að rannsaka innri uppruna sinn, til að gera sér grein fyrir sínum eigin sönnu sálar einkennum í innræðum skilningi, og að verða meðvitaður um vilja og eðli hins innri hugsuðar, æðra sjálfsins, sem starfar í sálarlíkamanum. Síðan verða þeir að birta í efnisheiminum meðfæddan guðdóm sinn, gegnum hina þrjá lægri líkama og að sýna í sífellt auknum mæli fram á sitt innsta gildi. Í öðru lagi að rannsaka samsetningu mannsins, að skilja starfsaðferðir hins lægra eðlis, að gera sér grein fyrir innbyrðis tengslum alls þess sem lifir, og að þar er hvað öðru háð, og ná þannig stjórn á hinum minni lífseiningum sem mynda þessa þrjá raunbirtingarlíkama. Þannig verður sólarlávarðurinn, hinn innri veruleiki, sonur Föðurins, hugsuðurinn á sínu eigin sviði, milliliður milli þess sem er af jörðu, jarðneskt, og þess sem á heima innan sólarinnar. Tvö vers í hinni kristnu Biblíu fela í sér nokkuð af þessari hug-

mynd, og nemendum á Vesturlöndum getur komið að gagni að íhuga þau: „Ríki þessa heims eru orðin ríki Drottins vors og Krists hans.“ „Ó Drottinn, Guð vor, aðrir guðir hafa stjórnað oss, en aðeins um þig munum við nota nafn þitt.“ Seinna versíð er sérstaklega athyglisvert, þar sem það sýnir bælingu hins lægri hljóms og skapandi kraft þess sem á sér æðri uppruna.

6. Regla

Hreinsunareldarnir loga daufir og litlir, þegar hinu þriðja er fórnað hinu fjórða. Lát því lærisveininn forðast að taka líf og lát hann ala hið lægsta með uppskeru hins annars.

Þessa reglu mætti draga saman í þau útslitnu fyrirsmæli til allra lærisveina að þeir borði ekkert nema jurtafæði. Lægra eðlið stíflast og verður þungt og innri eldurinn nær ekki að birta sig þegar kjöt er innifalið í daglegu mataræði. Þetta er harkaleg regla fyrir umsækjendur, og hana má ekki brjóta. Leitendur geta valið hvort þeir neyta kjöts eða ekki eftir því sem þeir vilja, en á vissu stigi á þroska-brautinni er nauðsynlegt að hvers kyns kjötáti verði hætt og strangan gaum verður að gefa fæðuvalinu. Lærisveinn verður að einskorða sig við jurtafæði, korn, ávexti og hnetur. Aðeins á þennan hátt getur hann byggt hæfan efnispéttan líkama af þeirri gerð sem getur staðist inngöngu hins raunverulega manns til efnislíkamans eftir að hafa staðið í fingerðari líkómum sínum frammi fyrir vígjandanum. Ef hann gerir þetta ekki og ef það væri mögulegt fyrir hann að gangast undir vígslu án þess að hafa búið sig á þennan hátt undir vígsluna, myndi efnislíkaminn verða fyrir mjög alvarlegu áfalli vegna þeirrar orku sem streymir gegnum nýörvaðar ether-orkustöðvarnar og á eftir myndi fylgja skelfileg hætta fyrir heilann, mænuna eða hjartað.

Hér verður auðvitað að gera sér grein fyrir því að aldrei er hægt að setja fastar, ósveigjanlegar reglur, nema þá upphafsreglu að öllum umsækjendum um vígslu er algerlega bannað að neyta kjöts, fisks og hvers kyns áfengra drykkja, jafnt og að nota tóbak. Fyrir þá sem það þola er stundum betra að útiloka egg og osta úr fæðunni, en þetta er á engan hátt skylda. Það er alltaf ráðlegt fyrir þá, sem eru að þroska dulræna hæfileika, að láta það ekki eftir sér að borða egg og ef vel á vera mjög lítinn ost. Mjólk og smjör falla undir annan flokk og flestum vígsluhöfum og umsækjendum reynist nauðsynlegt að halda því í mataræðinu. Nokkrir óvenjulegir menn geta lifað og haldið fullum líkamlegum styrkleika á því mataræði sem getið er um í framangreindri málsgrein, en þar er um ímynd hins fullkomna að ræða, og eins og við vitum er sjaldan hægt að ná fullkomnun á núverandi breytingaskeiði.

Í þessu sambandi þarf að leggja áherslu á tvennt: Í fyrsta lagi þörfina sem allir umsækjendur hafa fyrir heilbrigða skynsemi; þennan þátt skortir mjög oft og nemendur ættu að leggja það á minnið að vanstilltir ofstækismenn eru ekki æskilegir meðlimir Helgistjórnarinnar. Andlegt jafnvægi, rétt viðmiðunarskyn, viðeigandi tillit til umhverfisaðstæðna og heilbrigð skynsemi eru einkenni hins sanna dulfræðings. Sömuleiðis, þegar raunveruleg kímni gáfa er fyrir hendi, mun mörgum hættum verða afstýrt. Í öðru lagi viðurkenningu á *þætti tímans* og getu til að fara sér hægt, þegar verið er að gera breytingar á fæðuvali og lífsvenjum. Allt í náttúrunni þróast hægt og umsækjendur verða að læra þann dulfræðilega sannleika sem felst í orðunum: „Flýttu þér hægt.“ Ferli hægfarena útilokunar er venjulega braut viskunnar og þetta útilokunarskeið ætti — við fullkomnar aðstæður sem svo sjaldan eru fyrir hendi — að ná yfir það stig sem við nefnum stig leitandans, svo að þegar maður verður umsækjandi um vígslu, hafi hann innt af hendi nauðsynlega undirbúningshreinsun.

7. Regla

Lát lærisveininn beina athygli sinni að því að bera fram þá hljóma sem bergmála í þeim sölum, þar sem meistarinn gengur. Lát hann ekki hljóma þá minni tóna sem vekja sveiflur í sölum Maya.

Lærisveinn sem sækist eftir að komast inn um Hlið vígslunnar, getur það ekki fyrr en hann hefur uppgötvað mátt hins mælda máls og mátt þagnarinnar. Þetta hefur dýpra og víðara gildi en virðist við fyrstu sýn, því að í því er fólgin, ef rétt er túlkað, lykillinn að raunbirtingu, ábending um hin miklu

þróunartímabil og opinberun á þeim tilgangi sem liggur að baki hvíldartímabilsins, „pralaya.“ Þangað til maðurinn skilur gildi hins talaða orðs og þangað til hann nýtir þögn hinna háu staða til að ná fram þeim áhrifum sem óskað er á einu eða öðru sviði, er ekki hægt að hleypa honum inn í þau ríki, þar sem sérhvert hljóð og sérhvert talað orð hefur öflugar afleiðingar í einhvers konar efni, enda eftt tveimur ríkjandi þáttum, (a) öflugum vilja, sem er vísindalega beitt, og (b) réttum tilgangi, hreinsuðum í eldunum.

Fullnumi er skapari í huglægu efni, upphafsmaður athafna í hugar heiminum og framkallar þannig árangur í astral-heiminum eða efnislegri birtingu. Afleiðingarnar eru öflugar og áhrifaríkar og þar af leiðir nauðsyn þess að upphafsmaður þeirra sé hreinn í hugsun, nákvæmur í orðavali og hæfur í verki. Þegar umsækjandinn gerir sér grein fyrir þessum hugmyndum, leiðir það af sér mikilvægar breytingar í daglegu lífi. Þessar breytingar mætti telja upp á eftirfarandi hátt, því þær hafa mikið hagnýtt gildi:

a. Umsækjandinn mun athuga gaumgæfilega tilganginn að baki öllum sínum athöfnum og fylgjast nákvæmlega með sínum innstu tilhneigingum. Þess vegna mun umsækjandinn, fyrsta árið sem hann helgar sig undirbúningi vígslunnar, gera skriflega greinargerð þrisvar á dag yfir þær rannsóknir sem hann vinnur að og gerir á hvötum sínum eða orsökum gerða sinna.

b. Gæta verður að orðavali og leitast verður við að útrýma öllum óvinsamlegum, ónauðsynlegum og skaðlegum orðum. Áhrif hins talaða orðs verða rannsökuð og rakin aftur til þeirra upphafshvata sem ávallt valda gjörðum manna í efnisheiminum.

c. Lögð verður rækt við þögnina, og umsækjendur munu gæta þess að viðhalda algjerri þögn um sjálfa sig, dulfræðilegt starf sitt eða þekkingu, málefni þeirra sem tengjast þeim og starf dulfræðihóps þeirra. Aðeins innan starfshópa eða í sambandi við yfirboðara mun viturlegt frjálsræði í tali verða leyft. Tími mun gefast til að tala. Sá tími kemur, þegar hægt er að þjóna hópnunum með viturlegum orðum, varfærnislegum vísbendingum um aðstæður, góðar eða slæmar, og sjaldgæfu, en nauðsynlegu orði til einhvers bróður varðandi hið innra líf, eða til einhvers yfirboðara eða hóps embættismanna, í tilfellum þar sem bróðir getur verið að tefja hópinn með einhvers konar afglöpum, eða gæti hjálpað hópnunum ef honum væri falið annað starf.

d. Áhrif Orðsins helga verða rannsökuð og aðstæðum fyrir notkun þess viturlega hagrætt. Fylgst verður með hljómi orðsins og áhrifum þess á ákveðna innræða orkustöð (alls ekki efnispétta orkustöð) og þannig haft áhrif á hið daglega líf og reglu komið á það.

Umsækjendur um vígslu verða að hefja rannsókn á hljóðum og orðum, hvort sem þau eru helg eða ekki. Þetta er nokkuð sem allir dulfræðihópar verða að horfast í augu við af meiri festu.

8. Regla

Þegar lærisveinninn nálgast Hliðið, verða hinar meiri sjö að vakna og færa fram svar frá hinum minni sjö á tvöfalda hringnum.

Þessi regla er mjög vandasöm og þetta er regla sem felur í sér áhættuþætti fyrir þann mann sem of snemma tekur að feta lokabrautina. Á bókstaflegan hátt er hægt að túlka hana svona: Tilvonandi vígsluhafi verður að þroska að einhverju leyti sveiflutíðni ether-höfuðstöðvanna sjö og auka þannig sveiflufirni hinna sjö orkustöðva í ether-líkamanum; þetta hefur jafnframt áhrif, með gagnvirkum sveiflum, á efnisorkustöðvarnar sjö sem örvast óhjákvæmilega, þegar ether-stöðvarnar nálgast hámarkssveiflutíðni sína. Ekki er nauðsynlegt að fara nánar út í þetta atriði að öðru leyti en að benda á að þegar orkustöðvarnar sjö í höfðinu sýna hinum innri hugsuði, sálarmanninum, svörun, verða eftirtaldar sjö orkustöðvar,

1. höfuðið, talið sem eining,

2. hjartað,
3. hálsinn,
4. solarplexus,
5. mænurótin,
6. miltað,
7. æxlunarfærin,

einnig fyrir áhrifum, en áhrifum í átt til hreinsunar og stjórnunar. Þetta mun hafa áhrif á þau líkamlegu líffæri sem maðurinn starfar með í efnisheiminum Til dæmis: Maðurinn getur þá flutt skapandi eld og orku á meðvitaðan hátt frá kynfærunum til hálsins, eða myndað djúpan dásvefn í efnislíkamanum með meðvitaðri stjórnun hjartans. Þetta næst ekki með því sem kallað er hatha-jóga æfingar, eða með einbeitingu athyglinnar að líffærum efnisþétta líkamans, heldur með því að hinn innri guð þrói með sér stjórnunina, en hann starfar gegnum höfuðstöðina og ræður þannig yfir öllu öðru.

Umsækjandinn mun þess vegna beina allri sinni orku að því að þroska hið andlega líf, en sú þróun mun verða afleiðing rétttrar hugsunar, íhugunar og þjónustu. Með nákvæmri rannsókn á öllu því sem hægt er að vita um ether-orkuna og framrásir orkunnar, mun hann samstillta líf sitt þannig, að líf andans geti flætt gegnum það. Þessa rannsókn er á þessum tímum einungis hægt að gera á öruggan hátt í hópstarfi og undir handleiðslu kennara; nemendurnir munu skuldbinda sig til að leyfa enga tilraunastarfsemi í lífi sínu og ekkert ógætlegt fikt við ether-elda líkamans. Þeir munu einfaldlega einbeita sér að fræðilegu námi, skilningi og fórnfúsu þjónustulífi.

Orkustöðvarnar munu þá þróast eðlilega á meðan umsækjandinn beinir athygli sinni að því að elska meðbræður sína fullkomlega í sannleika og í verki, að þjóna heilshugar, að hugsa viturlega og að hafa góða gát á sjálfum sér. Hann mun einnig skrá allt það í innra lífi sínu sem honum virðist varða þroskun orkustöðvanna. Þessa skrá getur kennarinn skoðað, gert athugasemdir við, dregið ályktanir af, og það magn upplýsinga sem þannig fæst er hægt að geyma til upplýsingar fyrir hópinn. Á þennan hátt er hægt að safna mikilli þekkingu til notkunar.

Sá umsækjandi sem misnotar þekkingu sína, sem tekur þátt í athöfnum eins og þeim að nota „öndunaræfingar til að þroskast“ eða einbeita sér að orkustöðvunum, mun óumflýjanlega mistakast í viðleitni sinni til að ná Hliðinu og mun gjalda þess í líkama sínum með geðveiki, hugþreytuástandi og ýmislegum líkamlegum kvillum.

9. Regla

Lát lærisveininn sameinast sjálfum sér innan hrings annarra sjálfa sinna. Lát aðeins einn lit blanda þá og einingu þeirra birtast. Það er ekki fyrr en heildið er þekkt og fundið að hægt er að láta orku streyma viturlega út.

Eitt sem allir lærisveinar og umsækjendur um vígslu verða að gera, er að finna þann sérstaka hóp þjónenda sem þeir tilheyra á hinu innra sviði, að bera kennsl á hann á efnisþétta sviðinu og að sameinast honum í þjónustu við mannkynið. Þessi kennsl munu byggjast á:

- a. Sameiginlegu markmiði.
- b. Sams konar sveiflutíðni.
- c. Samstæðum hóptengslum.
- d. Gamalgrónum karmískum tengslum.
- e. Getu til samstilltrar vinnu.

Á yfirborðinu getur þetta virst ein af auðveldustu reglunum, en í framkvæmd er það ekki svo. Auðvelt er að gera mistök og það verkefni að vinna saman í samstilltum hóp er ekki eins einfalt og

það kann að virðast. Sveiflutíðni sálar og samband kann að vera fyrir hendi, en samt getur verið að hinir ytri persónuleikar séu ekki samstilltir. Það er því verkefni umsækjandans að styrkja tök æðra sjálfsins á persónuleika sínum, svo að innræð hóptengsl verði möguleg í efnisheiminum. Hann mun gera þetta með því að aga sinn eigin persónuleika, en ekki með því að leiðrétta bræður sína.

10. Regla

Herafli orðsins — tívarnir í sínum þéttskipuðu fylkingum — starfar látlaust. Lát lærisveininn einbeita sér að athugun á aðferðum þeirra; lát hann læra þær reglur sem þessi her starfar eftir innan hulu Maya.

Þessi regla vísar til þeirrar dulfræðilegu rannsóknar sem allir þeir sem sækjast eftir vígslu, verða einhvern tímann að framkvæma. Þótt ekki sé óhætt fyrir óvígða að eiga við þróun tívanna sem er samhliða okkar, er samt nauðsynlegt og öruggt að rannsaka það starf sem byggjendurnir vinna, og aðferðirnar sem þeir nota til að endurskapa eftir frummyndinni, gegnum etherinn, það sem við köllum efnislega raunbirtingu. Hópar þeirra verða að vera nokkuð vel þekktir fræðilega, og hugleiða verður hljóðin sem gera þá virka. Þetta felur því í sér skipulagða rannsókn allra umsækjenda á:

1. Tilgangi hljóðsins.
2. Innræðri merkingu orða, málfræði og setningarbyggingu.
3. Lögmálum sveiflutíðni og lögmálum rafmagns, ásamt mörgum öðrum hliðarrannsóknum sem fjalla um formbirtingu Guðdómsins og vitundarinnar sem koma fram í tívaefni ásamt starfsemi stjórnunar-tívanna. Lögmál stórheimsins verða rannsökuð, og borin verða kennsl á samsvörunina milli starfsemi smáheimsins og virkrar raunbirtingar stórheimsins.

11. Regla

Lát lærisveininn flytja eldinn frá lægri þríhyrningnum til hins hærri og varðveita það sem skapað er af eldi miðjunnar.

Þetta táknar bókstaflega stjórn vígsluhafans á kynhvötinni, eins og hún er venjulega skilin, og flutning eldsins, sem nú fjörgar yfirleitt kynfærin, til hálsstöðvarinnar og leiðir þannig til sköpunar á huglæga sviðinu fyrir tilstilli hugans. Síðan verður að næra og styðja það sem á að skapa með kærleiksorku náttúrunnar, sem kemur frá hjartastöðinni.

Hinn lægri þríhyrningur sem var nefndur er:

1. Solarplexus stöðin.
2. Mænurótarstöðin.
3. Kynfærin.

En sá hærri er, eins og bent var á:

1. Höfuðstöðin.
2. Hálsstöðin.
3. Hjartastöðin.

Þetta gæti fljótfær lesandi túlkað sem fyrirmæli um skírlífi og heit umsækjandans um að halda sig frá allri líkamlegri tjáningu kynhvatarinnar. Það er ekki svo. Margir vígsluhafar hafa náð takmarki sínu á sama tíma og þeir á tilhlýðilegan og viturlegan hátt eru í hjónabandi. Vígsluhafi ræktar með sér sérstakt viðhorf sem felur í sér viðurkenningu á því að öll form raunbirtingar eru guðdómleg og að efnisþetta sviðið er á sama hátt form guðlegrar tjáningar eins og sérhvert hinna hærri sviða. Hann

gerir sér grein fyrir því að hin lægsta raunbirting guðdómsins verður að vera undir meðvitaðri stjórn hins æðri ídveljandi Guðdóms og að hvers konar gerðir ættu að stjórnast af viðleitni til að uppfylla allar skyldur og kvaðir, hafa stjórn á öllum gerðum og athöfnum, og að nýta efnislíkamann svo að það komi hópnum að notum í andlegri þróun og að farið verði fullkomlega eftir lögmálinu.

Því skal ekki neitað að það geti verið ráðlegt, á vissum stigum, fyrir manninn að fullkomna stjórn sína á ákveðnum þáttum með tímabundinni hófsemi, en það er aðeins leið að settu marki og á eftir næst áfangi þar sem — þegar valdi hefur verið náð — að maðurinn sýnir fullkomlega með efnislíkamanum eiginleika guðdómsins og að hver orkustöð verður notuð á eðlilegan og viturlegan hátt, og þannig færast mannkynið nær markmiði sínu.

Vígsluhafar og meistarar ganga í mörgum tilfellum í hjónaband og gegna eðlilegum skyldum sínum sem eiginmenn eða eiginkonur og í því að halda heimili, en öllu er stjórnað af markvissum tilgangi og enginn lætur afvegaleiðast af ástríðum eða löngunum. Í hinum fullkomna manni á efnis sviðinu eru allar orkustöðvarnar undir fullri stjórn og orka þeirra er notuð á réttmætan hátt; andlegur vilji hins guðdómlega innri guðs er meginþátturinn og þar mun koma fram sameinað átak á öllum sviðunum gegnum allar orkustöðvarnar, þar sem það verður að sem mestu gagni fyrir flesta.

Þetta hefur verið nefnt af því að svo margir nemendur fara villir vegar um þessi atriði, og annað hvort rækta með sér viðhorf sem leiðir af sér algjöra rýrnun alls venjulegs líkamseðlis, eða láta eftir sér óhóflegt taumleysi, undir því yfirskini að þeir séu að „örva orkustöðvarnar“ og flýti þannig geðrænum þroska. Hinn sanni vígsluhafi ætti að þekkja á því að hann er eðlilegur á viturlegan og staðfastan hátt, á því að hann heldur sig stöðugt við það sem er best fyrir heildina samkvæmt innræðum skilningi á mannréttindum, á sjálfs-stjórn sinni og því að hann forðast hvers kyns óhóf og á því að hann er fyrirmynd þeim sem hann umgengst, hvað varðar andlegt líf og siðferðislega ráðvendni, tengt þeim aga sem einkennir líf hans.

12. Regla

Lát lærisveinininn læra notkun handarinnar við þjónustu; lát hann leita að merki sendiboðans á fótum sér og lát hann læra að sjá með auganu sem horfir út á milli hinna tveggja.

Þessa reglu virðist auðvelt að túlka við fyrsta lestur, og hún virðist fyrirskipa umsækjandanum að nota hendurnar við að þjóna, fæturna við að reka erindi Helgistjórnarinnar og að þroska með sér skyggniáfu. En hin raunverulega merking er miklu innræðari. Í dulfræðilegum skilningi er „notkun handanna“ hagnýting orkustöðvanna í lófunum til að:

- a. Lækna líkamlega kvilla.
- b. Blessa og lækna þannig tilfinningalega kvilla.
- c. Nota í bæn með uppréttar hendur, eða með samhliða notkun orkustöðva handa og beitingu hugans, við að stjórna hugrænu efni og straumum.

Þessi þrjú atriði gefa tilefni til vandlegar íhugunar, og vestrænir nemendur geta lært margt af því að rannsaka ævi Krists og hugleiða aðferðir hans við að nota hendurnar. Meira er ekki hægt að segja hér, þar sem efnið er of víðfeðmt til að hægt sé að gera því skil í þessum stuttu skýringum.

„Merki sendiboðans“ á fótunum er vísun til þess vel þekkta tákns, vængjanna á fótum Merkúrs. Margt varðandi þetta efni mun ljúkast upp fyrir nemendum í dulfræðiskólum sem safna saman öllu sem finnst viðvíkjandi sendiboða guðanna og einnig rannsaka vandlega upplýsingar sem stjórnu-spekinemendur hafa viðað að sér um plánetuna Merkúr og sem dulfræðinemar hafa safnað saman um innri umferðina.

Á yfirborðinu virðist orðtakið „augað sem horfir út á milli hinna tveggja“ eiga við þriðja augað, sem ófreskir menn nota, en merkingin er miklu dýpri en það og felst í eftirfarandi staðreyndum:

a. Að innri sýnin er það sem allar sjálfs-meðvitaðar verur, frá Logosi til manns, eru að þróa með sér.

b. Að innri hugsuðurinn, æðra sjálfið, er raunverulega mónadinum það sem þriðja augað er mannum og er þess vegna lýst þannig, að það horfi fram á milli mónadsins eða andlega sjálfsins annars vegar og persónusjálfsins hins vegar.

Í fyllsta skilningi hvetur þessi regla því umsækjandann til að þróa sjálfs-vitund og læra þannig að starfa í sálarlíkamanum á hærri millisviðum hugarheimsins og stjórna þaðan öllum lægri líkømunum og að sjá greinilega allt sem hægt er að sjá í heimunum þrem, í fortíð og framtíð.

13. Regla

Fjögur atriði verður lærisveinninn að læra og skilja áður en hægt er að sýna honum hinn innsta leyndardóm: í fyrsta lagi lögmál þess sem geislar; hinar fimm merkingar mögnunar eru annað; það þriðja er ummyndun, eða hinn týndi leyndardómur gullgerðarlistarinnar; og að lokum fyrsta staf orðsins sem hefur verið miðlað, eða hið hulda sálarnafn.

Þessa reglu er ekki hægt að skýra. Hún fjallar um leyndardóma og efni sem eru of umfangsmikil til að hægt sé að fjalla um þau hér. Hún er höfð með í þessum reglum, svo að hún geti verið efni í hugleiðingar, rannsóknir og hópumræður.

Lokareglan er mjög stutt og samanstendur af fimm orðum:

14. Regla

Hlustið, snertið, sjáið, notið, þekkið.

Þessi orð varða það sem hinn kristni maður gæti réttilega kallað helgun þriggja helstu skilningarvitanna og notkun þeirra við þróun hins innra andlega lífs. Síðan þarf að fylgja hagnýting þess sem er lært og fullvissa fengin fyrir, og á eftir fylgir ávöxtur meðvitaðrar þekkingar.

DULFRÆÐILEGT SPURNINGAKVER

Eftirfarandi eru nokkur orð úr skjali XIII í skráum meistarans sem fela í sér boðskap til þess sem stritar á Veginum. Þau eru í ætt við gamalt spurningakver og voru höfð yfir af þátttakendunum í hinum minni launhelgum, áður en þeir héldu áfram inn í hinar meiri.

Hvað sér þú, pílgrímur? Beindu augum þínum upp og seg hvað þú lítur.

Ég sé stiga sem rís innan blárrar hvelfingar. Stoðir hans hverfa í mistrinu og þokunni sem umlykur plánetu okkar.

Hvar stendur þú, pílgrímur? Á hverju hvíla fætur þínir?

Ég stend þar í stiganum, þar sem fjórði hluti er nærri að baki; síðari hluti hans teygist fyrir framan mig inn í myrkur stormasamrar nætur. Handan þessa drungasvæðis sé ég stigann rísa aftur, geislandi og glóandi, þar sem er hinn fimmti hluti.

Hvað markar þessa hluta sem þú lýsir eins og séu þeir hver aðskilinn öðrum? Mynda þeir ekki allir aðeins einn heilan stiga úr greinilegum hlutföllum?

Auganu birtist ætíð skarð, sem (þegar nær kemur) ummyndast í kross, en yfir hann er farið til næsta hluta.

Hvað veldur þá krossinum? Hvernig klífur þú með hans hjálp?

Krossinn er myndaður úr þráum sem glæddar eru af guðumlíkri hvöt og ganga þvert á langanir lægri heimsins, sem lífið, er þróast að neðan, hefur innrætt.

Útskýrðu nánar hvað þú átt við og hvernig krossinn verður Vegurinn.

Armarnir, sem mynda krossinn, verða hin mikla skiptilína á milli hins lægra og hins hærra. Á þessa arma eru hendurnar negldar — hendurnar sem grípa og halda og sinna hinum lægri þörfum, og hafa verið þjálfaðar þannig frá örófi alda. Sjá, þegar hendurnar eru gerðar hjálparvana og þær geta ekki gripið og haldið, smýgur innra lífið úr hulstrinu og klífur upprétta arminn. Það fer úr hinu lægra fjórða og krossinn brúar bilið.

Komast þeir auðveldlega sem klífa arminn og leggja hið fjórða að baki?

Þeir fara með tárum gegnum ský og mistur; þeir þjást og þeir deyja. Þeir kveðja alla vini jarðarinnar; þeir feta Veginn einir; þeir brúa bilið með kærleiksríkum verkum sem unnin eru í kvöl lífsins; þeir lyfta upp annarri hendinni að þeim sem stendur rétt fyrir ofan; þeir teygja hina niður að þeim manni sem stendur næst fyrir neðan. Þegar hendurnar losna af þverásnum, losna þær aðeins til að vera haldið. Aðeins tómar hendur með naglaförum geta haldið keðjunni óslitinni.

Hvar endar stiginn? Gegnum hvaða mykrastað gengur hann og hvert nær endi hans?

Hann sker svið stöðnunarinnar með öllum sínum óteljandi formum; hann gengur gegnum svið vatnsins, umleikinn iðandi straumum; hann liggur um hið neðsta hel, niður í hina þéttustu blekkingu, og endar í eldinum falda, bráðinni kviku hins ofsalega bruna, og snertir íbúa eldsins, eldtíva hins skarlatsrauða hita.

Hversu hátt nær stiginn? Hvar er hástig hans?

Hann rís gegnum hin geislandi svið, gegnum alla sexfalda skiptingu þeirra. Hann nær til hins volduga sætis innan þess fimmta og síðasta og liggur frá því volduga sæti til annars ennþá meira.

Hver situr á því volduga sæti innan þess fimmta og síðasta?

Hann sem við nefnum ekki á nafn, nema í fullkominni lotningu; Æska ævarandi sumars, Ljós sjálfs lífsins, Hinn stórkostlegi, Hinn aldni eini, Lávarður Venusarkærleikans, Hinn mikli Kúmara með logasverðið, Friður allrar jarðarinnar.

Situr hann einn, Hinn stórkostlegi, á safírhásæti sínu?

Hann situr einn, en nálægt, á regnbogatröppunum, standa þrír aðrir lávarðar og safna afrakstri starfa sinna og fórna öllum ávinningi sínum til aðstoðar Lávarði kærleikans.

Fá þeir aðstoð í starfi sínu? Standa aðrir okkur máttugri einnig í stiganum?

Þessir máttugu fjórir, athöfn og kærleikur, vinna í viturlegu samstarfi með bræðrum sínum af lægri gráðu, hinum þrem miklu lávörðum sem við þekkjum.

Hverjir aðstoða þessa máttugu lávarða? Hverjir halda áfram starfi þeirra og tengja hið lægra hinu efra?

Bræður í kærleika Logossins á öllum sínum mörgu stigum. Þeir dvelja á hinu síðasta fimmta, þar til það hefur innlimað allt hið fjórða.

Hvert liggur stiginn svo?

Til Hins mesta af öllum Drottnum, sem jafnvel Hinn aldni eini krýpur djúpt fyrir með lotningu; frammi fyrir lýsandi hásæti Hans drúpa höfði englar úr æðstu röðum, og meistarar og drottnar hinnar fullkomnu samúðar, og hneigja sig í einlægni og bíða þess að *Orðið* hljómi.

Hvenær hljómar þetta *Orð* og hvað gerist þegar það bergmálar um sviðin?

Þetta *Orð* hljómar ekki fyrr en allt er gert, fyrr en Lávarður hins takmarkalaus kærleika dæmir að starfið sé rétt. Hann mælir þá minna *Orð* sem hljómar um plánetukerfið. Þegar Hinn meiri lávarður kosmískis kærleika heyrir hringhrynjandi hljómsins, bætir hann fullkomnun við tóninn og andar því fram sem í heildinni er.

Hvað mun sjást, ó pílgrímur sem ert á Veginum, þegar síðasti hljómurinn ómar?

Hljómar hinna óendanlegu sviða, sameining hinna sjö; endalok tára, syndar, deilna, leysing formanna; endir stigans, samruninn í öllu, fullkomnun sviðanna og för þeirra á vit friðarins.

Hvaða hlutverki, ó pílgrímur sem ert á Veginum, gegnir þú innan þessarar áætlunar? Hvernig ferð þú á vit friðarins? Hvernig munt þú standa frammi fyrir Drottni þínum?

Ég gegni hlutverki mínu með ströngum ásetningi, með einlægri þrá; ég horfi upp fyrir mig, ég hjálpa fyrir neðan mig; mig dreymir ekki, né hvíli ég mig; ég strita; ég þjóna; ég uppsker; ég bið; ég er krossinn; ég er Vegurinn; ég fylgi starfi mínu; ég stíg úr fjötrum formsins; ég vinn bug á hvötum og ég legg mig allan fram, en gleymi öllum launum. Ég fer á mis við frið; ég fyrirgeri hvíldinni og í streitu sársaukans glata ég sjálfum mér og finn sjálfan mig og geng á vit friðarins.

THE GREAT INVOCATION

From the point of Light within the Mind of God
Let light stream forth into the minds of men.
Let Light descend on Earth.

From the point of Love within the Heart of God
Let love stream forth into the hearts of men.
May Christ return to Earth.

From the centre where the Will of God is known
Let purpose guide the little wills of men --
The purpose which the Masters know and serve.

From the centre which we call the race of men
Let the Plan of Love and Light work out
And may it seal the door where evil dwells.

Let Light and Love and Power restore the Plan on Earth.

ÁKALLIÐ MIKLA

Frá ljóssins dýrðar lind í huga Guðs
lát ljósið streyma inn í huga manns.
Lát ljósið lýsa þessa vora jörð.

Frá kærleiks lind í ljúfu hjarta Guðs
lát kærleik streyma inn í hjarta manns.
Komi Kristur aftur jarðar til.

Frá máttarstöð er miðar vilja Guðs
lát markmið stýra veikum vilja manns.
Markmið það er meistararnir sjá.

Frá máttarstöð sem mannkyn köllum vér
lát markmið ljóss og kærleiks sækja fram.
Svo innsigli það dyr hins illa valds.

Lát kærleik, ljós og æðri mátt efla áform lífs á jörð.

„Ákallið eða bænin, sem hér er birt, tilheyrir ekki neinum einstaklingi eða hópi, heldur öllu mannkyninu. Fegurð og styrkur þessa ákalls liggur í einfaldleika þess, og í þeim grundvallarsannleika sem það miðlar og sem allir viðurkenna ósjálfrátt og eðlilega — þann sannleika að til er vitsmunavera sem við óljóst nefnum Guð; þann sannleika að bak við alla ytri umgjörð er það kærleikurinn sem er ráðandi afl alheimsins; þann sannleika að maður, sem kristnir menn kalla Krist, kom fram á jörðu og var efnisbirting þessa kærleika, svo að við mætum skilja; þann sannleika að bæði kærleikur og vitsmunir eru afleiðing þess sem er vilji Guðs; og loks þann augljósa sannleika að hin guðlega áætlun nær aðeins fram að ganga fyrir aðild og atbeina *mannkynsins*.“

Alice A. Bailey.

Arcane skólinn býður upp á nám og þjálfun fyrir þá sem feta vilja braut lærisveinsins á komandi tímum hinnar nýju aldar. Undirstöðuatriði hinnar ævarandi visku eru kynnt með innræðri hugleiðslu, námi og þjónustu sem *lífsleið*.

Arcane skólinn er alþjóðlegur bréfaskóli. Upplýsingar fást hjá:

The Arcane School,
Suite 54,
3 Whitehall Court,
London SW1A 2EF
England.

The Arcane School,
Case Postale 31,
1 rue de Varembé (3e),
1211 Geneva 20,
Suisse.